Sakir útkljáðar

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 1 11/7/17 10:32:34 PM

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

GEFIN ÚT AF MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA
Í SAMVINNU VIÐ SÖGUFÉLAG

RITSTJÓRAR
Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

21. bindi

Sakir útkljáðar

Sáttabók Miðfjarðarumdæmis í Húnavatnssýslu 1799–1865

Vilhelm Vilhelmsson tók saman

REYKJAVÍK 2017
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 2 11/7/17 10:32:34 PM

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 21

Sakir útkljáðar

Sáttabók Miðfjarðarumdæmis í Húnavatnssýslu 1799–1865

Vilhelm Vilhelmsson tók saman

REYKJAVÍK 2017

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 3 11/7/17 10:32:34 PM

SÖGUFÉLAG

Sögufélag styrkir útgáfu Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra,
Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna,
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra,
sveitarfélagið Húnaþing vestra
og Fræðafélag Vestur-Húnavatnssýslu
styrktu útgáfu þessarar bókar

Bókin er gefin út af
Miðstöð einsögurannsókna við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2017
© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,
Sigurður Gylfi Magnússon og Vilhelm Vilhelmsson

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Sverrir Sveinsson
Prentumsjón: Litlaprent

U201725
ISBN: 978-9935-23-170-3

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 4 11/7/17 10:32:35 PM

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alþýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).
16. Guðný Hallgrímsdóttir, Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu (2013).
17. Árni Kristjánsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins. Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852 (2014).
18. Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820. Már Jónsson tók saman (2015).
19. Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, Fátækt og fúlga. Þurfalingarnir 1902 (2016).
20. Guðrún Ingólfsdóttir, Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum fram á 18. öld (2016).

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 5 11/7/17 10:32:35 PM

Efnisyfirlit

Formáli 9

Vilhelm Vilhelmsson, Inngangur – Sáttanefndarbækur sem sagnfræðileg heimild 11
1. *Bókin* 11
2. *Tilurð sáttanefnda í Danaveldi* 14
3. *Lagarammi og framkvæmd á Íslandi* 19
4. *Leiðbeiningarit* 27
5. *Sáttanefnd Miðfjarðarsáttaumdæmis* 30
6. *Störf nefndarinnar* 38
7. *Frágangur texta* 42

Sáttabók Miðfjarðarsáttaumdæmis 1799–1865 47

Viðauki I 189
Tilskipan um sættastiftanir á landinu í Norvegi. Kaupmannahöfn, þann 20. janúar 1797 189

Bendiskrá 199

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 7 11/7/17 10:32:35 PM

Formáli

FJÖLMARGIR hafa lagt hönd á plóg við útgáfu þessarar bókar og vil ég nýta tækifærið og þakka þeim fyrir. Þar ber fyrst að nefna þá aðila sem styrktu mig við þá tímafreku iðju að taka saman bók af þessu tagi. Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra veitti mér tvo rausnarlega styrki sem gerðu mér kleift að einbeita mér að verkinu um margra mánaða skeið. Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, sveitarfélagið Húnaþing vestra og Fræðafélag Vestur-Húnavatnssýslu veittu mér einnig styrki til verksins. Kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir veittan stuðning og fyrir að hjálpa mér að gera þessa bók að veruleika.

Ýmsir aðrir hafa veitt mér aðstoð og stuðning við vinnslu bókarinnar. Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur útvegaði mér styrk frá Rannsóknasetri HÍ á Norðurlandi vestra og hefur sýnt verkinu mikinn áhuga og margsinnis rétt mér hjálparhönd. Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur hjá Þjóðskjalasafni Íslands aðstoðaði mig við að leysa úr nokkrum torræðum orðum í handriti sáttabókarinnar. Helga Hlín Bjarnadóttir sagnfræðingur á Þjóðskjalasafni aflaði einnig fyrir mig upplýsinga um sáttanefndarbækur í fórum safnsins. Starfsfólk Bókasafns Húnaþings vestra hefur verið mér innan handar við heimildaöflun og leyft mér að fá bækur að láni í ótakmarkaðan tíma. Guðmundur Jónsson, séra Magnús Magnússon, Jóhannes G. Þorsteinsson, Sindri Arinbjarnarson og Sigríður Jósafatsdóttir veittu mér aðstoð með ýmis örnefni í héraðinu. Jón Rafnar Benjamínsson hannaði fyrir mig kort af sáttaumdæminu og vandaði til verka eins og ævinlega. Sverri Sveinssyni og Öldu Lóu Leifsdóttur þakka ég fyrir vönduð vinnubrögð við hönnun og umbrot.

Sigurði Gylfa Magnússyni vil ég þakka sérstaklega fyrir að sýna verkefninu áhuga allt frá því að ég nefndi það fyrst við hann fyrir nokkrum árum. Hann hefur ásamt Davíð Ólafssyni og Má Jónssyni ritstýrt verkinu

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 9 11/7/17 10:32:35 PM

af mikilli vandvirkni og eljusemi. Ég þakka þeim kærlega fyrir samstarfið og fyrir að gefa bókina út í ritröðinni.

Loks vil ég þakka eiginkonu minni Sólveigu Huldu Benjamínsdóttur fyrir að auðga líf mitt og fyrir að umbera mig þegar sagnfræðingsstressið verður yfirgengilegt. Þú ert best!

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 10 11/7/17 10:32:35 PM

Vilhelm Vilhelmsson

Inngangur

Sáttanefndarbækur sem sagnfræðileg heimild

1. Bókin

Hinn 15. janúar 1831 skrifaði Grímur Jónsson amtmaður Norður- og Austuramts bréf til hins danska kansellís í Kaupmannahöfn. Í bréfinu vakti hann máls á þeim vandkvæðum sem fylgdu framkvæmd dómsmála á Íslandi sökum langra vegalengda, vetrarhörku og takmarkaðra innviða. Þessi vandkvæði geri það að verkum að almenningur eigi erfitt með að sækja rétt sinn og margvísleg lögbrot og yfirgangur hinna valdameiri í garð smælingja landsins séu fyrir vikið látin viðgangast. Stofnun sáttanefnda rúmum þrjátíu árum fyrr var þess vegna, að mati Gríms, ein mesta réttarbót síðari ára á Íslandi, þar sem hinir fátækari geti með hægara móti varið hag sinn og réttindi. Um þetta voru flestir sem til máls tóku um sáttanefndir á 19. öld sammála.[1]

Sáttanefndir – sem einnig voru kallaðar forlíkunarnefndir og sáttanefndarmenn forlíkunarmenn[2] – voru settar á fót í danska konungsríkinu og þar með á Íslandi á árunum 1795–1798. Þær störfuðu með svo til óbreyttum hætti hér á landi til ársins 1936 þegar ný lög um meðferð einkamála voru samþykkt á Alþingi og nýjar reglur urðu til um störf sáttanefnda. Hinar nýju sáttanefndir voru starfræktar allt til ársins 1981, þegar þær voru lagðar af, en höfðu þá um langt skeið aðeins verið starfandi að nafninu til.[3] Hlutverk sáttanefnda var að miðla málum og leita

1 *Lovsamling for Island* I.–XXI. bindi. Tekið saman af Oddgeiri Stephensen og Jóni Sigurðssyni (Kaupmannahöfn: Höst, 1853–1889), hér IX. bindi, bls. 723–724 („Cancellieskrivelse til amtmanden over Vesteramtet, ang. sysselmænds beskikkelse i visse tilfælde til forligelsescommissairer, Khavn 7/6 1831“).

2 Eftir danska nafnorðinu „forlig“, en á dönsku kölluðust sáttanefndir „forligskommissioner“. Í þessari bók eru þessi orð notuð jöfnum höndum.

3 Páll Sigurðsson, *Lagaþankar. Safn greina um réttarframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum* (Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands, 2016), bls. 94–105.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 11 11/7/17 10:32:35 PM

sátta í minniháttar misklíðarefnum á milli manna og létta þannig undir með störfum héraðsdómara. Um leið var þeim ætlað að auðvelda fátækum almenningi að sækja rétt sinn án þess að leggja í kostnaðarsaman og tímafrekan málarekstur fyrir dómstólum. Sáttanefndir áttu þannig að stuðla að friði og samlyndi meðal þegna konungs án þess að beita þyrfti strangari agameðölum. Í nefndunum sátu alla jafna prestar og ráðvandir bændur en nefndirnar höfðu ekki dómsvald. Þeim var jafnframt skylt að halda gjörðabækur þar sem skráðar væru helstu upplýsingar um þau mál sem komu fyrir nefndina og hver úrlausn þeirra væri.

Í þessum bókum er að finna margvíslegar upplýsingar um líf og hagi alþýðufólks á Íslandi á 19. öld. Misklíðarefnin sem leidd voru til sætta voru fjölbreytileg en bækurnar innihalda meðal annars vitnisburði um samskipti sveitunga sín á milli, samlíf hjóna, fyrirkomulag á greiðslu skulda og samskipti húsbænda og heimilisfólks þeirra, svo dæmi séu nefnd. Úr þeim má lesa margt um réttarvitund og gildismat, félagsgerð og menningarmun ásamt helstu hugðarefnum og álitamálum meðal alþýðufólks í amstri hversdagsins. Þar birtast leiðir nærsamfélagsins til þess að leysa úr ágreiningsmálum og um leið halda friðinn án þess að leita á náðir dómskerfisins, en jafnframt samband undirsáta við yfirboðara sína og aðferðir þeirra við að sækja rétt sinn. Bækur sáttanefnda veita með öðrum orðum merkilega innsýn í íslenska alþýðumenningu á 19. öld. Fræðimenn hafa þó lítið notast við þessar merku heimildir og störf sáttanefnda hafa sama og ekkert verið rannsökuð hér á landi.

Sú bók sem hér birtist á prenti samanstendur af gjörðabók sáttanefndar Miðfjarðarsáttaumdæmis[1] í Húnavatnssýslu frá árunum 1799–1865.[2] Bókin er 282 handskrifaðar blaðsíður með nokkrum mismunandi rithöndum og í henni er að finna alls 177 mál, sem sum hver koma þó fyrir nefndina oftar en einu sinni. Bókin er birt hér í heild sinni orðrétt, en stafsetning og málfar er að mestu fært til nútímamáls (sjá undirkafla 7). Með útgáfu hennar er ætlunin að vekja athygli á þessum merka heimildarflokki og notkunarmöguleikum hans en um leið að veita lesendum innsýn í daglegt líf og samskipti sveitunga í húnvetnskri sveit á fyrri helmingi 19. aldar. Í bókinni má lesa um formælingar leiguliða í garð landsdrottins síns sem

1 Nefndin var almennt kölluð þessu nafni framan af, en frá því árið 1862 fer að bera á því að hún sé kennd við kirkjustaðinn Melstað.

2 Handritið er að finna í *Þjóðskjalasafn Íslands* [*ÞÍ*]. Skjalasafn sáttanefnda XVI. A, 1. Sáttabók Miðfjarðarsáttaumdæmis 1799–1865.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 12 11/7/17 10:32:35 PM

hafði talað á framandi tungu og kallað hana ambátt, vinnuhjú sem flýja harðýðgi húsbænda sinna, tilraun prests og hreppstjóra til þess að bola fátæklingi og fjölskyldu hans burt úr hreppnum, deilur bænda um nýtingu slægna á umdeildum landamörkum og framfærslu barna að loknum hjónaskilnaði, svo fátt eitt sé nefnt. Einstaka sinnum birtast í bókinni þjóðþekktar persónur – upphafið á sorgarsögu umrenningsins Jóhanns bera Bjarnasonar, sem Jón Helgason skrifaði um í bók sinni *Þrettán rifur ofan í hvatt*, er að finna í lok bókarinnar og Jón Einarsson á Skárastöðum, sem alræmdur er fyrir þátt sinn í Skárastaðamálum svokölluðu, dúkkar nokkrum sinnum upp í deilum við nágranna sína – en flestir þeirra sem hér ber á góma eru einstaklingar sem lifðu ævi sína án þess að verða nokkru sinni skráðir á spjöld sögunnar.[1] Hér er að finna íslenskt alþýðufólk að glíma við tilveru sína og samfélag sitt í amstri hversdagsins.

Bókum sáttanefnda kynntist ég þegar ég var að vinna að doktorsritgerð minni, *Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands*, sem ég varði við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands haustið 2015.[2] Í ritgerðinni er fjallað um samband yfirboðara og undirsáta á Íslandi á tímabilinu 1783 til 1863 og megináhersla lögð á vistarbandið svokallaða – skyldu búlausra einstaklinga 18 ára og eldri að ráða sig til ársvista hjá búandi fólki og lúta húsaga þeirra. Rannsókn mín beindist sérstaklega að þeim leiðum sem vinnuhjú, lausamenn, flakkarar og aðrir undirmálshópar fóru til þess að andæfa eða komast undan forræði lagabókstafs, embættismanna og annarra yfirboðara yfir lífi þeirra. Í leit minni að heimildum um þessi efni hnaut ég fyrir hálfgerða tilviljun um skjalasafn sáttanefnda á Þjóðskjalasafni Íslands. Eftir að hafa blaðað í gjörðabókum nokkurra sáttanefnda í einn dagpart eða svo varð mér ljóst hvílík gullnáma þessar bækur eru sem heimildir um daglegt líf íslensks almennings á 19. öld og ég notaði þær töluvert í doktorsritgerð minni. Eins uppgötvaði ég að störf sáttanefnda hafa lítið verið rannsökuð hér á landi og að þessar merku heimildir hafi sáralítið verið notaðar. Ég tók þess vegna ákvörðun um að gefa út eina slíka bók til þess að vekja athygli á þessu merkilega fyrirbæri sem sáttanefndir voru og gildi gjörðabóka þeirra sem heimildir um

1 Jón Helgason, *Þrettán rifur ofan í hvatt* (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1972); Sverrir Kristjánsson, „Skárastaðamálið“. *Fýkur í sporin: Íslenzkir örlagaþættir* (Reykjavík: Forni, 1972), bls. 87–113.

2 Hún er nú komin út á bók. Sjá: Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld* (Reykjavík: Sögufélag, 2017).

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 13 11/7/17 10:32:35 PM

liðna tíð. Þá er sáttamiðlun komin til umræðu á ný sem vænlegur kostur í réttarfari hér á landi.[1] Frá árinu 2005 hefur jafnvel verið starfandi félag að nafni Sátt – félag um sáttamiðlun sem hefur það að markmiði að „stuðla að því að sáttamiðlun verði viðurkenndur valkostur við að leysa ágreining í samfélaginu".[2] Í ljósi þess er gagnlegt að vekja máls á störfum sáttanefnda á 19. öld svo að mögulega megi draga einhvern lærdóm af þeim fyrir samtímann.

Niðurstaðan varð að gefa út sáttabók nefndarinnar í Miðfjarðarsáttaumdæmi. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Ólíkt mörgum öðrum nefndum sem ég skoðaði tók nefndin í Miðfirði fljótt til starfa og hittist með reglulegu millibili allt fram á 20. öld. Það er því ákveðin samfella í störfum hennar. Nefndin hefur verið virk og íbúar héraðsins tekið sáttaumleitunum hennar fegins hendi. Þá er bókin vel varðveitt og lítið um skemmdir eða annað sem dregið gæti úr gildi hennar. Í bókinni er jafnframt að finna fjölbreytilega flóru mála sem veita góða innsýn í þær gerðir mála sem alla jafna komu fyrir sáttanefndir vítt og breitt um landið. Þar að auki var umdæmi nefndarinnar langt frá aðsetrum sýslumanna, kaupmanna, amtmanna eða annarra valdamikilla manna sem gjarnan tóku að sér nefndarstörf eða höfðu með öðrum hætti áhrif á meðferð mála hjá sáttanefndum, sér í lagi á upphafsárum 19. aldar. En mestu máli skipti þó að ég er sjálfur fæddur, uppalinn og búsettur á þessu svæði. Ég þekki því vel til staðhátta auk þess að hafa áhuga á og metnað fyrir sögu héraðsins.

2. Tilurð sáttanefnda í Danaveldi

Aðdragandinn að stofnun sáttanefnda var nokkuð langur. Frá því á 16. öld, og sér í lagi eftir að einveldi var komið á í Danaveldi árið 1660, höfðu átt sér stað töluverðar breytingar á réttarfari og dómskerfi danska ríkisins. Löggjöf varð í auknum mæli samræmd innan ríkisins, ekki síst með tilkomu Dönsku laga árið 1683 og Norsku laga árið 1687. Þar voru jafnframt lagðar skýrari línur um réttarframkvæmd. Í kjölfarið voru gerðar auknar kröfur um menntun þeirra sem gegndu embætti dómara og með lögum frá 1736 var gerð krafa um lágmarks lögfræðiþekkingu og einhverja

1 Páll Skúlason, „Sáttamiðlun – nýjar aðferðir við lausn deilumála", *Skjöldur* 17:2 (2008), bls. 19–21; Ingibjörg Bjarnardóttir, „Sáttamiðlun í einkamálum", *Lögmannablaðið* 11:3 (2005), bls. 34–36; Eva Margrét Kristinsdóttir, „Betri er mögur sátt en feitur dómur": Sáttamiðlun til lausnar ágreiningi. Ritgerð til ML. prófs í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, 2012.

2 *Vef.* Sátt – félag um sáttamiðlun, Markmið Sáttar. http://www.satt.is. Sótt 27. apríl 2017.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 14 11/7/17 10:32:35 PM

skólamenntun. Það var þó fyrst árið 1821 sem gerð var skýlaus krafa um háskólapróf í lögfræði til að gegna embætti dómara.[1]

Þessar sviptingar í réttarfari fólu í sér að í stað þess sáttahlutverks sem dómarinn gegndi áður, þar sem einstaklingur sem taldi á rétti sínum brotið ákærði annan einstakling og dómarinn miðlaði málum á milli þeirra, var ríkið nú í auknum mæli ákæruvald sem skilgreindi glæpinn og dómarinn, sem fulltrúi ríkisins, sótti menn til saka fyrir hönd fórnarlamba glæpsins. Með því var smátt og smátt horfið frá hinu forna ákæruréttarfari þar sem málsaðili höfðaði mál og málaferli voru að mestu munnleg og eiðsvarnir dómsmenn gátu vottað um sekt eða sakleysi hins ákærða. Þess í stað varð svokallað rannsóknarréttarfar smám saman ráðandi, þar sem ríkið ákærði fyrir lögbrot og dómari kvað upp dóm sinn byggðan á vitnaleiðslum, skriflegum vitnisburðum og margvíslegum sönnunargögnum. Samhliða því varð sífellt algengara að efnamenn notuðust við löglærða málafærslumenn þegar mál voru færð fyrir dóm sem drógu gjarnan málaferli á langinn við ærinn tilkostnað.[2]

Afleiðing af þessari þróun var því sú að réttarhöld urðu bæði tímafrek og kostnaðarsöm svo að almenningur hafði síður tök á því að sækja rétt sinn til dómskerfisins.[3] Um leið varð rekstur dómskerfisins þyngri fyrir stjórnvöld þar sem mál tóku langan tíma og löng bið gat orðið eftir að þau kæmust að hjá dómurum. Til þess að létta á þessari byrði voru ítrekað settar reglugerðir innan danska ríkisins á síðari hluta 18. aldar sem stytta áttu málsmeðferð. Má þar nefna tilskipun um vitnaleiðslur frá 1782 og tilskipun um skjóta málsmeðferð frá 1796 þar sem sérstakir réttarþingsdagar voru afnumdir og nákvæmar reglur voru settar um yfirheyrslur fyrir dómi, birtingar á stefnum og ýmislegt fleira.[4] Síðarnefnda tilskipunin markaði

1 Ditlev Tamm, Jens Christian V. Johansen, Hans Eyvind Næss og Kenneth Johansson, „The law and the judicial system“. *People Meet the Law: Control and Conflict-handling in the Courts. The Nordic Countries in the Post-Reformation and Pre-Industrial Period.* Ritstj. Eva Österberg og Sølvi Sogner (Oslo: Universitetsforlaget, 2000), bls. 27–56.

2 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt. Forliksrådene i Norge 200 år 1795–1995* (Stavanger: Kulturkonsult, 1995), bls. 17.

3 Ditlev Tamm, *Retshistorie. Danmark – Europa – globale perspektiver* (Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomforbundetsforlag, 2009 [2. útg.]), bls. 263; Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 18–19; Lotte Dombernowsky, *‚Slagsmaale ere nu om stunder langt sjældnere‘. Retsopfattelse og adfærd hos fynsk landalmue omkring år 1800* (Odense: Landbohistorisk Selskab, 1985), bls. 9–12; Lýður Björnsson, „18. öldin“. *Saga Íslands* VIII. Ritstj. Sigurður Líndal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006), bls. 23.

4 *Lovsamling for Island* IV, bls. 650–654 („Forordning ang. vidners förelse med vid. ved retterne i Danmark, Christiansborg 1/5 1782); VI, bls. 232–249 („Forodning ang. rettens

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 15 11/7/17 10:32:35 PM

þáttaskil og mótaði þær meginreglur sem opinbert réttarfar hvílir á enn í dag hér á landi sem og í Danmörku.[1]

Stofnun sáttanefnda var einn liður í því að bæta úr þessum vandamálum réttarkerfis hins danska einveldis, líkt og tekið var fram í formála tilskipunar um stofnun sáttanefnda í Danmörku og í kaupstöðum í Noregi frá 10. júlí 1795.[2] Með þeim átti að draga úr álagi á neðri dómstig með því að skapa annan vettvang fyrir úrlausn einkaréttarmála. Einnig áttu þær að auðvelda almenningi að sækja rétt sinn hjá opinberum aðila sem hefði lögbundnar skyldur gagnvart ríkinu og væri háður eftirliti annarra embættismanna til að tryggja að farið væri að lögum. Loks áttu þær að draga úr tilkostnaði fyrir ríkisvaldið. Sagnfræðingar eru þó ekki á einu máli um hvaðan fyrirmyndin að sáttanefndum var fengin. Ditlev Tamm og Lotte Dombernowsky hafa hvort um sig fullyrt að stofnun embættis friðdómara í Frakklandi að enskri fyrirmynd í ágúst 1790 hafi verið kveikjan að hugmyndum um sáttanefndir í Danmörku.[3] En líkt og norski sagnfræðingurinn Hans Eyvind Næss hefur bent á höfðu danskir embættismenn byrjað að ræða sín á milli um stofnun slíkra nefnda árið 1789 og Christian Colbjørnsen, aðalráðunautur stjórnarinnar í Kaupmannahöfn, lagt drög að höfuðdráttum reglnanna þegar í febrúar 1790, hálfu ári áður en embætti friðdómara voru stofnuð í hinu nýja franska lýðveldi. Þessir embættismenn höfðu jafnframt nærtækari fyrirmynd í nýlendum Dana í Vestur-Indíum. Þar hafði sambærilegum nefndum verið komið á fót fyrir tilstuðlan Henriks Stampe, forvera Colbjørnsens í starfi aðalráðunauts, þegar dönsk stjórnvöld tóku yfir stjórn eyjanna af danska Vestur-Indíafélaginu árið 1754. Til þessa fordæmis var vísað í umræðum embættismanna í aðdraganda að stofnun sáttanefnda í lok aldarinnar.[4]

Þá átti sáttamiðlun sér langa hefð í dönsku réttarfari. Þannig má finna

vedbörlige og hurtige pleie, Frederiksberg 3/6 1796“). Sjá einnig: Anna Agnarsdóttir, „Aldahvörf og umbrotatímar“. *Saga Íslands* IX. Ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008), bls. 23–24.

1 Sbr. Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum“. *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstj. Ingi Sigurðsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990), bls. 78–79.

2 *Lovsamling for Island* VI, bls. 209–221, hér bls. 210 („Forordning ang. forligelsescommissioners stiftelse i Danmark, samt i kjöbstederne i Norge, Frederiksberg 10/7 1795)“.

3 Ditlev Tamm, „Den danske ‚Constitution‘ og den franske revolution“, *Ugeskrift for Retsvæsenet* (1989), bls. 449–460; Lotte Dombernowsky, *Lensbesidderen som amtmand. Studier i administration af fynske grevskaber og baronier 1671–1849* (Kaupmannahöfn: Rigsarkivet, 1983), bls. 187.

4 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 22–25.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 16 11/7/17 10:32:36 PM

í Dönsku og Norsku lögum ákvæði þess efnis að dómarar skuli leitast við að koma á sáttum á milli málsaðila í stað þess að kveða upp dóm, sé það mögulegt.[1] Sú skylda var ítrekuð í lögreglutilskipun fyrir Danmörku árið 1791 að dómarar skuli fyrst reyna að sætta málsparta og ekki höfða málsókn nema sáttamiðlun misheppnist.[2] Sóknarprestum í Noregi hafði einnig frá því á fyrri hluta 17. aldar verið uppálagt að koma á sáttum í deilumálum sóknarbarna sinna.[3] Þá hafði það lengi verið eitt af hlutverkum amtmanna í Danmörku að stuðla að friði í sínu nærsamfélagi með því að miðla málum á milli ósáttra. Það hlutverk var fest enn frekar í sessi og reglufest með skýrari hætti með lögum um sjálfseignarbændur árið 1769 þar sem þeim var skylt að leita sátta hjá amtmanni í öllum skuldamálum. Danski sagnfræðingurinn Lotte Dombernowsky undirstrikar þó að þessi ákvæði hafi einkum gagnast þeim betur stæðari og þeim sem höfðu greiðari aðgang að amtmanni og treystu sér til að bera sín mál undir hann.[4] Þá gegndu lénsherrar gjarnan hlutverki sáttamiðlara á herragörðum sínum, enda höfðu þeir dómsvald yfir undirsátum sínum í margvíslegum málaflokkum. Um sáttamiðlun þeirra giltu þó engar sérstakar reglur og þeir höfðu ekki vald til að stefna utanaðkomandi aðilum á sáttafund.[5] Á Íslandi hafði einnig tíðkast um langt skeið að sóknarprestar og sýslumenn leituðust með óformlegum hætti við að koma á sáttum á milli deiluaðila til að fyrirbyggja málaferli og hafði það fyrirkomulag gefist vel, að mati Magnúsar Ketilssonar sýslumanns í Dalasýslu.[6]

Með stofnun sáttanefnda á síðasta áratug 18. aldar voru þessar hefðir reglufestar með skýrari hætti og skilgreint nákvæmar en áður hvaða mál átti að leysa með sáttum, ef mögulegt væri, og hvaða mál væru viðfangsefni dómstóla. Um leið var aðgengi allra þegna konungs að þess-

1 *Kong Christian den Femtis Danske Lov* (Kaupmannahöfn: G. E. C. Gads Forlag, 1929) bls. 53 (DL. 1–5–11); *Kongs Christians þess Fimta Norsku Løg á Islendsku Utløgd* (Hrappsey: 1779), dálkur 43 (NL. 1–5–11).

2 Anette Faye Jacobsen, *Husbondret. Rettighedskulturer i Danmark 1750–1920* (Kaupmannahöfn: Museum Tusculanum Press, 2008), bls. 169.

3 Hans Eyvind Næss og Eva Österberg, „Sanctions, agreements, sufferings“. *People Meet the Law: Control and Conflict-handling in the Courts. The Nordic Countries in the Post-Reformation and Pre-Industrial Period*. Ritstj. Eva Österberg og Sølvi Sogner (Oslo: Universitetsforlaget, 2000), bls. 145.

4 Lotte Dombernowsky, *‚Slagsmaale ere nu om stunder langt sjældnere‘*, bls. 12–14.

5 Sama heimild, bls. 14–18.

6 *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/53–34. Bréfasafn. Magnús Ketilsson, Uforgribelige tanker til höjere eftertanke om forligelses commisioners indretning udi Dale syssel, dagsett Búðardal 19. janúar 1797.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 17 11/7/17 10:32:36 PM

ari úrlausnaraðferð tryggt með lögum svo að jafnræði gilti í þeim efnum. En í þessum opinbera farvegi fyrir ósætti almennings fólst að sama skapi ákveðið inngrip konungsvaldsins í málum þegnanna og í stjórnsýslu heima í héraði og er dæmi um aukið vald ríkisins yfir sífellt fleiri þáttum samfélagsins á 18. öld. Fornum rétti nærsamfélagsins til þess að leysa úr ágreiningsmálum og halda uppi reglu án aðkomu eða afskipta utanaðkomandi valdastofnana var ýtt til hliðar. Forræði laga og reglna yfir atferli og lífsháttum þegnanna var þannig áréttað.[1] Sýslumenn og sáttanefndamenn á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar vísuðu til að mynda óspart til þessa lögbundna farvegs fyrir vinnuhjú til að leita réttar síns þegar þau réttlættu brot á lögum og reglum um vistarskyldu með vísun í illt atlæti eða lélegan aðbúnað í vistum. Þar með var sú afsökun ekki tekin gild sem ástæða til frávísunar, sýknu eða refsilækkunar fyrir brotthlaupi úr vist eða öðru slíku.[2]

Sáttanefndum virðist engu að síður hafa verið vel tekið af almenningi og stofnun þeirra borið tilætlaðan árangur frá sjónarhóli stjórnvalda. Þannig fækkaði dómsmálum í Danmörku úr 25.000 á ári niður í rúm 9.000 á þriggja ára tímabili frá 1795 til 1798. Í Noregi tóku sáttanefndir fyrir meira en 30.000 mál árið 1797 og þeim fjölgaði stöðugt næstu áratugi, voru á bilinu 48.000 til 86.000 á ári á milli 1824 og 1842. Svipaða sögu er að segja í Danmörku, þar sem fjöldi mála sem lauk með sátt annaðhvort hjá sáttanefnd eða fyrir dómi jókst stigvaxandi á fyrri helmingi 19. aldar.[3] Sagnfræðingnum Lotte Dombernowsky kemst svo að orði að málsóknaræði, „en slags proces-mani“, hafi runnið á þegna Danaveldis í kjölfar stofnunar sáttanefnda. Alls kyns smávægilegar uppákomur, sem áður hefðu verið leystar óformlega og án aðkomu embættismanna, voru nú klagaðar til sáttanefnda til úrlausnar.

Jón Espólín annálaritari og sýslumaður í Skagafirði var á sama máli. Hann skrifaði í *Árbókum* sínum að vissulega hafi sáttanefndir afstýrt mörgum kostnaðarfrekum málaferlum fyrir dómstólum „en þó ei svo mjög

1 Eva Österberg, Malin Lennartsson og Hans Eyvind Næss, „Social control outside or combined with the secular judicial arena“. *People Meet the Law: Control and Conflict-handling in the Courts. The Nordic Countries in the Post-Reformation and Pre-Industrial Period*. Ritstj. Eva Österberg og Sølvi Sogner (Oslo: Universitetsforlaget, 2000), bls. 237–266.

2 Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 98.

3 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 44; Eva Österberg, Malin Lennartsson og Hans Eyvind Næss, „Social control outside or combined with the secular judicial arena“, bls. 245; Lotte Dombernowsky, *Lensbesidderen som amtmand*, bls. 210.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 18 11/7/17 10:32:36 PM

sem menn kynnu ætla, og var það helzt efni til, að hvert smáræði, er menn hlífðust áður við að bera undir dóm, eða sýslumenn eyddu, var nú borið fyrir sáttamenn, en kom síðan til dóma, hversu lítið sem var, ef ei varð af sáttum".[1] Á því liggur þó enginn vafi að sáttanefndir voru mikil réttarbót fyrir almenning í veldi Danakonungs, þó að nefndirnar sem slíkar hafi ekki haft eiginlegt dómsvald. Rannsóknir í Danmörku og Noregi hafa sýnt fram á að meirihluti þeirra mála sem komu fyrir sáttanefnd luku með sáttagjörningi af einhverju tagi og jafnframt að aðeins brot af málum, sem ekki var lokið með þeim hætti enduðu fyrir dómi.[2] Flest minniháttar misklíðarefni hafa því áfram verið leyst án þess að fara fyrir dóm eða látin standa óleyst.

Eftir að konungssambandi Danmerkur og Noregs var slitið í kjölfar Napóleonsstyrjalda árið 1814 héldu sáttanefndir áfram að starfa í báðum löndum. Í Noregi voru þó sett ný og nákvæmari lög um störf þeirra árið 1824 og frá 1869 höfðu sáttanefndir þar í landi dómsvald í ákveðnum málum. Fleiri breytingar voru gerðar á lögum um sáttanefndir og starfsemi þeirra á 20. öld, en þær eru enn í dag fyrsta dómstig í einkaréttarmálum þar í landi. Árið 2016 voru 79.298 mál tekin fyrir af sáttanefndum víðs vegar um Noreg. Í Danmörku var starfað eftir tilskipuninni frá 1795 allt fram til ársins 1932, en þá var sú skylda afnumin að færa skuli einkaréttarmál fyrir sáttanefnd áður en það fari fyrir dómstóla. Í Kaupmannahöfn voru sáttanefndir alfarið settar af. Vægi sáttanefnda í réttarfari Dana hafði þá farið minnkandi um langt skeið og sú þróun hélt áfram þar til þær voru með öllu afnumdar þar í landi árið 1952.[3] Á Íslandi störfuðu þær sem fyrr segir með svo til óbreyttum hætti til ársins 1936 en fyrirkomulagið var endanlega afnumið árið 1981.

3. Lagarammi og framkvæmd á Íslandi

Konungleg tilskipun um stofnun sáttanefnda í Danmörku og í þéttbýli í Noregi var gefin út hinn 10. júlí 1795. Um haustið, hinn 19. september, skrifaði kansellíið í Kaupmannahöfn til stiftamtmanns og amtmanna á Íslandi bréf þar sem óskað var eftir tillögum um það hvernig heppilegast

1 Jón Espólín, *Íslands árbækur í söguformi* I.–XII. deild. Ljósprentað eftir frumútgáfu (Reykjavík: Lithoprent, 1942–1947 [1821–1855]), hér XI. deild, bls. 87.

2 Sbr. Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 57.

3 Sama heimild, bls. 121, 126–131; *Vef*. Forliksrådet. http://www.forliksraadet.no/index.php?page_id=30 sótt 5. apríl 2017.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 19 11/7/17 10:32:36 PM

væri að laga efni tilskipunarinnar að íslenskum aðstæðum, líkt og stefnan var að gera í dreifbýli í Noregi.[1] Bréfið barst ásamt tilskipuninni hingað til lands með vorskipum árið eftir og var hún lesin upp á Alþingi þá um sumarið.[2] Næstu misserin skrifuðu nokkrir helstu embættismenn landsins álitsgerðir um efnið og sendu til Kaupmannahafnar. Má þar nefna Ólaf Stephensen stiftamtmann, Stefán Thorarensen amtmann Norður- og Austuramts, Joachim Christian Vibe amtmann í Vesturamti og Magnús Ketilsson sýslumann í Dalasýslu.[3] Í millitíðinni, eða í janúar 1797, hafði tilskipun um sáttanefndir í dreifbýli í Noregi verið lögfest. Hún var lesin upp á Alþingi í júlí 1798 og öðlaðist þar með lagalegt gildi hér á landi, en haustið áður hafði hún að undirlagi Sigurðar Stephensen Hólabiskups verið látin berast til allra presta norðanlands.[4] Þar sem álit íslenskra embættismanna bættu ekki miklu nýju við þótti ekki ástæða til þess að semja sérstaka tilskipun fyrir Ísland og fyrirskipun um stofnun sáttanefnda á Íslandi var því gefin út í ágúst 1798. Hér á landi var þess vegna almennt stuðst við síðarnefndu tilskipunina. Hún var þýdd á íslensku og prentuð á Leirárgörðum í Borgarfirði í byrjun 19. aldar, en þangað hafði Hrappseyjarprentsmiðja verið flutt skömmu áður fyrir tilstuðlan Magnúsar Stephensen, dómstjóra við landsyfirrétt, og Hins íslenzka landuppfræðingafélags sem hann var í forsvari fyrir.[5] Sú þýðing er endurbirt hér sem viðauki I (sjá bls. 189). Tilskipunin frá 1795 gilti þó í Reykjavík „utan þær greinir hennar, sem sérstaklega eiga við danska staðháttu og geta því alls eigi átt hér við“.[6] Hin síðarnefnda var þó einnig notuð til hliðsjónar þegar upp komu álitamál í störfum sáttanefnda á landsbyggðinni, líkt og sjá má dæmi um í þessari bók.

1 *Lovsamling for Island* VI, bls. 224 („Cancellieskrivelse til stiftamtmanden og amtmændene i Island, ang. indførelse af forligelsesvæsenet, Khavn 19/9 1795“).

2 *Alþingisbækur Íslands* I.–XVII. bindi (Reykjavík: Sögufélag, 1912–1990), hér XVII. bindi, bls. 277.

3 *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/53–34. Bréfasafn. Stefán amtmaður Þórarinsson til kansellísins dagsett 10. ágúst 1796 ásamt fylgiskjölum; *Lovsamling for Island* VI, bls. 339 („Cancellieskrivelse til stiftbefalingsmanden og amtmændene i Island, ang. forligelsesvæsenets indretning, Khavn 25/8 1798“).

4 *Alþingisbækur Íslands* XVII, bls. 341; *ÞÍ*. Skjalasafn presta og prófasta. Staðarbakki í Miðfirði CD/2. Endurritabók.

5 *Tilskipanasafn* I (Leirárgörðum og Viðey: 1801–1830), bls. 17–42; Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens* (Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1996), bls. 14.

6 Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi* (Reykjavík: Jóh. Jóhannesson, 1911), bls. 49.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 20 11/7/17 10:32:36 PM

Tilskipanirnar frá 1795 og 1797 eru mjög keimlíkar og í raun eðlilegt að líta á þær sem eina heildstæða löggjöf.[1] Eldri tilskipunin er þó ögn ítarlegri þar sem ýmis sérákvæði giltu um framgang og skipulag sáttanefnda og fundarhalda þeirra í Kaupmannahöfn og um þá bæi þar sem herinn hafði fasta viðveru. Sú yngri tekur hins vegar mið af sérstöðu dreifbýlla byggða þar sem tímarammi fyrir stefnur og annað slíkt er rýmri, og þar sem kröfur um kunnáttu, menntun og þjóðfélagsstöðu sáttanefndarmanna eru aðrar og minni. En í öllum veigamestu atriðum eru ákvæði tilskipananna nánast samhljóða. Þau bera vitni um þrjú helstu markmið yfirvalda með stofnun sáttanefnda: Að flýta fyrir úrlausn deilu- og misklíðarefna á milli þegna konungs, að draga úr álagi á dómstóla og þeim tilkostnaði sem því fylgdi og að auðvelda almenningi að fá snögga og kostnaðarlitla úrlausn sinna mála og tryggja rétt þeirra við málsmeðferðina.

Í stuttu máli áttu öll einkaréttarmál (d. *civile sager*) að fara fyrir sáttanefnd til úrlausnar áður en leitað væri til dómstóla. Sérstaklega eru tilgreind mál er varða eignir og óðul, skuldir og lögbundin réttindi og brot á þeim. Einu undantekningarnar sem gerðar voru á þeirri skyldu að vísa einkaréttarmálum til sáttanefnda voru mál „sem höfðuð eru gegn þeim, sem hafa gefið út vexilbréf, framselt þau öðrum, eða með áteiknun sinni á sjálft vexilbréfið tekið að sér að borga vexilinn“.[2] Einnig voru uppgjör dánarbúa, uppboðsmál og þrotaskipti undanskilin ásamt sakamálum sem höfðuð voru af hinu opinbera (lögregluréttarmál) og gestaréttarmál. Þórður Jónassen, dómari við landsyfirrétt á árunum 1837–1877, tiltekur þó sérstaklega í bók sinni *Um sættamál á Íslandi* frá árinu 1847 að slíkt sé ekki algilt því að oft geti „staðið svo á, að það sé komið undir því hvernig á málið er litið, hvort það geti kallast sakamál eða ekki“.[3] Nánar er fjallað um bókina í 4. kafla. Í Danmörku hafði, samkvæmt Lotte Dombernowsky, smám saman komist á sú hefð að lögregluréttarmál færu fyrir sáttanefnd ef báðir málspartar væru því samþykkir þar sem það fól í sér mun minni kostnað og þar sem mörk þessara málaflokka voru oft óskýr.[4] Í öllum þeim málaflokkum sem heyrðu undir sáttanefndir gilti sú regla að eingöngu mætti vísa málum áfram til hins eiginlega dómskerfis ef sátt náðist ekki á milli málsaðila. Mönnum var þó ekki skylt að leita til sáttanefnda frekar

1 Sbr. Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 27.
2 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi* (Reykjavík: 1847), bls. 18.
3 Sama heimild, bls. 9.
4 Lotte Dombernowsky, *Lensbesidderen som amtmand*, bls. 197–198.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 21 11/7/17 10:32:36 PM

en þeir vildu og sáttanefndir máttu ekki hefja mál af sjálfsdáðum.[1] Ef farið var fram hjá sáttanefndum og dæmt var af héraðsdómara í einkaréttarmáli, sem skylt var að taka fyrir hjá sáttanefnd áður en lengra væri farið, varð sá dómur umsvifalaust dæmdur ómerkur ef og þegar málinu var áfrýjað til æðra dómstigs.[2]

Það var því mikill fjöldi ólíkra mála og málaflokka sem heyrðu undir starf sáttanefnda. Af norskum og dönskum rannsóknum að dæma hefur verið nokkuð breytilegt á milli héraða hvers konar mál komu helst fyrir sáttanefndir. Skuldamál voru þó sérlega áberandi. Í Langeland í Danmörku vörðuðu 56% mála skuldir á fyrstu starfsárum nefndarinnar og í Kristjaníu (Osló) voru skuldamál 85% af öllum málum fyrir sáttanefndinni um aldamótin 1800.[3] Í Danmörku voru jafnframt mál sem vörðuðu samband leiguliða á landareignum lénsherra, skyldur þeirra gagnvart landsdrottnum og réttindi þeirra til skógarhöggs og annarra hlunninda einkar áberandi. Það komu þó einnig alls kyns önnur mál fyrir sáttanefndir, allt frá trúlofunarbrotum til galdraáburðar.[4]

Í Gulen í Sognarfirði í Noregi voru ærumeiðingarmál aftur á móti jafn algeng og skuldamál, eða 159 mál af 556 á tímabilinu 1797 til 1828, og þessir tveir málaflokkar til samans voru 57% af heildarfjölda mála. Í Lesja, nærliggjandi byggðalagi, vörðuðu sáttanefndarmál hins vegar að stórum hluta landamerki, erfðamál, gerð og viðhald girðinga, lán á fóðurforða og öðru sem tengist landbúnaði. Hans Eyvind Næss telur þessar ólíku áherslur á málaflokkum sáttanefnda vera til vitnis um það hversu ólíkt hversdagslíf manna hafi verið eftir því í hvers konar samfélagi þeir bjuggu; þéttbýli eða dreifbýli, við sjávarsíðuna eða upp til sveita. Deilumál manna mótuðust af atvinnuháttum, búsetumynstri og lifnaðarháttum í nærsamfélaginu og það endurspeglast í störfum sáttanefnda.[5]

Ýmis ákvæði beggja tilskipana áttu að auðvelda almenningi að fá snögga úrlausn sinna mála og tryggja rétt þeirra við málsmeðferðina. Embættismenn á landsbyggðinni í Danmörku höfðu komið því í gegn að nóg væri að klaga mál munnlega til sáttanefnda. Þannig var tryggt að þeir sem ekki væru skrifandi gætu borið mál sín undir sáttanefnd án þess að

1 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. 4–5.
2 Einar Arnórsson, *Dómsstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 63.
3 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 44, 49.
4 Lotte Dombernowsky, ‚*Slagsmaale ere nu om stunder langt sjældnere*‘, bls. 46–88; sami höf., *Lensbesidderen som amtmand*, bls. 205–206.
5 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 50–57.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 22 11/7/17 10:32:36 PM

þurfa að greiða fyrir aðstoð skrifara eða málafærslumanna.[1] Samkvæmt Þórði Jónassen var það þó orðið alsiða á Íslandi um miðja 19. öld að skila skriflegri klögu til sáttanefnda og inniheldur bók hans leiðbeiningar um það hvað þar skuli koma fram.[2] Kostnaði átti jafnframt að halda í lágmarki svo að ekki var gerð krafa um að gögn sáttanefnda væru á stimpluðum (opinberum) pappír auk þess sem þóknun sáttanefndarmanna var mjög lág. Þannig áttu ákærendur að greiða 24 sk. þegar klagan var lögð fram og svo 16 sk. til viðbótar þegar hún var til lykta leidd. Hinir ákærðu greiði 24 sk. til sáttanefndarinnar þegar sátt náist en þurfi ekkert að greiða ef sátt verði ekki á komið. Ef málsaðili var of fátækur til að borga þessa upphæð var sáttanefnd skylt að taka á sig þann kostnað. Það gerðu nefndirnar einnig ef nefndarmenn töldu það hjálpa til við úrlausn mála, líkt og dæmi eru um í þessari bók. Það sama átti við um greiðslu til stefnuvotta upp á 12 sk. frá hvorum málsaðila. Ef viðkomandi hafði ekki efni á að greiða þóknun þeirra skyldi þóknunin falla niður (24. og 40. gr.). Samkvæmt Þórði Jónassen yfirdómara var því þó breytt árið 1819 og var fast gjald til stefnuvotta 8 sk. án undantekninga.[3]

Einnig var málsaðilum skylt að mæta sjálfir á sáttafundi og óheimilt var að notast við sérhæfða málaflutningsmenn (d. *prokuratorer*). Kæmist málsaðili ekki á fundinn var honum heimilt að senda fulltrúa í sinn stað með skriflegu vottorði og samþykki sáttanefndar og hins aðilans í málinu. Ef sáttanefndarmenn voru sjálfir málsaðilar eða höfðu ættartengsl við annan málsaðilann þá var þeim skylt að víkja frá (34. gr.). Á því hefur þó verið misbrestur. Jón Halldórsson á Melstað, sonur séra Halldórs Ámundasonar forlíkunarmanns í Miðfjarðarumdæmi, klagaði árið 1831 Björgu Skúladóttur, vinnukonu á sama stað, fyrir „fréttaburð ósæmilegra orða“ um samskipti fólks á Melstað. Séra Halldór miðlaði málum og ekki er hægt að sjá á færslu málsins að neinn hafi haft orð á því að hann ætti lögum samkvæmt að víkja sæti. Björg kom enda illa frá málinu, þurfti að „gjöra fyrirbón“ um fyrirgefningu og greiða eina specíu til prestssonarins og jafnframt greiða allan kostnað við málið (sjá bls. 106).

Þá voru einnig sett ströng tímamörk á málsmeðferðina. Í tilskipun um sáttanefndir í dreifbýli í Noregi frá 1797 er tilgreint að málsmeðferð megi ekki taka lengri tíma en fjórar vikur. Í Danmörku var tímaramminn enn

1 Lotte Dombernowsky, *‚Slagsmaale ere nu om stunder langt sjældnere‘*, bls. 22.

2 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. 24.

3 Sama heimild, bls. 70–72. Þórður vísar í plakat útgefið 9. júlí 1819. Það er þó ekki að finna í *Lovsamling for Island*.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 23 11/7/17 10:32:36 PM

þrengri, eða tvær vikur, og aðeins átta dagar í kaupstöðum. Þetta átti einnig við hér á landi, þar sem málum átti að ljúka innan átta daga í Reykjavík en innan fjögurra vikna annars staðar á landinu.[1] Í reglugerð sem Stefán Thorarensen amtmaður setti um störf sáttanefnda í Norður- og Austuramti kom fram að nefndirnar skuli halda fundi sína fjórum sinnum á ári, þ.e. í janúar, apríl, júlí og október. Jafnframt átti að tilkynna stað- og dagsetningu þeirra að aflokinni messugjörð með minnst átta daga fyrirvara. Þetta fyrirkomulag reyndist erfitt í framkvæmd enda fór það fljótt svo að sáttafundir voru haldnir jafnóðum og erindi bárust til nefndanna.[2]

Loks áttu fundir sáttanefnda að fara fram fyrir luktum dyrum og óheimilt var að tilgreina utan fundarins hvað þar fór fram án samþykkis mótaðilans. Þá var sáttanefndinni óheimilt að skrifa í gjörðabókina hvað fram fór á milli málsaðila ef sátt náðist ekki. Það var með öðrum orðum gætt að því í lögum að það sem fram kæmi á sáttafundum væri einkamál viðkomandi aðila. Svo virðist sem þessu ákvæði hafi verið strangt fylgt eftir enda var það talið nauðsynlegt svo að málsaðilar gætu tjáð sig óheft um málsatvik. Lotte Dombernowsky telur þetta eina af helstu ástæðum þess að sáttanefndir hafi verið nýttar jafn mikið af alþýðu manna og raun ber vitni.[3] Enda þótt þær væru ótvíræð bót fyrir þá sem nýttu sér þjónustu sáttanefnda dregur þessi regla óneitanlega úr heimildagildi sáttabóka fyrir fræðimenn. Þar sem ekki var skylda að rekja málsatvik, heldur aðeins að skrá nöfn málsaðila, eðli misklíðarefnisins og úrlausn þess, þá eru upplýsingarnar í mörgum tilvikum takmarkaðar sem skráðar eru í bækur sáttanefnda. Ýktasta dæmið í bók nefndarinnar í Miðfirði er deila Guðmundar bónda Jónssonar á Lækjamóti og Páls vinnumanns Bjarnasonar á Torfustöðum árið 1833. Í færslunni stendur aðeins að misklíðarefni þeirra sé tekið fyrir og leyst þannig að Páll borgi forlíkunarmönnum og stefnuvottum fyrir ómark sitt (bls. 113).

Í öðrum tilfellum eru aðstæður málsins nokkuð skýrar en orsakir á huldu. Þannig krafðist Benjamín Bergþórsson á Rófu skilnaðar frá konu sinni, Snjólaugu Magnúsdóttur, árið 1835. Fram kemur í bókinni að hann „þvingar“ hana til að semja um skilmála skilnaðarins. Tveimur

1 Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 93.

2 *Lovsamling for Island* VI, bls. 379 („Cancellieskrivelse til amtmand Stephan Thorarensen ang. forligelsesvæsenets indrætning, Khavn 15/6 1799“); Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. 3–4.

3 Sbr. Lotte Dombernowsky, *Lensbesidderen som amtmand*, bls. 190. Sjá einnig Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 95–96.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 24 11/7/17 10:32:36 PM

árum seinna mættu þau að nýju eftir að hafa verið skilin að borði og sæng og óskaði Benjamín nú fulls aðskilnaðar „áklagandi hana fyrir framið hórdómsbrot“ en hún baðst fyrirgefningar og óskaði þess að Benjamín tæki sig í sátt á ný. Hér eru málsatvik nokkuð skýr en vekja óneitanlega forvitni manns um að vita meira, en það er þó sjaldnast mögulegt. Í þessu tilviki vill raunar svo til að frásögn af skilnaðinum og aðdraganda hans er að finna í endurminningum Magnúsar F. Jónssonar frá Torfustöðum. Rófa var tvíbýli og á móti Benjamín bjó Jónas Bjarnason. Hann hafði vinnumann að nafni Elías Hálfdánarson sem var mikill kvennaljómi. Haft var að sögn að Elías og Ragnhildur, eiginkona Jónasar, ættu í ástarsambandi. Jónas, sem einnig stóð í stappi við Benjamín mótbýling sinn um afnot á jörðinni, fékk Jóhann bróður sinn sér til aðstoðar í málinu. Sá gerði samning við Elías um að yfirgefa vistina á næstu fardögum og að hann fengi í staðinn greitt sex ær loðnar og lembdar. Einnig skyldi Elías gerast fráhverfur Ragnhildi en ná ástum Snjólaugar. Sú varð raunin og leiddi til skilnaðar Benjamíns og Snjólaugar, sem fæddi son árið 1836 og gekkst Elías við faðerninu. Benjamín bjó á Rófu til ársins 1838 þegar hann seldi Jónasi sinn hluta í jörðinni.[1]

Almennt mæltust tilskipanir um stofnun sáttanefnda og ákvæði þeirra vel fyrir meðal íslenskra embættismanna. Það sem helst stóð í þeim embættismönnum sem skrifuðu álitsgerðir um efnið til kansellísins á árunum 1796 og 1797 var sú krafa stjórnvalda að annar af tveimur sáttanefndarmönnum væri ráðvandur og lögfróður einstaklingur úr bændastétt. Ólafur Stephensen stiftamtmaður taldi að erfitt myndi reynast að framfylgja þessari kröfu þar sem lítið sé um „upplýsta og lögfróða menn“ í sveitum landsins. Hann lagði þess í stað til að amtmenn eða sýslumenn sæti í sáttanefndum og taldi það forsendu þess að sáttanefndir gætu starfað eðlilega og skilað tilætluðum árangri á Íslandi. Stefán Thorarensen amtmaður Norður- og Austuramts var á sömu skoðun og taldi það leiða til margvíslegra vandamála að láta „einfalda bændur“ sinna réttarstörfum.[2] Þessar athugasemdir voru að hluta til teknar til greina. Í kansellíbréfi hinn 25. ágúst 1798, sem fyrirskipaði um stofnun sáttanefnda á Íslandi, var tekið fram að þar sem aðrir hæfir menn fyndust ekki væri ekkert sem stæði í

1 Magnús F. Jónsson, *Skammdegisgestir* (Reykjavík: Bókaútgáfan Norðri, 1950), bls. 32–35.

2 *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/53–34. Bréfasafn. Stefán Thorarensen til kansellísins 10. ágúst 1796; Promemoria Ólafs Stephensen, Viðey 16. september 1796.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 25 11/7/17 10:32:36 PM

vegi fyrir því að sýslumenn væru útnefndir sem sáttanefndarmenn. Þó ætti annar sáttanefndarmaðurinn ávallt að vera af bændastétt.[1]

Þetta var áfram einn helsti ásteitingarsteinn í málefnum sáttanefnda næstu áratugi. Af kansellíbréfi til stiftamtmanns hinn 6. október 1807 má ráða að í Suðuramti hafi sýslumenn setið í sáttanefndum þar til Frederik Christian Trampe greifi tók við embætti stiftamtmanns árið 1806. Jafnframt hafi a.m.k. sumar sýslurnar verið eitt sáttaumdæmi. Miðað við skrá yfir skjalasafn sáttanefnda á Þjóðskjalasafni Íslands á það við um Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu en ekki um aðrar, svosem um Árnessýslu. Trampe þótti það hins vegar ekki við hæfi að sami maður gegndi embætti dómara og forlíkunarmanns. Hann skipaði því nýjar sáttanefndir og skipti þeim upp í umdæmi lögum samkvæmt í árslok 1806 og skrifaði til kansellísins um þessar breytingar. Þar á bæ voru menn sammála Trampe og skrifuðu amtmönnum landsins um að sýslumenn skuli ekki lengur sitja í sáttanefndum.[2] Árið 1831 var í kjölfar umkvörtunar Gríms Jónssonar amtmanns sama efnis, og sem vitnað var til í upphafi, sýslumönnum á ný heimilt að sitja í sáttanefndum sinnar heimasveitar ef engir aðrir hæfir einstaklingar fyndust.

Engar meiriháttar breytingar voru gerðar á lögum um sáttanefndir fyrr en árið 1911 þegar þær fengu úrskurðarvald í skuldamálum vegna skulda undir 50 krónum. Einnig höfðu sýslumenn fengið það hlutverk að skipa sáttanefndarmenn þegar amtmannsembættið var lagt niður árið 1904.[3] Árið 1936 samþykkti svo Alþingi ný lög um meðferð einkamála á Íslandi. Fyrsti kafli þeirra fjallar um sáttanefndir. Þar eru reglur um sáttanefndir uppfærðar án þess þó að kollvarpa fyrirkomulaginu enda nefndirnar starfræktar áfram undir sömu formerkjum. Þó var ýmsu breytt. Sáttaumdæmin gömlu voru afnumin og hreppa- og kaupstaðamörk látin gilda í staðinn. Skilyrði um þjóðfélagsstöðu sáttanefndarmanna voru afnumin og þess í stað gerðar nokkrar undanþágur frá því að takast starfið á hendur (s.s. vegna aldurs eða heilsuleysis). Þó var þeim sem gegndu „fastri dómarastöðu eða hafi málflutningsstörf að atvinnu“ áfram óheimilt að sitja í

1 *Lovsamling for Island* VI, bls. 340.

2 *Lovsamling for Island* VII, bls. 93–96 („Stiftamtsplakat ang. forligelsesvæsenets indretning i sönderamtet, Reykjavík 7/10 1806“); bls. 144–145 („Cancellieskrivelse til stiftamtmanden over Island ang. forligelsesvæsenets indretning, Khavn 6/10 1807“); *ÞÍ*. Lestrarsalur. Skjalasafn sáttanefnda.

3 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1904* A-deild, bls. 34; *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911* A-deild, bls. 222–227.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 26 11/7/17 10:32:36 PM

sáttanefnd. Einnig voru gerðar talsvert miklar breytingar á því hvers konar mál átti að leiða fyrir sáttanefnd. Málaflokkar eins og hjónabandsmál, landamerkjamál og deilur á milli húsbænda og hjúa, sem öll voru áberandi í starfi sáttanefndarinnar í Miðfirði (sjá 6. kafla), voru nú færðir yfir til héraðsdómara. Með þessum nýju lögum voru tilskipanir um sáttanefndir frá 1795 og 1797 felldar úr gildi og svo virðist sem dregið hafi töluvert úr starfi sáttanefnda eftir þetta.[1] Það er þó rannsóknarefni sem liggur utan við efni þessa rits.

4. Leiðbeiningarit

Margumrædd lög um sáttanefndir innihéldu ítarlegar leiðbeiningar um verksvið og skyldur nefndanna. Þó var ýmislegt um framkvæmd sáttafunda, valdsvið nefndanna og útfærslu sáttamiðlana á reiki framan af. Á því var tekið jafnóðum og vandamálin skutu upp kollinum með viðbótarreglum sem birtar voru í kansellíbréfum og öðru slíku á næstu árum og áratugum. Það var þess vegna rík þörf á því að taka þessar reglur saman á einum stað almenningi og þó ekki síður sáttanefndarmönnum til handagagns. Tvö slík rit voru gefin út á Íslandi á 19. öld auk þess sem bók Einars Arnórssonar, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, frá árinu 1911 inniheldur sömuleiðis nokkuð ítarlegan kafla um sáttanefndir, hlutverk þeirra og gildandi lög um þær, en þau lög höfðu þá nýlega verið endurskoðuð.

Rit Magnúsar Stephensen dómstjóra við landsyfirrétt, *Athugaverdt vid sættastiptanir og forlíkunarmálefni á Íslandi: Handqver embættismanna, sættanefnda, málsparta etc.*, kom út árið 1819 en ritið *Um sættamál á Íslandi* eftir Þórð Jónassen dómara við landsyfirrétt kom út 28 árum síðar, árið 1847. Í formála ritaði Þórður að svo margt í lögum um sáttanefndir „sem þá þótti vafasamt“ sé nú búið að leysa úr, því breytt „eða nákvæmar ákveðið“ svo að ástæða sé til að gefa út nýtt rit sem taki saman gildandi reglur.[2] Bæði þessi rit innihéldu sömuleiðis túlkanir höfunda á gildandi lagaákvæðum sem byggðust að hluta til á reynslu af störfum sáttanefnda hér á landi og að hluta til á ritum danskra lögspekinga um sáttanefndir. Ber þar helst að nefna bók Andreas Bjørn Rothe, *Samling af de til forligelsesvæsenet henhørende forordninger*, sem kom út í Kaupmanna-

1 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1936* A-deild, bls. 215–279. Bein tilvitnun á bls. 216.

2 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. IV.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 27 11/7/17 10:32:36 PM

höfn árið 1801 og grein Anders Sandøe Ørsted um sáttanefndir sem kom út árið 1825.[1]

Drög að útgáfu bókar Magnúsar Stephensen voru lögð þegar árið 1799. Stefán Thorarensen amtmaður hafði í bréfi til kansellísins óskað eftir að tilskipun um sáttanefndir í Noregi frá 1797 yrði þýdd eða útdráttur úr henni skrifaður á íslensku. Sumir prestar og margir af bændastétt væru einfaldlega ekki nógu vel læsir á dönsku til að geta skilið ákvæði hennar til fullnustu, sem væri nauðsynlegt ættu þeir að taka sæti í sáttanefndum. Hann lagði til að Magnús Stephensen yrði fenginn til verksins, en þeir voru systkinabörn. Það var samþykkt af kansellíinu.[2] Tilskipunin var þýdd og prentuð á Leirárgörðum einhvern tíma í upphafi 19. aldar. Nafn þýðandans kemur ekki fram og þýðingin er nokkuð frábrugðin þeirri sem birtist í bók Magnúsar nokkrum árum síðar. Þó verður út frá ofangreindu, sem og því að hún var prentuð á Leirárgörðum, að álykta að þýðingin sé Magnúsar. Dráttur varð hins vegar á útgáfu handbókar hans sökum „eklu og dýrleika pappírs“ á árum Napóleonsstyrjaldanna í upphafi 19. aldar svo að bókin kom fyrst út árið 1819.[3] Þá hafði Magnús aukið umtalsvert við efni ritsins þar sem hann bætti við þeim viðbótum við lögin sem gerð höfðu verið frá því að sáttanefndir voru settar á fót. Þar að auk ræðir hann í löngu og ítarlegu máli túlkanir sínar á gildandi ákvæðum. Þá sleppir hann nokkrum ákvæðum tilskipaninnar sem hann telur að eigi ekki við um Ísland eða hafi verið gerð ógild af síðari viðbótum við lögin. Þannig skrifar hann um 9. grein tilskipunarinnar, sem tilgreinir að sáttafundi skuli halda í upphafi hvers mánaðar, að sökum „vors harða landslags, veðráttufars, torfærra vega á ýmsum árstímum, lífs bjargar útvega margra manna og málafæðar hér“ eigi greinin ekki við um Ísland. Þess í stað beri að fylgja þeirri reglu sem tilgreind er í tilskipun um sáttanefndir frá 1795 um að sáttafundi skuli halda þegar og svo oft sem þurfa þykir.[4]

1 A. B. Rothe, *Samling af de til forligelsesvæsenet henhørende forordninger, plakater, reskripter og collegial-breve indrettet i form af real-register efter alfabetisk orden* (Kaupmannahöfn: Joh. Fred. Schultz, 1801); A. S. Ørsted, „Udførlig undersøgelse over de Retsspørgsmaal, som Lovgivningen om Forligelsesvæsenet fremkalder“, *Arkiv for retsvidenskab og dens anvendelse* 2 (1825), bls. 413–556.

2 *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/58–11. Bréfasafn. Stefán Thorarensen til kansellísins, dagsett Möðruvallaklaustri 16. febrúar 1799; *Lovsamling for Island* VI, bls. 378–380 („Cancellieskrivelse til amtmand Stephan Thorarensen ang. forligelsesvæsenets indrætning, Khavn 15/6 1799“).

3 Magnús Stephensen, *Athugaverdt vid sættastiptanir og forlíkunarmálefni á Íslandi. Handqver embættismanna, sættanefnda, málsparta etc*. (Viðey: 1819), bls. 2.

4 Sama heimild, bls. 23.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 28 11/7/17 10:32:37 PM

Í lögum um sáttanefndir var hvergi tilgreint nákvæmlega hvernig sáttaumleitanin sjálf skyldi fara fram. Aðeins var í eiðstaf sáttanefndarmanna tilgreint að þeir skuli leitast við að koma á sáttum með alúð og ráðvendni eftir sem þeir hyggi réttast vera. Rit Magnúsar Stephensen og Þórðar Jónassen voru því skrifuð til að leiðbeina forlíkunarmönnum við störf þeirra þar sem „fleirsta forlíkunarmenn vora brestur, enn þótt líklega aldrei góðan vilja, þá samt nauðsynlega þekkingu á lögum“, líkt og Magnús orðaði það í formála rits síns. Annars sé hætta á að óupplýstir sáttanefndarmenn spilli réttindum almennings með óviturlegum tillögum og ólöglegum sáttagjörðum.[1] Þórður Jónassen setti til að mynda fram í leiðbeiningariti sínu nokkur viðmið sem sáttanefndarmönnum bæri að hafa í huga við störf sín. Þar segir að þeir skuli leiða kærandann til „sanngjarnar ívilnunar og biðlundar, með því að leiða athuga hans að þeirri tímatöf og kostnaði, sem lögsóknum er samfara, sem og að því hvernig högum ákærða sé varið“. Það eigi ekki síst við ef ákærði viðurkenni skuld sína eða skyldu en geti vegna fátæktar eða annarra báginda ekki fullnægt henni. Einnig eigi nefndin að koma málsaðilum í sameiginlegan skilning um túlkun laga og með öllum ráðum að reyna að hvetja þá frá málsókn fyrir dómi.[2]

Þar sem að í sáttanefndum áttu að sitja menn úr alþýðustétt en ekki lögfræðimenntaðir embættismenn voru rit sem þessi nauðsynleg til að gæta réttar þeirra sem leituðu á náðir sáttanefnda og til þess að framkvæmd sáttamiðlunar yrði landsmönnum og stjórnvöldum að sem mestu gagni. En um leið bera ritin, sér í lagi bók Magnúsar, vitni um það vantraust sem æðri embættismenn á Íslandi báru gagnvart þessu fyrirkomulagi og gagnvart getu almennings til þess að eiga aðkomu að samfélagsmálum með þessum hætti. Þannig tilgreinir Magnús sérstaklega, og endurtekur þar skoðun föður síns Ólafs Stephensen sem áður var vitnað til, að hér á landi sé fátt af „verðslegum embættismönnum til sættanefnda“.[3] Hyggjuvit og einlægur vilji til þess að halda uppi friði og kveða niður deilur í nærsamfélaginu hefur líklega oftast nægt forlíkunarmönnum við störf sín, enda var það yfirlýst markmið stjórnvalda að koma slíkum deilum úr höndum klókra málafærslumanna og í hendur almennings, hvað svo sem embættismönnum eins og Stephensen-feðgum hefur fundist um það. Engu að síður bera ýmis dæmi í þessari bók þess vitni hve mikilvægt það hefur verið

1 Sama heimild, bls. 4.

2 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. 46–47.

3 Magnús Stephensen, *Athugaverdt vid sættastiptanir*, bls. 18.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 29 11/7/17 10:32:37 PM

að þekkja til gildandi reglna um störf sáttanefnda og túlkun þeirra hjá löglærðum mönnum. Vafalaust hafa því sáttanefndarmenn víðs vegar um landið haft margvíslegt gagn af þessum ritum enda mátti þar á einum stað finna upplýsingar um allar gildandi reglur um meðferð sáttagjörninga og störf forlíkunarnefnda.

5. Sáttanefnd Miðfjarðarsáttaumdæmis

Hinn 16. febrúar árið 1799 skrifaði Stefán Thorarensen amtmaður Norður- og Austuramts bréf til hins danska kansellís í Kaupmannahöfn. Þar tilkynnti hann að fyrstu sáttanefndum amtsins hafi verið komið á fót í Eyjafirði skömmu áður. Með vorinu, skrifaði hann, þegar ferðalög um erfiða fjallvegi Norður- og Austurlands verði möguleg, muni hann koma á fót slíkum nefndum í öllum sýslum amtsins, líkt og hafði verið fyrirskipað með konunglegum tilskipunum um stofnun sáttanefnda í Danaveldi árin 1795 og 1797 og bréfaskriftum kansellísins til íslenskra embættismanna.[1] Haustið áður hafði hann sent bréf þess efnis í sýslur amtsins og óskað eftir því að sýslumenn og prófastar hvers héraðs myndu setja fram tillögur um mörk sáttaumdæma og leggja til nöfn á mögulegum sáttanefndarmönnum.[2] Því miður hefur bréfabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá þessum árum ekki varðveist né bréfabækur prestanna á Melstað og Staðarbakka. Það er því ekki vitað hver lagði til þau umdæmismörk sem urðu fyrir valinu í Miðfirði né hverjir skyldu vera forlíkunarmenn.


Næstu mánuði og fram á næsta ár kom amtmaður á fót sáttanefndum í öllum sýslum amtsins. Í Norðursýslu voru nefndirnar níu, í Skagafirði og Norður-Múlasýslu sex og í Suður-Múlasýslu fjórar líkt og í Eyjafirði.[3] Í Húnavatnssýslu voru sáttaumdæmin sex talsins: Miðfjarðar-, Stóru-Borgar (Vesturhóps)-, Vatnsdals-, Tinda-, Engihlíðar-, og Skagastrandar-umdæmi. Það var þó breytilegt hversu fljótt nefndirnar tóku við sér og hófu störf. Þannig er bók Tindaumdæmis löggilt og send áleiðis til nefndarinnar af amtmanni í mars 1799 en sáttanefndarmenn undirrita ekki eiðstaf sinn fyrr en 1804, þegar fyrsta mál nefndarinnar var tekið fyrir. Fyrsta málið í sáttabók Skagastrandarsáttaumdæmis er frá árinu 1812, en í

1 *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/58–11. Bréfasafn. Stefán Thorarensen til kansellísins, dagsett Möðruvallaklaustri 16. febrúar 1799.

2 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Blönduósi. B/12–2. Bréfasafn. S. Thorarensen til hr. sýslumannsins og hr. prófastsins í Húnavatnssýslu. Möðruvallaklaustri 29. nóvember 1799.

3 *Lovsamling for Island* VI, bls. 380 („Cancellieskrivelse til amtmand Stephan Thorarensen ang. forligelsesvæsenets indrætning, Khavn 15/6 1799“).

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 30 11/7/17 10:32:37 PM



Umdæmismörk Miðfjarðarumdæmis.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 31 11/7/17 10:32:38 PM

bókina vantar fremstu síðurnar svo að ekki er með fullu víst hvenær nefndin hóf störf.[1] Síðar var nefndunum í Húnavatnssýslu fjölgað með stofnun Hofssáttaumdæmis árið 1863 og Auðkúlusáttaumdæmis og Undirfellssáttaumdæmis árið 1864. Hjaltabakka- og Þingeyrasáttaumdæmi var komið á fót árið 1889 og á Blönduósi árið 1911.[2]

Gjörðabók Miðfjarðarsáttaumdæmis var útbúin og innsigluð af amtmanni hinn 30. mars 1799. Tveimur mánuðum síðar, síðasta daginn í maí, undirrituðu Egill Jónsson prestur á Staðarbakka og Jón Jónsson hreppstjóri á Þóreyjarnúpi eiðstaf sinn. Fyrsta mál nefndarinnar var tekið fyrir hálfu ári síðar og hittist nefndin með reglulegu millibili næstu 137 árin. Síðasta færsla í bókum nefndarinnar er dagsett hinn 22. janúar 1937, skömmu eftir að ný lög um einkamál voru samþykkt á Alþingi þar sem ný sáttaumdæmi voru búin til og störf nefndanna endurskipulögð.

Á upphafssíðu bókarinnar er Miðfjarðarsáttaumdæmi sagt ná yfir þinghá kirkjustaðarins Melstaðar ásamt vesturhlið Vatnsness að bænum Tungu. Umdæmismörkin voru því frá botni Miðfjarðardala yfir í Hrútafjörð til vesturs og Fitjárdal til austurs, allan Línakradal og fram á ytri hluta vesturhliðar Vatnsness til norðurs, innan þess sveitarfélags sem nú heitir Húnaþing vestra (sjá kort á bls. 31). Innan umdæmisins rúmaðist allur Staðarhreppur, Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur og hluti Þorkelshólshrepps ásamt kirkjusóknum Staðarbakka[3] og Melstaðar í Miðfirði[4] og hluta af Staðarsókn í Hrútafirði, Víðidalstungusókn í Víðidal og Tjarnarsókn á Vatnsnesi. Umdæmið fylgdi því hvorki sóknané hreppamörkum. Mörkin voru þó í samræmi við ákvæði tilskipunar um sáttanefndir að enginn þegn konungs þurfi að fara lengri veg en 4 danskar mílur (30 km) til að sækja sáttafund.[5] Var það hugsað sem réttarbót fyrir almenning sem þurfi þá ekki lengur að ferðast langan veg til sýslumanns til að leita úrlausnar sinna mála.

Í samanteknum skýrslum um störf sáttanefnda sem birtust í *Skýrslum um landshagi* og fleiri slíkum ritum er gert ráð fyrir að hver kirkjusókn myndi sérstakt sáttaumdæmi. Þannig er í samantekt um störf sáttanefnda

1 *ÞÍ*. Skjalasafn sáttanefnda. XVI. Hún. G. Skagaströnd. Bók 1 (1812–1857); XVI. Hún. E. Tindar. Bók 1 (1804–1885).

2 *ÞÍ*. Lestrarsalur. Skjalasafn sáttanefnda. XVI. Húnavatnssýsla.

3 Efri-Núpssókn í Miðfirði heyrði undir sama prestakall.

4 Kirkjuhvammssókn á Vatnsnesi heyrði undir sama prestakall.

5 *Lovsamling for Island* VI, bls. 264 („Forordning om forligelses-indretninger paa landet i Norge, Khavn 20/1 1797“).

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 32 11/7/17 10:32:38 PM

fyrir árið 1866 gert ráð fyrir að sérstakar sáttanefndir hafi verið starfræktar í Staðarsókn og í Staðarbakkasókn. Þar er tilgreint um að þrjú mál hafi verið tekin fyrir í sáttaumdæmi Melstaðar og eitt til viðbótar í umdæmi Staðarbakka. Í bók sáttanefndar Miðfjarðarsáttaumdæmis eru aðeins þrjú mál tilgreind þetta árið, sem vakti hjá mér grunsemdir um að mögulega hafi sáttanefndinni verið skipt upp eftir sóknum einhvern tíma um þetta leyti. Það er skemmst frá því að segja að eftir ítarlega leit á skjalasöfnum hef ég engin spor fundið um tilvist sérstakra sáttanefnda fyrir Staðarbakkasókn eða Staðarsókn. Í *Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands* fyrir þetta tímabil, þar sem breytingar sem þessar hefðu verið tilkynntar, finnast heldur engar vísbendingar þar um, og í sáttabók Miðfjarðarsáttaumdæmis (eða Melstaðar) fyrir tímabilið 1866 til 1937 er ekkert skrifað sem vísar til slíkrar uppskiptingar. Í eiðstaf séra Guðmundar Vigfússonar árið 1860 orðar hann það svo að hann sé „fyrsti meðlimur sáttanefndarinnar í Miðfirði, Kirkjuhvamms-, og Staðarhreppum“, sem bendir til að um eina nefnd sé að ræða fyrir þessa þrjá hreppa, og jafnframt athyglisvert að hann tilgreinir ekki sóknir. Þess vegna er ekkert sem bendir til þess að umdæmismörkum Miðfjarðarsáttaumdæmis hafi verið breytt fyrr en með nýjum lögum um sáttanefndir frá 1936, óháð því hvernig menn hafa svo flokkað sáttamál í *Skýrslum um landshagi*.[1]

Engar frekari skýringar eru gefnar á því hvers vegna sókna- eða hreppamörk voru ekki látin duga, þar sem sáttaumdæmi máttu vera minni. Í Noregi var algengt að mörk sáttaumdæma fylgdu mörkum einstakra sókna, þó að á því hafi verið margar undantekningar, og það varð hin almenna regla með nýjum lögum þar í landi árið 1840.[2] Líklega hefur markmið Stefáns Thorarensens amtmanns verið að halda fjölda nefnda í lágmarki án þess þó að ganga gegn fyrrnefndu ákvæði. Þá hefur það fjölgað kostum á mögulegum sáttanefndarmönnum að nýta það svigrúm sem lögin veittu, enda var það sem fyrr segir eitt helsta áhyggjuefni embættismanna að erfitt gæti reynst að finna hæfa og lögfróða menn til að sitja í sáttanefnd. Með stærri umdæmum fjölgaði í hópi mögulegra sáttanefndarmanna.

Innan umdæmis sáttanefndar Miðfjarðar bjuggu hvorki amtmenn né

1 Sjá: *ÞÍ*. Skjalasafn sáttanefnda XVI. A, 2. Sáttabók Miðfjarðarsáttaumdæmis (1866–1937); *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* I–III (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1864–1875); *Skýrslur um landshagi* I–V (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1858–1875), hér IV. bindi, bls. 745.

2 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 30–33.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 33 11/7/17 10:32:38 PM

sýslumenn og því voru valdir til nefndarinnar hverju sinni einn af prestum héraðsins og svo þeir lögfróðustu af bændastétt, líkt og tilskipanir kansellís fyrirskipuðu. Þar er tilgreint að tveir skuli sitja í hverri nefnd og að annar sáttanefndarmaðurinn skuli vera prestur eða annar embættismaður sem ekki sé af bændastétt en hinn „valinkunnur bóndamaður“.[1] Einu skilyrðin voru því að þeir hefðu óflekkað mannorð, væru fullveðja og sjálfum sér ráðandi og kynnu að lesa og skrifa.[2] Almennt voru það eldri einstaklingar með reynslu af dómstörfum sem sækjendur eða verjendur sem fengnir voru til nefndarstarfa. Yfirleitt voru það hreppstjórar umdæmisins og svo virðist sem fyrsti sáttanefndarmaður hverju sinni – þ.e. presturinn – hafi almennt lagt til við sýslumann hvern ætti að tilnefna til starfsins. Sýslumaður hafi svo skrifað meðmæli til amtmanns sem skipaði svo viðkomandi í embættið. Þannig var það séra Halldór Ámundason, prestur á Melstað og fyrsti sáttanefndarmaður í Miðfjarðarumdæmi á árunum 1822–1839, sem skrifaði Birni Blöndal sýslumanni snemma árs 1828 og lagði til að annaðhvort yrði Jón Brynjúlfsson hreppstjóri á Útibleiksstöðum eða Björn Guðmundsson hreppstjóri á Ytri-Völlum valinn sem forlíkunarmaður í stað Eggerts Jónssonar, sem flust hafði til Guðlaugsvíkur í Strandasýslu vorið áður. Sýslumaður skrifaði svo til amtmanns og mælti með hinum síðarnefnda. Einhverra hluta vegna varð þó Jón fyrir valinu. Mögulega hefur Björn á Ytri-Völlum hliðrað sér hjá starfinu sökum bágrar heilsu, en hann lést árið 1831.[3]

Á því tímabili sem þessi bók nær yfir, frá 1799 til 1865, gegndu samtals tólf einstaklingar embætti forlíkunarmanns í umdæminu, líkt og sjá má af töflu 1. Af þeim voru fjórir prestar og tveir aðstoðarprestar. Einn var titlaður stúdent en aðrir voru hreppstjórar. Hér var því um um eins konar elítu nærsamfélagsins er að ræða, líkt og raunin var einnig í Noregi.[4] Auk prestanna eru sáttanefndarmenn allir hreppstjórar nema einn, Runólfur Magnús Olsen stúdent. Hann var sonur Björns Olsen umboðsmanns á Þingeyrum, auðmanns sem lýst var sem „stórbokka … er þar um sveitir réði mest öllu einn“.[5] Sjálfur var Runólfur vel menntaður og kvæntur dóttur Jóns Jónssonar sýslumanns Strandasýslu. Hann tók við umboði

1 Þórður Jónassen, *Um sættamál á Íslandi*, bls. 2.
2 Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 56.
3 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Blönduósi. C/3 Bréfabók (1825–1829). Nr. 2165. Björn Blöndal til amtmannsins í Norður- og Austuramti, 8. mars 1828.
4 Sbr. Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 104–112.
5 Jón Espólín, *Íslands árbækur* XII. deild, bls. 115.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 34 11/7/17 10:32:38 PM

Þingeyraklaustursjarða af föður sínum árið 1841 og lét þá af störfum sem sáttanefndarmaður. Hann varð síðar þingmaður Húnvetninga. Eggert Jónsson, sem var sáttanefndarmaður á árunum 1822–1825, var hreppstjóri og sagður auðmaður.[1] Jón bróðir hans, hreppstjóri á Þóreyjarnúpi og síðar á Ánastöðum, hafði gegnt embættinu á undan honum frá stofnun nefndarinnar árið 1799 og til dauðadags árið 1821. Þeir voru synir Jóns Símonarsonar skálds á Þóreyjarnúpi, stúdents frá Hólaskóla og djákna við Munkaþverárklaustur þar til hann eignaðist barn utan hjónabands og varð frá að víkja.[2] En þó að umræddir menn hafi talist til betri bænda og megi kalla elítu nærsamfélagsins þá er ljóst að hér er að mestu leyti um alþýðufólk að ræða, með undantekningum þó, og sumir hverjir lítt eða ekkert menntaðir í lögum. Þeir voru hluti af nærsamfélaginu og höfðu persónuleg kynni af flestum þeirra sem leituðu til nefndarinnar með sín mál, deildu með þeim kjörum og lifnaðarháttum í stórum dráttum og þekktu til staðhátta, manna og málefna.

Tafla 1. Sáttanefndarmenn

Nafn	**Tímabil**	**Staða**
Egill Jónsson (1756–1843)	1799–1822	Prestur
Jón Jónsson (1766–1821)	1799–1821	Hreppstjóri
Halldór Ámundason (1773–1843)	1822–1839	Prestur
Eggert Jónsson (1772–1854)	1822–1825	Hreppstjóri
Jón Brynjúlfsson (1776–1839)	1829–1839	Hreppstjóri
Þorlákur Stefánsson (1806–1872)	1839–1844	Aðstoðarprestur
Runólfur Magnús Olsen (1810–1860)	1839–1841	Stúdent
Björn Björnsson (1788–1863)	1842–1853	Hreppstjóri
Böðvar Þorvaldsson (1787–1862)	1844–1852, 1854–1860	Prestur
Þórarinn Böðvarsson (1825–1895)	1852–1854	Aðstoðarprestur
Gunnlaugur Hinriksson (1804–1874)	1853–1874	Hreppstjóri
Guðmundur Vigfússon (1810–1870)	1860–1870	Prestur

1 Gísli Konráðsson, *Húnvetninga saga*. Jón Torfason sá um útgáfuna (Reykjavík: Mál og mynd, 1998), bls. 696.

2 *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* I–VI. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason (Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1948–1976), hér III. bindi (J–N) bls. 272.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 35 11/7/17 10:32:38 PM

Flestir gegndu embættinu um langt skeið. Meðallengd nefndarsetu á tímabilinu voru tólf ár en sá sem lengst sat var séra Egill Jónsson á Staðarbakka. Hann var sáttanefndarmaður í 23 ár eða frá stofnun nefndarinnar árið 1799 til ársins 1822. Hann var þó aðeins hálfdrættingur á við Jón Sigurðsson á Böggvistöðum í Eyjafirði, en hann sat í sáttanefnd Svarfaðardals í ein 43 ár.[1] Aðeins fjórir sátu í nefndinni í fimm ár eða skemur, en aðstoðarprestarnir voru báðir stutt þar sem þeir fengu brauð í öðrum héruðum. Nefndarstörfin borguðu þó ekki vel og voru í raun hálfgerð þegnskylduvinna, þar sem tilskipaðir sáttanefndamenn máttu ekki skorast undan að takast starfið á hendur. Með almennum hegningarlögum frá 1869 gátu menn jafnframt átt von á refsingu ef þeir neituðu að taka sæti í sáttanefnd.[2] Þeir fengu formlegt skipunarbréf frá amtmanni, sem um miðja 19. öld var í formi skjals sem hafði verið prentað sérstaklega til þessa erindis og tilkvaddir menn og þeim nefndum sem þeir voru skipaðir í var einfaldlega bætt við skjalið í þar til gerðum reitum.[3] Þó var þeim aðeins skylt að sinna starfinu í þrjú ár og gátu að lokinni átta ára nefndarsetu sótt um viðurkenningu frá konungi. Einnig voru þeir samkvæmt tilskipuninni frá 1795 undanskildir öðrum þegnlegum skyldum á meðan á þeir gegndu embættinu. Sambærilegt ákvæði var þó ekki að finna í tilskipuninni frá 1797 og því umdeilanlegt hvort það hafi gilt hér á landi.[4]

Nefndarstörf voru hins vegar ekki mjög tíð og starfið var því ekki þung kvöð. Á tímabilinu sem þessi bók nær yfir hittist nefndin mest níu sinnum á einu ári en það var árið 1833. Árin 1799, 1802, 1808, 1815, 1817 og 1826 voru engin mál tekin fyrir. Að meðaltali hittist nefndin þrisvar á ári. Því fylgdi starfinu ekki mikil vinna, þó að vissulega hafi henni stundum fylgt einhver ferðalög innan héraðsins. Jón Brynjúlfsson á Útibleiksstöðum á Heggstaðanesi, sem var sáttanefndarmaður á árunum 1829–1839, skrifaði þannig til amtmanns og óskaði eftir að fá endurgreiddan ferðakostnað upp á 12 rd. vegna endurtekinna ferðalaga vegna starfa sinna

1 Jón Hjaltason, *Falsarinn og dómari hans. Þættir úr fortíð* (Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar, 1995), bls. 68–69.

2 *Lovsamling for Island* XX, bls. 211 („Almindelig straffelov for Island, Kjöbenhavn 25/6 1869“). Sbr. Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 52.

3 *ÞÍ*. Einkaskjalasafn. E/120. Skjalasafn Þórarins Böðvarssonar. Nefningarskjal fyrir sr. Þórarinn Böðvarsson til að vera sáttamaður í Miðfjarðarsáttaumdæmi, dags. 30. júní 1852.

4 *Lovsamling for Island* VI, bls. 212 („Forordning ang. forligelsescommissioners stiftelse i Danmark, samt kjöbstederne i Norge, Frederiksberg 10/7 1795“); bls. 264, 271 („Forordning om forligelses-indretninger paa landet i Norge, Khavn 20/1 1797“); Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 52.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 36 11/7/17 10:32:38 PM

á vegum nefndarinnar. Erindið var sent áfram til kansellísins og fór þaðan til rentukammers vorið 1839.[1]

Samkvæmt Einari Arnórssyni virðist það hafa verið reglan að prestar sætu í sáttanefnd svo lengi sem þeir þjónuðu í embætti sínu.[2] Það rímar ágætlega við feril sáttanefndarmanna í Miðfirði. Egill Jónsson vék reyndar úr sáttanefnd fjórum árum áður en hann lét af prestsembætti sökum aldurs árið 1826, en hafði þá gegnt hlutverki sáttamiðlara í meira en tvo áratugi. Halldór Ámundason hafði verið sáttanefndarmaður í sautján ár þegar hann vék úr nefndinni, fjórum árum áður en hann lést en var þá enn starfandi prestur, þó að Þorlákur Stefánsson aðstoðarprestur á Staðarbakka hafi einnig þjónað á Melstað á árunum 1840 til 1842.[3] Böðvar Þorvaldsson sat raunar einu ári lengur í sáttanefnd en í prestsembætti, en hann hengdi upp hempuna árið 1859. Arftaki hans í starfi, séra Guðmundur Vigfússon, tók við sæti hans í nefndinni og var enn starfandi prestur og sáttanefndarmaður þegar hann lést úr taugaveiki og taksótt í desember árið 1870.[4]

Ekki er ólíklegt að svo löng seta í sáttanefndinni hafi haft áhrif á störf einstakra sáttanefndarmanna þegar á leið. Sér í lagi má greina á síðari hluta tímabilsins sem Halldór Ámundason var nefndarmaður aukningu á því að málum sé vísað áfram til dómstóla án þess að sátt hafi náðst. Þannig var sjö af ellefu málum sem tekin voru fyrir af nefndinni síðustu tvö ár Halldórs í nefndinni vísað áfram til dómstóla án úrlausnar. Það eru 64 prósent, eða helmingi fleiri en meðaltal framvísaðra mála á öllu tímabilinu sem bókin nær yfir. Samkvæmt lögum var óheimilt að skrá nokkuð um málsmeðferð ef engar lyktir urðu á málum hjá sáttanefndinni. Því er ekki hægt að staðfesta með neinum hætti hvort, eða í hve miklum mæli, nefndarmenn hafi lagt sig fram um að leita sátta, en sá grunur vaknar óhjákvæmilega að þessa þróun megi rekja til þess að metnaður sáttanefndarmanna fyrir því að koma á sáttum hafi farið dvínandi eftir því sem nefndarseta þeirra dróst á langinn. Báðir voru Egill og Halldór orðlagðir

1 *ÞÍ*. Skjalasafn rentukammers. B23/6–14. Bréfadagbók 19 (Islands journal 19 nr. 435). Hið danska kansellí til rentukammers, 16. apríl 1839.

2 Sbr. Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 52.

3 Gísli Konráðsson, *Húnvetninga saga*, bls. 853–854; Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi* I–III. 2. útgáfa með viðaukum og breytingum eftir dr. Hannes Þorsteinsson (Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1949–1951), hér II. bindi bls. 217–219; *Íslenskar æviskrár* V (T–Ö), bls. 167–168.

4 *Íslenskar æviskrár* I (A–E), bls. 296; Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi* II, bls. 219.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 37 11/7/17 10:32:39 PM

drykkjumenn og drukku gjarnan saman, að sögn margar brennivínstunnur á ári, sem einnig getur hafa haft áhrif á störf þeirra.[1]

6. Störf nefndarinnar

Á árunum 1799–1865 tók sáttanefnd Miðfjarðarsáttaumdæmis fyrir samtals 177 mál. Sum þeirra voru raunar rædd oftar en einu sinni svo að eiginlegar færslur í bókina eru ögn fleiri. Líkt og sjá má af töflu 2 lauk meirihluta mála með sátt, eða 59 prósent. Það er í samræmi við meðaltal mála sem lauk með sátt í tölfræðilegri samantekt um úrlausn mála hjá sáttanefndum í ömtum landsins árið 1869 sem birtist í *Skýrslum um landshagi* árið 1875. Í Suðuramti lauk 55 prósent mála með sátt, 67 prósent mála í Vesturamti og 60 prósent mála í Norður- og Austuramti.[2] Það er á pari við niðurstöður Hans Eyvind Næss um úrlausn mála í Noregi, þar sem meðaltal mála sem lauk með sátt árið 1798 er 69 prósent. Þó var tíðni útkljáðra mála afar breytileg á milli nefnda þar í landi, allt frá 26 prósentum og upp undir 90 prósent. Ekki hafa verið gerðar jafn ítarlegar rannsóknir á störfum sáttanefnda í Danmörku. Þó er talið að alla jafna hafi á bilinu 15 til 20 prósent mála verið vísað áfram til dómstóla. Önnur voru leyst með sátt eða öðrum leiðum. Í Frisenborg á Jótlandi voru, svo dæmi sé tekið, 88 prósent mála leyst með sátt á árunum 1813 til 1821.[3]

Tafla 2. Úrlausn mála

Lok mála	**Fjöldi**	**Hlutfall (%)**
Útkljáð	105	59
Útkljáð að hluta	2	1
Vísað áfram	6	34
Óklárað	9	5
Samtals	117	100

Þau mál sem tekin voru fyrir af sáttanefnd Miðfjarðarsáttaumdæmis voru býsna fjölbreytileg. Hjónaskilnaðarmál voru algengasti einstaki

1 Gísli Konráðsson, *Húnvetninga saga*, bls. 853–854; *Íslenskar æviskrár* I (A–E), bls. 331–332, F–Í, bls. 240–241.

2 *Skýrslur um landshagi* V 1875, bls. 605, 609, 614.

3 Hans Eyvind Næss, *Vel forlikt*, bls. 44–50; Lotte Dombernowsky, *Lensbesidderen som amtmand*, bls. 206.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 38 11/7/17 10:32:39 PM

málaflokkurinn, eða 18 prósent. Þó var nokkuð mikil dreifing í því hvers konar mál voru tekin fyrir hjá nefndinni, líkt og sést á töflu 3. Það er nokkuð frábrugðið mynstrinu á málum sem komu fyrir sáttanefndir í Noregi og Danmörku. Þar voru vissulega oft margir málaflokkar en einstakir flokkar voru margfalt algengari en aðrir. Það á sér í lagi við um skuldamál og mál sem vörðuðu ærumeiðingar og önnur illyrði, líkt og áður var fjallað um. Flokkun sem þessi byggist þó á huglægu mati. Tölur myndu breytast ef tengdir flokkar væru færðir saman í einn, eða öðrum skipt í tvennt. Þannig má segja að illyrðismál og rógburðarmál séu tengd, þar sem í báðum er vegið að æru manna. Ef þessi mál yrðu flokkuð saman yrði það hlutfallslega algengasti málaflokkurinn. Hvað sem því líður þá er þessi mikla dreifing mála vísbending um að nefndinni hafi verið vel tekið af heimamönnum í Miðfirði og að þeir hafi treyst henni til þess að leiða margvísleg ólík mál til lykta og talið hana vera samfélaginu til hagsbóta.

Tafla 3. Málaflokkar.[1]

Tegundir mála	**Fjöldi**	**Hlutfall (%)**
Barnsfaðerni	2	1
Eignarhald	22	12
Erfðamál	8	5
Framfærsla	11	6
Hjónaskilnaður	31	18
Hór/Fyrirgefning	5	3
Illyrði	29	16
Jarðnæðismál	17	10
Kaupsvik	6	3
Landaþræta/landnýting	26	15
Ófriður	20	11
Rógburður/rangar sakargiftir	11	6
Skuldamál	20	11
Svik	4	2
Vistarmál	13	7
Óvíst	5	3

1 Fjöldi mála er samkvæmt þessari töflu aðeins meiri en áður hefur verið getið. Það er vegna þess að sum mál vörðuðu fleiri en eitt atriði og hafa því verið talin tvisvar.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 39 11/7/17 10:32:39 PM

Engar sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar á störfum sáttanefnda hér á landi líkt og unnar hafa verið í Noregi og í Danmörku. Þó hefur Jón Hjaltason sagnfræðingur gert úttekt á þeim málum sem komu fyrir sáttanefnd Svarfaðardals á þeim 43 árum sem Jón Sigurðsson hreppstjóri á Böggvistöðum sat í nefndinni, eða frá 1799 til 1842. Þar voru mál sem vörðuðu vistráðningar, kaup og kjör vinnufólks og samband þeirra við húsbændur 23 prósent af heildarfjölda, eða sextán af alls 70 málum. Landaþrætur voru töluvert færri, eða þrettán prósent. Engum sögum fer þó af öðrum málaflokkum í stuttri úttekt Jóns.[1] Þetta háa hlutfall vistarmála hjá sáttanefnd Svarfaðardals, í samanburði við þau sjö prósent sem komu fyrir sáttanefnd Miðfjarðar, undirstrikar hversu breytilegt það hefur verið á milli héraða hvers konar mál voru helst tekin til sátta.

Það er ekki að sjá af úrlausn mála að nefndin hafi hallast að málstað einhvers eins þjóðfélagshóps umfram aðra. Þvert á móti er bersýnilegt að fátæklingar og aðrir sem almennt voru áhrifaminni í samfélaginu áttu a.m.k. stundum hauk í horni hjá nefndinni. Þannig naut Björn Jónsson bóndi í Hrútatungu, sem lýst er sem bláfátækum, fulls stuðnings sáttanefndarinnar þegar hann klagaði haustið 1804 sóknarprest sinn sem og hreppstjórann í Staðarhrepp ásamt fleirum úr sveitinni fyrir rógburð og fyrir að reyna með undirferli að koma honum og fjölskyldu hans burt úr hreppnum. Þeir drógu orð sín til baka og samþykktu að greiða pening í fátækrasjóð hreppsins sáttinni til staðfestingar (sjá bls. 54–56).

Tafla 4. Málshefjendur

Staða málshefjanda	**Fjöldi**	**Hlutfall (%)**
Búandi	103	58
Embættismaður	22	12
Kaupmaður	2	1
Vinnuhjú	18	10
Börn	2	1
Aðrir	12	7
Staða óviss	18	10
Samtals	177	100

1 Jón Hjaltason, *Falsarinn og dómari hans*, bls. 71–72.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 40 11/7/17 10:32:39 PM

Það voru þó einkum bændur og búandi fólk sem færðu mál til sáttanefndar, líkt og sjá má af töflu 4. Vinnuhjú voru t.d. aðeins tíu prósent af þeim sem höfðuðu mál hjá nefndinni á meðan búandi fólk var ríflega helmingur málshöfðenda. Raunar voru bændur enn fleiri þar sem í flokknum embættismenn voru bæði hreppstjórar og prestar, sem yfirleitt héldu sjálfir bú.[1] Þeir eru þó hafðir sem sér flokkur þar sem þjóðfélagsstaða þeirra var önnur og valdameiri en almennir bændur. Þar fyrir utan höfðuðu þeir í sumum tilfellum mál í krafti embættis síns en þó var ekki alltaf fyllilega ljóst hvort þeir höfðuðu mál sem einstaklingar eða sem embættismenn.[2] Það á t.d. við um málið sem Árni Jónsson hreppstjóri á Rófu höfðaði gegn tveimur vinnumönnum árið 1821 vegna andvirði sextán silfurmillna sem þeir höfðu komið í verð fyrir vinnukonu í sveitinni. Þegar hún lést og Árni hreppstjóri skrifaði upp þá fémuni sem hún lét eftir sig kom í ljós að þeir höfðu aldrei skilað peningunum til hennar. Hann greiddi því andvirði þeirra til erfingjanna en fór svo með málið fyrir sáttanefndina og fór fram á að þeir endurgreiddu honum útlagðan kostnað. Það er hins vegar með öllu óljóst hvort Árni höfðaði þetta mál í krafti embættis síns eða sem einstaklingur (bls. 93–94).

Konur voru í miklum minnihluta meðal þeirra sem klöguðu mál til sáttanefndarinnar, en aðeins átta prósent málshöfðenda voru konur. Þó ber að geta að í nítján tilvikum, eða ellefu prósent, er óvíst hvort það er karl eða kona sem höfðar málið. Það var sérstaklega algengt í málum sem vörðuðu hjónaskilnaði og því má vera að rauntala kvenna sem málshöfðenda sé nokkuð hærri.

Fjöldi hjónaskilnaðarmála hjá sáttanefnd Miðfjarðarsáttaumdæmis vekur raunar nokkra athygli, ekki síst þar sem þeir virðast ekki hafa verið nærri jafn algengir hjá sáttanefndum í Noregi og Danmörku. Sáttanefndir höfðu ekkert úrskurðarvald í slíkum efnum en missáttum hjónum var þó skylt að leita með mál sín til sáttanefnda, ef tiltal sóknarprests þeirra dugði ekki til, áður en þau óskuðu eftir formlegum aðskilnaði hjá yfirvöldum. Sáttanefndum var þó heimilt að aðstoða hjón við að draga upp skilmála fyrir skilnað að borði og sæng eða fullum hjónaskilnaði, svosem varðandi skiptingu eigna og forsjá barna (16 gr.). Á síðasta áratug 18. aldar höfðu stjórnvöld í Danmörku auðveldað hjónaskilnaðarferlið umtalsvert með svokölluðu leyfisveitingakerfi auk þess sem heimildir til skilnaðar

1 Í þennan flokk hef ég einnig sett umboðsmenn konungsjarða.

2 Í þeim tilfellum sem embættismenn mæta fyrir nefndina með umboð og fyrir hönd annarra einstaklinga hef ég skráð þann síðarnefnda sem málshöfðanda viðkomandi máls.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 41 11/7/17 10:32:39 PM

voru rýmkaðar frá því sem áður var.[1] Það var þó fyrst í árslok 1818 sem missátt hjón leituðu til sáttanefndarinnar í Miðfirði. Mögulega er það af tilviljun einni, en þó getur einnig verið að tilskipun um aðskilnað hjóna frá árinu 1811 hafi einhver áhrif haft. Þar er krafist skriflegs vottorðs frá sóknarpresti og sáttanefnd um að forlíkun hafi verið reynd án árangurs til þess að yfirvöld taki umsóknir um aðskilnað að borði og sæng eða um algjöran lögskilnað til meðferðar. Hún var fyrst útgefin af landsyfirrétti hér á landi sumarið 1815 en árið áður hafði Stefán Thorarensen amtmaður skrifað til kansellísins og óskað eftir nánari útlistun á nokkrum atriðum og beðið um að fá send afrit af tilskipuninni.[2] Hvort sem það er skýringin eða ekki þá er ljóst að hjónaskilnaðarmál voru nokkuð fyrirferðarmikil upp frá því, en málaflokkurinn er sá algengasti í bókinni, eða 18 prósent mála. Þau mál eru að mínu mati með þeim merkilegustu sem finna má í bókinni, enda veita þau glögga innsýn í ástalíf og sambúð hjóna en jafnframt um tengsl foreldra við börn sín og hugmyndir manna um framfærslu barna. Þannig tilgreinir Egill Þórðarson, 51 árs, húsmaður og fyrrum bóndi á Bálkastöðum, þegar sáttanefndin tók fyrir skilnaðarmál hans og Sigríðar Jónsdóttur, 29 ára, að hann vilji að þeirra „einka egtabarn mætti verða þar sem hann er, af hvörju, eftir sem merkja er, að hann hefir haft yndi og ánægju“. Þessu þverneitaði hún hins vegar, en þau skildu eftir að hún fór að halda við vinnumann þeirra og flutti loks inn með honum á nærliggjandi bæ og hafði barnið, Ragnheiði Egilsdóttur, 7 ára, með sér. Það eru svona smáatriði sem gefa bók þessari gildi þar sem þau veita einstaka innsýn í hugarheim, tilfinningar og hversdagslíf íslensks alþýðufólks á öndverðri 19. öld.

7. Frágangur texta

Stafsetning er færð til nútíðarháttar á íslensku en danskur texti er hafður stafréttur. Þó er ýmsum beygingarmyndum og orðmyndum leyft að halda sér sem ekki samræmast nútímamáli en eru hluti af málumhverfi textans. Sem dæmi má nefna orðið *samhengi*, sem í handriti er oftast skrifað *samanhengi* og er þeirri mynd haldið. Þó að stafsetning sé almennt

1 *Lbs-hbs*. Brynja Björnsdóttir, „Ég vil heldur skilja við þann sem ég elska en að lifa í ósamlyndi alla ævi“: Skilnaðarlöggjöf, umfang og ástæður hjónaskilnaða á Íslandi 1873–1926. Ritgerð til MA-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2016, bls. 43–47.

2 *Lovsamling for Island* VII, bls. 400–402 („Forordning for Danmark og Norge, ang. ægtefolks adskillelse, Frederiksberg 18/10 1811“); bls. 517–518 („Cancellieskrivelse til amtmanden over Islands Nord- og Österamt ang. seperationsbevillinger, Khavn 5/11 1814“).

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 42 11/7/17 10:32:39 PM

samræmd er misræmi í stafsetningu orða í handritinu haldið í ákveðnum tilfellum. Það á við þegar um orðmynd er að ræða, t.d. þar sem skrifað er *samvitska*, *orðsök* eða *helfmingur*. Einnig er það gert þar sem um er að ræða tökuorð úr dönsku eða önnur orð sem hafa horfið úr íslensku. Hér á ég sérstaklega við orðin *fullmagt*, sem ýmist er skrifað með g-i eða k-i, og forskeytið *ekta-* (t.d. *ektahjón*), sem er ýmist skrifað með g-i eða k-i. Almennt er í þessum efnum tekið mið af þeim sjónarmiðum sem Haraldur Bernharðsson hefur sett fram í grein um samræmt nútímamál í heimildaútgáfum ásamt því sem stuðst er við þær reglur sem fylgt er í útgáfu á prestastefnudómum Brynjólfs Sveinssonar biskups og við frágang handrits Landsnefndarskjala.[1]

Orðið *sátt* er ýmist skrifað sem sátt eða sætt. Hér hefur misræmið verið látið óhreyft en þó hafa samsettu orðin *sáttanefnd, sáttaumdæmi* og *sáttamaður* eða afbrigði af þeim verið samræmd svo að alltaf er skrifað með á-i. Í Miðfirði er að finna bæina Torfastaðir í Núpssókn og Efri- og Neðri-Torfustaðir í Staðarbakkasókn. Er Torfustaðahreppur kenndur við síðara bæjarheitið. Í handritinu er breytilegt hvort heiti þessara bæja eru skrifuð með u-i eða a-i í fyrri hluta heitisins. Hér hefur það verið samræmt svo að ljóst sé um hvorn bæinn sé verið að fjalla hverju sinni. Aðeins á einum stað í handriti er óvíst um hvorn bæinn er verið að ræða. Þar hefur stafsetningu handrits verið haldið (bls. 64).

Leyst er úr öllum skammstöfunum og styttingum að undanskildum skammstöfunum myntar. Þar er rd. notað yfir ríkisdali, rbd. fyrir ríkisbankadali, sk. fyrir skildinga, mk. fyrir mörk og cour. fyrir courant. Þegar orðin eru skrifuð út í handriti er því haldið óbreyttu. Orðið *promemoria* er ýmist skrifað út í einu eða tveimur orðum eða skammstafað P.M. í handriti. Hér hefur það verið samræmt og ávallt skrifað út í einu orði. Táknum fyrir mál og vigt er sleppt en heiti mælieiningar notað í staðinn. Notast er við almennar skammstafanir á mælieiningunum hundrað (hndr.), alin (al.) og fjórðungur (fo.) nema í þeim tilfellum sem orðin eru skrifuð út í handriti. Þar er því haldið. Einnig eru mælieiningarnar fiskar og vættir skrifaðar út til að auðvelda aflestur. Fjöldatölur eru skrifaðar út upp í

1 Haraldur Bernharðsson, „Samræmt nútímamál á fornum heimildum: Um málstefnu við útgáfu fornra texta“, *Skírnir* 175 (2005), bls. 181–197; *Guðs dýrð og sálnanna velferð: Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674*. Már Jónsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005), bls. 36–39; *Landsnefndin fyrri/Den islandske landkommission 1770–1771. I. bindi: Bréf frá almenningi/Breve fra almuen*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir (Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2016), bls. 37–41.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 43 11/7/17 10:32:39 PM

töluna nítján en með tölustöfum frá 20 og upp úr, nema hærri tölur séu skrifaðar út í handriti. Þá er því haldið óbreyttu. Magntölur eru skrifaðar með tölustöfum nema þær séu skrifaðar út í handriti. Stafsetning danskra orða í texta sem annars er á íslensku (tökuorð, slettur) sem þekkjast úr dönsku nútímamáli er samræmd, t.d. orðið *begæring*. Orðið *commission* er skrifað með breytilegum hætti í handriti en hefur hér verið samræmt með þeim hætti að haldið er í danska stafsetningu en beygingarmyndum haldið óbreyttum.

Reynt hefur verið af fremsta megni að halda í setningagerð frumtextans. Þó er greinamerkjum bætt við eða þau fjarlægð til þess að auðvelda aflestur eftir því sem þurfa þykir. Sérstaklega hef ég fjarlægt kommur en einnig sett punkta þar sem eru semikommur í handriti. Þá hefur greinaskilum verið bætt við til að auðvelda aflestur. Haldið er í breytingar á formi og uppsetningu textans sem verða á færslu mála þegar líður á handritið, ýmist í kjölfar leiðbeininga frá amtmanni eða sökum þess að nýr skrifari hefur tekið við. Sem dæmi má nefna að hinn 13. desember 1839 taka Þorlákur Stefánsson og Runólfur Magnús Olsen við sem sáttanefndarmenn. Þá er byrjað að númera mál sem eru tekin fyrir þannig að fyrsta mál hvers árs er nr. 1 og svo koll af kolli fram á næsta ár, þegar aftur er byrjað á einum. Þessu er svo skyndilega hætt um mitt ár 1846, án neinnar sýnilegrar ástæðu, en hefst jafn skyndilega á ný árið 1848. Breytingum sem þessum er haldið hér. Á einum stað hafa skrifarar ruglast á númeraröð mála (bls. 135). Þar eru mál nr. 2 og 3 árið 1844 sögð hafa verið leyst án aðkomu nefndarinnar en mál nr. 4 og 5 engu að síður merkt sem mál nr. 2 og 3. Þessi mistök hef ég látið standa óhreyfð.

Örnefni og staðarnöfn eru alla jafna skrifuð með nútíðarhætti. Það sama á við um mannanöfn, en þó er beygingarmyndum haldið. Þannig er nafnið Egill skrifað Eigli í þágufalli í handriti og þeirri mynd haldið. Í undirskriftum undir hverju máli hefur verið haldið í þá framsetningu sem er í handriti, þ.e. aðeins er hafður upphafsstafur fornafns ef undirskrift er þannig. Þó eru nöfn sáttanefndarmanna skrifuð út þegar þeir undirrita eiðstaf sinn við upphaf starfa sinna. Breytilegt er hvort orðasambönd eru skrifuð með einu, tveimur eða fleiri orðum í handriti. Hér hefur það verið fært að nútímahætti eftir því sem þurfa þykir án þess þó að um fullkomið samræmi sé á því. Til dæmis er í handriti talað um *Miðfjarðar sátta umdæmi* en hér samræmt sem tvö orð (*Miðfjarðar sáttaumdæmi*) þó réttast væri að skrifa *Miðfjarðarsáttaumdæmi* í einu orði samkvæmt

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 44 11/7/17 10:32:39 PM

nútímareglum. Sumar orðmyndir sem samkvæmt nútímareglum væru tvö orð eru skrifuð í einu í handriti og látin halda sér. Til dæmis er orðmyndin *upp á* alltaf skrifuð í einu orði, þ.e. *uppá*. Önnur eru ýmist skrifuð í einu orði eða tveimur í handriti en eru hér samræmd samkvæmt nútímareglu, t.d. orðmyndin *hér með*.

Áherslur eru á nokkrum stöðum í texta handrits og ýmist auðkenndar með undirstrikun eða tvöfaldri undirstrikun. Þeim er haldið hér en hafðar *skáletraðar* fremur en undirstrikaðar. Þegar bersýnilegt er að orð vanti í textann er því bætt við innan oddklofa 〈 〉 en þegar ekki er hægt að lesa úr orði eða orðhluta vegna skemmda í handriti eða af öðrum ástæðum þá er notast við hornklofa [000] og 0 notað til að tákna áætlaðan fjölda bókstafa sem vantar. Augljós pennaglöp eru lagfærð án athugasemda og það sama á við um orð sem eru yfirstrikuð og er augljóslega ofaukið í handriti. Alla jafna hef ég forðast að setja útskýringar á efnistökum bókarinnar neðanmáls en þó með tveimur undantekningum. Í bæði skiptin vantaði upplýsingar í handrit, sem sóttar voru í aðrar heimildir og færðar inn í textann.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 45 11/7/17 10:32:39 PM

Sáttabók Miðfjarðarsáttaumdæmis 1799–1865

[Upphaf bókar]

Denne igjennemdragne og forseiglede Bog, bestaaende af 282 Sider, authorizeres herved til Protocoll for Forligelses-Commissionen i Midfiords Forligelsesdistrict, som indbefatter Mid- og Rutefjorden, eller det nu værende Melstads Tinglaug samt den vestlige Side af Vatnsneset, indtil Gaarden Tunga, Katanes exclusive. Og bör Forligelses Commissarierne i dette District troeligen og nöjagtigen indföre i denne Protocoll alt hvad af Commissionen forhandles og afgjöres, i henseende til de for den almindelig Foreening indkommende Sager; alt i Overeenstemmelse med de om Forligelses Væsenet indkomne, eller herefter indkommende Anordninger, og i særdeleshed Forordningen om Forligelsesvæsenet paa landet i Norge af 20de januarii 1797, saavelsom den af dem aflæggende Eed.

Mödrevalle Kloster den 30de Martii 1799,

S Thorarensen.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 47 11/7/17 10:32:39 PM

Ég, Egill Jónsson prestur til Staðarbakka, og ég, Jón Jónsson á Þóreyjarnúpi, sem erum kjörnir og nefndir til forlíkunarmanna í svonefndu Miðfjarðar sáttaumdæmi, lofum og sverjum að við af ýtrustu kröftum skulum kappkosta að koma á sættum milli partanna í öllum þeim málum er koma undir téða forlíkunarmanna nefnd, og að við þar að stuðla skulum með allri alvörugefni og hreinskilni eftir okkar besta viti og samvitsku.

Svo sannarlega hjálpi okkur guð og hans heilaga orð.

Datum þann 31. maí 1799

Egill Jónsson Jón Jónsson

Í sama máta undir skrifa þann 22. nóvember 1822

Halldór Ámundason Eggert Jónsson

Í sama máta undir skrifar þann 17. desember 1829

Jón Brynjúlfsson

Anno 1800 þann 13. janúar mættu á útséðum forlíkunarstað Staðarbakka i Miðfjarðar sáttaumdæmi þeir málspartar Jón Jónsson, er hvörgi segist eiga lögheimili fyrir nærverandi, og bóndinn Jón Arngrímsson á Fremri-Fitjum eftir réttu fyrirkalli til forlíkunar af 27. desember 1799 i einni sök sem risin er þeirra á milli, hvörrar byrjun og samanhengi þannig framfærist af Jóni Jónssyni:

Næstliðið haust 1799 beiðist Jón Jónsson húsavistar hjá bóndanum Jóni Arngrímssyni á Fremri-Fitjum fram um miðjan vetur 1800, þar hann megi ekki vera í Víðidalstungusókn ásamt með sínum barnsmæðrum. Þessu lofar Jón Arngrímsson svo Jón Jónsson er þangað kominn snemma í nóvembermánuði og tekst þar á hendur fjárgeymslu. Þann 19. desember tekur

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 49 11/7/17 10:32:39 PM

Jón Arngrímsson hrút sinn, er brúkast skyldi til búfjár hans á þessum vetri, sýnir hann aðkomandi manni bóndanum Bjarna Bjarnasyni á Neðri-Fitjum að nálægum Jóni Jónssyni og eftirspyr Bjarna hvort hann og meinti að það gat sem nú væri á pokanum eður svokallaðri húfu fyrir hrútnum mundi hnífskorið, hvar til Bjarni tjáist svarað hafa að hann og væri fjarlægur að svo væri. Við þetta segir Jón Jónsson að Jón Arngrímsson hafi sig mengað svo sem hefði hann gatið skorið, talað til sín ótilbærilegum orðum og slegið sig svo á sér hafi séð, en ekki hafi það aðrir séð. Yfir þessu hefur Jón Jónsson klagað með einu promemoria af 24. desember 1799 og endilega begært að þessi sök yrði til forlíkunar fyrirtekin, hvað nú og gjörist.

Uppá þá hér anfærðu sök forlíkast téðir málspartar með þeim skilmálum að bóndinn Jón Arngrímsson lofar að betala til forlíkunar commissarierne þá 40 sk. er Jón Jónsson ætti sem klagandi til þeirra að betala eftir forordningunum af 10. júlí 1795 og 20. janúar 1797. Einnig betalar hér strax til Jóns Jónssonar 56 sk. svo að verði til samans 1 rd. Framar erklærar Jón Arngrímsson að vildi hafa ofgjört hvað hann í raserie hafi Jóni misboðið og lofar að umgangast hann eins vinsamlega hér eftir sem fyrri.

Þessum forlíkunarskilmálum tekur Jón Jónsson með kærleiksmeiningar vinmælum og lofar að láta aldeilis gleymt það Jón Arngrímsson hafi við sig ofgjört svo að báðir partarnir lofa hvor öðrum sinni vináttu framvegis og þessi sök skuli hér með vera öldungis niðurkljáð dauð og magtarlaus þeirra á milli. Anno die & loco ut supra.

Egill Jónsson	Jón Jónsson
Jón Jónsson	Jón Arngrímsson

Anno 1800 þann 9. júní mættu á Staðarbakka fyrir forlíkunar commissionenne í Miðfjarðar sáttaumdæmi málspartarnir seigneur Jón Jónsson á Auðunarstöðum vegna prestsins síra Páls Bjarnasonar á Undirfelli, eftir í höndum hafandi fullmakt undir prestsins hendi og signeti, og Bjarni Bjarnason á Svertingsstöðum vegna Guðrúnar Þórðardóttur þar sama staðar, og sem hennar formyndari, til að heyra forslag til forlíkunar í þeirri sök sem hefur reist sig millum prestsins síra Páls og Guðrúnar út af ráðstöfun föður hennar fyrir eftirlátnu góssi og einkaerfingja nefndri Guðrúnu, hvörrar sakar undirrót og rétta samanhengi er þannig varið, eftir sem það af partanna fullmegtugum bæði munnlega og með documentum framfærist:

Þórður heitinn Bjarnason hefur með einu bréfi viljað fullkomna og staðfesta það inngengið accord við prestinn síra Pál að hann eftir sig fráfallinn taki dóttur sína og einkaerfingja Guðrúnu undir sitt forsvar og umsjón ásamt

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 50 11/7/17 10:32:39 PM

henni þá eftir sig tilföllnum arfi, þar hann ekki meini hana færa til að sjá fyrir sér né sínu til besta, hafi og ekki þeirra ættingja liðsinnis að vænta er virðast kunni þar tilvaxna. Einnig: Deyi Guðrún ógift verði hennar fémunir prestsins eign. Bréfið er daterað Svertingsstöðum þann 4. október 1791 undirskrifað af Þórði sjálfum og tilkölluðum tveimur vottum.

Þegar nú Þórður Bjarnason er dáinn á Svertingsstöðum haustið 1799 eftir nokkurra mánaða þungan sjúkdóm og hafði enga umbreyting gjört á téðum gjörningi kemur þangað presturinn síra Páll og vill framfylgja inngengnu accordi og loforði við föður Guðrúnar og endilega gjörir þar uppteiknan á hans eftirlátnu fémunum. En þar Guðrún vill engar prestsins formyndara aðgjörðir þiggja, mótfellur téðri ráðstöfun föður síns og alvarlega frásegir sér prestsins afskipti af sér og hans forminderskab vill presturinn að sér gott gjörist af sterfbúi Þórðar heitins fyrir allt sitt ómak og fyrirhöfn. Líka Ámunda á Reykjum í Miðfirði, er gjörði sér ómak útí Vatnsdal til að láta prestinn vita dauðsfall Þórðar heitins og hefur því í einu promemoria uppástaðið 3 rd. cour. þar hann eftir inngengnu loforði hafi að lögum hlotið og átt þetta að gjöra, sem ekki hafi getað gjörst án fyrirhafnar og meðgangandi kostnaðar. Þessu hefur Guðrúnar svaramaður Bjarni Bjarnason fyrir einn annan þar til sinn útkjörinn talsmann látið neita opinberlega. Yfir þessum af Guðrúnar hálfu auglýsta mótvilja að betala nefnda 3 rd. er presturinn miður fornægður og hefur því fyrir sinn áður velnefndan fullmegtugan uppáklagað þessa sök með einu promemoria af 31. maí þessa árs og endilega begjort að Guðrún eður hennar svaramaður innkallist fyrir forlíkunar commission, hvað og gjört er með einu fyrirkalli af 3. júní næstliðinn.

Að nú hér framfærðum beggja partanna ástæðum og af þeim heyrðum commissionens tillögum til sáttargjörðar í þessari sök forlíkast hún þeirra á millum svoleiðis: Að velnefnds prestsins síra Páls Bjarnasonar fullmegtugur seigneur Jón Jónsson af eigin góðvilja og án þess að hafa þar umboð til af sínum principal eftirgefur tímark courant af áðurnefndum 3 rd. courant sem presturinn forlangað hefur. En svaramaður Guðrúnar Þórðardóttur Bjarni Bjarnason aftur á mót útbetalar hér strax í contant til seigneur Jóns 2 rd. cour. 64 sk. Einnig óskar að sér framvegis eftirlátist gjörningsbréf Þórðar heitins sem og uppskrift sú er presturinn síra Páll gjörði á hans sterfbúi næstliðið haust, sem hinn ljúflega lofar að hvort tveggja skuli honum verða tilsent innan mánaðar eður það fyrsta skeð geti undir forsigling. Er svo þessi sök öldungis fullkomlega forlíkuð og hreint útkljáð. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
J. Jónsson	Bjarni Bjarnason

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 51 11/7/17 10:32:40 PM

Anno 1801 þann 18. nóvember að Staðarbakka komu fyrir forlíkunar commissionena í Miðfjarðar districte bóndinn Jón Brynjúlfsson á Sveðjustöðum og Jón Halldórsson á Búrfelli eftir þeim löglega birtu fyrirkalli til forlíkunar í einni sök sem risin er þeirra á milli, hvörrar uppbyrjun og ásigkomulag í þeirri af sagsögeren Jóni Brynjúlfssyni inngefnu klögun af 3. þessa mánaðar er þannig útfært og hér einnig tilstaðið af sagvolderen Jóni Halldórssyni:

Árið 1800 þann 8. desember býður Jón Halldórsson Jóni Brynjúlfssyni hestakaup, sem þessi þiggur svo hestakaupin fullkomnast, og Jón Brynjúlfsson leggur á milli 2 rd. cour. 12 sk. þar sá bleikskjótti hestur Jóns Halldórssonar skyldi vera þessum mun betri en sá jarpi hestur sem Jón Brynjúlfsson fær honum aftur. Nokkru síðar strauk sá bleikskjótti hestur til síns fyrra eiganda Jóns Halldórssonar, hvöreð, að hans nú orðna rétta eiganda óvitandi, þann 30. janúar 1801 seldi hann vermanni nokkrum Hallgrími að nafni úr Skagafirði. Sem nú Jón Brynjúlfsson fær þetta að vita sendir hann tvo dánumenn, Egil Þórðarson á Reinhólum og Guðmund Árnason á Króksstöðum, heim til Jóns Halldórssonar að Búrfelli til að beiðast aftur þeirra 2 rd. 12 sk. sem hann hafði til hans útlagt milli hestanna. Vildi hann hvorki þá né síðan svara þar af meir en helmingnum, nefnilega 1 rd. 6 sk. Hér á ofan hefur Jón Halldórsson þann 2. ágúst næstliðinn, eður 9. sunnudag eftir Trinitatis, við kirkju að áheyrandi nokkrum góðum mönnum talað til Jóns Brynjúlfssonar og sagt hann væri þjófur að 2 rd. Allan þennan óráðvendnis umgang Jóns Halldórssonar uppátelur Jón Brynjúlfsson og uppástendur að hann viðurkenni sér gjörðan órétt og betali nokkuð til sín bæði fyrir óheimildar tilgrip á hestinum sem og trássugheit að leggja til baka milligjöf hestanna og endilega fyrir sér gefin ubeqvems orð, en í tilliti til hans fátæktar vill þó nokkuð eftir gefa og alltsvo uppástendur:

1. Að hann betali fyrir þann 1 rd. cour. og 6 sk. sem hann inni haldi af milligjöfinni.
2. Fyrir óheimildar eður þjófs tilgrip á hestinum skuli hann betala sér einasta 4 mörk dönsk.
3. Fyrir sér gefin ubeqvems orð skuli hann betala til sín 4 lóð silfurs og afturkalla sín illmæli, sem commissionen álítur allt of góðmannlega til verks gengið við þann óráðvanda Jón Halldórsson til þess að hann forkasti þessum forlíkunarkostum og þá endilega fái að líða réttan dóm, skyldi sökin hljóta að afgjörast með processe fyrir hans þrjósku. Þó vill hann brúka sín undanbrögð, segist nú enga peninga hafa, segist eiga nokkuð hjá Jóni Brynjúlfssyni, sem ekki finnst rigtugt nema einasta 24 sk.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 52 11/7/17 10:32:40 PM

Samt gjörist forlíkunar undirbúningur í sökinni svoleiðis í þetta sinn að Jón Halldórsson afturkallar hér sín illyrði er hann hafi talað til Jóns Brynjúlfssonar og lofar að hafa betalað til hans á hans heimili Sveðjustöðum innan næstkomandi 25. þessa mánaðar allt það er hann hefur uppástaðið, hvar uppí að reiknast þeir 24 sk. sem Jón Brynjúlfsson viðkannast að hinn hjá sér eigi, og endilega er áskilið að sá jarpi hestur falli aftur til Jóns Brynjúlfssonar eins og allareiðu er skeð. En haldi nú ekki Jón Halldórsson þetta loforð svo að allt þetta verði klárt innan ákveðins tíma, erklærar Jón Brynjúlfsson að sökin skuli standa opin og hafi hann sér þá forbeholded að framfylgja henni sem óforlíkaðri með processe. Er svo frá commissionenne gengið.

Þann 27. nóvember 1801 ávísar Jón Brynjúlfsson commissionenne að Jón Halldórsson hafi fullkomnað allt við sig gjörða loforð fyrir forlíkunarréttinum á Staðarbakka þann 18. þessa nóvembermánaðar. Er því þessi sök með téðum skilmálum forlíkuð og öldungis til lykta leidd þann 27. nóvember. Anno & loco ut supra

E. Jónsson	Jón Brynjúlfsson
J. Jónsson	Jón Halldórsson

Anno 1803 þann 13. júní komu fyrir forlíkunarréttinn á Staðarbakka bændurnir Gísli Gíslason á Litlu-Þverá og Jón Jónsson á Skeggjastöðum eftir réttu fyrirkalli til forlíkunar uppá grundvöll af inngefinni klögun frá Gísla Gíslasyni sem sagsöger útaf litlum engisparti sem í mörg undanfarin og endilega meir en samfelld 20 ár hefur tilheyrt Litlu-Þverá og af ábúendum þar verið brúkaður. En nú sumarið 1802 hefur Jón Jónsson á Skeggjastöðum brúkað þann sama án þess að aðvara Gísla þar um, og alltsvo að honum óvitandi, alleinasta sem nýr ábúandi, eftir 38 ára gamalli lögfestu sem þó ekki citerar nokkurn vitnisburð, því síður máldaga né gömul kaupbréf til grundvallar. Hefur að sönnu verið nokkrum sinnum upplesin fyrir manntalsþingsrétti en aldrei framfylgt né eftirgengið.

Þessar aðgjörðir Jóns hefur Gísli tilkynnt sínum húsbónda herra Notario Oddi Stefánssyni sem skriflega hefur fyrirlagt honum að ganga eftir því slegna heyi við Jón med videre, hvað ef Jón ekki vilji þá að innkalla hann fyrir forlíkunarrétt, sem Gísli hefur öllu eftirkomið. En þar Jón vill enn nú engan veginn afláta því hann byrjað hefur að taka undir sig engispartinn, og ekki þægja Gísla hinu minnsta fyrir hans brúkun næstliðið sumar, ekki heldur nokkurn samning fyrir sitt leyti sem leiguliði innganga við Gísla um sameiginlega brúkun þeirra á partinum og allt svo forkastar sérhvörju forslagi til forlíkunar, og Gísli heldur engan veginn vill með öllu afstanda partinum vegna síns húsbónda, og Jón einnig munnlega ber fyrir sig aðhald húsbónda síns að

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 53 11/7/17 10:32:40 PM

framhalda því uppbyrjaða með partsins brúkun, svo getur hér engin forlíkun ákomist í sökinni og henni alltsvo héðan vísað til afgjörslu við réttargang, og inngefin klögun afhendist aftur sagsögeren Gísla með commissionens uppáteiknan eftir forordning af 10. júlí 1795 og 20. janúar 1797. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson

Anno 1804 þann 9. október komu fyrir forlíkunarréttinn á Staðarbakka þessir innkallaðir málspartar, nefnilega bóndinn Björn Jónsson á Hrútatungu sem saksóknari og hans contrapartar presturinn síra Guðmundur Eiríksson á Stað samt bændurnir monsieur Magnús Þórðarson á Brandagili og Jón Einarsson á Bálkastöðum, allir í Hrútafirði, í einni sök sem eftir inngefinni klögun saksóknarans skal vera þar af risin, að hann segir téðir sínir contrapartar hafi á hreppstjórnarþingi á Stað haustið 1803 skuldað sig fyrir meir en einslags þjófnað, sem af málspartanna viðræðum í commissionenne sem og hér framvísuðu vitnisburðarblaði hreppstjóranna í Hrútafirði er skiljanlegt að hafi átt að vera mælt að Birni fjarverandi. Endilega framleggur Björn copiu af einu promemoria af 15. nóvember 1803 undir nöfnum allra hér nefndra hans contraparta og enn nú eins manns, sem Björn segir sé úr þessari sök og tiltali honum ekkert, til hreppstjóranna í Hrútafirði, hvar með þeir begæra fljóta og röggsama tilhlutun hreppstjóranna að burtrýma Birni úr Hrútafirði til annarra sveita og að allir búendur í Staðarhreppi skjóti saman peningastyrk honum til flutningskostnaðar. Af þessu promemoria er það að ráða að hér um megi allri sveitinni vera umhugað sakir einhvörrar óráðvandrar hegðunar Björns þótt ekki sé það með ljósum orðum tilgreint. Framhjá þessu hafa hreppstjórar gengið þegjandi þar Björn með konu og börnum muni sveitlægur í Hrútafirði, bláfátækur þiggur þar sveitarstyrk og hefur enga jarðnæðis líkinda von, enn síður vissu, í öðrum sveitum.

Hvað nú viðvíkur hreppstjóranna greindu vitnisburðarblaði mótmæla contrapartar Björns því hið alvarlegasta og öldungis þverneita að þeir hafi með eins ljósum aðkvæðum beskuldað Björn sem þar er að sjá, og vilji Björn halda sér hann eftirréttanlegan sem sannferðugan í öllum punktum standi honum í sjálfræði að láta hann eiðfesta, sem þeir gjöra sig vissa um að ei muni verða léttilega, og í millitíð taki þeir engri forlíkun.

Annars framfærir Björn að presturinn skuli hafa alvarlega mengað sig við að hafa stolið frá sér bæði heyi og sauðkindum og jafnvel fleiru, en presturinn kannast einasta við að hann hafi haft Björn grunsaman um að hann hefði það gjört og það látið af sér merkja, en aldeilis ekki að hann hafi það á hann borið, hvorki að honum nær- eður fjarverandi. Eins viðkannast monsieur Magnús

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 54 11/7/17 10:32:40 PM

á Brandagili að hann hafi haft misgrun til hans um síns kvípenings mjölt í haganum sumarið 1803, sem hann enn nú segir að víst hafi af einhvörjum gjört verið, sem hann enn nú geti sannað með bevísingum ef á þyrfti að halda, en aldrei hafi hann borið það uppá Björn. En copiuna af promemoria af 15. nóvember 1803 undir sínum nöfnum til hreppstjóranna kannast þeir við að vera öldungis rétta nema hvað Jón Einarsson gefur að skilja að meini sig eiga minni þátt í beskyldningar uppá Björn heldur en hinir, sem Björn samstemmir. Hann hafi og verið enn nú framandi í Hrútafirði haustið 1803 þar hann hafi fyrst komið þar um sama árs fardaga.

Eftir málspartanna langar viðræður í frá- og tiltali til forlíkunar og að heyrðum commissionens tillögum vilja contrapartar Björns forlíkast með eftirfylgjandi skilmálum, og ekki öðruvísi, og vilji hann það ei kunni hann framfylgja sökinni með processe. En Björn vill taka forlíkuninni, sem fellur þannig:

1. Erklærar Jón Einarsson að hann viti ekki Björn Jónsson á Hrútatungu hafa nokkra hluti kvika né dauða ófrjálslega frá sér tekið og geti honum engan þjófnað uppábevísað, færi honum ekkert til saka og allt svo fráfalli öldungis því hann hafi innviklast í að misgruna Björn.
2. Presturinn síra Guðmundur, sem hefur viðkannast að hann hafi haft Björn forþenktan um að hafa stolið frá sér, fráfellur allri þeirri grunsemi. Segist meir hafa byggt þann þanka á annarra óprófuðum sögnum og skrafi heldur en því er hann kynni með lagabevísingum sanna og staðfesta. Og hvað verða kynni séð og ályktað um grundvöll til viðleitnis að koma Birni burt úr Staðarhreppi í áðurnefndu promemoria segist hann einnig öldungis fráfalla og nú ekki færa Birni hið minnsta óráðvandlegt til saka.
3. Framfærir monsieur Magnús á Brandagili sömu meiningar fríkenning um Björn, fráfellur og eins oftnefndu promemoria og segist ekki skulda hann fyrir nokkurn þjófnað.

Uppá þessa skilmála tekur Björn forlíkun, gefur að skilja að hann hafi þetta sókt til forlíkunar comission meir til að fá fríkenning frá sér gefnum beskyldninger og forsvara sitt gott nafn og rykti heldur en sækja eftir fjárútlátum af sínum contrapörtum, sem hér eru og ekki nokkur í commissionenne honum lofuð nema einasta betala þeir allir til samans fyrir hann til commissionen þá 40 sk. er hann sem sagsöger skyldi henni betala. Hvort hann hefur hjá nokkrum þeirra eður öllum nokkurt vilyrði um greiðasemi fæst hér hvorki uppskátt né ákveðið.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 55 11/7/17 10:32:40 PM

Commissionen gengur ekki framhjá Cancellie bréfinu af 19. janúar 1799 og í fylgi af sama lætur presturinn til leiðast að lofa að gefa til fátækra í Staðarhreppi 2 vættir og monsieur Magnús 24 sk. en Jón Einarsson ekkert, sem meinast sökinni meir innviklaður fyrir einfeldnis og ókunnugleika sakir heldur en eiginlega að eiga í henni jafnsterkan þátt sem hinir. Er svo þessi sök hér með öldungis til lykta leidd og framvegis þessi forlíkun óuppátalanleg. Anno die & loco ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Guðmundur Eiríksson	Björn Jónsson
Magnús Þórðarson	Jón Einarsson

Anno 1804 þann 10. október mættu í forlíkunarréttinum á Staðarbakka þangað innstefndir málspartar bóndinn Bjarni Ívarsson á Litla-Ósi sem sagsöger og lausamaðurinn Guðbrandur Einarsson á Helguhvammi sem sagvolder, hvörra sök var til forlíkunar fyrirtekin að hugleiddri hennar uppbyrjun og samanhengi sem af sagsögerens áður inngefinni klögun samt beggja partanna viðræðum og framlögðum reikningsblöðum finnst að vera hér um bil þannig:

Haustið 1803 kemur drengur frá Saurum að Litla-Ósi og tilkynnir húsbóndanum þar Bjarna að stór selur liggi uppi í fjörunni þar niður frá bænum, en húsmaður hans og lausamaður Guðbrandur, sem var viðstaddur og áheyrandi þessa fregn, bregður við strax og hleypur ofan í fjöru og sér þar selinn uppáliggja, getur með harðfylgi drepið hann, að hvörju gjörðu Bjarni kemur þangað við annan mann, birkja þeir selinn allir þrír.

Bjarni býður Guðbrandi helmingaskipti á selnum öllum en Guðbrandur, sem tekur sig fram um að skipta, skiptir til helminga millum sín og Bjarna að öllu nema skinninu, sem hann tekur til sín. Með það er Bjarni ófornægður og leitar oftlega að fá helming þess hjá Guðbrandi, hvörju hann tekur aldrei vel, enn síður lætur það til. Þetta hefur helst gefið Bjarna orðsök til að fá þessa sök hingað innstefnda. Hefur Guðbrandur meint sig í öðrum reikningum eiga hjá Bjarna og því haldið skinninu, en Bjarni aftur á mót meint að ef hann ætti ekki hjá Guðbrandi þá væri hann í hið minnsta honum ekkert skyldugur, þar þeir aldrei hafi rétt við reiknast og allra síst getað látið sér saman koma en hefur aðskiljanlegt á milli farið þar Guðbrandur hefur þjónað Bjarna bæði í slætti og annarri vinnu, farið fyrir hann á grasafjall og léð honum hest til þeirrar ferðar. En Bjarni hefur tillagt Guðbrandi nokkurt fæði þegar hann ekki þjónaði honum, tekið af honum sauðkindur til fóðurs, léð honum hús og fleira.

Að nú hér framfærðum beggja ástæðum og samanbornum þeirra reikn-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 56 11/7/17 10:32:40 PM

ingsblöðum fellur commissionens svolátandi forslag til forlíkunar í þessari sök:

Að Bjarni betali Guðbrandi hér strax í stað 32 sk. sem meinast hann hafi um of reiknað sér í lambafóðra meðgjöf hjá Guðbrandi veturinn 1803. En selskinnið vel verkað, heilt og að öllu óspjallað færi Guðbrandur að Kirkjuhvammi á þar næst haldandi hreppstjórnarþingdag hvar því sé af tveimur óviðkomandi mönnum skipt í tvo jafna parta millum þeirra undir umsjón annars commissarii hreppstjórans Jóns á Þóreyjarnúpi. Einnig betali hvor um sig 24 sk. til fátækra í Kirkjuhvammshrepp í fylgi Cancellíbréfs af 19. janúar 1799. Þetta forslag antaka þeir góðfúslega og verða hér uppá forlíktir, hvar með þessi sök er þeirra á millum óumbreytanlega til lykta leidd. Anno die & loco ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Bjarni Ívarsson	Guðbrandur Einarsson

Anno 1805 þann 9. janúar mætti í forligelses commissionenne á Staðarbakka hreppstjórinn Jón Arngrímsson á Bergsstöðum og framlagði fullmagt undir hendi og signeti handlæknis Jóns Einarssonar af 10. júní 1804 til að lögsækja ekkjuna Hólmfríði Guðbrandsdóttur á Bjargi fyrir sama dags morgun til sín töluð ubeqvems orð heima á Bjargi. Sömuleiðis mætir ekkjan Hólmfríður í eigin persónu og með henni hennar kosinn lögverjari Guðmundur Ólafsson á Hlíð. Hvörtveggju þessir málspartar mæta góðviljuglega óstefndir. Fyrirfinnst svo þessi sök að vera hér um bil þannig við vaxin, sem næst verður komist:

Snemma á sunnudagsmorguninn þann 10. júní síðastliðinn kemur Jón Einarsson læknir að Bjargi sem umboðsmaður Miðfjarðarjarða til að vitja landskuldar á Bjargi og finnur ekkjuna Hólmfríði sem nú á að standa fyrir jarðarskulda útsvari þar maður hennar Jón Guðmundsson er fyrir dauðann afgenginn veturinn 1804, sem hafði fyrir nokkrum árum látið til leiðast að betala til umboðsmannsins árlega eina kúgildisleigu heldur en taka á móti kúgildi, því hann vildi hafa sitt kúgildi á Bjargi þar ekkert kúgildi hefur þar verið alla þá tíð sem Jón heitinn hefur þar búið síðan 1784. En þar ekkjan vill nú ekki svara nefndri kúgildisleigu fyrir árið 1804 til læknisins sem umboðsmanns rís þar af ágreiningur þeirra á milli svo hún, eftir læknisins fullmegtugs sögn hér í commissionenne, skyldi hafa gefið honum þjófsnafn, ráðið honum til að stela ei framvegis, með fleirum háðungar aðkvæðum. Hvar á mót ekkjan ekki harðlega þrætir, þar hún segist ei muna hvað hún hafi talað, en segir hann hafa kallað sig ambátt og talað framandi orð, er hún meini hafi verið í verri meiningu til sín, þó ekkert hafi í því skilið.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 57 11/7/17 10:32:40 PM

Læknisins fullmegtugur vill innganga forlíkun vegna síns principals með þeim skilmála að Hólmfríður afturkalli sín illyrði og betali til fátækra 2 rd. cour., líka þá 40 sk. sem læknirinn ætti að betala til forligelses commissionen sem sækjandi í þessari sök, en sleppi því er hann við process og dóm kynni víst að ávinna, og sér yrði tildæmt af Hólmfríði. Að hvörjum forlíkunarkostum ekkjan Hólmfríður með ráði síns lögverjara gengur að vonum góðfúslega, hvar með sökin er öldungis útkljáð. Anno die & loco ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Jón Arngrímsson	Hólmfríður Guðbrandsdóttir
	Guðmundur Ólafsson

Anno 1805 þann 10. janúar mætti í forlíkunarréttinum á Staðarbakka studiosus Tómas Tómasson á Stóru-Ásgeirsá og framvísaði fullmagt frá handlækni Jóni Einarssyni til að lögsækja bóndann Illuga Arngrímsson á Aðalbóli um hald á nokkurra ára landskuldum af nokkrum parti í jörðinni Hnausakoti. Vegna bóndans Illuga mætir sonur hans Guðbrandur. Studiosus Tómas framfærir þá exception móti Guðbrandi að málspartar eigi sjálfir að mæta við forligelses commissioner og eftirspyr hvar fyrir Illugi mæti ekki sjálfur og hvort commissionen antaki annan í hans stað? Hér uppá fellur commissionens álit þannig:

Það verður ánægjanlega með lifandi vitnum sannbevísað að síðan haustið 1803 að Illugi fékk þær skaðlegu byltur, af hvörjum hann komst svo við að hann hélt við rúmið fram undir næstliðið vor 1804. Hefur hann aldrei á næstliðnu sumri og ekki enn nú fundið sig færan til að fara frá heimili sínu lengra en til sinnar sóknarkirkju, sem hann bæði hefur skjaldnar sókt en hans vani var til og líka tekið sér nærri þá hann hefur það gjört. Hann hefur og áður fyrir sínum sóknarpresti, sem hér er annar commissarius og hvörjum allt þetta er vel kunnugt, framfært þetta sem forföll, og að það sé ekki af tregðu hans að mæta hér ekki persónulega í commissionenne má sjá af því að hann vill hér mæta fyrir fullmegtugan óstefndur, eins og nefndur chirurgi fullmegtugur. Allt svo er Guðbrandur af commissionenne hér antekinn uppá föður síns vegna í hans bevísanlegum forföllum, sem commissionen meinar grundað á forordningunni af 10. júlí 1795, hennar 5. cap. 38. art., forordningunni af 20. janúar 1797 3. cap. 25. art. samt reskript af 19. október 1798. Allt svo má hér sökin fyrirtakast. Fyrirfinnst svo hennar tildragandi og samanhengi að vera þannig:

Bóndinn Illugi hefur áður fyrrum haft undir höndum hálfa jörðina

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 58 11/7/17 10:32:40 PM

Hnausakot, fjögur hundruð að dýrleika, sem sína eign og hefur kaupbréf fyrir þeim sömu af 13. október 1774 hvar af hér er framvísuð rétt copia. Af þessum 4 hndr. er það hálfa, eður 2 hndr., af honum tekin og kónginum tileinkuð sem fylgjandi Miðfjarðarjörðum í þeirri tíð sem ex-sýslumaður Halldór Jakobsson forpagtaði þær jarðir. Nú síðan þessar jarðir voru útteknar og afhentar chirurgus Jóni Einarssyni vorið 1796 hefur hann endilega viljað taka undir kóngdóminn hin 2 hndr. í áminnstri jörðu Hnausakoti, sem Illugi hefur þangað til haft óátalin í hönd og hefð, án þess að hafa nokkurn tíma talað hér um munnlega eður skriflega við Illuga eður framvísað honum nokkurt orð frá hærri stöðum fyrir þessari sinni heimtu.

Chirurgi fullmegtugur eftirspurður hér í commissionenne af Illuga fullmegtugum hvört hér hafi nokkuð að framvísa til fullrar bevísingar um að hans principals heimta til landskuldar af 2 hndr. í Hnausakoti sé ómótmælanlega rétt, hvörju hann neitar. Segist ekkert orð hafa að framvísa sem réttlæti hans principals heimtu og umgangsmáta í þessari sök, en refererar sig einasta til úttektar amtsins af 6. júní 1796 sem hér er við höndina, sér í lagi honum fylgjandi eragtningar assessors Ísleifs Einarssonar sem þáverandi sýslumanns í Húnavatnssýslu, sem ekki er neitt afgjörandi í þessari sök og aldeilis ekki ályktar kónginum þau umtvistuðu 2 hndr. í Hnausakoti. Samt hefur chirurgus Jón alvarlega innkallað landskuldir af þessum 2 hndr. síðan 1796 þar til árin 1802 og 1803 að Illugi hefur innkallað landskuld af 4 hndr., fyrir hvörra heimtu og hald hann nú af chirurgo ákærist, en Illugi meinar sér tilkomi landskuldin árlega af oftnefndum 2 hndr. inn til höfuðsökin er afgjörð og reiknar enn nú innistanda hjá lækninum þriggja ára landskuld af þeim, sem er 30 al., hvað allt hans fullmegtugur hér framfærir og uppástendur. Hvað sjálfan höfuðstólinn snertir er hér ekkert umtalað heldur landskuldirnar einasta, hvar uppá partarnir forlíkast þannig:

Jafnvel þótt Guðbrandur uppástandi að chirurgus betali þær 30 al. sem enn nú vanti til þess að faðir sinn hefði uppborið árlega venjulega landskuld, 10 al. af 2 hndr. í Hnausakoti, þá alleina til að fyrirbyggja að kunni álítast prætukær gefur hann kost á að eftirgefa og afstanda þar af $^{1}/_{3}$ eður 10 al., með því skilyrði að chirurgus betali á næstkomandi vori til föður síns 20 al., hvörju chirurgi fullmegtugur monsieur Tómas uppá síns principals vegna lofar hér stöðuglega. Er því sökin hvað landskuldirnar snertir til dato hér með til lykta leidd og fullkomlega forlíkuð.

Nota.
Þau hér að framan nefndu 2 hndr. í Hnausakoti tekin af Illuga undirréttast að vera gjört af fyrrum stiftamtmanni herra Ó. Stefánssyni fyrir utan proces og

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 59 11/7/17 10:32:40 PM

dóm, þá Halldór Jakobsson forpagtaði Miðfjarðarjarðir fyrra sinn. Anno die & loco ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson
T. Tómasson Guðbrandur Illugason

Anno 1806 þann 17. desember mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Staðarbakka innkallaðir málspartar hreppstjórinn Helgi Halldórsson á Krossanesi sem sækjandi og, í forföllum hans contraparts bóndans Jóns Árnasonar á Kirkjuhvammi og uppá hans vegna, hreppstjórinn Eggert Jónsson á Helguhvammi í einni sök sem rís út af ábýlisjörð Helga, Krossanesi, og undirréttast að vera hér um bil þannig:

Sumarið 1804 þá svokallaðar Vatnsdalsjarðir voru við Auction uppboðnar, meðal hvörra að er jörðin Krossanes, varð ekki ábúandinn Helgi (þó til staðar á Auctionenne) hæstbjóðandi að jörðinni Krossanesi heldur bóndinn Jón Árnason á Kirkjuhvammi fyrir fullmegtugan. Þar eftir formerkir Helgi að Jón ætli síðan að selja hana monsieur Ólafi Ólafssyni á Reykjafjarðarkaupstað; býður því Jóni að unna sér kaups á jörðinni fyrir sama verð og hann hafi uppá hana boðið, ef hann annars selur hana nokkrum. Þessu tjáist Jón að hafa neitað og endilega selur jörðina Krossanes nefndum monsieur Ólafi, hvöreð á næstliðnu hausti 1806 ávísar Helga sinn fullkominn ásetning að flytja sig á jörðina í næstkomandi fardögum 1807. Alltsvo hljóti Helgi að rýma hana frá sér. Einasta vilji hann láta honum hana eftir hálfa til ábýlis á móti sér næstkomandi ár ef hann vilji, og verði honum ei annað til jarðnæðis, sem Helgi meinar sér ekki lífvænlegt, meinar að til sín nái kónglegt boðorð og fríheit um forkaupsrétt ábúenda, þótt ekki yrði hann hæstbjóðandi við Auctionena, og alltsvo sé sér ekki skyldugt að víkja frá jörðinni. En þar þetta getur ekki komist saman við meining Jóns á Kirkjuhvammi næst ekki forlíkun í sökinni. Er henni því endilega vísað héðan frá commissionenne til lands laga og réttar. Anno die & loco ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson

Anno 1807 þann 17. apríl komu fyrir forlíkunarréttinn á Staðarbakka bændurnir Guðmundur Illugason á Neðra-Núpi sem sagsöger og Jón Jónsson á Skeggjastöðum sem sagvolder til samtals og forlíkunarviðleitnis í þeirri sök sem hefur reist sig þeirra á millum af mótvilja Jóns að uppástanda af ábýlisjörð sinni Skeggjastöðum frá Guðmundi, sem er óðalsjörð konu hans, Ingibjargar Eiríksdóttur, eður þá öðrum Guðmundar vegna svo hann gæti

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 60 11/7/17 10:32:40 PM

fengið eitthvört jarðnæði þá hann vildi fyrst reisa bú næstliðið vor 1806, sem Jón þá engan veginn lét tilleiðast, enn og þótt hann beiddi hann allavega góðsamlega og byði honum eins dýran part í annarri jörðu og Skeggjastaðir eru, hvörs vegna óviðkomandi menn hliðruðu til við Guðmund og rótuðu sér upp frá sínum ábýlum svo hann færi ei húsvilltur, og þótt Jón lofaði Guðmundi skilmálalaust vorið 1806 að rýma Skeggjastaði nú í vor 1807 vildi hann ekki kannast við það nú í vetur. Hefur þó Guðmundur boðið honum kotið Litlutungu, jafndýrt Skeggjastöðum. Samt hefur Jón hingað til verið óvíkjanlegur að fara frá Skeggjastöðum. En nú forlíkast þessi sök svoleiðis:

Að Guðmundur lofar að byggja Jóni 12 hndr. af Neðra-Núpi næstkomandi fardagaár. Megi túni og engjum vera skipt af óviðkomandi dánumönnum ef Jóni svo þóknast en úthaga megi vera óskipt, einasta að Jón setji ekki svo mikið á landið fram yfir tiltölu að hann líði þar við halla. Hér uppá lofar Jón að standa upp frá Skeggjastöðum á næstkomandi vori og vill eiga von til að mega fá áminnstan lofaða og boðinn jarðarpart ef honum frá þessum degi opnast ekki annar vegur til jarðnæðis fyrir næstkomandi fardaga. En verði það, og Jón þurfi ekki með afbýlis á Neðra-Núpi, lofar Guðmundur að Jón skuli ekki verða hið minnsta þar fyrir áfrýjaður. Í fylgi Cancellíbréfið af 19. janúar 1799 lofa þessir málspartar að gefa fátækum í Miðfjarðarsveit, nefnilega Guðmundur 24 sk. og Jón 16 sk. Er svo þessi sök hér með öldungis útkljáð og fullkomlega forlíkuð. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Guðmundur Illugason	Jón Jónsson

Anno 1807 þann 16. nóvember mætti sem sækjandi í forligelses commissionenne á Staðarbakka Guðrún Magnúsdóttir á Bergsstöðum og með henni egtamaður hennar og lögverjari hreppstjórinn Jón Arngrímsson og sem verjandi vinnumaðurinn Jónas Samsonsson á Búrfelli í einni sök sem hér um bil finnst þannig viðvaxin:

Seint í júnímánuði 1806 finnast þau á grasafjalli Guðrún og Jónas, hvar Guðrún að fyrra bragði hefur til máls við Jónas nafnagiftumálið og fæst um hvort hann segi það eiga heima hjá Bergsstaðafólki? Þar uppá hefir Jónas svarað: „Þið hafið kallað mig Kraga og Blesa“. Nú vill nefnd Guðrún og maður hennar að Jónas afturkalli þetta sem lygi uppá Bergsstaðafólk, hvörju hann öldungis þverneitar og nú hér í commissionenne með tilhlýðilegri siðsemi og tilhlýðilega fullkominni djörfung ber það uppá Bergsstaðafólk að hafa kallað sig þessum nöfnum og ánefnir sérílagi til þess tveimur sonum hér nefndra hjóna, Arngrím ellefu vetra og Jóhann níu vetra, sem hafi sagt við sig

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 61 11/7/17 10:32:40 PM

eitt sinn haustið 1805: „Við köllum þig Kraga og Blesa“. Nú treystast ekki hjónin til að hafa hið minnsta hér á móti til forsvars nema einasta þrætni og þverneitun fyrir sína vitund. Sök þessi forlíkast hér þannig:

Hjón þessi biðja hér Jónas að sleppa öllu tiltali fyrir þetta uppá börn sín, hvar til hann lætur leiðast með þessum skilmálum:

1 Að hjónin betali forligelses commissionenne það sem hann ætti þeim að betala sem verjandi.

2. Að nöfnum þessum verði ekki uppihaldið heldur niðurdrepin kynnu þau nokkurstaðar fyrir þau bera.

Þessu lofa hjónin hvorutveggja og sérílagi að vaka yfir því síðara af fremstu kröftum. Hér með er sök þessi fullkomlega forlíkuð og öldungis niðurfallin. Ut supra.

E. Jónsson	Guðrún Magnúsdóttir
Jón Jónsson	Jón Arngrímsson
	Jónas Samsonsson

Anno 1809 þann 17. janúar komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bóndinn Daníel Grímsson og hreppstjórinn Magnús Þórðarson á Brandagili báðir eftir fyrirkalli að begæring Daníels sem sækjanda, er höfðar sök á móti Magnúsi útaf ýmsum viðskiptum þeirra í peningasökum sem hér um bil finnst að vera svoleiðis:

Haustið 1806 rekur hval á Brandagilsleir. Drífur hann þaðan undan veðri til Vesturlands, hvaðan hann með erfiðismunum verður róinn aftur austuryfir þangað sem mjög óhægt þókti að vinna hann í fjúkum og frostum sem þá gengu. Þykist þá Daníel á Þóroddsstöðum vanhaldinn í skurðarhlut, þar hann ei var nema einn fjórði partur. Líka að hafa ekkert fyrir erfiðið að róa fyrir hvalnum frá Vesturlandinu. Þetta kærir Daníel og fáeinir fleiri í Hrútafirði með einu promemoria hjá sýslumanns fullmegtugum í Húnavatnssýslu studiosus Tómasi Tómassyni á Stóru-Ásgeirsá, sem vísar sökinni í forlíkunar commission. Þetta merkja eigendur hvalsins, presturinn síra Jónatan Sigurðsson á Stað og Magnús á Brandagili, sem gjöra sig reiðubúna til að innkalla Daníel fyrir forlíkunar commission og gefa honum sök á að hafa verið svo djarfur að uppkveða þetta, sem þeir segja gjört á laun við sig, hvörju Daníel neitar. Endilega fá þeir hann til, heima á Stað í Hrútafirði, að lofa að gefa til fátækra í Staðarhrepp í sekt 2 rd. dali courant fyrir þennan memorial, þótt ekkert meiðandi orð né skaðleg ósannindi í honum finnist. Hér eftir verður sundur-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 62 11/7/17 10:32:40 PM

orða með þeim Daníel og síra Jónatan í hvörri þeirra viðureign að Daníel skyldi hafa lýst prestinn lygara að einhvörju sem þá það sinn ágreinir um í óviðkomandi manna áheyrn, þótt Daníel kannist ekki við að hafa eins orðum hagað og presturinn hefir á hann borið. Nú í tilliti til þessa lofar Daníel enn heima á Stað að gefa til fátækra í Staðarhrepp 2 rd. dali courant. Allt er þetta dokumenteret og undirskrifað af presti síra Jónatan, Magnúsi á Brandagili og Daníel, þótt þessara síðasti beri brigður á að hafa undirskrifað það dokument sem Magnús hér framvísar með þekkjanlegri hendi prestsins síra Jónatans. Nú eftir hér sögðu er Daníel orðinn skyldugur um 4 rd. múlkt til fátækra í Staðarhrepp.

Í millitíð hefir nú Daníel skuldaheimtu í Staðarhrepps fátækrakassa uppá 8 rd. cour. fyrir fóður og hey til bóndans Björns í Hrútatungu veturinn 1802 sem Daníel hefir ekki til sín tekið af fátækra inntektum þótt hann sjálfur væri þá hreppstjóri, en hreppstjórinn Magnús á nú eftir sýslumanns áliti og atkvæði til hans að svara, en þar Daníel hefir enn ekki betalað áðurtéða múlkt 4 rd. útleggur Magnús ekki þar af til hans nema einasta 4 rd. og segir að hina 4 rd. skuli hann taka undir sjálfum sér í múlktinni sem fullgjöri skuldina 8 rd. Þetta líkar ekki Daníel og vill ekki hér mæti reikningur reikningi, segir sig eiga vel svo mikið hjá Magnúsi sem svari þeirri áðurnefndu sér dicteruðu múlkt og vill að Magnús betali til hreppsins þar af sinna vegna þessa 4 rd. múlkt, en fái sér í hönd af honum afhenta og útbetalaða þá 8 rd. sem hann eigi hjá hreppnum. Hér að auki segist Daníel eiga hjá hreppnum 1 rd. 40 sk. frá eldri tíðum áfallinn, eður hér um fyrir tíu árum síðan, sem þá ágreinir um þar Magnús segist hafa betalað til Daníels 5 rd. uppá áðurnefnda 8 rd. en þessi segir 1 rd. þar af hafi átt að vera uppá þá eldri skuld 1 rd. 40 sk. sem hann hafi átt hjá hreppnum. Endilega gjörir Daníel hér reikning fyrir aðskiljanlegt sem hann reiknar til skuldar hjá Magnúsi uppá 6 rd. 48 sk., hvar af Magnús kannast við einasta – kannski – 64 ⟨sk.⟩. Hitt vill hann ekki heyra á minnst, því síður minnsta þar af betala.

Nú er hvorugur víkjanlegur hið minnsta frá sínum þanka og meiningu og hvörn veg sem commissionen viðleitast að koma miðlunarmálum í þeirra sakir og hvört forslag sem gjört er til forlíkunar forkasta þeir því öllu, því innbyrðis gremja þeirra sýnist stigin hátt! Sök þessari öldungis óforlíkaðri vísast burt frá commissionenne til síns dómstóls. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson

Anno 1809 þann 20. júlí á Þorláksmessu. Eftir begæring bændanna Magnúsar Þorsteinssonar á Barkarstöðum og Árna Jónssonar á Fremri-Fitjum dagsettri

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 63 11/7/17 10:32:40 PM

15. sama mánaðar var af forlíkunarmönnum í Miðfjarðar sáttaumdæmi gjörð áreið á þrætuplássið á Miðfjarðarhálsi milli jarðanna Fremri-Fitja, Barkarstaða og Rófu, þar ábúandanum Árna Jónssyni á Fremri-Fitjum, sem er eigandi að einum helfingi þeirrar jarðar – en Björn Jónsson á Urriðaá að hennar öðrum helfingi – þykir nágrannar sínir, nefnilega ábúandi á og eigandi að Barkarstöðum, Magnús Þorsteinsson, og ábúandi á kóngsjörðinni Rófu Þorsteinn Vilhjálmsson, vilji seilast uppá land sinnar jarðar Fitja, bæði engi og beitarland. Allir þessir, nefnilega Árni á Fitjum og Björn á Urriðaá, Magnús á Barkarstöðum og Þorsteinn á Rófu eru í eigin persónu með commissariis við áreiðina.

Var nú af öllum þessum farið um allt þrætuplássið og á landamerkin og hvorttveggja aðgætt grandgæfilega. Málspartarnir af commissariis aðspurðir hvort nokkra máldaga eður önnur lögmæt skilríki hafi í höndum, hvör fyrir sinni landeign. Framvísa:

1 Árni Jónsson á Fremri-Fitjum:

a) Vitnisburðum þriggja manna á sama pappír, nefnilega Bjarna Guðbrandssonar frá 17. febrúar 1783, Björns Guðmundssonar frá 1. mars 1783 og Sveins Jónssonar frá 26. mars 1783 með allra þeirra hjáþrykktu signetum, af hvörjum tveir þeir fyrstu hafa framboðið að staðfesta þeirra vitnisburði með eiði.

b) Lögfestu undir hendi og signeti bóndans sáluga Helga Björnssonar dagsettri á Vatni í Haukadal þann 3. júní 1783 upplesinni í manntalsþingsrétti á Torfastöðum 1783.

c) Lögfestu undir sínu eigin nafni og bóndans Björns Jónssonar á Urriðaá dagsettri Melstað þann 6. júní 1804 með beggja hjáþrykktum signetum, upplesinni og protokolleraðri í manntalsþingsrétti á Melstað á sama degi og ári.

d) Protesti undir sínu eigin nafni móti lögfestu fyrir Rófulandi dagsettu Staðarbakka þann 31. júlí 1808 upplesnu við Staðarbakkakirkju.

Af nefndum vitnisburðum tilgreinir vitnisburður Bjarna Guðbrandssonar landamerki fyrir Fitjalandi allt í kringum það rétt greinilega, hvörjum hinir segja sig aldeilis samkvæma. Hvað svo viðvíkur landamerkjum milli hérnefndra jarða Fremri-Fitja, Rófu og Barkarstaða segir hann: „Fram með Fitjaá heitir Stóra-Hvarf, þaðan réttsýnis til vesturs í Spenahæðir, þaðan sjónhending yfir *Vermannaás* og vestur í Álatjarnir í móts við Barkarstaðaland. Úr Álatjörnum ræður Grenshamralækur norður í Hólmavatn móts við Rófu land“. Og síðan greinir hann landamerki Fitja móts við Bjarg, Urriðaá og

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 64 11/7/17 10:32:40 PM

Torfustaði. Vitna Bjarni og Sveinn að þeir hafi heyrt og vitað þessi merki haldin um og yfir 50 ár.

Hér á móti framvísar bóndinn Þorsteinn á Rófu copiu af einu lögfestuskjali undir hendi lögmanns Sigurðar Björnssonar dagsettu Saurbæ þann 4. maí 1688 hvar áteiknuð er ítrekun hinnar sömu undir nafni lögmanns Páls Vídalíns dagsett Víðidalstungu þann 29. mars 1727. Hvorttveggja upplesið við Staðarbakkakirkju 20. apríl 1727 og fyrir manntalsþingsrétti á Melstað þann 20. júní 1804. Hér á hefir síðast teiknað forpagtari Húnavatnsjarða handlæknir Jón Einarsson þann 13. júní 1808. Allt þetta síðast upplesið við Staðarbakkakirkju þann 31. júlí 1808.

Þessi lögfesta lögmanns Sigurðar færir ekki með sér að vera byggð á nokkrum öðrum grundvelli en sjálfs hans eigin *myndugleika*, sem þar útþrykkilega er nefndur. Og hennar áteiknaða ítrekun lögmanns Páls er mestpart aðvaranir til Rófu nábúa að varist sjálfir skaða sinn og hótanir að tilkynna kónginum ef þeir ekki hlýði. Og áteiknan forpagtarans er líka á þessari lögfestu grunduð, að því viðbættu að hann segir jörðinni Rófu tilheyri ein eyðijörð, Kothóll, eftir jarðabók af 1639 og 1696, og undir hana liggi eitt engi sem kallist Háuvörðuengi með fleiru sem það með sér ber (liggur þetta engi innan þeirra takmarka sem lögfestan nefnir). Landamerkin sem hún greinir eru: „Til austurs úr Langhólum (þeir liggja milli Litlabakka og Barkarstaða) í Hvasshaug, þaðan í Grenshól, úr Grenshól og réttsýnis austur í Spenahæðir til móts við Fremri-Fitja land í læk þann er nefnist Grenshamralækur, og svo sem téður Gremshamralækur ræður til austurs, en til norðurs í Grenshamra til móts við Bjargs land."

Magnús aðspurður hvort nokkru hafi að framvísa um landamerki sinnar jarðar Barkarstaða svarar að hann hafi ekkert orð þar um skriflegt. Geti og ekki skírskotað til nokkurra vitna en segist vita til að jörðinni Barkarstöðum hafi verið eignað land í Langhóla móts við Litlabakkaland og þaðan í Hvasshaug móts við Rófu, þaðan í Háuvörðu, úr Háuvörðu yfir lækinn og gegnum þvert Háuvörðuengi og út og austur í Einarssel, úr Einarsseli suðaustur í Spenahæðir og er þetta auðsjáanlegur sveigur í Rófuland frá Hvasshaug í Háuvörðu, en einkum krókur frá Háuvörðu í Einarssel og þaðan í Spenahæðir inn í land það sem Fitjum eignast. Og Einarssel tjáist að vera frá Fitjum.

Hvað nú viðvíkur því er lögfesta lögmannsins fyrir Rófu svo að kveður: „Úr Grenshól og réttsýnis austur í Spenahæðir til móts við Fremri-Fitja land í læk þann er nefnist Grenshamralækur, og svo sem téður Grenshamralækur ræður til austurs" finnur þessi commission sér ofvaxið og ómögulegt að koma því saman við afstöðu landsins sem hér er fyrir augum hvað lækinn snertir, þar enginn lækur er hér til á heila þrætuplássinu sem fellur til austurs. Að vísu

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 65 11/7/17 10:32:40 PM

er til lækur, af nokkrum nefndur Þverlækur, sem tekur sig saman úr ýmsum drögum í hálsinum langt fyrir utan Spenahæðir og endilega gjörir mikið í honum, eður til hans svo kölluð Biskupskelda. Þessi lækur fellur til vesturs í almennilega kallaðan Þverflóa og síðan úr honum í Grenshamralæk. Hér að auki sýnir Þorsteinn á Rófu gamlar girðingar skammt fyrir austan engjalækinn sem hann vill meina að hafi getað verið sel frá Rófu og sú jörð þar fyrir átt þar land eður selstöðu, sem hann þó ei treystist til að lögsanna.

Nú er um áðurnefndan Grenshamralæk að athuga, sem mestan ágreining orsakar milli Fitja og Rófu í samanburði við lögfestuskjalið lögmannanna, þar Þorsteinn á Rófu vill að áðurnefndur Þverlækur skuli vera Grenshamralækur sá eð þar svo nefnist, hvörju Árni á Fitjum fast mótmælir og færir til síns máls að sá rétt kallaði Grenshamralækur hljóti og eigi að vera sá lækurinn sem fellur beint framaneftir endilöngum hálsinum og norður fyrir austan Grenshamra og í Hólmavatn og síðan í Grunnavatn, hvar hér heitir Móalækur. Og þareð hann sé landamerki milli Bjargs og Fitja, svo eigi og megi hann eins vera það milli Fitja og Rófu. En þverlækinn sem falli þvert frá annarri átt í þennan sé að álíta sem eina kvísl eður læk sem fellur einhvörsstaðar frá í eitt aðal vatnsfall. Þessi þverlækur nái hér og engri átt við stefnu er annars eigi að gilda við landamerki, nema ánægjanlega löglega forvísist ítak eður krókur í annars land sem lög annars forbjóði.

Hér uppá vill Þorsteinn svara að sá lækurinn sem fellur beint fram inneftir hálsinum heiti ekki Grenshamralækur fyrr en kemur út hjá Grenshömrum og því hljóti það að vera sá nú kallaði Þverlækur er eigi að halda nafninu og heita Grenshamralækur, því hann sé kallaður og heiti fyrst Engislækur þar sem hann renni gegnum endilangt Háuvörðuengi sem liggur beggja megin með honum austan og vestan og síðan sé hann kallaður Álatjarnarlækur frá því hann kemur úr Álatjörn og allt út þangað sem hann kemur framan Háuvörðuengi. Þessu bífellur Árni aldeilis ekki og lætur sig ekkert hræra frá sinni áður sagðri meiningu. Og enn meir segir hann að hann aldeilis ekki afstandi hinu minnsta af því landi sem vitnisburðirnir tileinki Fitjum hvað eignarréttinn áhrærir og falli engan veginn frá að halda þá beinu stefnu fyrir landamerki sem Álatjarnar-, Engis-, og Grenshamralækur auðsjáanlega afmarkar því það sé allt einn og hinn sami lækur, en taki nöfn sín af plássunum er hann renni gegnum. Allt svo undir eins afsegir og aftekur að þola nokkurn krók fyrir austan lækinn til Barkarstaða, því oftnefndan læk skuli hann halda landamerki, og allt þetta undir endilegan dóm. En hvað um miðlun til brúkunar um tíma sé að tala, það sé öðru máli að gegna, og eins vill segja hans meðeigandi að Fitjum, Björn á Urriðaá.

Þá nú kemur til forlíkunar og miðlunarmála í sökinni, og aðgætt er að

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 66 11/7/17 10:32:41 PM

hér finnast tvö merki ómótmælt á allar síður, sem eru Hvasshaugur á brúninni milli Rófu og Barkarstaða og Spenahæðir hvar Fitja- og Barkarstaðaland saman koma. Vill það gjöra nokkra vegleiðslu til að fá stefnur, því þessi commission afsakar sig með öllu frá að gjöra forslag til forlíkunar uppá króka hvað eignartilkall snertir. Álítur því uppástand Árna ei lögum ósamkvæmt og í samanburði við hans rétt greinilega vitnisburði. Alltsvo þar hér framkoma engar bevísingar uppá króka inn í það land sem þeir tileinka Fitjum, því Rófu lögfestuna skilur þessi commission ekki, og af Barkarstaða hálfu kemur öldungis ekkert til styrktar meining Magnúsar uppá svo augljólega króka sem hann hefir viljað sér tileinka, álítur commissionen vissast að svo stöddu að fá beinar stefnur og síðan fylgja þeim.

Milli Rófu og Barkarstaða skulu hér eftir vera landamerki bein stefna frá Langhólum í Hvasshaug eins og verið hefir, en síðan úr Hvasshaug skal ráða stefna til austurs nokkuð fyrir norðan Grenshól og í lækinn þar sem hann kemur úr norðari Álatjörn, og þaðan milli Fitja og Barkarstaða skal vera stefna í norðari Spenahæð þar sem hún er hæst. Milli Rófu og Fremri-Fitja skal ráða Álatjarnar-, Engis-, og Grenshamralækur svo að Rófa á Háuvörðuengi fyrir vestan og Fremri-Fitjar fyrir austan þráttnefndan læk. Hér hjá verða forlíkunarskilmálar þessir fylgjandi:

1. Að Árni Jónsson á Fremri-Fitjum eftirlætur Magnúsi Þorsteinssyni á Barkarstöðum til slægna þann engjablett sem er austanvert við lækinn út frá Álatjarnarlækjarós og út undir Háuvörðuengi. Líka lofar Árni að líða pening Magnúsar þótt hann á millum gangi á plássi því í Fitjalandi sem hingað til hafi verið umþrætt. Þetta til brúkunar árlega um þeirra nágrennistíð fyrir engan betaling.

2. Eftirlætur hann Þorsteini á Rófu þann part af Háuvörðuengi sem liggur fyrir austan áður oftnefndan læk í Fitjalandi árlega um þeirra nágrennistíð. Hvar í mót að Árni tilskilur að Þorsteinn líði hesta sína á vetrum þá þeir komi í Rófuland, hvörju Þorsteinn ljúflega lofar og samsinnir, en erklærar þar hjá að hann inngangi þessa forlíkunarskilmála og slútti hér forlíkun alleinasta sem ábúandi, en vilji húsbóndi sinn uppá tala hvað eignarréttinn snerti hljóti það standa honum frítt fyrir því eignarrétturinn heyri sér enn ekki til. Annars er þessi sök hér með fullkomlega forlíkuð og til lykta leidd eins og ákveðið er í forordningunni frá 10. júlí 1795 og 20. janúar 1797. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Árni Jónsson	Þorsteinn Vilhjálmsson
Björn Jónsson	Magnús Þorsteinsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 67 11/7/17 10:32:41 PM

Anno 1810 þann 8. febrúar kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka hreppstjórinn Helgi Halldórsson á Ánastöðum sem fullmektugur vinnumannsins Hákonar Jónssonar á Refsteinsstöðum og framvísaði fullmakt frá nefndum Hákoni af 13. janúar þessa árs til að höfða sök móti ekkjunni Sesselju Jónsdóttur á Útibleiksstöðum og sækja hana fyrir brigðmælgi á vistarráðum og hjá henni innistandandi gjald fyrir 1 al. engelskt róltóbak og krókakerfi, sem kostað hafi 20 sk. Vegna ekkjunnar mætir studiosus Tómas Tómasson á Stóru-Ásgeirsá til að svara máli hennar mót nefndum Hákonar fullmektugum. Skriflegri fullmakt framvísar hann ekki en að athuguðum og af commissionenne þekktum líkindum og kringumstæðum er hann antekinn en sjálf ekkjan sem öldruð og vanburða er víst álitin afsakanleg frá að mæta, einkum um þetta tímaskeið. Þá nú málspartanna fullmektugir hafa í commissionenne viðtalast og framfært sakarinnar ásigkomulag finnst það svoleiðis eftir sem þeim samankemur:

Á næstliðnu hausti hefir ekkjan Sesselja vistráðið Hákon til sín næstkomandi krossmessuár en eftir að henni er útbyggt snemma á þessum vetri hefir ekkjan (þó ekki svo fljótt sem skyldi) sagt Hákoni upp um vistarráðin. Ekkjunnar fullmektugur kannast við að hún hafi þegið af Hákoni 1 alin tóbak, sem ei muni á parti betöluð, en um krókakerfið segist hann ekkert til vita.

Hvað nú viðvíkur þeirri sök um vistarráðin þá er henni frá commissionenne vísað þetta sinn, þar hún meinar og álítur hana sem eina pólitísök er ekki eigi að koma fyrir forlíkunar commission heldur sortere réttlínis undir sinn dómstól. En í gjaldsökinni slútta málspartanna fullmektugir svoleiðis forlíkun:

Þann hálfa rixdal í courantspeningum sem Hákonar fullmektugur uppástendur af ekkjunni hans vegna fyrir tóbakið lofar hennar fullmektugur að tilsjá og fyrirstanda að verði betalaður til Hákonar fyrir næstkomandi páskahátíð. En um krókakerfið verða þeir einugir um að forlíkast sín í millum og endilega lofa að um það skuli ekkert framar koma til eftirmælis. Er svo þessi gjaldsök þannig fullkomlega forlíkuð og öldungis til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Helgi Halldórsson	T. Tómasson mpp

Anno 1810 þann 6. júní eftir begæring studiosus Jóns Jónssonar á Bæ við Hrútafjörð dagsettri 29. janúar 1810 var af forlíkunarmönnum í Miðfjarðar districti gjörð skoðunar forrétting og haldin forlíkunar commission á þrætuplássinu milli Geithóls og Brandagils, hvar báðir partar sakarinnar, nefnilega studiosus Jón Jónsson sem sækjandi og eigandi að Geithól og hreppstjórinn

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 68 11/7/17 10:32:41 PM

Magnús Þórðarson eigandi og ábúandi að Brandagili sem verjandi, eru til staðar í eigin persónu, hvörra síðari mætti eftir fyrirkalli.

Við yfirferð og nákvæma skoðun þess umþrætta litla landsparts millum Geithóls bæjarlækjar og keldufallsins þar skammt fyrir sunnan eru málspartarnir af commissariis aðspurðir hvort nokkur skjöl eður máldaga hafi í höndum hvor fyrir sinni jörðu eður til styrkingar þeirra ástæðum í sökinni. Framvísa:

1 Studiosus Jón Jónsson:

a) Lögfestu bóndans Illuga Hallssonar fyrir Geithóls landeign, dagsettri Gröf í Bitru 20. febrúar 1774, upplesinni við Staðarkirkju þann 23. mars 1774, sem eignar sér í keldufallið, sem er spölkorn fyrir framan hólinn sem stendur fyrir framan Geithóls bæjarlæk og svo sjónhending þaðan í Einbúa fyrir norðan Brandagilsselsás og þaðan sjónhending austur þangað sem vötnum hallar. Hann segist lögfesta eftir brúkun og vitnisburðum þeirra manna sem verið og búið hafi í Geithól um næst fyrirfarandi frek 20 ár.

b) Vitnisburðum tveggja manna, Þorvarðar Magnússonar og Jóns Þorvarðssonar, báðum dagsettum að Þambárvöllum 20. ágúst 1784, þó á aðgreindum pappírum.

c) Vitnisburði Magnúsar Jónssonar dagsettum að Þambárvöllum 17. september 1782.

d) Lögfestu bóndans Jóns Illugasonar dagsettri Þambárvöllum 30. apríl 1786, upplesinni við Staðarkirkju þann 5. júní 1786, sem tiltekur öll sömu landamerki og lögfesta Illuga Hallssonar. Tilgreinir líka með sömu orðum á hvörju hann byggi hana, þá þessi sýnist orðrétt skrifuð eftir hinni alleina mutatis mutandis.

e) Vitnisburði Magnúsar Bergssonar dagsettum Einfætingsgili 17. apríl 1790.

f) Vitnisburði Guðrúnar Ólafsdóttur dagsettum Víðivöllum í Staðardal 20. mars 1793, sem sýnist vera greinilegastur því hann nefnir greinlega landamerkin bæði að utan og sunnan fyrir Geithólslandi, og endilega segir hann: „Að framanverðu millum Geithóls og Brandagils var almennilega talað að landamerki væru í keldufall við sjóinn og svo í vörðubrot utanvert við Háholt, síðan í Steinvörðuna á brúninni, því næst í Sandhól á hálsinum, síðan í svonefndan Einbúa, úr honum í stein á Grensbrekkum, þaðan og í stein fyrir neðan Geithólsvatn, síðan í svokallaðan Grenshól austur á hálsinum."

Engir þessir vitnisburðir eru eiðfestir, ekki heldur útgefnir undir framboð af eiði, og ekki með hjáþrykktum signetum. Einasta segist Magnús Bergsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 69 11/7/17 10:32:41 PM

bjóða sterkari bevísing verði ekki þessu sínu riti gegnt. Landamerki nefnir hann þó ekki en vitnar að Geithóls ábúendur hafi notað sér og gert þennan part fyrir framan bæjarlækinn, bæði til lands og sjóar. Hinir vitnisburðirnir eru annars allir samstemmandi í því að nefna keldufallið fyrir framan hólinn, sem er fyrir framan (sunnan) bæjarlækinn í Geithól og svo Einbúa á hálsinum og þaðan austur á hálsinn eftir sem vötnum hallar. Og þetta frá Einbúa til austurs nefnir vitnisburður Magnúsar Jónssonar sjónhending. Jón Þorvarðsson vitnar að hafi heyrt landamerki haldin af þeim eina í Háholt og öðrum í keldufallið. Þorvarður nefnir landamerki að neðanverðu keldufallið sem fellur til sjóar, sem er eitt og hið sama keldufall og hinir nefna. Fleiru segist studiosus Jón ekki hafa að framvísa.

2. Framvísar hreppstjórinn Magnús hér á mót:

a) Vitnisburði Bjargar Aradóttur dagsettum Brandagili 10. júní 1765 hvar inni hún segist fædd á Fallandastöðum en að mestu leyti uppalin á Brandagili og búið þar 50 ár. Hún nefnir landamerki Brandagils svo sem Hrútafjarðará hafi runnið fyrir vestan Brandagilshólma, svo norður Leirana gegnt Geithólslæk, og svo sem hann ræður allt til brúnar og svo sjónhending austur móts við aðra menn.

b) Lögfestu bændanna, eiganda Brandagils á þeirri tíð, Magnúsar Ólafssonar og Þorsteins Jónssonar, dagsettri Brandagili 16. júní 1774, upplesinni við Staðarkirkju 14. júní (á hvörju ári er ekki greint), með hvörri þeir lögfestu „að utanverðu svo sem Geithólslækur ræður frá sjó til brúnar, þaðan sjónhending í Sandhólsnibbu, sem er fyrir utan fyrrtéðan læk, þaðan sjónhending í hól svokallaðan Einbúa, þaðan sjónhending beint austur við aðra menn og svo til suðurs eftir sem vötnum hallar allt þar til Staðar og Húks land byrjast, þaðan sjónhending beina vestur í svokallaðan Hrútshól“.

c) Vitnisburði Bjarna Magnússonar á Fjarðarhorni og Jóns Bergssonar á Reykjum dagsettum Litla-Vatnshorni í Haukadal þann 10. apríl 1790 hvar með þeir vitna sig heyrt hafa Guðrúnu Sigurðardóttur þáverandi á Litla-Vatnshorni í Haukadal á sjötugsaldri, sem hafi verið fædd á Oddsstöðum í Hrútafirði, þar uppalin fram yfir tvítugt og síðan búið þar í sveit tólf ár, vitna svoleiðis um landamerki milli Geithóls og Brandagils að hún hafi aldrei annað um þau heyrt en að þau væru í Geithólslæk.

d) Lögfestu undir sínu eigin nafni dagsettri Brandagili þann 15. júní 1805 upplesinni og protokolleraðri á manntalsþingi á Melstað 17. júní sama ár, hvar með hann lögfestir „að utanverðu svosem Geithólslækur ræður frá sjó til *brúnar*, þaðan sjónhending í Sandhólsnibbu, sem er fyrir utan fyrr-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 70 11/7/17 10:32:41 PM

téðan læk, þaðan sjónhending í Einbúa, þaðan sjónhending í steina tvo á Grensbrekkum, þaðan beina sjónhending í svokallaðan Stóra-Grenshól austanvert við Oddsstaðahæðir. Þaðan sjónhending beina í vörðu þá er stendur á Lestamannahól austari, þaðan aftur sjónhending til útsuðurs í svonefndan Hrútshól, þaðan sjónhending í Grjótárós efri, og svo sem Grjótá ræður eftir elstu farvegum Hrútafjarðarár“.

e) Vitnisburði Björns Árnasonar dagsettum Valdasteinsstöðum þann 2. júní 1810, sem vitnar sig heyrt „hafa Bjarna Jónsson gamla á Melum segja að þá Geithólshvalinn stóra hafi rekið hafi nokkuð verið uppdregið framan lækinn, en þá Brandagils ábúandi hafi viljað nokkuð hafa fyrir landið og átroðninginn hafi Illugi Geithólseigandi látið draga hvalinn út fyrir lækinn“.

f) Vitnisburði Ingibjargar Þórðardóttur til heimilis að Borðeyri. Þessi vitnisburður er ekki sorteraður, en Jón Erlendsson og Björn Árnason teikna á hann að þeir séu viðstaddir þá hann sé útgefinn á Valdasteinsstöðum þann 2. júní 1810. Hvar með Ingibjörg vitnar „að hafa heyrt ömmu sína Björgu Aradóttur segja það hún hafi aldrei annað heyrt en Brandagil ætti land út að Geithólslæk og þegar Sigurður Þorsteinsson hafi átt Brandagil og Geithól hafi hann fyrir eina tíð beðið Brandagilsbændur að ljá til slægna Geithólsbóndanum mýrapartinn frá Geithólslæk fram að keldunni.“ Hún vitnar og um hvalinn sama og sömu meiningar og Björn Árnason á Valdasteinsstöðum.

Engir þessir vitnisburðir Magnúsar eru heldur eiðfestir né með áþrykktum signetum og ekki heldur útgefnir undir framboð af eiði nema Ingibjargar Þórðardóttur. Fleiri landamerkjaskjöl segjast ekki partarnir hafa til að framvísa. Er nú auðséð að ágreiningurinn rís þar af að Brandagilsmenn vilja eiga útí Geithóls bæjarlækinn en Geithólsmenn aftur í keldufallið fyrir framan sama læk.

Hér næst eru partarnir af commissionenne aðspurðir hvort þar séu engin af þeim í þeirra framlögðu documentum tilteknu og ávísuðu landamerkjum sem þeim komi saman um, þar hvorttveggja skjölin nefna nokkur ein og hin sömu, einkum þegar veit til hálsins, og endilega nefna þau öll Einbúa. Hér uppá svara þeir báðir sameiginlega að um Einbúa komi þeim saman og hann sé ómótmælt merki á báðar síður. Líka öll önnur merki austur frá honum á hálsinum. Þeir gefa og að skilja að í þessari sök sé þeim báðum hvörjum fyrir sig meir um að gjöra til sjóarins í tilliti til hvalrekavonar heldur en landsins.

Í fylgi hér af er af commissiariis og pörtunum farið á merkin á hálsinum, fyrst Einbúa og síðan að steinunum á Grensbrekkum. Lengra segja partarnir að ei gjörist þörf að fara austur á hálsinn því um öll landamerki þar komi þeim saman eins og um Einbúa og þennan stein eður steina á Grensbrekkum

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 71 11/7/17 10:32:41 PM

sem nú er verið hjá. Það er sjáanlegt að þetta hefir í fyrstunni verið einn steinn sem einhvörntíma hefir klofnað og hans tveir partar þar með lagst hvor frá öðrum en eru þó hvor við annan og er þetta náttúrunnar og ekki manna verk. Steinarnir sýnast og til þess heldur stórir. Er nú af commissionenne fyrirslegið að eftirsjá um stefnu frá nefndum steini (sterkum) og til Einbúa og svo frá honum vestur á brúnina, og sjá hvar sú stefna, sem þráðbeinast tekin, vill lenda við sjóinn. Þessu taka báðir partarnir mikið fúslega og sérílagi ánefnir hreppstjórinn Magnús að þessi stefna sem þráðréttast tekin, svo eitt merki beri í annað, rétt eins og með byssu skyldi eftir þeim sigtað, og sjálfur er hann skytta. Er því lítil varða upp sett á téðum steinum og annað merki á þúfu þar neðar á Grensbrekkum og meðfram litið eftir Einbúa og svo farið uppá hann þar sem hæstur er og merki þessi miðuð og sigtuð svo að þegar sigtað er af Einbúa í vörðuna, sem strax var gjörð á steinunum á Grensbrekkum, standast öll þessi merki svo beint á sem sigti á byssu og sjálfur Magnús sigtar þetta ásamt og segir rétt vera.

Er nú farið lengra frá Einbúa vestur eftir þangað sem Einbúi enn nú sést og hin merkin, og nú er miðuð og sigtuð sú áður byrjaða lína frá Grensbrekkum og þessu er áfram haldið lengra vestur eftir. Verður þá strax auðsjáanlegt að sé þessari þráðbeinu og rétt sigtuðu stefnu áfram haldið til sjóar vill hún lenda við sjóinn langt fyrir framan keldufallið, sem er fyrir sunnan Geithóls bæjarlæk. Er nú commissionens álit að athugaðri þessari stefnu, sem báðir partarnir eru í verki með að taka og segja *rétta*, og þeim documentum sem hér eru framvísuð, hvörra gildugleiki þessi commission leiðir sig hjá að útfæra skyldi þessi sök koma undir dómvalds ástæds forrétting, mundu ei landamerki utar ályktast en í keldufallið.

Þá framleggur hreppstjórinn Magnús fullmagt undir höndum og signetum þeirra bræðra bændanna systurmanns síns Guðbrands Illugasonar á Kollafossi og Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli dagsettri Melstað þann 4. júní 1810 hvar með þeir gefa Magnúsi Þórðarsyni á Brandagili fullmakt til að selja þau 4 hndr. í jörðinni Hnausakoti þeim hann vilji, eftir sem þeir séu eigendur að þeim sömu. Hér næst framleggur hann eitt promemoria til síns contraparts tengdabróður síns Jóns Jónssonar dagsett Brandagili 6. júní 1810 hvar með hann beiðir hann nú selja sér jörðina Geithól og býður honum til betalings fyrir þá sömu hálft Hnausakot 4 hndr. að dýrleika fyrir hálfan Geithól og fyrir hinn helfinginn 40 til 44 rd. courant og þar hjá tilreyna með tíð ef Jón vilji að útvega honum fasteign er rúmlega svari þessum 4 hndr. með eins góðum kjörum. En Jón svarar hér uppá þverneitun að selja óðalsjörð sína Geithól.

Fleira segjast nú partarnir ekki hafa að framfæra. Þegar nú kemur rétt eiginlega til miðlunarmála og forlíkunar viðleitnis í sökinni verður com-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 72 11/7/17 10:32:41 PM

missionens álit og forslag að landamerki millum Geithóls og Brandagils verði í keldufallið við sjóinn og síðan uppá brúnina og á hálsinum rétt eftir vitnisburði Guðrúnar Ólafsdóttur sem hér er áður orðrétt innfærður að því leyti sem viðkemur þessari sök, hvar með studiosus Jón er ánægður en hreppstjórinn Magnús ekki hvörs vegna commissionen gefur enn nú það forslag að þeir semji með sér hreinan contract um þessa umtvistaða parts sameiginlega brúkun og not bæði til lands og sjóar, annaðhvort til jafnaðar eður öðruvísi, eftir sem þeim kunni geta hér best tiltalast og samankomið. Eður og enn nú að öðrum kosti geti ekki þetta skeð þá að skipta honum með sér nú strax til helfinga svo hreint og rétt sem orðið getur og hafi síðan öll not og gagn hvor af sínum parti bæði til lands og sjóar framvegis.

Þetta síðasta fellur hreppstjóranum Magnúsi best í geð og erklærar að vilji nú tengdabróðir sinn Jón Jónsson forlíkast uppá hrein helfingaskipti á þessum umtvistaða parti milli Geithóls bæjarlækjar og kelldufallsins uppá brúnina vilji hann meta og álíta það ekki einasta sem tillátssemi af honum heldur sem gjöf til sín og konu sinnar, og að hann þá þar með láti hana njóta skyldugleikans þar hún er hans móðursystir. Líka verði þá þar með allt umtal og process fyrirbyggður sem annars kynni hér af enn nú orsakast. Tekur nú studiosus Jón þessu þægilega svo að forlíkun ákomist. Á nú þessi þrætupartur að mælast, sem partarnir vilja að gjört sé með vað**,** og síðan nú landamerki af upphlöðnum vörðum setjast allt frá sjó og upp til Einbúa. En þar nú er dagur þegar liðinn og veður mjög óblítt eru commissionens fyrirmæli að sjálfir málspartarnir fullgjöri nú með sér þessi skipti (þá commissionen hefir nú hér með þeim fyrst eftir séð hvar þau nýju merki mundu hér um bil vilja verða næst sjónum sem pörtunum er jafnan mest um að gjöra) og þeir síðan hlaði sjálfir þrjár vörður sem skuli vera æfinleg landamerki milli Geithóls og Brandagils, eina næst sjónum, þá aðra ofar og þriðju á brúninni, svo að allar þessar vörður beri rétt hvor í aðra, og síðan inngefi um allt þetta til commissionen greinilega undirrétting svo allt sé afgjört innan fjórtán daga. Þessu taka partarnir rétt blíðlega og lofa að fullkomna allt þetta innan ákveðins tíma og er nú slitinn fundurinn þetta sinn.

Innan þessa tiltekna tíma innsenda oftnefndir málspartar hreppstjórinn Magnús Þórðarson á Brandagili og studiosus Jón Jónsson á Bæ til commissionen eitt promemoria af báðum undirskrifað og dagsett 8. júní 1810 sem er orðrétt svo hljóðandi:

„Hér með tilkynnist forlíkunar commissionenne í Miðfjarðar sáttaumdæmi að við undirskrifaðir höfum komið okkur saman um eftirskrifuð landamerki milli Geithóls og Brandagils. Að neðanverðu ræður varða sú er stendur við sjóinn, skammt fyrir framan syðsta farveg Geithóls bæjarlækjar. Úr henni í

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 73 11/7/17 10:32:41 PM

aðra þar skammt fyrir ofan og síðan í þá þriðju á brúninni, hér um mitt á milli bæjarlækjarins og þeirrar gömlu steinvörðu. Þaðan sjónhending í Einbúa, úr honum í þúfu neðar og klofinn stein ofar á Grensbrekkum. Síðan í stóran stein norðanvert við Geithólsvatn. Þaðan í Stóra-Grenshól austur á hálsinum. Að öðru leyti stendur við sama og við töluðum og forlíktumst uppá í forlíkunar commissariernes nærveru og biðjum við því að okkur meðdeilist tvær fidimeraðar afskriftir af forlíkunarprotokollen. Ofanskrifuðu til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn þann 8. júní 1810.

Jón Jónsson til heimilis verandi að Bæ við Hrútafjörð.
Magnús Þórðarson búandi á Brandagili.“

Þannig er þessi sök fullkomlega forlíkuð og til lykta leidd. Á Staðarbakka þann 14. júní 1810.

Egill Jónsson Jón Jónsson

Anno 1810 þann 27. ágúst var eftir begæring hreppstjórans Jóns Arngrímssonar dagsettri á hans heimili Bergsstöðum þann 20. fyrri mánaðar og árs af forlíkunarmönnum í Miðfjarðar sáttaumdæmi gjörð áreið á þann umþrætta engispart milli Bergsstaða og Neðri-Torfustaða sem liggur í flóanum milli Einstakahóls og dalsmynnisins, hvar málspartar þessarar sakar mæta báðir í eigin persónu án undangengins fyrirkalls, nefnilega hreppstjórinn Jón Arngrímsson sem sækjandi og bóndinn Guðbrandur Jónsson á Neðri-Torfustöðum sem verjandi, er flutti þangað næstliðið vor. Þessir málspartar af commissionenne aðspurðir hvort nokkur máldagabréf eður önnur upplýsandi document hafi í höndum um þau hér umtvistuðu landamerki þessara jarða. Svara báðir að þeir ekkert orð hafi í höndum til upplýsingar í þessari sök nema alleina hreppstjórinn Jón Arngrímsson segist hafa vitnisburð einnar konu, Þóru Þorkelsdóttur, hvörjum hann framvísar. Þessi vitnisburður er útgefinn og dagsettur Litlu-Þverá þann 10. september 1803, hvar með hún vitnar svoleiðis:

Hún segist nú vera komin yfir sjötugt og hafa verið á Bergsstöðum fjögurra ára tíma þá hún hafi verið um tvítugs aldur hjá Bjarna Hallssyni. Ánefnir hún öll landamerki kringum allt Bergsstaðaland sem þá hafi verið haldin og kveður þar um svo að orði: „Úr Einstakahól í Grýluskurð, úr Grýluskurði í Skreppulág í stein er stendur sunnan á Bungunni. Úr steininum sjónhending í Blátjörn, úr Blátjörn í Grímsavörðu, úr Grímsavörðu í drögin á læk þeim sem fellur ofan milli Torfustaða og Bergsstaða og kallaður er Landamerkjalækur.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 74 11/7/17 10:32:41 PM

Ræður sá lækur ofan í dalinn þar til hann breiðist út um flóann, en þar sem hans vissi farvegur þrýtur var haldin sjónhending í vörðubrotið á Einstakahól og eftir þeim merkjum sem hér eru umgetin yrkti og brúkaði húsbóndi minn sálugi Bjarni þann tíma ég var á Bergsstöðum.“

Fleiri skjöl segist Jón ekki hafa að framvísa og Guðbrandur engan bókstaf. Hér næst eru þeir aðspurðir hvort þeir viti nokkra núlifandi menn sem kynnu vitna um landamerki í þessari sök? Svara báðir að þeir viti enga nema einasta bóndann Jón Sigurðsson á Efri-Torfustöðum. Er hann því að commissionens forlagi kvaddur og fenginn til að koma hér á þrætuplássið og aðspurður hvörja upplýsing hann geti hér gefið um landamerki. Hvar til hann svarar að hann segist nú vera á 74. aldursári og verið allan sinn aldur á báðum þessum jörðum Efri- og Neðri-Torfustöðum og aldrei vitað nokkurn sem búið hafi á Neðri-Torfustöðum, að fráskildum Bjarna Jónssyni einum sem þaðan flutti næstliðið vor, halda önnur landamerki en eftir sem Landamerkjalækurinn ræður úr dalsmynninu úteftir flóanum svo lengi hann sést eður farvegur hans og síðan sjónhending í vörðubrotið á Einstakahól. Og enn meir segir hann vera pytt útí flóanum milli Einstakahóls og dalsmynnisins. Gengur hann að þessum pytti og sýnir hann öllum hér nálægum og segir að þessum pytti hafi Bergsstaðamenn slegið ofan en Neðri-Torfustaðamenn að neðan. Verður og svo út frá honum eftir sjónhending útí vörðubrotið á Einstakahól en suður frá honum eftir lækjardraginu eður keldufallinu í dalsmynnið. Og um öll önnur landamerki kringum allt Bergsstaðaland vitnar hann rétt eins og Þóra hefir vitnað, þá hvorttveggja eru hér samanborin, og finnast þessara vitnisburðir ekki hið minnsta mismuna nema einasta það sem Jón segir um pyttinn. Þessi sömu landamerki segist hann fyrri hafa sagt Jóni á Bergsstöðum og segir þessi það öldungis satt vera. Jón Sigurðsson af commissionenne aðspurður hvort þennan sinn vitnisburð mundi vilja með eiði staðfesta játar því einarðlega. Ítrekar og enn meir að hann aldrei nokkurntíma hafi nokkrum manni sagt öðruvísi til landamerkja á þessu plássi heldur en nú, þar hann hafi þau aldrei önnur vitað. Jón Arngrímsson segir að ágengni Bjarna hafi knúð sig til að begæra þessa áreið, þar hann hafi viljað færa landamerkin uppá Bergsstaði og eigna sér í Taglið austur af Einstakahól og eftir því slegið uppá Bergsstaðaland. Hann hafi líka stungið til farvegar útfrá dalsmynninu til að færa lækjarfarveginn uppá Bergsstaðaengi og segist þar hafa fundið verkfæri hans. Að þetta hafi gjört verið má hér ljós merki sjá. Fleira segjast ekki partarnir hafa að framfæra undir commissionens álit, hvörs þeir nú æskja og fellur það svo lútandi:

Að því athuguðu sem hér er framkomið til upplýsingar í þessari sök samanbornu við afstöðu plássins getur þessi commission ekki annað fund-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 75 11/7/17 10:32:41 PM

ið rýmilegra og réttara en að landamerki verði hér eftir vitnisburðum Þóru Þorkelsdóttur og Jóns Sigurðssonar á Efri-Torfustöðum, svo að bein stefna sé frá vörðubrotinu á Einstakahól og suður að *pytti* þeim sem Jón hefir sýnt hér í flóanum og frá greindum pytti suður eftir flóanum í keldufallið, suður í dalsmynnið þangað sem lækurinn kemur fram úr því, sem einnig verður sjónhending suður frá pyttinum. Einnig til greinilegri eftirréttingar framvegis séu þrjár torfvörður uppsettar, þar grjót er örðugt að færa hér til. Sú eina þeirra hjá pyttinum, önnur fyrir framan dalsmynnið þar sem lækurinn kemur fram úr því, og hin þriðja á millum þessara og þetta eftir svo réttri línu að vörður þessar beri rétt hvor í aðra.

Með þetta sverja báðir partarnir sig ánægða svo að Jón Arngrímsson erklærar að hann hafi ekki meir forlangað og Guðbrandur segist ekkert geta hér á móti hreyft fyrir sitt leyti. Einnig gefur hann til kynna að hann beri virðingu fyrir framsögn Jóns Sigurðssonar. Eru nú vörðurnar strax uppsettar rétt eins og commissionen hefir fyrirslegið. En Guðbrandur, sem að vísu segir sig hér með ánægðan fyrir sitt leyti, erklærar að hann vogi ekki að slútta fullkomna forlíkun því húsbóndi sinn, bóndinn Sigfús Bergmann á Víðidalstungu, tilhaldi sér að láta ekkert ganga frá jörð sinni Neðri-Torfustöðum af því henni með réttu tilheyrir, en hann muni þessu ókunnugur. Hvar fyrir, þótt greindur Neðri-Torfustaða eigandi sé áður aðvaraður að vera hér nálægur en innfinnur sig ekki, er sökin útsett í 20 daga og Guðbrandi af commissionenne fyrirlagt að útverka síns húsbónda eftirréttanlegt aðkvæði hér uppá innan þess ákveðna tíma og innfinna sig með það hjá commissario presti Eigli, og hér með er fundurinn slitinn þetta sinn.

Innan ákveðins tíma innfinnur sig áðurnefndur Neðri-Torfustaða eigandi Sigfús Bergmann eftir fyrirmæltu og ávísar sitt ljúflegt samþykki uppá áðurgetið commissionens forslag, segir sig hafa gjört sér kunna afstöðu landsins og meti sem ómerkilegt og óeftirréttanlegt það Bjarni hafi farið uppá. Samt tilskilur hann að skyldi svo ske að sér hér eftir berist nokkur lögmæt skilríki fyrir þessum umtvistaða parti sem Bjarni hefir viljað seilast eftir, en aldrei minnstu skilríki fyrir honum framvísað til Neðri-Torfustaða, þá vilji hann hafa sér forbeholded að upptaka þessa sök og framfylgja henni að lögum en í millitíð skuli standa sem sagt er. Þannig er þessi sök forlíkuð og til lykta leidd.

Á Staðarbakka þann 10. september 1810

Egill Jónsson	Jón Jónsson
Jón Arngrímsson	Sigfús Bergmann
	Guðbrandur Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 76 11/7/17 10:32:41 PM

Anno 1811 þann 23. janúar kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bóndinn Eggert Jónsson á Helguhvammi sem höfðar sök móti húsmanninum Samson Samsonssyni á Vatnshorni, hvör hér einnig er mættur eftir fyrirkalli. Sökin rís af ýmsum viðskiptum þeirra á millum í peningasökum. Framfæra hér báðir þeirra ástæður og viðskipti, að hvörjum athuguðum og samanbornum eftir sem báðum samankemur um verðlag á þeim hlutum sem hvor þeirra hefur öðrum yfirlátið finnst að Eggert verður Samsoni skyldugur um 2 rd. 64 sk. En hér hjá hefir Eggert lánað Samsoni í nauðsyn hans síðla vetrar 1810 4 heilar danskar speciur sem Samson hefir enn ekki betalað. Með commissionens tilstilli slútta þessir málspartar forlíkun sín í millum í þessari sök svoleiðis:

Að Eggert lofar að betala til bóndans Bergþórs Þórarinssonar á Vatnshól þá 2 rd. sem Samson á að gjalda til Bergþórs og að þeir skuli verða til hans betalaðir innan 20 daga frá þessa dags dato. Líka lofar Eggert að sjá um að Samson verði þar með öldungis klár og kvittur við Bergþór um allt hvað þeim hefir hingað til milli farið. Þeir 64 sk. sem þá eru eftir og Eggert finnst Samsoni skyldugur betalar hann til hans hér strax í stað með cour. sk.

Þær 4 heilu dönsku speciur sem Samson lánaði af Eggert og eru enn nú engu betalaðar áskilur Eggert að Samson skuli hafa sér í eigin hönd betalað í sömu mynt innan næstkomandi júlímánaðar útgangs, hvörju Samson lofar hér skýlaust, en Eggert áskilur þá og af þeim enga rentu. Þannig er þessi sök öldungis óafturkallanlega forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Eggert Jónsson	Samson Samsonsson

Anno 1811 þann 24. janúar kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bóndinn Þorleifur Halldórsson á Hrísum og eftir hans begæring innkallaður mótpartur hans bóndinn Jón Jónsson á Gauksmýri þar hinn höfðar sök á móti þessum, sem eftir inngefinni klögun Þorleifs samanborinni við þeirra samræður hér í commissionenne finnst hér um bil þannig viðvaxin sem næst verður komist:

Jón hefir fyrrum átt barn í lausaleik með Helgu systur Þorleifs sem er enn lifandi að nafni Engilbert, nú á þrettánda aldursári, hvörn Þorleifur hefir uppalið síðan hann var sex nátta gamall til þess hann á næstliðnu vori að forlagi móður sinnar fór ásamt henni frá Þorleifi til Guðmundar á Múla, að samvitandi föður hans. Á næstliðnu hausti hefir Engilbert farið að Hrísum aftur vegna þess hann fékk umvöndun í orðum af húsbónda sínum, þeim af slagflóðssjúkdómi karlæga Guðmundi, sem vegna þar af leiðandi þjáninga tjáist ekki fær um að ráða alltíð hugkvæmlega á heimilisstjórn. Svo skal Engilbert

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 77 11/7/17 10:32:41 PM

segja Guðmundur hafi þá skipað sér í burtu, er sýnist meinast óforþeinktu í órósemi hans og óstöðugleika heldur umþenktri alvöru. Hefir þá Þorleifur tekið á móti Engilbert og haldið hann síðan, þar til hann síðan í haust leitar liðsinnis fyrir hann hjá föður hans og vill vita hvort hann vilji honum nokkuð gott gjöra í þessu hans ástandi, sem Jón skýrt hafi neitað því hann vildi að Engilbert hefði verið kyrr á Múla eður þá farið þangað aftur, þar Ástríður, kona Guðmundar, hefði einnig lofað honum að vera og tjáist að hún ráði meir og endilega betur á heimili heldur en maður hennar fyrir nærverandi.

Endilega framfærir Þorleifur hér í commissionenne að Jón hafi aldrei betalað sér meðgjöf með Engilbert og allt svo standi inni hjá honum hans hálfa meðgjöf fyrir tólf ár. Segist Þorleifur reikna meðgjöfina þá heilu fyrir hvört ár um greindan tólf ára tíma 16 rd., hvar af Jón hafi átt að betala það hálfa eður 8 rd. fyrir sérhvört ár, sem gjörir til samans í tólf ár 96 rixdl. er Þorleifur uppástendur að Jón skuli nú til sín betala, hvað Jón segir Þorleifur hafi aldrei fyrr af sér heimtað og segir sér ómögulegt þetta að betala og skírskotar til hreppstjórans Jóns Jónssonar á Ánastöðum, sem hér er í eigin persónu nálægur commissarius. Segist hann víst vita að skyldi Jón þvingast til að betala þessa 96 rd., þá í samanburði við hans ýmislega fátæktar og báginda ástand yrði hann búlaus og húsvilltur með konu sinni og tveimur egtabörnum, öðru þeirra kornungu, og þar að auk á hann laungetið barn sem enn er ekki úr ómegð og ekki frábært, að sönnu fyrir nærverandi vestur í Snæfellssýslu hjá móður sinni en mundi bráðlega leitað á föður þess Jóni því til framfæris ef hana þryti. Hér á mót erklærar Þorleifur að hann ekki hafi ásetning til að ganga svo hart að Jóni í þessari skuldheimtu að hann þar við svoleiðis rúineraðist með öllu.

Að undangengnu frá- og tiltali í sökinni slútta partarnir í henni forlíkun sín á millum þannig:

Þorleifur fellur frá þessari skuldheimtu af Jóni vegna fátæktar hans og bágu kringumstæða nema tilskilur að hann einasta betali til sín 10 rd. eður þeirra virði, sem hann skuli mega betala smámsaman og Þorleifur líka lofar að taka af honum í hvörju sem Jón geti útilátið með sanngjarnlegu virði eftir samkomulagi, og betali hann nokkuð í kaupstaðarvörum eða landaurum skuli hann taka eftir þeim prís sem á þeim sé gengilegur á þeirri tíð sem Jón vilji þær frambjóða. Þessu tekur Jón vel og lofar að betala þessa 10 rd. í því hann geti og eftir mögulegheitum eins og Þorleifur hefir hér ákveðið. Er svo þessi sök þannig hér með forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	Þorleifur Halldórsson
Jón Jónsson	Jón Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 78 11/7/17 10:32:41 PM

Anno 1811 þann 2. maí kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka hreppstjórinn Jón Arngrímsson, sem hefir látið innstefna bóndanum Eggert Pálssyni á Heggstöðum hver einnig mætir hér í eigin persónu eftir honum löglega auglýstri stefnu, móti hvörri hann ekkert exciperar.

Í umgetinni klögun frá 20. apríl síðastliðinn ákærir sækjandinn hreppstjórinn Jón Arngrímsson bóndann Eggert alvarlega fyrir að hafa fyrirmunað Jóni Helgasyni að færa bú sitt á þau 9 hndr. 80 al. sem honum hafi byggð verið með skýlausu byggingarbréfi og þar til einskis agtað góðra manna tillögur né viðkomandi sýslumanns ályktan og svo með þeirri ólöglegri þverúð orsakað Jóni jarðnæðisleysi og Torfustaðahrepp töluverðan kostnað með meiru. Klögun þessi er upplesin. Framleggur svo sækjandinn:

1. Prestsins síra Jóhanns Bergsveinssonar promemoria dagsett 9. febrúar 1810 til hreppstjóra í Miðfirði, Bjarna Bjarnasonar og Jóns Arngrímssonar, hvar með hann eftir fullmagt og authorization (án þess að greina frá hvörjum) segist í krafti af þeirra umdæmi og recommendation byggja Jóni Helgasyni 9 hndr. 80 al. í jörðinni Útibleiksstöðum og biður að þeir afhendi honum þennan jarðarpart með tilhlýðilegum myndugleika, svo aðrir sem kynnu vilja eigna sér umráð yfir eign þeirra mæðgna geti ei komist fram með afdrátt eða ásælni. Þetta er upplesið.

2. Byggingarbréf undir nafni sama prests síra Jóhanns Bergsveinssonar dagsett Brjánslæk þann 9. febrúar 1810 hvar með Jóni Helgasyni á Saurum í Miðfirði byggjast þau 9 hndr. 80 al. í jörðinni Útibleiksstöðum sem tilheyri madame Arnfríði Brynjólfsdóttur og jómfrú Þuríði Eggertsdóttur. Þetta bréf er upplesið.

3. Forboð Eggerts Pálssonar dagsett Heggstöðum 20. apríl 1810 hvar með hann fyrirbýður Jóni Helgasyni allan flutning að Útibleiksstöðum eftir síra Jóhanns byggingarbréfi með meiru. Þetta er upplesið.

4. Eitt promemoria undir sínu eigin nafni dagsett 16. júní 1810 til sýslumanns S. Snorrasonar hvar með hann angefur Eggert fyrir mótstöðu er hann sýni Jóni Helgasyni að flytja að Útibleiksstöðum og begæring um sýslumannsins resolution þar uppá. Þetta upplesið.

5. Sama sýslumanns resolution þar uppá dagsetta 19. júní 1810 hvar með resolverast að Jón Helgason kunni að óögtuðu forboði Eggerts að flytja að Útibleiksstöðum og að hreppstjóranum Jóni Arngrímssyni tilkomi annars að sjá til að öll þau sveitarvandræði sem Eggert framar orsaki falli á Eggert sjálfan en ekki hreppinn. Þetta upplesið.

6. Prívatbréf prestsins síra Jóhanns Bergsveinssonar til Jóns Helgasonar dagsett 15. maí 1810 hvar með presturinn segist standa við sína byggingu, svo

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 79 11/7/17 10:32:41 PM

vítt sem nái, en þar Eggert hafi nú egtað Þuríði sé sín fullmagt eftir hennar góssi aldeilis dauð og magtarlaus og hljóti hann því að koma sér við Eggert. Þetta upplesið.

7. Enn eitt promemoria undir sínu eigin nafni til amtmanns S. Þórarinssonar dagsett 7. júlí 1810 sem eru ýmsar beskyldningar og ákærur móti Eggert í þessari sök, hvörjar Eggert ekki allar viðkannast sem sannar. Þetta upplesið.

8. Copíu af bréfi frá amtmanni S. Þórarinssyni til sýslumanns S. Snorrasonar frá 21. september 1810 sem er alvarlega stíft á móti Eggert og að sökin skuli koma fyrir commission með fleiru sem það með sér ber næsta mótfallið Eggert. Þetta upplesið.

Enn nú framvísar hann nokkrum reikningsblöðum fyrir kostnað uppá Torfustaðahrepps reikning vegna Jóns Helgasonar sem enn eru ófullkomin. Fleira segist hann ekki hafa að framvísa.

Hér á móti framleggur verjandinn Eggert:

1. Skiptaakt undir hendi og signeti sýslumanns í Barðastrandarsýslu Guðmundar Scheving dagsettan 5. júní 1807 að Bæ á Rauðasandi. Þessi akt færir ljóslega með sér að Eggert er þar kosinn og skikkaður formyndari jómfrúar Þuríðar Eggertsdóttur. Að móðir hennar ekkjan Arnfríður afhendir þar frá sér í skiptaréttinn alla hjá henni innistandandi arfa barna sinna og meðal annars útleggur í þá 9 hndr. 80 al. í jörðinni Útibleiksstöðum. Þar betalar Eggert af Útibleiksstaða andvirði 88 ⟨rd.⟩ en afgangurinn 37 rd. útleggst í lóð Þuríðar. Loksins eru þar Eggert af réttinum afhentir allir henni útlagðir arfar til administration.

2. Kaupbréf undir hönd og signeti sama sýslumanns G. Scheving dagsett 14. maí 1810 sem segir að eftir straxnefndum skiptaakti sé 9 hndr. 80 al. í jörðinni Útibleiksstöðum með 70 al. landskuld og 1½ kúgildi, sumpart sem keypt, sumpart sem konufé í hennar föðurarf, orðin fullkomin eign Eggerts Pálssonar frá Heggstöðum.

3. Copíu af áðurnefndu byggingarbréfi prestins síra Jóhanns með uppáskrift mæðgnanna Arnfríðar Brynjólfsdóttur og Þuríðar Eggertsdóttur og þeirra hjáþrykktum signetum dagsettri Saurbæ þann 30. apríl 1810 hvar með þær segja að þessi Útibleiksstaðabygging sé skeð án þeirra vitundar, vilja eður samþykkis.

4. Fullmagt eður umboðsbréf Guðrúnar Brynjólfsdóttur dagsett að Skarði þann 25. febrúar 1809 með hennar hjáþrykktu signeti hvar með hún gefur Eggert Pálssyni á Heggstöðum fullmakt til að ráða yfir og byggja sér tilheyrandi jarðarhundruð í Útibleiksstöðum, sem skuli vera eins og hún sjálf gjöri.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 80 11/7/17 10:32:41 PM

Enn nú framvísar hann:

5. Bréfi sýslumanns Guðmundar Scheving til sín dagsettu Haga 24. maí 1808 hvar innistanda þessi orð: „Það umbeðna aðkomstarbréf læt ég nú hjá líða að senda yður“.

Fleira segist Eggert ekki hafa að framvísa. En munnlega framfærir hann:

1. Sitt uppástand það hann með nú framvísuðum documentum hafi sýnt og sannað að enginn annar en sjálfur hann hafi haft byggingarráð fyrir téðum Útibleiksstaðaparti, þar skiptaaktinn færi það með sér að hann strax við skiptin að Bæ þann 5. júní 1807 hafi orðið eigandi að mestu af þessum parti og þau jarðakaup hafi þar fram farið í réttinum, og skiptaaktinn, sem sé eitt réttardokument, eins um þetta sem annað gildi fyrir fullkomið kaupbréf og það sem þá hafi fallið í lóð Þuríðar, nú konu sinnar, sé sér af sama rétti afhent til administration sem hennar kosnum og skikkuðum formyndara. Sömuleiðis þar Arnfríður hafi áður þar í réttinum útlagt þennan jarðarpart í arfa barna sinna kunni hún ekkert framar með hann að eiga, enda hafi hún með hönd og signeti neitað allri vitund, vilja og samþykki til þess umtvistaða byggingarbréfs eins og líka Þuríður. Það sýni og einnig framvísað bréf undir hönd og signeti sýslumanns Guðmundar Scheving að hann við skiptaaktsins datum hafi orðið eigandi að nokkrum parti í Útibleiksstöðum, eins og hitt að þessi 9 hndr. 80 al. í þessari jörðu séu sín eign. Allt svo uppástendur að þetta byggingarbréf sér óvitandi útverkað og ranglega útgefið sé sem aldeilis ekkert að álíta og af því rísandi allan umgangsmáta í þessari sök á móti sér, ákærur og klaganir hjá sýslunnar og amts yfirvöldum og þar við hjá þeim það útverkaða, eins og það sjálft með sér ber. Hafi hann liðið saklaus. Sér í lagi er hann óánægður með klögunina yfir sér í amtið og hvar inni ekki sé allt rétt hermt, líka svari amtsins þar uppá. Búferlaflutningur Jóns Helgasonar á Útibleiksstaði mót forboði sínu og í sinni fjarveru meinar hann og uppástendur að hafi verið óréttur, líkastur ofríki á eign sinni og ætti þar fyrir í lögum viðlagðar bætur. Að öllu þessu rétt skoðuðu meinar hann sig eiga, eins og hann vonar sér mundi tildæmast gotgjörelse af sínum viðurparti fyrir órétta málsýfing og stirðan umgangsmáta á móti sér í þessari sök.

2. Framfærir hann einnig munnlega það hann segist nú reikna til skuldar hjá Torfustaðahrepp fyrir ómaga framfæri, sem hreppstjórinn eigi fyrir að standa, og uppástendur að sér betalist, nefnilega – fyrir utan það sem hann segist hafa haldið Pál Markússon frá því hann fæddist tímum saman oftlega þangað til hann var fimm ára 1806 – þá hafi hann að fullu og öllu farið til sín og síðan stöðuglega hjá sér verið og aldrei neitt með honum fengið annað en það sem hann skyldi betala til hreppsins árlega af búinu á Heggstöðum, sem

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 81 11/7/17 10:32:41 PM

hann meinar sveitarbókin greinilega útvísi og óskar að verði eftirséð. Finnst þá að Páll hefir síðan 1806 verið hjá Eggert og þegar athugað er og samanborið að á þessum árum frá 1806 til 1810 inclusive er gefið með ómögum á sama aldri og ásigkomulagi og Páll er hér um og skjaldan yfir 200 fiska um árið, og að hann hefir ekkert með honum fengið annað en sitt eigið fátækra útgjald sem gjörir til samans um þessi fimm ár 300½ fisk. Vantar hann þá 699½ fisk til að fylla 200 fiska árlega með Páli. Hér að auk segist hann hafa lánað Markúsi föður Páls 1 danska speciu sem hann ogsvo eigi hjá hreppnum þar Markús ekki geti betalað.

Nú þótt Eggert meini sig vissan um sinn rétt til að heimta þetta fullt upp af hreppnum, þar hann í samanburði við amtanna nýju ályktanir aldrei í skyldugleika skyni hafi verið skyldugur til að framfæra Pál, segist hann vilja láta þessa skuldaheimtu niður falla vilji sinn viðurpartur þar uppá forlíkast og fráfalla öllum ákærum og heimtum til sín vegna Jóns Helgasonar í þessari Útibleiksstaða byggingarsök svo hér með skilji þá kvittur við kvittan, og ef hann vilji það heldur en halda sökinni fram með processi, hvörju hann þó annars ráði, og án þess að Eggert biðji að það ekki verði. Þó nú bæði commissionen álíti þetta vel boðið og ráðlegast að forlíkast uppá þetta, og líka finni hreppstjórinn Jón það fyrir gott í sjálfu sér, segist hann samt ekki að svo stöddu máli voga að slútta forlíkun í henni þar hún sé áður kunnug á hærri stöðum og hann ekki vogi að gjöra framar í henni en sínum yfirboðurum sýnist, jafnvel sjálfu amtinu þar hún sé þar kunnug. Allt svo begærir að sökin verði útsett, ekki til ákveðins tíma heldur eftir sem þeir sjálfir málspartar verði einugir um í anledning af forordning frá 10. júlí 1795 §45 – 20. janúar 1797 §32. Eggert vill að vísu eftirláta og samþykkja að sökin útsetjist eftir sem þeim umsemji og commissionen álítur að megi ske eftir tilfærðum lagagreinum, samt gefur hann til kynna – það hann aldeilis ekki lofi að forlíkast uppá sömu skilmála í þessari sök og hann nú hafi gefið kost á þótt hún komi fyrir forlíkunar commission í annað sinn. Var svo frá commissionenne gengið. Ut supra.

E. Jónsson J. Jónsson

Anno 1812 þann 5. febrúar mættu sjálfkrafa í forlíkunar commissionenne á Staðarbakka málspartarnir hreppstjórinn Jón Arngrímsson og bóndinn Eggert Pálsson í þeirri sök sem hér var til forlíkunar fyrirtekin þann 2. maí næstliðið ár og með beggja partanna samþykki útsett eftir sem þeim umsamdi. Þótt hér nú ekki sé nema annar commissarius presturinn Egill Jónsson til staðar, þar hann hefir öðru að gegna í embættisverkum þetta sinn, erklæra þeir sig ánægða með og vilja að sökin fyrirtakist til forlíkunar, sem þá skeður.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 82 11/7/17 10:32:42 PM

Framfærir svo sækjandi þessarar sakar hreppstjórinn Jón Arngrímsson það hann vilji nú taka forlíkun í henni uppá þá skilmála sem hans viðurpartur verjandinn Eggert gaf kost á hér í commissionenne þann 2. maí næstliðið ár, þótt hann ekki það sinn vogaði það af þá greindri orsök. Hvar til Eggert svarar að eins og hann þá hafi ávísað það hann ekki lofaði að sættast uppá þá skilmála síðar, sem hann þá hafi boðið, svo ekki minnsta harðneitar hann því nú heldur framfærir að sér skyldi nú best líka að sökin kæmi fyrir dómstól, hvað ef skeði gjörir hann sig vissan um að sín fulla skuld 699½ fiskur sem sig vanti til meðgjafar, þó samt oflítillrar, með Páli mundi sér tildæmast. Og þá best sjáist, þótt það allareiðu sé nú í ljós leitt í circulaire sýslumanns S. Snorrasonar frá 16. janúar 1811 með amtanna samþykktum undir bókstafnum d, hvörsu gildar séu þeirra ástæður sem hafi viljað alvarlega skylda sig til að framfæra hann í skyldugleika skyni en þó vel vitað hvörninn háttað er skyldugleika milli sín og Páls. Líka nokkurt gotgjörelse fyrir allan umgang móti sér í þessari sök, hvar í mót hreppstjórinn framfærir sínar afbatanir það hann hafi haft yfirvalda aðhald til að framfylgja þessari sök, ekki vitað byggingarbréfsins ógildugleika fyrr en í commissionenne, ekki verið einráður að innganga forlíkun án vitundar sinna yfirvalda eins og hann áður erklæraði. Að nú svo framfærðu frá- og tiltali og með commissionens tillögum slútta málspartarnir forlíkun í þessari sök með svofelldum skilmálum:

Að Eggert eftirgefur nú sína hálfa skuld en tiltekur að hann uppberi hana framvegis vel hálfa, eður 350 fiska, í fátækra framfæri. Líka fái aftur sína speciu frá Markúsi og geti hann ekki fengið hana í sömu mynt þá í öðrum silfurpeningum og lofar hans viðurpartur hreppstjórinn Jón Arngrímsson að vaka yfir og tilsjá eftir sem hann geti að Eggert uppberi þetta sem hann sér nú áskilur. Framar hefir Eggert orð á að fyrir utan allt annað sem hann hafi liðið í þessari sök og niðurfalli bótalaust, sem vegna þess fátæka Torfustaðahrepps verði svo að vera. Finni hann sig hafa ofmikið haft fyrir reisum hingað til commissionen í henni, í fyrra þann 2. maí í þáverandi harða frostkulda og stormi og nú í hríða veðuráttu**,** sem annars sé ofvaxið sinni heilsu og örkumli. Hvar uppá málspartarnir semja með sér einingarsamlega að Eggert skuli vera öldungis frí frá að betala nokkuð til commissionen en Jón lofar að standa henni fyrir betaling fyrir þessar tvær höldnu commissioner eftir tilhlýðandi lagaskipan. Þannig er nú þessi sök loksins fullkomlega forlíkuð og óuppátalanlega til lykta leidd, sem forordning frá 10. júlí 1795 § 55 – 20. janúar 1797 § 40 fyrirskipa. Ut supra.

E. Jónsson – – –
J. Arngrímsson mpp Eggert Pálsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 83 11/7/17 10:32:42 PM

Anno 1813 þann 6. október mættu í forlíkunar commissionenne á Staðarbakka þeir málspartar ógift stúlka Ástríður Bergsdóttir á Útibleiksstöðum sem sækjandi, og með henni sem formyndari hér í commissionenne presturinn síra Gunnlaugur Gunnlaugsson á Melstað, og bóndinn Bergþór Þórarinsson á Vatnshól í einni gjaldsök sem rís útaf einni kú sem Ástríður seldi Bergþóri haustið 1812 og Bergþór hefir ekki betalað svo hún sé ánægð, þar hún segir að Bergþór hafi lofað að betala kúna með sex ám nú í vor 1813 en ef hann missti ásauð vegna harðinda mætti kýrin betalast með 10 rd. í silfurpeningum, það hálfa þar af reiknað til specie og það hálfa til króner. Og í vor hafði hún þó viljað afstanda þar af einni ánni og láta sér lynda fimm ær, og þó missti hann ekki pening sinn næstliðið vor. Endilega vill hún taka á móti kúnni nú í haust eins og Bergþór líka hefir skriflega lofað að skila henni til Ástríðar aftur með sumarleigunni. Þó vill hann nú engan veginn afstanda kúna þó hún bjóðist enn nú til og beiðist eftir að fá hana nú leigulausa og kálflausa, hvörsu illa sem hann segir kýrin hafi reynst. Og hún segir hann vottanlega hafa skuldað sig fyrir svik, pretti og narr, sem hún engan veginn vill viðkannast eður í hinu minnsta nokkur svik við hann í frammi haft í þessari sök. Eftir frá- og tiltali hér í commissionenne í þessari sök slútta partarnir forlíkun í henni þannig:

Bergþór vill að sönnu ekki viðkannast að hann hafi skuldað Ástríði fyrir svik og narr og segist ekki muna það, en hafi hann svoleiðis talað erklærar hann að vildi það ekki hafa gjört og mætti vera sem ótalað. Hér í commissionenne framvísar hann í silfurpeningum uppá 5 rd. til specie og 5 rd. til króner. Þar af tekur hann 2/6 deel, sem eru 3 rd. 62 sk. til cour., og lofar að fyrir þá skuli hún á næstkomandi vori fá tvær ær í löggildu standi, ómótmælanlegar til að setjast á leigu, og skuli hann koma þeim til prestsins síra Gunnlaugs Gunnlaugssonar á Melstað millum krossmessu ɔ. 14. maí og fardaga, eins og presturinn hér staddur lofar að taka á móti þeim Ástríðar vegna svo að hún loksins uppber fyrir kúna sem hennar fullt andvirði uppá 7 rd. 29 sk. til cour. í silfurpeningum, sem hún nú meðtekur, og tvær ær í löggildu standi á næstkomandi vori 1814. Hér með er þessi sök fullkomlega og eftir laga fyrirmælum óafturkallanlega forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	J. Jónsson
Ástríður Bergsdóttir	Bergþór Þórarinsson
	G. Gunnlaugsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 84 11/7/17 10:32:42 PM

Anno 1814 þann 26. janúar kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bóndinn Þorleifur Halldórsson á Hrísum sem sækjandi og hans contrapartur sem verjandi bóndinn Jón Jónsson yngri á Ytri-Reykjum í Miðfirði, hvörn Þorleifur hefir látið hingað innkalla í einni gjaldsök sem Þorleifur hefir honum á móti og stendur uppá 2 rd. cour. er Þorleifur segir enn nú innistanda hjá Jóni eftir af þeim 10 rd. cour. sem Jón lofaði hér við commission þann 24. janúar 1811 að betala til hans. Einnig 30 eður 29 pund smjör sem Þorleifur segist hafa eftirlátið Jóni fyrir hans innilega bón og í þörf hans vorið 1811. Þetta smjör segist Þorleifur ekki hafa ætlað að heimta af Jóni eður þess andvirði hefði hann aðeins tregðulaust þar af betalað til sín þær 12 mk. sem Þorleifur segist hafa sér af honum tilskilið og þá látið hitt niðurfalla í tilliti til annars sem þeim hefir í milli farið. En þareð Jón hafi í því mótþróast uppástendur hann nú það heila og getur þess enn nú hér að hann alltaf haldi Engilbert son Jóns, sem áðurnefnd commission hér afreis, og fái aldrei neitt með honum hjá Jóni.

Eftir oflangt frá- og tiltal í þessari sök milli málspartanna kemur í athugun að Jón, sem veturinn 1812 missti í eldsbruna mestan hluta sinnar sárlitlu aleigu, er nú í sárum bágindum bjargþrota efnalaus, eitt af hans börnum á sveit og mjög óvíst að egtabörn hans sem heima eru komi ekki á sína hreppa nú þegar í vetur. Og hér hjá er hann svo skuldum vafinn að meinast fullvíst að þær yfirgangi aleigu hans og alltsvo í fylgi hér af segist Jón vilja setja til annarra, er sitt ástand kunni viðkoma, hvað við sig gjört verði til þessarar skuldalúkningar. Að hvörju heyrðu að Þorleifur góðsamlega segist skuli eftirgefa Jóni nokkuð af þessari skuld, svo geti hann fengið 2 fo. smjörs eður þeirra andvirði og 1 rd. skuli hann forlíkast, og gæti hann nú fengið eina á í bærilegu standi muni hann taka hana á móti áminnstum 2 fo. smjörs. Nú til tækifæris að fá beþeinkt hvort og hvörnin þessu verði mögulega til leiðar komið er sökin útsett til átta daga og er svo frá commissionenne gengið.

Þann 1. febrúar sama ár innfann sig að nýju á Staðarbakka bóndinn Þorleifur hjá commissario presti Eigli og að hans forlagi. Er þá í millitíð af forlíkunarmönnunum sameiginlega útverkað að frá Jóni er færð að Bergsstöðum ein ær í bærilegu standi, sem bóndinn þar Jón Sveinsson afhendir nú Þorleifi og hann antekur móti áminnstum 2 fo. smjörs. Þá 40 sk. sem Þorleifur á commissionenne að betala sem sækjandi afgjörir Jón hans vegna svo að forlíkunarmennirnir kalla ekki til þeirra hjá Þorleifi, hvort sem þeir eftirgefa þá Jóni eður ekki, eins og þá 24 sk. er hann skyldi þeim betala. En þá 56 sk. sem nú til vantar að fullgjöra þennan 1 rd. telur presturinn Egill Þorleifi hér nú í stað út í hans eigin hönd, og er svo þessi skuld loksins hér með klárað. Báðir þessir málspartar hafa hér orð á hvor um sig að hafa sem minnst

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 85 11/7/17 10:32:42 PM

skipti saman framvegis, sem þessi commission meinar að væri máske eins vel meint. Annars er nú þessi sök með fullum hætti loksins fullkomlega forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson Þorleifur Halldórsson
Jón Jónsson Jón Jónsson

Anno 1814 þann 27. júní mættu í forlíkunar commissionenne á Staðarbakka yngisstúlkan Guðrún Jónsdóttir á Torfastöðum með sínum lögsettum formyndara hreppstjóranum Bjarna Bjarnasyni á Bjargi sem hefur látið innkalla lausamann Jón Gíslason á Núpsdalstungu, hvör og mætir hér í eigin persónu, til forlíkunar viðleitnis í einni sök sem risin er þeirra á milli og finnst að vera hér um bil þannig:

Haustið 1811 hefir Jón lánað Guðrúnu 18 rd. banco og vorið 1813 9 rd. banco. Vorið 1812 fer hann að Torfastöðum, tekur þar við og er tekinn svo vel heima sem annarstaðar fyrir búsumráðum. Tekur hann þá við, sem Guðrún á, tveimur kúm, 26 ám og einum hesti. Vorið 1813 selur hann aðra kúna fyrir aðra kú og tvo sauði gamla, sem fellur inn í búið. Uppástendur hún nú að fá sína kú aftur, einnig leigu eftir þennan sinn pening og endilega eftir fimm málnytu kúgildi, eina á og einn hest fyrir tvö ár. Jón harðneitar að betala leigu nema fyrir síðara árið. Líka er honum óljúft að svara til kýrinnar. Samt tiltalast að hann lofar að betala kúna þannig:

Hann lofar tveimur ám með lömbum nú snart og fjórum gemlingum móti öðrum tveimur ám, en þær tvær ær sem enn nú vanta lofar hann að láta af hendi vorið 1815 og gjalda leigu eftir þær í haust. Leiguna eftir hestinn betalar hann með 1 rd. 48 sk. leigu, eftir tveimur málnytu kúgildum með 8 rd. cour. og leigu eftir eina á og eitt kúgildi með 9 rd. banco. Er þá enn eftir leiga eftir tvö kúgildi og lofar Jón að betala 2 fo. smjör næstkomandi laugardag en aðra 2 fo. smjör næstkomandi haust, og verða þar með kláraðar allar leigurnar. Þá 18 rd. banco sem Jón hefir lánað Guðrúnu lofar hún að betala fyrir næstkomandi veturnætur í Stykkishólmshöndlun til Boga í reikning Jóns Gíslasonar með vörum, eftir þeim prís sem þá verður þar á innlendum vörum. 96 per 1 rd. landskuld eftir hálfa jörðina Torfastaði, 8 hndr., sem Guðrún á, betalar Jón fyrir það ár sem hann lét telja sig þar fyrir búi með 1 rd. cour. og lofar 1 fo. smjörs næstkomandi haust. Er svo þetta hér talið þannig afgjört og forlíkað millum þessara persóna eins og hér hermir.

Vegna þess að sá annar forlíkunar commissarius hreppstjórinn Jón Jónsson er forfallaður hefir þessa commission einn haldið og nú undirskrifað. Ut supra

E. Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 86 11/7/17 10:32:42 PM

Anno 1816 þann 7. maí kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bóndinn Daníel Grímsson á Þóroddsstöðum í Hrútafirði sem sækjandi í einni sök móti nágranna sínum bóndanum Guðmundi Guðmundssyni á Reykjum sem ogsvo mætir í eigin persónu eftir fyrirkalli, hvör sök hefir reist sig þeirra á milli útaf heyleifum sem Bjarni sonur Daníels átti eftir á Reykjum í Hrútafirði þá hann flutti þaðan fyrra vor 1815 og finnst að vera svo viðvaxin, eftir sem næst verður komist:

Fyrra vor 1815 þegar Bjarni Daníelsson fór til sjávar hafði hann beðið bróður sinn Grím að flytja búslóð sína frá Reykjum að Vatnshól, hvað hann og gjörði, og við það tækifæri segir Daníel að Grímur hafi búið um heyleifar hans, sem hann segir að meinast verið hafi alls hér um fjórir hestar og skírskotar þar um til þeirra manna sem búið hafi um þetta hey ásamt Grími, sem skyldu vera tengdafaðir Bjarna, Hallgrímur Jónsson á Borðeyri sem hefði búið um heyleifarnar við fjárhúsið, og Gísli Gíslason á Vatnshorni sem hefði búið um þær með honum við fjósið. Líka skírskotar Daníel til þeirra tveggja systra Þórarinsdætra sem þá hafi enn nú verið á Reykjum fyrravor og mátt hafa séð þetta hey. Með þessu vill hann sanna og gottgjöra að heyið hafi verið til en sjálfur segist hann ekki hafa séð það. Guðmundur, sem þá er enn nú fram á Fögrubrekku, getur hér minna á móti sagt en þótt Ólafur vinnumaður hans vilji segja að heyið hafi verið minna en Daníel segir. Þegar nú Guðmundur, sem flutti búferlum sama vor 1814 frá Fögrubrekku að Reykjum við Hrútafjörð, lætur reka fé sitt úteftir við hvítasunnuhátíð og þá undir eins uppákemur mikið kuldakast, eftirlætur og leyfir Daníel Guðmundi að brúka þessar heyleifar Bjarna handa fé sínu, en Ólafur vinnumaður Guðmundar tilstendur ekki að hafa eytt heyinu, svo þegar tilkemur að betala það verður þar um ágreiningur. Hér til kemur í umtal að þetta hey meinast skemmt og troðið af peningi Guðmundar. Nú uppástendur Guðmundur tvöfalt hey í sumar og varla minna en sex hesta, en eftir frá- og tiltali forlíka partarnir með sér þessa sök svoleiðis:

Guðmundur lofar að betala með heyi í sumar 1816, slá það milli Reykja og Þóroddsstaða, það skal ekki vera votara en grasþurrt. Daníel lofar að sækja það sjálfur og báðir skulu þeir vera við í eigin persónu þegar það verður bundið. Daníel talar vel um að eftir því sem heyið verði gott eður sinulítið og líka þurrt, svo kunni hann láta slaka til um heymagnið svo að leikur á að heyið verði fimm eða sex hestar. Ef nú heyið verður ekki til á betalingur að verða í landaurum 45 fiskar fyrir það oft áminnsta hey Bjarna og svoleiðis er nú þessi sök með forlíkun til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
Daníel Grímsson	Guðmundur Guðmundsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 87 11/7/17 10:32:42 PM

Anno 1816 þann 7. maí eftir miðdag komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka sömu bændur og hér voru í dag fyrir miðdag. Hefir nú Guðmundur látið innkalla Daníel í einni sök sem hann hefir honum á móti. Hann hefir með inngefinni klögun ákært Daníel bæði fyrir sýndan óróa á sínu heimili Reykjum þrisvar á næstliðnum vetri, líka að hafa slegið þar vinnumann sinn Ólaf höfuðhögg og þar með brúkað ósæmileg orð, hvað allt skal risið útaf heyinu sem sú sök af reis sem hér var fyrir commissionenne í dag.

Vill nú Daníel hvorki viðkannast að hafa slegið Ólaf og ekki sýnt eður brúkað þann óróa eður ófrið sem Guðmundur ákærir og engu góðu vill hann svara hér úti hvorki Ólafi né Guðmundi svo hans svör hníga að útflugtum og óþægju, einkum til Ólafs. Verður hér því engri forlíkun ákomið í þessari sök og henni alltsvo héðan frávísað til síns rétta dómstóls. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson
Daníel Grímsson Guðmundur Guðmundsson

Anno 1816 þann fyrsta júlí kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka studiosus Jón Jónsson á Melum í Hrútafirði sem fullmegtugur vinnumanns síns Guðlaugs Gunnlaugssonar, þar hann framvísar hans skriflegri fullmagt, og hreppstjórinn Árni Jónsson á Efra-Núpi sem mætir sjálfviljugur án fyrirkalls. Sökin sem þessir málspartar hafa sín á milli rís af því að bóndi Björn á Urriðaá hefir fyrir nokkrum árum selt núverandi hreppstjóra Árna Jónssyni á Efra-Núpi hálfa jörðina Fremri-Fitjar, 8 hndr. að dýrleika, en þá nú Steinunn dóttir Björns giftist nefndum Guðlaugi á næstliðnum vetri lætur hann í hennar nafni húsbónda sinn studiosus Jón Jónsson á Melum lýsa brigð á téðum 8 hndr. í Fremri-Fitjum hér á manntalsþingi nú í vor, hvörri brigðalýsing Árni þá alvarlega mótmælti eins og hann enn nú gjörir hér í commissionenne. Þó vill hann þægja Guðlaugi með því að gefa honum svo sem eitt ásauðar kúgildi, hvað Jón engan veginn antekur og vill framfylgja brigðinni nema ef Árni vildi innkaupa eins góðan og dýran jarðarpart handa Guðlaugi, hvörju hann neitar. Getur því ekki þessi sök hér forlíkast, henni alltsvo framvísað sem öldungis óforlíkaðri til síns rétta dómstóls. Ut supra.

E. Jónsson

Anno 1816 þann 4. október kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka klausturhaldarinn herra B. Olsen á Þingeyrum sem hefir látið innkalla bóndann Kristján Jónsson á Haugi, hvör ogsvo mætir í eigin persónu. Sökin sem velnefndur klausturhaldarinn hefir á móti nefndum bónda Kristjáni er

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 88 11/7/17 10:32:42 PM

risin af þeim ýmsum óreiðilegheitum sem þessi hefir í frammi haft í því að betala áskylda landskuld og liggur eftir inventari kúgilda á Litlu-Þverá þau seinustu árin sem hann bjó þar, og endilega skal standa inni hjá honum síðasta árs landskuldin þar, 30 al., í hvörja hann skal hafa sent vanmeta á og nokkur pör af mikið ógildum duggarasokkum (sem herra klausturhaldarinn segir enn nú geymd) og hafi hann ætlað hvorttveggja í fullgildu verði, svo að byggingarskilmála hafi hann engan veginn haldið. Að undangengnu frá- og tiltali í þessari sök forlíka málspartarnir hana með sér svoleiðis:

Kristján skal, eins og hann nú lofar, koma að Þingeyrum einhvörn tíma á næstkomandi vetri, og endilega fyrir sumarmál, og afhenda herra klausturhaldaranum þar fimmtán pör af gildum og í hvörri höndlun antakanlegum duggarasokkum. Þar að auki skal Kristján hafa með sér sjö pör af eins gildum sokkum til að skipta um þá áðurnefndu ógildu sem enn nú liggja á Þingeyrum og fær hann þá til baka af þeim gömlu ógildu sokkum eins marga og hann betalar gilda í umskiptunum. Haldi nú Kristján þessa skilmála eftirgefur herra klausturhaldarinn B. Olsen honum allt annað sem hann kynni hafa rétt tilkall til, eins og hann líka hefir honum hér í commissionenne mikið eftirgefið. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson
B. Olsen Kristján Jónsson

Anno 1816 þann sama 4. október kom fyrir forlíkunar commissionena enn að nýju klausturhaldarinn herra B. Olsen á Þingeyrum og Jónas Jónsson á Hnausakoti eftir fyrirkalli, þar herra B. Olsen eftir fullmagt kaupmanns L. Knudsen í Reykjavík frá 12. júlí 1816 sækir Jónas um restans til Knudsens höndlunar frá 1813 uppá 10 líspund ullar eður 40 rd., sem í Rigsbanks peningum eður nýju verði gjörir 76 rd. 48 sk. eftir herra Knudsens hér í commissionenne framvísuðum reikningi frá 19. mars 1816.

Undir eins og Jónas kannast hér við þessa skuld, og líka er eftir henni gengið af hans viðurparti hér í commissionenne, koma til athugunar og umtals hans margbreyttu bágu kringumstæður – það að hann er vissulega fleirum töluvert skyldugur, er og líka krafinn um framfæri tveggja barna í Víðidal fyrir utan eitt hans barn hér í Miðfirði sem hann framfærir, hvað sem verða kann um það barn sem honum er kennt á næstliðnum vetri og hann hefir enn ekki viðgengist. Svo að athuguðum öllum hans kringumstæðum fyrirfinnst rétt og satt að hann er félaus maður, hefir ekkert nema sínar ómissanlegu lítilfjörlegu spjarir og enga lifandi skepnu nema einasta einn roskinn klárhest sem nú væri hér einasta af honum að hafa. Að þessu svoleiðis athuguðu og fyrirfundnu forlíka málspartarnir með sér svoleiðis þessa sök:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 89 11/7/17 10:32:42 PM

Jónas lofar að betala þessa hálfa skuld 38 rd. 24 sk. í Rigsbanks peningum innan næstkomandi allraheilagramessu. En þar herra B. Olsen antekur ekki þetta loforð Jónasar vegna örbirgðar hans er hér til staðar hreppstjórinn Árni Jónsson sem lofar að vera borgunarmaður fyrir téðan Jónas svo að hans hér sagða loforð antakist og síðan efnist. En þá eftirstandandi hálfu skuld 38 rd. 24 sk. í Rigsbanks peningum lofar Jónas að betala innan júlímánaðar útgangs 1817, en í millitíð biður hann auðmjúklega herra B. Olsen að mæla gott fram með sér hjá herra L. Knudsen í þessari sök. Um ómak og fyrirhöfn herra B. Olsen til þessarar commissionar kemur þeim saman um að þeir skuli sjálfir þar um semja með sér síðan. Uppá téðan máta er þessi sök hér með forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

E. Jónsson	Jón Jónsson
B. Olsen	Jónas Jónsson

Anno 1818 þann 31. desember komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka egtahjónin Ólafur Magnússon vinnumaður á Þóroddsstöðum í Hrútafirði og Guðrún Ólafsdóttir sem vinnukona á Hlíð í Miðfirði í þeirri óeiningar- og sundurlyndissök sem verið hefir þeirra á millum nú meir en sjö og hálft ár sem þau hafa ekki verið á sama bæ og hún lengst af vestur í Dalasýslu en hann lengst af í Bæjarhrepp í Hrútafirði í Strandasýslu. Eftir að nú commissionen hefir lagt alla stund á að forlíka þau til sameiningar og samvisku á sama bæ, uppá einhvörn þann máta sem þeirra fátækt og aðrar kringumstæður eftirláta, falla þeirra svör þannig:

Ólafur segist engan veginn geta eður treystast til að lifa með henni svo að hann eður þau kunni að hafa þar af gagn eða ánægju og alltsvo vilji að þeirra hjónaband verði uppá löglegan máta upphafið. Hvar á móti Guðrún svarar og segir að hún ekki vilji að þeirra egtaskapar ásigkomulag gangi eins og hingað til verið hafi í óeining síðan þau skildu á Kvennabrekku í 6. viku sumars vorið 1811 og hafi lifað aðskilin síðan, nú fullt hálft áttunda ár, og alltsvo að öllum kringumstæðum athuguðum, þar forlíkun til sameiningar geti ekki ákomist þeirra á millum, segist hún skuli undirskrifa með honum beiðni eður begæring um skilnaðardóm ef hann það annars framkvæmi.

Um alla fjárskilmála og skipti þeirra á milli segja þau bæði öldungis afgjört, og um þau eður í þeirra tilliti eru þau vel fullkomlega forlíkt, því að uppá þau fjögur hundruð í jörðunni Oddsstöðum í Hrútafirði sem Ólafur gaf henni í morgungjöf (af þeim 6 ½ hundraði sem hann þá átti) hefir hann betalað henni eftir sem hún nú segir að fullu þrjú hundruð. Hvar fyrir hún lofar nú snart að gefa honum fullkomna kvittering. En betaling eður andvirði fyrir

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 90 11/7/17 10:32:42 PM

þá enn eftirstandandi eitt hundrað af þessari morgungjöf lofar nú Ólafur að skuli verða henni afgreitt innan þessa árs útgangs með átta ríkisdölum í crónu silfurpeningum til courant reiknuðum. Hér að auki talar Ólafur líklega um og lofar að greiða fyrir henni framvegis þó þeirra hjónaband verði upp hafið hér um 40 fiska virði. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson
Ólafur Magnússon Guðrún Ólafsdóttir

Anno 1819 þann 28. janúar komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka egtahjónin Egill Þórðarson nú húsmaður á Bálkastöðum í Melstaðarsókn og Sigríður Jónsdóttir nú búandi á Litla-Ósi í sömu sókn eftir hennar begæring til forlíkunar viðleitnis í óeiningarsökinni sem innkomin er þeirra á millum, og svo vítt gengin:

Að þau fyrra vor 1818 hættu búskap á Bálkastöðum og einhvörnveginn skiptu þar með sér búi og Sigríður tók sig þaðan burt frá téðum manni sínum Egli og fór að búa á Litla-Ósi með liðugum manni, Brynjúlfi Brynjúlfssyni, sem var vinnumaður hjá þessum hjónum þeirra síðasta búskaparár á Bálkastöðum. Hvort nokkur sérdeilis orsök eður fleiri ýmislegar kunna vera til þeirra óeiningar og sundurlyndis gjöra þau ekki uppskátt hér í commissionenne, nema hvað endilega merkja er að þau hafi ágreint um peningsrækt, umhirðing, meðhöndlan og þvíumlíkt.

Hefir nú commissionen alvarlega viðleitast að forlíka þessi hjón til sameiningar og sambúðar og endilega fyrir slegið að Sigríður vildi taka mann sinn Egil til sín heim að Litla-Ósi og búa með honum fyrst um eitt ár uppá tilraun, ef ske mætti að þeirra óeining og sundurlyndi kynni lagast, og þetta því heldur sem Egill hefir ekkert visst húsnæði í vændum framvegis en hún búandi og hefir ráð á húsum. Líka langar hann til að þeirra einka egtabarn mætti verða þar sem hann er, af hvörju, eftir sem merkja er, að hann hefir haft yndi og ánægju, en nú er það hjá móður sinni. Lætur nú Egill af sér heyra að hann vildi þetta gjarnan, en hún þvert á mót aldeilis ekki! Og þar nú þessi commission fær engan veginn forlíkun ákomið með þessum hjónum Eigli Þórðarsyni og Sigríði Jónsdóttur til sameiningar og samvista er þeirra óeiningar- og sundurlyndissök héðan frá þessari commission burtvísað til viðkomandi yfirvalda. Ut supra.

E. Jónsson Jón Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 91 11/7/17 10:32:42 PM

Anno 1820 þann 8. febrúar kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka hreppstjórinn Eggert Jónsson á Kirkjuhvammi sem settur formyndari Þorvarðar Eggertssonar á Heggstöðum er látið hefir innkalla bóndann Bjarna Daníelsson á Þóroddsstöðum, sem hér líka mætir í eigin persónu, í einni sök sem risin er útaf einu sendibréfi með tveimur specíum inní frá prófasti í Barðastrandarsýslu síra Jóni Ormssyni til Þorvarðar Eggertssonar á Heggstöðum, og finnst að vera þannig viðvaxin:

Bóndinn Bjarni Daníelsson á Þóroddsstöðum viðurkennir hér ljúflega að sér hafi í höndur komið úr höndum Borðeyrarmanna í fyrravor eitt sendibréf til Þorvarðar á Heggstöðum hvar utaná hafi verið skrifað að það hafi inni tvær specíur. Þar þetta bréf hefir aldrei til skila komið hefir hreppstjórinn Eggert óskað af Bjarna bæði munnlega og með sendibréfum að hann vildi gjöra grein fyrir því og hvar það sé niðurkomið. En Bjarni svarar þar til einasta að hann hafi sent það frá sér með einhvörjum en aldeilis ekki muna að nefna þann mann sem við því tekið hafi hjá sér. Vill því Eggert að Bjarni svari nokkru til þess með að betala nokkuð í þeim tveimur specíum sem bréfið hafði inni. En þótt nú Bjarna að commissionens áliti bjóðist af sínum viðurparti Eggert bestu kjör og kostir til forlíkunar vill hann því öldungis ekki sæta, hvarfyrir hér verður engri forlíkun á komið í þessari sök hvörs vegna henni sem öldungis óforlíkaðri er vísað frá þessari commission til afgjörelse við réttargang. Ut supra.

E. Jónsson

Anno 1820 þann 6. október komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka egtahjónin Magnús Jónsson á Neðra-Núpi og Ingibjörg Jónsdóttir fyrir nærverandi á Torfastöðum í Núpsdal til forlíkunartilraunar í þeirri óeiningar sök sem innkomin er þeirra á milli, í hvörri þau gefa hvort öðru skuldina án þess að nokkuð sérlega merkilegt fyrirfinnist eður framkomi hér í þeirra viðræðum til orsakar þeirra sundurlyndis. En það er endilega auðsjáanlegt að þau gjarnan vildu að þeirra hjónaband væri upphafið og fást þau engan veginn forlíkuð til að lifa saman og búa í sama húsi sem rétt egtahjón, hvörs vegna þessari þeirra óeiningarsök er héðan frá þessari forlíkunar commission sem öldungis óforlíkaðri vísað til laga og réttar. Ut supra.

E. Jónsson

Anno 1821 þann 28. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka egtahjónin Þorsteinn Vilhjálmsson og Þorbjörg Guðmundsdóttir. Þeirra sök er svo viðvaxin:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 92 11/7/17 10:32:42 PM

Að Þorsteinn átti barn fram hjá nefndri konu sinni í fyrsta sinni haustið 1819 með Guðrúnu Markúsdóttur. Nú næstliðinn vetur 1821 hefir Þorbjörg skriflega angefið hjá sýslumanni Blöndal að hún gefi nefndum manni sínum fulla lagasekt á þessari hans hórdóms barneign fram hjá sér og begært endilegan skilnaðardóm, en sýslumaður afsegir alvarlega að fyrirtaka þessa sök fyrr en hún hafi áður komið fyrir forlíkunar commission og segir hana prívat en ekki pólití sök og eigi endilega að koma í commission og citerer þar uppá eina forordning af 1. desember 1797.

Þessi svo viðvaxin sök er þá hér í dag til forlíkunar fyrirtekin og viðleitast að ákoma sátt og eining með þessum hjónum svo þau mættu að óagtaðri barneign Þorsteins lifa og búa saman eftir sem áður eins og rétt egtahjón. En þar eð þess er enginn kostur er þessari hórdómssök vísað sem öldungis óforlíkaðri til síns rétta dómstóls. Ut supra.

E. Jónsson

Anno 1821 þann 2. nóvember kom fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka hreppstjórinn Árni Jónsson á Rófu og hans viðurpartar vinnumennirnir Magnús Jónsson á Torfastöðum í Núpsdal og Hannes Hannesson á Bjargi sem hreppstjórinn Árni hefir látið hingað innkalla til forlíkunar viðleitnis í einni sök sem hefir reist sig út af sextán silfurmilnum sem skulu hafa vegið laklega við eina specíu. Sökin finnst að vera þannig ásigkomin, eftir sem verður næst komist af partanna viðræðum:

Þegar hreppstjórinn Árni uppskrifar þá fémuni sem vinnukonan á Neðra-Núpi Guðrún Magnúsdóttir eftir sig lét, hver þar deyði 3. janúar næstliðið ár 1820, segja húsbændur hennar Eiríkur og Agnes að Guðrún heitin hafi beðið Magnús Jónsson vinnumann þeirra að selja fyrir sig sextán silfurmilnur sem hafi átt að kosta eina specíu nýja og eitt rixort heilt eður þá sjö rixort heil. Þessar milnur fær Magnús Hannesi Hannessyni til að selja fyrir sunnan en Hannes betrúir þær konu suður á Leiru, Guðbjörgu Jónsdóttur á Hrúðurnesi. Nú lofar Hannes að andvirði milnanna skuli hann senda næstliðið vor eður koma með það sjálfur á lestum, sem ekki hefir skeð. Þessa sök forlíka téðir málspartar með sér þannig:

Hannes, sem kannast við allt það sem hér er sagt, biður um að mega sjá bevís fyrir að Árni hafi betalað þessar silfurmilnur til erfingja Guðrúnar heitinnar, hvar til þessi svarar að kvitteringar sem hann hafi frá erfingjum Guðrúnar hafi hann ekki hér við hönd en síðar geti hann sýnt þær. Hannes biður því um umlíðing að betala milnurnar til á næsta sumri og lofar þar ásett er hann fari suður í vetur, að geti hann fengið milnurnar eður þeirra ákveðna

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 93 11/7/17 10:32:42 PM

verð í peningum skuli það verða afgreitt hreppstjóra Árna innan næstkomandi júlímánaðar útgangs og þótt hann ekki fái þær né þeirra verð syðra skuli þær samt betalast innan sama tíma hreppstjóra Árna annaðhvort með þessum umtöluðu peningum eður þá öðrum smærri peningum reiknuðum á móti sex heilum rixortum eður einni specíu nýrri, eður þá gamalli og einu rixorti eftir þá gildu gangverði peninganna þegar skuldin betalast. En skyldi nú Hannes ekki geta betalað með peningum þá lofar hann samt að oftnefndar milnur skuli innan þessa nefnda tíma betalast með 36 fiskum í ull og feitmeti. Hér hjá skyldi Hannes ekkert fá fyrir milnurnar syðra skuli kostnaður til þessarar forlíkunar falla á alla málspartana svo að Hannes betali þar af – og Magnús – en hreppstjóri Árni lætur þá niðurfalla –, en þessi kostnaður er 1 rd. 16 sk. í cour. sk. Nú að öðrum kosti fái Hannes verð milnanna syðra jafnast þessi kostnaður til helminga á þá báða Magnús og Hannes. Ut supra.

Egill Jónsson	Eggert Jónsson
Á. Jónsson	Magnús Jónsson
	Hannes Hannesson

Anno 1822 þann 23. janúar komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bændurnir Bjarni Bjarnason á Bjargi sem saksóknari og bóndinn Bjarni Rafnsson á Núpsdalstungu og núverandi vinnumaður hans Jón Jónsson, fyrrum vinnumaður hjá bóndanum Bjarna Bjarnasyni á Bjargi, sem verjendur. Þessi þeirra sök finnst að vera svoleiðis viðvaxin, eftir sem ráða er af viðræðum partanna hér í commissionenne:

Veturinn 1821 falar Bjarni Rafnsson á Núpsdalstungu vinnumann Bjarna Bjarnasonar á Bjargi til skipsáróðurs hjá bóndanum Jóni Þorbjörnssyni á Hvassahrauni í Gullbringusýslu. Jón frá Bjargi fer suður en verður ekki af því að hann komist í skiprúmið hjá Jóni á Hvassahrauni eður á hans vegum, sem húsbóndi hans þáverandi áðurnefndur Bjarni Bjarnason á Bjargi skuldar hann fyrir að hafa verið oflítið framkvæmdarsaman í að fylgja sér að því að fá skiprúmið hjá Jóni í Hvassahrauni eður þá öðrum sem hann hafi þó mátt vel eiga kost á. En þáverandi húsbóndi Jóns, Bjarni á Bjargi, hafi þó hlotið töluverðan skaða af við hlutarmissir, þar Jón hafi sjálfur skipráðið sig hjá manni þeim sem miður hlutaði, og endilega uppásakar Bjarni á Bjargi að hann hafi haft hlutarmissir við allt þetta.

Nú að öllu því umtöluðu af pörtunum í þessari sök sem hér annars fyrirkemur slútta áðurnefndir partar með sér svo lútandi forlíkun í þessari sök:

Bjarni á Bjargi, fyrrverandi húsbóndi Jóns, uppástendur að sér gott gjörist 1½ vætt eður 60 fiskar í tilliti til hlutarmissirsins. Áðurnefndur Jón Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 94 11/7/17 10:32:42 PM

segir að af þeim 40 fiskum sem hann eigi eftir af kaupi sínu hjá Bjarna á Bjargi megi niður falla 20 fiskar. En þá enn nú eftirstandandi 1 vætt eður 40 fiska segir og lofar bóndinn Bjarni Rafnsson á Núpsdalstungu að megi og skuli hvíla á sér og koma uppá sinn reikning við svila sinn oftnefndan Bjarna á Bjargi. Hér hjá segist hann vænta eftir og gjöra sér fullvissu um að Jón Þorbjörnsson, af sér þekktur að mannæru og góðsemd, muni gjöra sér aftur gott í þessu efni og svo líka jafnvel vinnumanni sínum Jóni, sem til að umflýja process hefir sýnt sig auðveldan til forlíkunar. Er svo þessi sök hér með öldungis fullkomlega forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

Egill Jónsson	Eggert Jónsson
B. Bjarnason	Bjarni Rafnsson
Jón Jónsson	

Árið 1822 komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka hreppstjórinn Árni Jónsson á Rófu sem sækjandi og bóndinn Björn Björnsson á Efra-Núpi sem verjandi í einni sök sem eftir viðræðum þessara málsparta finnst að vera risin útaf samtali þeirra við samfundi þeirra á Neðra-Núpi þann 8. mars síðastliðna hvar hreppstjórinn Árni segir að Björn hafi þannig til sín talað: „Þú ert bölvaður gikkur“, og segist Björn ekki þræta fyrir að hann hafi svoleiðis talað eður líkrar meiningar en þótt hann nú ekki fyrir víst muni það. Eftir þessara málsparta viðræður frá og til hér fyrir forlíkunar commissionenne í þessari sök semja þeir með sér svo lútandi forlíkun í henni:

Að bóndinn Björn Björnsson erklærar að hvað hann hafi ótilbærilega og miður hlýðandi talað til hreppstjórans Árna við samfundi þeirra á Neðra-Núpi á téðum degi, það hafi hann gjört sem í raserie, eftir sem þá hafi ástatt verið þeirra millifarandi, og vildi það engan veginn hafa gjört – og nú hafa ofgjört. Hér að auk vill hann góðmótlega undirgangast og lofar að betala til forlíkunarmannanna þá 64 sk. silfurverði sem forordningarnar frá 10. júlí 1795 og 20. janúar 1797 áskilja þeim. Og er svo þessi sök hér með góðsamlega þessara málsparta á millum fullkomlega forlíkuð og til lykta leidd. Þá bóndinn Björn enn framar lofar að betala til stefnuvotta í þessari sök 24 sk. Ut supra.

E. Jónsson	Eggert Jónsson
Árni Jónsson	Björn Björnsson

Anno 1822 þann 6. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Staðarbakka bændurnir Jóhann Þórðarson á Saurum og Árni Jónsson á Múla til forlíkunar viðleitnis í einni sök sem finnst að vera svoleiðis viðvaxin, eftir sem báðir þessir málspartar viðkannast og tilstanda:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 95 11/7/17 10:32:42 PM

Þann 15. mars næstliðinn vetur selur Jóhann Árna sjö ær í þá yfirgangandi vetrarharðindum, þar hann þá var í heyskorti, og er áskilið að Árni betali hvörja þeirra með 4½ rixorti. Nú frá téðum degi til 19. sama mánaðar fær Jóhann hey hjá Árna handa þessum ám þangað til hann sækir þær á téðum degi og lofar að þær skuli verða betalaðar þann 26. sama mánaðar. Af þessum ám kemur ein þeirra heim til Jóhanns, þar hún undi ekki, 1. apríl. Með bréfseðli frá 25. mars sama ár biður Árni Jóhann umlíðingar. Þann 11. apríl beiðist Jóhann betalingsins við tvo votta. Lofaði þá Árni að eftirláta þá einu á sem komin var til Jóhanns óumtalaða en uppbæta andvirði hinna sex með 6 rixortum segir Jóhann, sem Árni ekki harðneitar, ekki heldur hreint viðgengst, en lofar endilega að nú skuli þær verða betalaðar þann 14. apríl. Þann 18. apríl vitjar Jóhann andvirðis ánna við tvo votta, þar það var þá enn ekki komið, og biður hann Árna að eftirláta sér ærnar mót sanngjarnlegri meðgjöf, hvörju þessi þverneitaði en segir að peningarnir skuli vera til strax á morgun, en þá Jóhann kom daginn eftir fær hann ekki peningana en býður að Jóhann skuli fá fjórar ærnar þegar hálfur mánuður sé af sumri en tvær áskilji hann sér í meðgjöf. Nú eftir frá- og tiltali slútta þessir málspartar svolátandi forlíkun:

Þar Árni hefir enn ekki peninga til tekur Jóhann við öllum sex ánum aftur en lofar að betala með þeim 15 pund tólgar ef hann geti, og þá um næstkomandi júlímánaðar byrjun. En hafi hann þá ekki tólgina til lofar hann að betala á sömu tíð heim til Árna 15 pundum af einlitri hvítri ull, og verði tólg í hærri prís við höndlun hjá Boga í Stykkishólmi nú í sumar heldur en ull það lofar Jóhann að uppbæta svo að Árni uppberi þessarar tólgarverð í sömu höndlun og á sömu tíð. Einnig semja þeir nú með sér að hvor þeirra betali að helmingi bæði forlíkunarnefndinni og stefnuvottum lögskipuð laun. Ut supra.

E. Jónsson	Eggert Jónsson
Á. Jónsson	Jóhann Þórðarson

Anno 1822 þann 22. nóvember að Melstað í Miðfirði mættu fyrir forlíkunarnefndinni bóndinn Bjarni Jónsson á Skarði í Haukadal innan Dalasýslu sem sækjandi og bóndinn Kristján Jónsson á Haugi í Miðfirði í einni sök rísandi af hesti er hinn fyrrnefndi hafði til fóðurs fyrir komið hjá hinum síðastliðinn vetur, hvör eftir nefndra málsparta viðræður fellur svoleiðis:

Að bóndinn Bjarni Jónsson eftirgefur bóndanum Kristjáni Jónssyni, svoframt hann vilji álíta það velvild, allan sinn ímyndaða rétt til þess hálfa af honum uppástaðna hestsverðs mót hans stöðugu velvild og undangenginni

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 96 11/7/17 10:32:42 PM

góðu mannkærlegri reynslu, og uppá þennan grundvöll eru báðir fyrrnefndir málspartar forlíktir og þessi sök til lykta leidd. Ut supra.

H. Ámundason E. Jónsson
Bjarni Jónsson Kristján Jónsson

Anno 1823 þann 7. júní voru til staðar fríviljuglega fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað eftirskrifaðir þrír menn: Bóndinn Björn Grímsson frá Márstöðum, Árni Jónsson frá Múla og bóndinn Guðmundur Guðmundsson frá Stóru-Borg, sá fyrsti sem ákærandi en hinir báðir sem forsvarandi, og er þeirra málefni svoleiðis:

Að Árni Jónsson á Múla lofaði ofannefndum Birni fyrir nóttina helgu eignarjörð sinni Múla skriflega til ábúðar, það sem hann ei þyrfti af henni handa sjálfum sér, hvar uppá Björn reiðir sig og á því hausti býst hann við að flytja frá sinni ábýlisjörðu Márstöðum. Um næstfylgjandi sumarmál, þann 25. apríl nú næstliðinn, byggir hérnefndur Árni sömu jörðina ofannefndum Guðmundi með hendi og signeti og í fylgi þar af flytur Guðmundur sig að Múla í yfirstandandi fardögum jafnvel þó hann vissi að Múli hefði víst að hálfu leyti verið lofaður Birni. Nú ákærir ofannefndur Björn þessi brigðmælgi Árna og flutning Guðmundar á Múlann og uppástendur alvarlega í laganna krafti að Árni standi við sitt loforð og Guðmundur rými frá þar, að svo miklu leyti sem Árni hefði ei sjálfur þörf, með kviku og dauðu frá Múlanum á næstkomandi viku ellegar báðir Árni og Guðmundur standi fyrir því tiltali og sektum sem lögin ákveða í þessu falli þar hann sé fyrir beggja þessara manna framgangsmáta svo að segja húsvilltur með fimm manns og fjármuni sína. Að þessum grundvelli svona lögðum talast nálægum viðkomendum svoleiðis til:

Að svo framarlega sem bóndinn Guðmundur megi njóta allrar ábúðar á 8 hundruðum af ofannefndri jörðu Múla lofar hann að gefa Birni eitt hundrað á landsvísu eða þess fulla andvirði og jarðareigandinn Árni lofar að taka þá hlutdeild þará að Guðmundur uppberi sex gemlinga af áskildri landskuld móti baðstofunnar uppbyggingu, hvað Björn er reiðubúinn að antaka og sættist uppá svo framarlega sem hann fær til ábýlis allan Litla-Ós og sér standi frítt fyrir um þriðji partur af Múla handa þeim sem þaðan frá sér uppstandi, hvað af Árna og Guðmundi er samþykkt. En svo stendur á ábúð á Litla-Ósi að Þórunn Aradóttir hefur þar að nokkru leyti ábúðarrétt að helfingi og forlíkunarmaðurinn Eggert lofar að sjá henni fyrir samastað svo það standi ekki í vegi að sá partur losni. Á hinum helfingnum Litla-Óss býr bóndinn Gísli Gíslason, sem einasta fyrir munnlega eftirlátsemi, ef hönum yrði ekki annað til, við mág hans Teit á Þóreyjarnúpi er þar nú. Svo var bæði Teiti og Gísla af nefndum forlíkunarmanni skriflega fyrir síðastliðin jól tilkynnt: Að jörðin

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 97 11/7/17 10:32:42 PM

skyldi nú laus vera á fardögum, en nýlega samþykkt við Teit bónda, en „aldrei Gísla fyrr né síðar“, að hann Gísli yrði við partinn nú byrjað fardaga ár, þar honum yrði ekkert útvegað.

Jafnvel þó að forlíkunarmönnunum sýnist þessi bygging á Litla-Ósi til Teits vel af leidd ef Gísli fær 4 hundruð af Múla næsta ár vill hvorki Björn né þeir slútta að þessu sinni neina forlíkun án þess að yfirvaldið sjái ei lögum ósamkvæmt og í þessum vandræðum nauðsynlegt að Björn geti náð ábúð á öllum Litla-Ósi þetta ár heldur að fengnu meðáliti þess, hafa sér áskilið og geymt svo að færa þessa forlíkun til protokolls síðar. Ut supra.

H. Ámundason Eggert Jónsson

Sem viðkomandi sakar aðilar:

Björn Grímsson Á. Jónsson
Guðmundur Guðmundsson

Rétt skrifað eftir original forlíkunarskjalinu, sem sent var til herra sýslumannsins, hvörs atkvæði hér þurftu ei um að koma þar Björn Grímsson og Gísli Gíslason foreinuðust um Litla-Ósinn yfirstandandi fardagaár.

Vitna:

H. Ámundason E. Jónsson

1824 þann 2. febrúar kom eftir áður útgefnu fyrirkalli dagsettu strax nefndan dag Jón Jónsson Heidimann vinnumaður á Bálkastöðum fyrir forlíkunar commissionena á Melstað sem ákærandi húsbónda sinn Einar Skúlason, hvör að ekki mætti né neinn í hans stað nema með óantakanlegu prívat bréfi til annars forlíkunarmannsins af 29. fyrri mánaðar hvar í hann afsakar sig með veikleika sínum að koma á forlíkunarstaðinn til að svara ákærum Jóns, sem þessi segir að séu: „Út af ýmislegu í þeirra sambúð og einkanlega viðvíkjandi kaupgjaldi Jóns og þarveru, hvörri hann vill ei framhalda á meðan svo stendur“, sem standi. Hvörs vegna sökinni er frávísað til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason E. Jónsson

Anno 1824 þann 3. febrúar komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bændurnir Guðmundur Jónsson á Refsteinsstöðum og Kristján Jónsson á Haugi, sá fyrri sem ákærandi þann síðara fyrir ómannlega kláruð skuldaskipti þeirra á milli í tilliti til landskuldar næstliðið ár eftir hans ábýlisjörðu Haug og ábúð á honum í trássi við (meinta) löglega útbyggingu fyrir næstliðið fardagaár, hvörjir þó eftir gjörða tilraun gátu í greindum ákærupóstum ekki látið

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 98 11/7/17 10:32:43 PM

sér saman koma. Hvar fyrir vísast nefndu málefni til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason E. Jónsson

Anno 1824 þann 24. júní mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað herra studiosus Ólafur Ingimundarson á Torfalæk fyrir sinn fullmegtugan studiosus herra Arnbjörn Árnason á Stóra-Ósi sem ákærandi bóndann Pál Illugason á Haugi, hvör að mætir hér í eigin persónu. Málefni þeirra er svo varið:

Að stúdent Ólafur lánaði þann 29. desember 1822 Páli bónda þá verandi í Hamrakoti 20, segi tuttugu, specíur danskar og pantsetur sex hundruð í eignarjörð sinni Haug velnefndum studioso Ólafi. En í millitíð selur Páll herra sýslumanni Jóni á Melum jörðina Haug án þess að láta panthafandann vita af því eður neitt betala af þeim lánuðu 20 specíum dönskum til dags datum heldur hafi gjört mæðu fyrirhöfn þeim er lánaði honum þær, hvör orðið hefur að uppátaka sér reisur og skriverie til að ná aftur ofannefndu láni.

Að frá og til umtöluðu í þessu efni kemur málspörtunum saman um að nefndur Páll lofar að betala studioso Ólafi þær ofannefndu tuttugu specíur danskar með fullum viðbætir af þeirri lofuðu rentu innan næstkomandi júlímánaðar útgang, samt borga þær tvær af stúdent Ólafi uppástöðnu specíur danskar eður þeirra andvirði í gildandi silfri uppá þá von að hann unni hér eftir kringumstæðum sama jafnaðar í uppá komandi forlíkunartilfelli. Páll lofar einnig að borga með því sama skilorði til forlíkunar commissionarinnar 64 sk. silfurverði og 24 sk. ditto til stefnuvottanna í silfurverði, og uppá þennan grundvöll er þessi forlíkun slúttuð og öldungis afgjörð. Actum ut supra.

H. Ámundason E. Jónsson
A. Árnason Páll Illugason

Anno 1824 þann 16. október voru aftur eftir fyrirkalli af 11. október þessa mánaðar sömu málspartar sem fyrirkallaðir voru næstliðinn 2. febrúar hér til staðar góðviljuglega, nefnilega klagandi þá Jón Jónsson Heidimann þá vinnumaður á Bálkastöðum og húsbóndi hans Einar Skúlason þá verandi, sem ekki hefur getað mætt fyrr í eigin persónu heilsulasleika vegna. Sökin var áhrærandi kaup Jóns, sem að nokkru leyti stóð í treyjunni er þeir höfðu accorderað um, sem nefndur húsbóndi hefur aftur til sín tekið og uppá annan máta borgað, hvar fyrir þessi sök er forlíkuð og til lykta leidd. Ut supra.

H. Ámundason E. Jónsson
Jón Jónsson Heidimann, nú vinnumaður á Gauksmýri
Einar Skúlason

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 99 11/7/17 10:32:43 PM

Anno 1825 þann 6. maí vorum við undirskrifaðir forlíkunarmenn í Miðfjarðar sáttaumdæmi eftir beiðni bóndans Gísla Þórðarsonar á Torfustöðum, sem hafði fengið ljúft samþykki herra studiosi J. Thorarensens til að mæta ásamt okkur á þrætuplássinu milli Torfustaða og Víðidalstungukirkjujarðar Sporðs til að semja sín á milli um það land sem báðir þessara málsparta þóktust eiga.

Að frá og til umtöluðu þessu efni kemur þeim saman um að halda landamerkjum milli téðra jarða úr fremsta tanga þeim sem liggur fram í Miðfjarðarvatn fyrir suðvestan svokallaða Riðavík**,** sjónhending uppí hæsta topp svokallaðrar Bessaborgar, meðan þeir báðir lifa, en þó með því atkvæði af herra studiosi J. Thorarensens hálfu að stiftsyfirvöldin ekki skipi sér að rifta þennan samning fyrr eða síðar þar hann meini sig að hafa betri ástæður til þrætuplássins eftir sínum skjölum. Ut supra.

H. Ámundason	E. Jónsson
J. Thorarensen	Gísli Þórðarson

Anno 1827 þann 23. júní var tilstaðar að Kirkjuhvammi forlíkunarcommissarius Halldór prestur Ámundason ásamt tilteknum dánumanni fyrrverandi hreppstjóra í Kirkjuhvammshrepp Birni Guðmundssyni á Ytri-Völlum til að gjöra forlíkunartilraun millum S.T. [Studiosus Theologiae] prestsins síra Jóns á Breiðabólstað í Vesturhópi, er nú mætir sem ákærandi fyrir sinn fullmegtugan S.T. prestinn síra Þorvarð hans son og sem verjandi Ánastaðarjarðar Eggert Jónssonar sama staðar og Ámunda Bjarnasonar að Sauðadalsá, hvörra misklíðarefni orsakast hefur af þrætuparti milli Breiðabólstaðarkirkjujarðar Almennings og straxnefndra Ánastaða. Plássið sjálft er milli Ullarlæks og Krossavallarlæks.

Hvorutveggja ofanskrifaðir málspartar voru með fyrirkalli af 8. hujus anmóðaðir til að koma með öll sín skjöl og document áhrærandi nefndan þrætupart og framleggjur S.T. presturinn síra Þorvarður verificerða afskrift af lögfestu Halldórs sáluga prests Hallssonar á Breiðabólstað daterða 19. maí 1730 byggðri á konunglega autoriseruðum máldaga af 1461 biskups Ólafs Rögnvaldssonar undir S.T. herra biskups Steingríms Jónssonar hönd og signeti, hvar í stendur að Krossavallalækur sé landamerki að Almenningi að sunnan móts við Ánastaði. En Ánastaðamenn framleggja ásamt öðrum documentum gjafabréf Ólafs sáluga prests Erlendssonar daterað á Breiðabólstað 19. september 1634 sem tiltekur að Ullarlækur ráði frá sjó neðan og uppá fjall milli Ánastaða og Almennings.

Að frá- og til töluðu um nefndan þrætupart kemur báðum pörtunum saman

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 100 11/7/17 10:32:43 PM

um að senda sín skjöl in originali til stiftsins úrskurðar hvörri jörðu nefndur þrætupartur skuli fylgja. Ut supra.

H. Ámundason B. Guðmundsson
Þ. Jónsson prests síra Jóns Þorvarðssonar vegna eftir fullmakt
E. Jónsson A. Bjarnason

Anno 1827 þann 6. september komu fyrir forlíkunarmanninn Halldór prest Ámundason á Melstað með tilteknum dánumanni hreppstjóra Jóni Brynjúlfssyni á Útibleiksstöðum bændurnir Kristján Jónsson á Dalgeirsstöðum og Ólafur Guðmundsson á Króksstöðum, sá fyrri sem uppástandandi arf fyrir stjúpbörn sín Hall Jónsson 20 ára og Hólmfríði Jónsdóttur nítján ára eftir Guðmund sáluga, föður Ólafs, föðurbróður barnanna, hvörs vegna nefndur Ólafur lét viðkomandi hreppstjóra upp skrifa þann 4. þessa mánaðar eftirlátnar eigur föður síns í því skyni að sanna hvörjar þær væru og hvörs virðis og svo hvað sér og þeim eftir réttum skiptum og sínum nefndu bróðurbörnum bæri, með því móti að hann sleppti allri sinni fyrirhöfn fyrir honum í næstliðin sextán ár, og urðu eignir eftir uppskriftinni uppá 17 vættir og rúma 23 fiska. En í allan umstangs- og fyrirhafnar kostnað síðast fyrir föður sínum er Ólafi tilstaðið af Kristjáni nefndra barna vegna 7 vættir og 23 fiskar af sterfbúi Guðmundar sáluga. En hvar eftirverandi 10 vættir falla til jafnra skipta eftir jöfnuði, þó svo að Ólafur fái þrjá hluta sér skylda í sinn part mót þeirra fulla andvirði, sem þá Ólafur af sterfbúi föður síns uppá 5 vætta virði á landsvísu, en Hallur og Hólmfríður uppá aðrar fimm eftir réttum skiptum, Hallur nefnilega $133^{1}/_{3}$ fiska en Hólmfríður $66^{2}/_{3}$ fiska. Lofar nú Ólafur að afhenda við fyrsta tækifæri sínum bróðurbörnum sinn hlut þó hann eftir líkindum sýndist að hafa átt þessar lélegu leifar föður síns fyrir honum í sextán ár veitta til 86. árs þjónustu. Að öllu svo umtöluðu og undirlögðu er þetta arfstilkall úttalað af viðkomendanna hálfu og aldeilis að lögum forlíkað. Ut supra.

H. Ámundason Brynjúlfsson
Kristján Jónsson Ólafur Guðmundsson

Anno 1827 þann 18. október komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað kleinsmiður Jónas Jónsson með sýslupassa og fullmakt til að innkalla höndlunarskuldir frá Stykkishólmi, þær sem faktor Benedictsen viðskildi en faktor Steenbach viðtók, á meðal hvörra skuldunauta að telja er bóndinn Kristján Jónsson á Dalgeirsstöðum sem nú mætir innstefndur ásamt sínum til-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 101 11/7/17 10:32:43 PM

skikkaða áklagara að tala um þá skuld sem honum er tilreiknuð og svoleiðis kemur fyrir sem frekast verður að komist:

Kristján er debeteraður eftir útgefinni copiu af krambúðarbókinni í Stykkishólmi við höndlan riddara sáluga Thorlaciuss erfingja þann 31. desember 1820 um 5 rd. Svo þarnæst er honum tilreiknaður restans móður sinnar Sigríðar sálugu á Arnarstöðum 22 rd. 12 sk., sem einasta er minnst á með tölustöfunum á nefndri copiu. Þar næst vörur útteknar 23. júlí 1821 uppá 6 rd. og 1 mk. 9. ágúst sama ár 5 pottar brennivíns sem Kristján uppá víst tilstendur, sem allt útgjörir 35 rd. 4 mk. 12 sk. Þar á mót er honum til inntektar reiknaðar vörur uppá 11 rd. 5 mk. 8 sk. þann 23. júlí sama ár. Restera þá 23 rd. 5 mk. 4 sk.

Arngrímur Jónsson í Stykkishólmi tjáist hafa útlagt vegna Kristjáns 6 rd. 1 mk. 8 sk. og restar þá 17 rd. 3 mk. 12 sk. Áklagarinn uppástendur að Kristján betali það hálfa af nefndum restansi strax, hvörju hinn áklagaði neitar fyrr en hann fái:

1. Sitt fyrsta debet rétt útskrifað úr nefnds kaupstaðar höndlunarbókum.
2. Að hann fái rigtuglega bevísað hvör skuld móður sinnar hafi verið þá hún dó, og
3. Bevísað að hann nokkurn tíma þann 23. júlí 1821 hafi þá höndlað við téða höndlan eða nokkur sín vegna, á hvörjum þremum póstum hann segist aunga áreiðanlega vissu hafa.

Þetta antekur ekki áklagarinn, hvar fyrir að téðri sök er vísað með sínum skilmálum til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason	Brynjúlfsson
J. Johnsen	Kristján Jónsson

###

Anno 1828 þann 7. ágúst er þessi protocoll framvísaður amtmanni á Melstað og er þarvið eftirfylgjandi fundið að athuga:

1. Þareð protocollinn er ópagineraður og bandið á honum ónýtt svo varð amtmaður að biðja velæruverðugan síra Halldór Ámundason það fyrsta mögulegt er að bæta úr þessum brestum og þareftir innsenda protocollinn til amtsins til þess hann geti orðið forsiglaður.
2. Að í sáttagjörningum sem áhræra skuldakröfur samkvæmt tilskipun af

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 102 11/7/17 10:32:43 PM

20. janúar 1791 §31 ákvarðist víst termin til borgunar, hvar fyrir utan hér í landi er nauðsynlegt að þegar þess háttar sáttagjörðir hljóða uppá borgun í vissum tilteknum landaurum þá líka ákvarðist að skuldin megi lúkast annað hvort í þeim eður í þeirra gjaldgengu og siðvanalegu ígildi af öðrum vörum eður peningum. Þegar mönnum kemur saman um fleiri en eitt borgunartermin mætti neðanskrifað schema þóknanlegast aðgætast.

3. Þegar sáttagjörningar eiga að uppfyllast faciendo aliqvid [með tilteknum ráðstöfunum] er nauðsynlegt að í þeim, samkvæmt ofannefndu lagaboði, ákvarðist vissar fébætur svo sem 2 mk. til 1 rd. silfurs til hreppsins fátækra fyrir hvörn dag, viku eða mánuð sem sá skuldbundni undandregur uppfyllingu skyldu sinnar, allt eftir málavöxtum og ástandi málsparta, því annars verður sáttagjörðin ekki exeqveruð.

Annars sýnist hentast að sáttanefndin sé sem fáorðust í protocollation þeirra mála sem sættir komast á og kynnu sættir í slíkum málum þegar þau áhræra skuldakröfur máske að stílast sem fylgir mutatis mutandis [að breyttu breytanda]:

Ár 182… Þ… var commissionen haldin og sett í N.N. stað af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

Mál nr. 1/1828 bóndinn N.N. á N.N.

contra

bóndann N.N. á N.N.

rísandi útaf því að ákærandi lýsir eftir skuld uppá 10 rd. nafnvirði hjá þeim ákærða fyrir seldan hest.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir mættu. Í málinu var inngengin svolátandi

sætt

Hinn ákærði skuldbindur sig til að borga þá uppáklöguðu skuld til ákæranda í tveimur pörtum, nefnilega annan helfming hennar innan N.N. datum og hinn innan misserismiðju á yfirstandandi ári undir aðför að lögum og svoleiðis að ef hann ekki lýkur fyrra helfmingi skuldarinnar í hér ákveðinn tíma skal öll skuldin í einu vera forfallin til borgunar og strax exeqverast af viðkomandi réttarins þjón. Málskostnaði til sáttanefndarinnar hefir hinn ákærði strax lokið með 4 rbmk. silfurs og 12 sk. silfurs til stefnuvotta. Sáttagjörðin var upplesin fyrir málspörtum og af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar.

N.N. N.N.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 103 11/7/17 10:32:43 PM

Því næst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:
Ut supra.

G. Johnson

Árið 1829 þann 17. desember var commission haldin og sett á Melstað af báðum þar til skikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið mál 1/1829, sem þannig byrjaði að bóndinn Eggert Jónsson í Tungukoti ákærir bóndann Jónas Björnsson í Skarði fyrir óviðurkvæmileg orð og sakir, sem hann hafi frétt af þeim mönnum er í klöguninni eru framsögð. Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir mættu og í málinu er inngengin svoleiðis sætt.

Sætt:
Hinn ákærði skuldbindur sig til að borga á Kirkjuhvammshrepp fimmtán fiska í landaurum og biðja góðs fyrir á borið ámæli í framanskrifaðri klögun við mæðginin Guðrúnu og Eggert í Tungukoti, samt borga til forlíkunarmanna 4 mk. silfurs og 12 sk. til hvors stefnuvotts. Séu ekki þessir fimmtán fiskar og forlíkunarmanna og stefnuvotta kaupið borgað innan næstkomandi nýárs þá lofar sá ákærði að borga 4 fiska fyrir hvörja viku sem þetta lofað er ekki ent.
Ut supra.

Eggert Jónsson Jónas Björnsson

Þessu til staðfestu undirskrifa

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1830 þann 18. febrúar komu fyrir forlíkunar commissionena bóndinn monsieur Ólafur Björnsson á Auðólfsstöðum í Langadal vegna systur sinnar Ingibjargar Björnsdóttur nú verandi í Skyttnadal í Bólstaðahlíðarsókn, konu bóndans Jónasar Gunnlaugssonar á Þverá í Núpsdal, og nefndur Jónas eftir samkomulagi óstefndur, hvörjum nefnd Ingibjörg gefur til sakar sitt þriðja hórdómsbrot til löglegs skilnaðardóms. Er svo þessi sök fyrirtekin svona viðvaxin eftir laganna fyrirmælum til forlíkunartilraunar og viðleitast að framanskrifuð hjón komi sér saman á ný til hjónalags samlífis og sameiningar, hvör enginn kostur virðist á hvoruga síðuna hvar fyrir þessari sök er vísað sem óforlíkaðri fyrir sinn rétta dómstól. Hvörju til staðfestu að undirskrifa framanskrifaðir málspartar. Sama dag og ár og sama stað.

Ólafur Björnsson Jónas Gunnlaugsson
Undirskrifa

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 104 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1830 þann 10. maí var forlíkunar commission haldin á Melstað á milli bónda Símonar Bjarnasonar á Kirkjuhvammi og Jóhanns Sveinssonar vinnumanns á Bergsstöðum í Miðfirði rísandi út af þeirra heimuglegum viðræðum að sá fyrri ekki færi í kapp við þann síðari með að bjóða uppá það tilvonandi ábýli, það svokalla Egilsstaða eyðikot í Tjarnarsókn. Að umtöluðu þessu efni til forlíkunar þá svara málspartarnir að Jóhann lofar Símoni 20 fiskum í góðum landaurum og með það gjöra þeir sig ásátta og Símon betali forlíkunarmönnum og stefnuvottum sitt löglega kaup. Að þessum svo gjörðum skilmálum ákveða forlíkunarmenn að ef það lofaða verður ekki innan tíu daga greitt svo standi það undir execusion.

Símon Bjarnason J. Sveinsson
H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1830 þann 2. ágúst komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað málspartarnir bóndinn Guðmundur Sigurðsson á Aðalbóli, eigandi Skeggjastaða, og bóndinn Jóhann Bjarnason á Haugi landseti hjá sýslumanni Jóni Jónssyni á Melum. Sá fyrri ákærir þann síðara fyrir brúkun og yrkingu á þeim landsparti Skeggjastaða að vestanverðu við Þverá móts við Haugsland og heimtar bevís fyrir brúkun Skeggjastaðalands í tvö undanfarin ár. En þar þeir koma sér ekki saman og forlíkunarmenn geta ekki komið neinni miðlun á þá ákærðu sök vísast henni til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1830 þann 6. desember mætti fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bóndinn Benedikt Einarsson á Hnausakoti og vinnumaður hans að hálfu Magnús Jónsson, núverandi á Bjargarstöðum, hvar sá fyrrnefndi áklagar hinn síðara fyrir illyrði við sig sem húsbónda, og verður þessi þeirra sátt að Magnús Jónsson biður Benedikt húsbónda sinn fyrirgefningar á óviðurkvæmilegum orðum sem hann hafi til hans talað. Um vistarrof var ogsvo talað að Magnús fór án Benedikts sem húsbónda leyfis burt úr vistinni og verður húsbóndans uppástand að Magnús gjaldi 230 fiska og megi vinna af sér fyrrnefnda 30 fiska og að þetta skal verða goldið innan árs og dags eftir þeirra samkomulagi. Til forlíkunarmannanna borga báðir í sameiningu það lögboðna kaup, en í fall af það uppástaðna gjald verði ekki goldið á ákvarðaða tíð þá undirgengst Magnús að borga á hvörja viku 12 fiska sem gengur fram þann tiltekna tíma. Ut supra.

Benedikt Einarsson Magnús Jónsson

Forlíkunarmenn

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 105 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1831 þann 18. apríl komu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bóndinn Stefán Jónsson á Ánastöðum og Jón Jónasson föður síns vegna í sjúkdómsfalli Jónasar Björnssonar á Skarði að svara fyrir hann um misklíðarefni millum straxnefndra málenda rísandi útaf óviðurkvæmilegum og óbevísuðum orðum sem sá síðarnefndi hafði átt að tala um hinn fyrrnefnda.

Sættin er þessi:
Að bóndi Jónas biður bónda Stefán á Ánastöðum að tilgefa sér áður umgetin orð, fær honum eina specíu danska – gefur til fátækra í Kirkjuhvammshreppi 3 mk. reiðusilfurs. Laun forlíkunar commissionarinnar eru óafgjörð.

Stefán Jónsson Jón Jónasson föður míns vegna
H. Ámundason

Árið 1831 þann 3. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað óstefndar persónur, Jón Halldórs prófasts son og Björg Skúladóttir vinnukona nú á Melstað, og bæði þau. Jón Halldórsson er sá sem áklagar nefnda Björgu fyrir fréttaburð ósæmilegra orða sem eftir henni eru höfð um mikið óskikkanlegar samfarir þriggja og jafnvel fleiri manneskna á nefndum bæ, sem sterkar líkur fást til að hún hafi útborið án þess að hafa nokkuð fyrir sér nema nú dauðs manns orð. Nefnd Björg ræður því af, eftir uppáklagarans uppástandi, að gjöra fyrirbón fyrir að fyrirgefa sér eftir sér höfð illmælisorð. Í þessu falli af öllum sakarinnar viðkomendum hefur hún óskað og fengið uppgjöf áður umgetins tilhæfulauss fréttaburðar. Lætur til áklagarans eina danska specíu og til forlíkunarmanna sín laun.

Sættin er þá þessi:
Að haldið sé sem ofanskrifað er og að ofannefnd Björg betali til fátækra í Torfustaðahrepp 10 fiska innan árs og dags, og borgi þrjá fiska fyrir hvörja viku sem það undan dregst fram yfir það áskilda termin. Ut supra.

J. Halldórsson Björg Skúladóttir

Þessu til staðfestu undirskrifa

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1832 þann 5. janúar komu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað vinnumaður Magnús Jónsson í Hlíð sem áklagandi og Sölvi Bjarnason vinnumaður á Sauðadalsá sem forsvarandi sig út af ærskiptum sem þeir höfðu haft

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 106 11/7/17 10:32:43 PM

á næstliðnu vori. Út af téðri sök til og frá umtalaðri á millum málspartanna þá hafa þeir svoleiðis sættst uppá:

Að Magnús uppástendur að Sölvi fái sér aftur þá umtöluðu hyrndu gráu á sem hann tók út úr fjárhúsi húsbónda síns næstliðinn þriðjudag síðsta í jólaföstu undir aðalmarki síns húsbónda og að Sölvi betali kaup til forlíkunar- og stefnumanna innan sex vikna, og að Sölvi ditto borgi 10 fiska til fátækra í Kirkjuhvammshrepp fyrir óumþenkta burttekningu téðrar ár. Jón bóndi í Hlíð, húsbóndi Magnúsar hér nærverandi, uppástendur að Sölvi láti til sín 20 fiska í landaurum fyrir missir vinnumanns síns Magnúsar, en uppgefur nefnda fiska af Sölva ef Sölvi vill þakka fyrir nefnda fiska, sem hann og þakklátlega gjörir.

Sættin er þessi:
Er með framanskrifuðum skilmálum fullgjörð af málspörtunum, fyrir þeim upplesin af þeim undirskrifuð, og gildir án birtingar.

Magnús Jónsson (með handsölun) Sölvi Bjarnason

Sáttanefndin undirskrifar:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1832 þann 20. ágúst komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað Guðrún Jónsdóttir búandi á Fremri-Torfastöðum í Miðfirði og bóndinn Guðmundur Sigurðsson á Aðalbóli, eigandi Skeggjastaða, ásamt ábúendum þar, Jóni Guðmundssyni og Helga Jónssyni, til að afgjöra um þrætupartsskika milli nefndra jarða Torfastaða og Skeggjastaða er liggur fyrir vestan Þverá fram undir Torfastaðavatnsós og svo framvegis eftir nú framlögðum 120 ára gömlum lögfestum og vitnisburðum, því þrætuefnið hefur þókt svo ómerkilegt að enginn hefur virt sig til að láta það ganga fyrir lands lög og rétt allan þennan umgetna tíma.

Hlutaðeigendum kemur ekki saman um þrætuefnið, sem meinast að verði í hæsta lagi 6 fiska virði árlega. Guðrún segir að þrætupartsskikinn megi brúkast í sameiningarbeit og að ef Guðmundur geti bevísað með tækum vitnum að þrætuparturinn hafi verið löglega yrktur af Skeggjastaða ábúendum innan 22 ára að frádregnum slætti í fyrra og nú í sumar þá skuli hún standa til andsvara fyrir sinn framburð, en Guðmundur segir að lögin skuli skera úr þrætuefninu þeirra á milli og þess vegna vísast sökinni til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 107 11/7/17 10:32:43 PM

Ár 1832 þann 29. desember komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað Jón Sveinsson núverandi húsmaður á Bergsstöðum í Miðfirði sem ákærandi og bóndi Engilbert Jónsson á Syðri-Reykjum sem forsvarandi þau ógætnisorð sem nefndur Jón segir téðan Engilbert við sig sagt hafa. En eftir það að forlíkunarmennirnir hafa miðlað málum milli nefndra málsparta sættast þeir og sættin er þessi:

Að Engilbert vill hafa fyrrnefnd orð ótöluð hafa, lofar að borga stefnuvottum og forlíkunar commission sitt ákveðna útgjald samt borga til fátækra í Torfustaðahrepp 40 fiska í meðalverði á landsvísu innan þess 1. febrúar næstkomandi, en verði þeir ekki greiddir innan tiltekins tíma skulu borgast og exeqverast sjö fiskar fyrir hvörja viku. Þessi sætt gildir án stefnuvotta birtingar.

Sama stað, ár og dag sem hinumegin er nefndur.

Jón Sveinsson Engilbert Jónsson

Framanskrifuðu og ofan undirskrifa til staðfestu:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1832 þann 29. desember komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bóndi Magnús Magnússon á Reykjum ytri sem áklagandi bónda Engilbert Jónsson á Syðri-Reykjum fyrir óviðurkvæmileg ógætnisorð sem hann hafi gefið sér á sínu eigin heimili og hinn síðarnefndi til að forsvara sig. Að til og frá umtöluðu ákæruefninu verður þessi

sættin:
Að nefndur Engilbert vill hafa umgetin orð oftalað hafa og beðið á forláts samt skuldbundið sig til að betala til forlíkunarmanna og stefnuvotta það þeim ber að hafa og láta úti 40 fiska á landsvísu meðallagsverði, annan helfing til Magnúsar contraparts síns en hinn til fátækra í Torfustaðahrepp. Þetta útgjald á að borgast innan næstkomandi 1. febrúarmánaðar en verði það ei exeqverast eftir lögum það heila sjö fiskar á viku hvörja ef mótþrói bannar. Ut supra.

Magnús Magnússon Engilbert Jónsson

Framan og ofanskrifuðu til staðfestu undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 108 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1832 þann 29. desember mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bóndi Helgi Helgason á Saurum sem áklagandi bónda Engilbert Jónsson bónda á Syðri-Reykjum um skuldaskipti þeirra á millum og sá síðarnefndi mætir í eigin persónu. Eftir það að forlíkunarmennirnir hafa talað eftir skyldu sinni verður sakarinnar útfall:

Að báðir málspartarnir hafa samþykkt að hvör fyrir sig fái sitt af því umtvistaða efni og að hvor fyrir sig afhendi það í tveggja skilvísra manna viðurvist innan 7. næstkomandi janúar og jafnframt borgi til stefnuvotta og forlíkunarmanna sitt ákvarðaða kaup. Ut supra.

Helgi Helgason Engilbert Jónsson

Undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1833 þann 26. janúar komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bóndi Guðmundur Eyjólfsson á Bálkastöðum í Melstaðarsókn sem ákærandi húskonu sína Sigríði Jónsdóttur áhrærandi illmælisorð sem hún hefði gefið sér og konu sinni.

Að til og frá umtöluðu um þeirra orðalag beggja málspartanna slúttast forréttingin svoleiðis að ofannefnd Sigríður undirkastar sig að betala til forlíkunarmanna og stefnuvotta þeirra ákveðna gjald og að allir viðkomandi málspartar hér með undirskrifa

sættina:
Sem fast ákvörðuð er, að ofannefnd Sigríður undirkastar sig að betala bæturnar til stefnuvotta og forlíkunarmanna og jafnframt 10 fiska til Torfustaðahrepps fátækrakassa. Jafnframt svo vill og nefnd Sigríður aftur taka sín óviðurkvæmilegu orð, en verði þessir 10 fiskar ekki greiddir ásamt til stefnuvotta og forlíkunarmanna innan tiltekins tíma, nefnilega 2. febrúar næstkomandi, þá eru sjö fiskar á viku hvörja fast sett múlkt ef mótþrói bannar. Slúttast svo sættir uppá ofanskrifaðan grundvöll. Sama stað, ár og dag sem fyrr er nefndur. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson
Sigríður Jónsdóttir Guðmundur Eyjólfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 109 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1833 þann 29. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bóndinn Halldór Brynjúlfsson á Svarðbæli sem áklagandi Loft Magnússon heimilismann á Bessastöðum fyrir brigðmælgi á loforði sínu á næstliðnum vetri að sá síðarnefndi hefði lofað sér fyrstum manna þeirri kú er hann átti og sé búinn að fá öðrum móti því sama loforði, sem Halldór segist muni fá vitni til að hann játað hafi. En að frá og til umtöluðu á milli málspartanna verður útfallið:

Sættin:
Í umtöluðu prætuefni þá hafa hlutaðeigendur Halldór og Loftur sameinað sig um að Loftur haldi sinni kú og Halldór sleppi sínu uppástandi með kúna. Loftur borgi til forlíkunar og stefnuvotta sitt ákvarðaða kaup. Ut supra.

Halldór Brynjúlfsson Loftur Magnússon

Framan skrifuðu forlíkunarverki til staðfestu undirskrifa ante ut supra:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1833 þann 22. júní komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bændurnir Benedikt Einarsson á Hnausakoti og Kristján Jónsson á Dalgeirsstöðum, sá fyrri sem áklagari fyrir óviðurkvæmileg orð og verk við sig í frammi höfð þann 13. maí næstliðinn í fólks samkvæmi á Staðarbakka og sá síðari til að svara nefndum ákærum. Að frá og til umtöluðu bæði af málspörtunum og af commissionenne verður sakarinnar útfall að:

Bóndinn Kristján Jónsson biður mótpart sinn bónda Benedikt að koma með skikkanleg tvö eða þrjú vitni, þó án eiðs afleggingar fyrir það fyrsta, sem staðfesta kunna nefnt brot uppá sig með sáluhjálpareiði, ef þörf skyldi gerast, og þá lofar Kristján að gott gjöra fyrir sína yfirsjón eftir því sem báðum eftir bróðurlegum kærleika best kann um að semja. Hér uppá svarar áklagarinn að hann skuli gjöra tilraun til að fá vitni uppá framburði þess áklagaða við sig en hvört þau bera nokkuð í þessu málefni óstefnd kann hann ekki að segja. Ut supra.

Benedikt Einarsson Kristján Jónsson

Undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 110 11/7/17 10:32:43 PM

Eftir forlíkunar commissionarinnar í Miðfirði fyrirmælum þann 22. júní þetta ár voru fyrirkallaðir þann 18. þessa mánaðar bændurnir Benedikt í Hnausakoti og Kristján á Dalgeirsstöðum til að klára þeirra umtalsefni sem ei gat afgjörst. Var því þess vegna tiltekinn dagurinn í dag að þeir kæmu hér til staðar og afgjöra hvort misklíðarefnið geti ekki orðið á enda kljáð. Sá fyrrnefndi mætti í tæka tíð en hinn síðarnefndi er ekki til staðar klukkan fjögur eftir miðdegi. Hafi lögleg forföll bannað þeim síðarnefnda málsparti að mæta hér eins og tilgreint var þá má þeirra Benedikts og hans mótparts innbyrðis bróðurlega forlíkun hafa framgang eins eftir sem áður, ef þeim getur saman komið um, en í mótstæðilegu tilfelli skulu þeir gefa oss forlíkunarmönnum útfall sakarinnar til kynna þann 23. þessa mánaðar svo að við getum þá lögsamlega vísað sökinni til lands laga og réttar eða ekki.

Melstað 18. júlí 1833.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Þann 19. júlí 1833 er næst umhöndlaðri sök vísað til lands laga og réttar sem óforlíkaðri.

H. Ámundason

Árið 1833 þann 10. september mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað vinnumaður Zacheus Bjarnason á Dalgeirsstöðum sem áklagandi vinnumanninn Magnús Jónsson á Húki fyrir illa meðferð og breytni á sér sunnudaginn þann 1. september yfirstandandi, sem ogsvo er hér til staðar til ansvara, og verður þá útfallið:

Sættin:
Að Magnús biður opinberlega fyrirgefningar mótpart sinn Zacheus og borgar honum eftir hans uppástandi specíu fyrir sína fyrirhöfn. Lofar að borga til forlíkunarmanna og stefnuvotta þeirra kaup, sem Magnús á að betala til Zacheusar, og þessi að gjalda það hlutaðeigendum. Sömuleiðis lofar Magnús að betala 10 fiska til fátækra í Torfustaðahrepp. Þetta á allt að borgast innan 17. þessa mánaðar undir execution að lögum, en fiskvirði dagsdaglega sem það uppákveðna dragist að borgast skal múlktin aukast. Ut supra.

Zacheus Bjarnason Magnús Jónsson

Undirskrifa:

H. Ámundason Jón Brynjúlfsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 111 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1833 þann 16. október mættu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað egtahjónin Jón Sveinsson vinnumaður á Bergsstöðum og Freygerður Guðmundsdóttir, bæði fríviljuglega án vanalegs og lögformlegs fyrirkalls, til að tala um sína egtaskapar sambúð, hvort hún geti ekki áfram haldist, en þau hafa fast í huga ásett sér að skilja samvistar ad interim að borði og sæng án þess að gefa hvort öðru neitt sérlegt ákæruefni. Bæði sá viðkomandi sóknarprestur S.T. síra Eiríkur Bjarnason á Staðarbakka og forlíkunarmennirnir hafi lagt sín bestu orð til að þau í einingu framvegis saman byggji, þó í fátækt sé, en tilraunin varð til forgefins vegna innfallandi lífsins kringumstæða.

En uppástaðið er af viðkomendum að Jón láti konu sína fá helfing strax þess sem hún færði inn í þeirra samfélag en hinn helfingur útbetalist á þriggja ára fresti. Jón lofar að betala á morgun tuttugu og tvær specíur en á næstkomandi vori fjórar ær og kú í góðu standi, en hann lofar því uppástaðna að þriggja ára fresti; en sé ei peningunum svarað á tilteknum tíma, og sömuleiðis þeim lifandi peningi í næstkomandi fardögum, og því eftirstandandi af fjármunum konunnar Freygerðar á því tiltekna tímabili ef þau verða ekki saman í egtalegu egtaskaparsamlífi innan þriggja ára, þá er Jóni ákveðin múlkt 1 rd. reiðusilfurs fyrir hvörja viku í forsómunar tilfelli til fátækra í Torfustaðahrepp og bæði hjónin borga forlíkunarmönnum sín ákveðin laun eftir laganna bókstaf. Ut ante.

Jón Sveinsson

Uppá Freygerðar Guðmundsdóttur vegna eftir gefinni fullmagt
G. Guðmundsson
H. Ámundason J. Brynjúlfsson
B. Bjarnason
Undirskrifar sem viðstaddur vegna stjúpföður Freygerðar, B. Bjarnason.

Anno 1833 þann 19. október komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bændurnir Engilbert Jónsson bóndi á Reykjum og bóndi Helgi Helgason á Saurum, sá fyrri sem áklagandi hinn síðarnefnda fyrir illa meðferð á sér sunnudagskvöldið þann 13. hujus, sem hann tjáist vottun bera eftir þeirra viðskipti á Saurum, hvört hann tjáist með friði komið hafa. Hvörju Helgi svarar svoleiðis: Að hann gegni ekkert þessu ámæli en sú uppáklagaða sök megi ganga til lands laga og réttar. Var svo forlíkunartilraunum slúttað. Ut supra.

Helgi Helgason Engilbert Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 112 11/7/17 10:32:43 PM

Undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Macûlæ tilheyra málspörtunum.

Anno 1833 þann 26. október mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bændurnir Guðmundur Jónsson á Lækjamóti og Jón Einarsson bóndi á Spena, sá fyrri sem áklagandi hinn síðara fyrir ókláruð skuldaskipti er milli sín og konu sinnar Vilborgar Guðbrandsdóttur sem að voru 8 fjórðungar smjörs sem hálfar leigur af hennar innistandandi kvikfé af föðurarfi hennar hjá ættbróður sínum straxnefndum Jóni Einarssyni.

Að til og frá umtöluðu verður sakarinnar útfall að: Guðmundur Jónsson tilstendur nefndum Jóni að mega borga tilnefnda átta fjórðunga smjörs í ullu, smjöri og tólg samt peningum svoleiðis að dönsk specía sé á 30 fiska á landsvísu, ef Jón svo vill, hvað Jón ljúflega samþykkir. Hér að auk lofar Jón að borga til forlíkunarmanna og stefnuvotta sitt ákvarðaða kaup og þar að auki tvo áttskildinga heila, sem hann nú á þessu augnabliki hefur afhent í peningum til Guðmundar og sitt uppástand að öllu leyti eftir inngefinni klögun. Ut supra.

Guðmundur Jónsson Jón Einarsson

Undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Anno 1833 þann 26. október mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bóndinn Guðmundur Jónsson á Lækjamóti og vinnumaður Páll Bjarnason á Torfustöðum áhrærandi þeirra misklíðarefni. Að því og frá umtöluðu verður: Að Páll lofar að láta til forlíkunarmanna sín ákvörðuðu laun og stefnuvotta sem lög ákveða. Ut supra.

Guðmundur Jónsson Páll Bjarnason

Sem forlíkunarmenn:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Macûlæ tilheyri málspörtunum með allri óþökk.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 113 11/7/17 10:32:43 PM

Anno 1834 þann 21. maí var eftir lögboðnu fyrirkalli hér til staðar á Melstað bóndinn Helgi Helgason á Saurum til að svara uppá það áklögunarefni sem bóndinn Benedikt Einarsson í Hnausakoti begærði forlíkunartilraun um þann 7. þessa mánaðar en hvorki mætti hann né sá sem hann segir sig fullmagtað hafi. Hvarfyrir að forlíkunar commissionen leggur sökina til síðu inntil víðara. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1835 þann 4. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bóndinn Benjamín Bergþórsson og vinnumaður Jónasar á sama bæ Elías Hálfdánsson, sá fyrri sem áklagandi hinn síðarnefnda fyrir misþyrmingu á sér skírdagskvöld næstliðið sem hann segist ekki geta liðið umtalslaust.[1] Að öllu þessu málefni frá og til umtöluðu: Benjamín fram býður sætt með einni specíu í sáttarbót og að Elías betali til jafnaðar til forlíkunarmanna og stefnuvotta, hvörju aldeilis Elías neitar hvar fyrir að sökinni vísast til lands laga og réttar.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1835 þann 17. júní komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað egtahjónin Benjamín Bergþórsson og Snjólaug Magnúsdóttir sjálfviljuglega til að semja skilmála með hvörjum þau vilja aðskilin vera að borði og sæng. Eftir að þau hafa framvísað síns sóknarprests síra Eiríks Bjarnasonar attesti af 16. júní þetta ár um að þau hafi ekki fengist til, fyrir sínar tilraunir og áminningar, að vera lengur saman í egtaskapar samlífi, sem forlíkunar commissionen hefir með sínum ítarlegu viðburðum sannað og reynt satt að vera, sem velnefndur prestur attesterar. Hvörs vegna þau framsegja þá skilmála sem þau vilja gjöra sín á milli við þennan fyrir það fyrsta interim skilnað.

Sættin er þá þessa fyrrnefndra hjóna á milli eftir því sem hennar egtamaður þvingar hana til:

Að helfinga fjárlag gjörist þeirra á milli að föstu og lausu góssi að öllum skuldum frádregnum svo vel meðgjöf með hennar barni í fimm ár undanfarin, sem hún átt hafði með öðrum áður en hún kom til Benjamíns og að þau framvegis gefi með sínu egtabarni hann að tveimur pörtum en hún að einum parti, og móðir egtabarnsins lofar að farga ekki fasteignum ef hún mögulega getur og hvort um sig lofar að betala til helminga til forlíkunarmanna.

Benjamín Bergþórsson Snjólaug Magnúsdóttir
H. Ámundason J. Brynjúlfsson

1 Bæjarnafn er ekki tilgreint í handriti en samkvæmt manntali ársins 1835 bjó allt þetta fólk á Rófu í Miðfirði og voru Benjamín og Jónas jafnframt eigendur jarðarinnar.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 114 11/7/17 10:32:43 PM

Árið 1836 þann 10. júní voru viðkomandi forlíkunarmenn í Miðfjarðar districti til staðar í landaþrætuplássi millum Sauðadalsár og Hlíðar á Vatnsnesi til að yfirlíta nefnt þrætuefni og gjöra tilraun til að semja milli hér nefndra jarða eigenda monsieur Bjarna Jónssonar og monsieur Jóns Sigurðssonar. Að frá og til umtöluðu varð þeirra samkomulag að landamerkin að neðanverðu væru úr ytri Krókalágarhöfða, þar sem á verður sett nýgjört merki með grjótgarðsstúf sem kol verða undir lögð, og þaðan uppí svokallaða Þorsteinsvörðu, sem er á háu holti, og þaðan svo sjónhending uppí stóran stein sem einstakur stendur í geirunum fyrir sunnan og undan Hlíðarfjallsöxl ytri, sem markast á með úthöggnum bókstafnum L.

Þessu til staðfestu undirskrifa viðkomandi málspartar, staddir í Hlíð þann tiltekna dag og ár.

Bjarni Jónsson Jón Sigurðsson

Sem forlíkunarmenn undirskrifa:

H. Ámundason Jón Brynjúlfsson

Árið 1837 þann 11. maí mættu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað að lögum óaðskilin hjón Benjamín Bergþórsson og Snjólaug Magnúsdóttir, áður búandi á Rófu, hann sem áklagandi hana fyrir framið hórdómsbrot í þeirra sundurslitnu hjónabands samverutíð frá 17. júní 1835 allt til dags datum en hún sem biðjandi fyrirgefningar á yfirsjón sinni og óskandi að hann vildi taka sig í sátt aftur. Að frá og til umtöluðu með innilegustu orðum fæst Benjamín ekki til að taka hana í sátt við sig, hvar fyrir að sökinni vísast til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1837 þann 24. maí komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað S.T. presturinn síra Gunnlaugur Gunnlaugsson á Stað og bóndinn Árni Björnsson á Þóroddsstöðum og stjúpsonur hans Þorsteinn Jónsson á sama bæ til að tala og semja um misklíð þá sem orðið hefur útaf hvalkálfi þeim er rak á Þóroddsstöðum næstliðið haust áhrærandi einn sérskildan póst í Auðunnar biskups máldaga af 1318 um reka á Þóroddsstöðum Staðarkirkju tilheyrandi, er framanskrifuð klögun tilgreinir á $^{1}/_{16}$ í skiptum.

Að frá og til umtöluðu málefni bæði af málspörtunum og forlíkunarmönnunum verður sættin þessi: Að ofanskrifaður bóndi Árni og stjúpsonur hans Þorsteinn lofa að útleggja til S.T. prestsins þann uppástaðna part af þeim

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 115 11/7/17 10:32:44 PM

umgetna hvalkálfi með 3 rd. 38½ sk. reiðusilfurs, hvörjir peningar að borgast skuli innan 1. júnímánaðar næstkomandi undir múlkt af 16 sk. reiðusilfurs fyrir hvörja viku sem ógoldið er innan tiltekins tíma til fátækra í Staðarhrepp. Til forlíkunarmanna betala hlutaðeigendur það sem lög ákveða. Sáttargjörðin var upplesin fyrir málspörtunum og af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar. Ut supra.

G. Gunnlaugsson Árni Björnsson
Þorsteinn Jónsson

Til staðfestu:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1837 þann 30. maí mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað bændurnir Sigvaldi Jónsson á Litlu-Ásgeirsá og Þorleifur Halldórsson á Vatnshorni, sá fyrri sem áklagandi þann síðarnefnda og sá aftur á mót sem forsvarandi sig í þeim á milli farandi misklíðarefni sem rís út af jörðinni Vatnshorni eftir því sem klögun Sigvalda útvísar og upplesin er nú dags dato við forlíkunina og hefur verið hlutaðeigendum löglega birt.

Að frá og til umtöluðu þrætuefninu, nefnilega því: Að Sigvaldi vill hafa frían innlausnarrétt á 10 hundruðum úr óðalsjörð sinni Vatnshorni eftir Þorleifs dag, ef honum verður ekki lífserfingja auðið, með sama verðlagi sem hún var útlögð til Þorleifs. Verður Þorleifs svar að hann vilji búa á henni sína lífstíð og jörðin sé sín eign að öllu leyti um sömu tíð en að Sigvaldi eigi eftir sinn dag innlausnarrétt á þeim umtöluðu 10 hndr. með billegu verði ef ekki verður lífserfingja auðið. Málspartarnir borga bæði forlíkunarmönnum og stefnuvottum báðir sameiginlega. Ut supra.

Sigvaldi Jónsson Þorleifur Halldórsson

Sættinni til staðfestu undirskrifa:

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1837 þann 15. júní áttu eftir áðurgjörðri umkvörtun bóndans Gunnars Marteinssonar á Syðri-Kárastöðum og þaraf fylgjandi begærðu fyrirkalli að mæta á Melstað proprietarii presturinn síra Gunnlaugur á Stað og bóndinn Gísli Magnússon á Þambárvöllum til að afgjöra milli sín um landaþrætu milli Syðri- og Ytri-Kárastaða, ef þeim svo sýndist. Dags dato ómakaði sig með

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 116 11/7/17 10:32:44 PM

forlíkunar commissarius seigneur Jón Brynjúlfsson hingað á staðinn og hvorra tveggja jarðanna ábúendur en hvorugur jarðeigendanna mættu. Ut supra.

H. Ámundason

###

Skoðaður á Melstað þann 5. júlí 1837 og fundinn vel færður eins og líka sjá má að forlíkunarefni hefir hjá verið prýðilega skýrt. Ut supra.

B. Thorarensen

Árið 1837 þann 11. september komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað vinnumaður Zacheus Bjarnason á Neðra-Núpi sem áklagandi Jón Magnússon núverandi kaupamann í Núpsdalstungu fyrir óforsvaranlega meðferð á sér sunnudagskvöldið þann 3. september yfirstandandi mánaðar á sínu lögheimili og nefndur Jón til að forsvara sig.

Eftir allar mögulegar tilraunar forlíkunarnefndarinnar forgefins til sætta er málsefninu vísað til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Anno 1837 þann 4. nóvember mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað Jónas Jónsson vinnumaður á Svarfhóli í Laxárdal með verðslegu fríheita attesti sem áklagandi bónda Benedikt Einarsson á Hnausakoti út af auðsýndri tregðu hans í að greiða innkallaðan föðurarf Guðbjargar Guðbrandsdóttur nú orðinnar konu Jónasar er skyldi hafa verið upp á 24 rd. reiðusilfurs. Sömuleiðis sauðkindaverð er hún fór með til hans frá Bjargarstöðum sem vinnukona og fleira sem nefndur Jónas uppástendur. Í sama máta mætti og strax nefndur bóndi Benedikt sem andsvar gefandi uppá Jónasar kröfur. Að frá og til umtöluðu efninu til fyrirkallsins verður útfallið þetta:

Þar málspörtunum getur ómögulega saman komið um sökina til sættasamninga vísast henni til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Í samanhengi við áðurgjörða forlíkunartilraun á Melstað þann 16. október 1833 milli hjónanna Jóns Sveinssonar nú á Búrfelli og Freygerðar Guðmundsdóttur vinnukonu á Aðalbóli eru þau hér enn á Melstað dags dato 1. mars þetta ár bæði fríviljuglega komin til að undirbúa sína sök til lögform-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 117 11/7/17 10:32:44 PM

legs hjónaskilnaðar. Fyrrtéðan dag og ár lagði bæði viðkomandi sóknarprestur síra Eiríkur Bjarnason ásamt forlíkunar commissionenne sín bestu orð til að þau áframhaldi sinni egtaskapar sambúð, sem þó varð til forgefins án þess þau gæfu hvort öðru neina sérskilda sök til aðskilnaðarins og nú í dag ítrekar commissionen sína proforma uppáboðnu forlíkunartilraun árangurslaust, hvað og viðkomandi sálusorgara attest af gærdags dato staðfestir. Ut supra.

1. mars 1838

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1838 þann 10. október mættu fyrir forlíkunar commissionenne á Melstað sem áklagendur: Studiosus herra R. M. Olsen og bóndinn Jóhann Bjarnason á Haugi, Skeggjastaða ábúendur Helgi Jónsson og Guðmundur Magnússon ásamt Skeggjastaða jarðareigendum bóndanum Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli og bónda Bjarna Guðmundssyni á Bjargshóli, svo að hvör þessara ákærðu svari sínu máli. Að öllu frá og til umtöluðu með ýtrustu ástsemd og áhyggju verður ekkert af forlíkuninni og vísast til lands laga og réttar.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Árið 1839 þann 26. mars komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað bændurnir Benedikt Einarsson sem áklagandi búandi á Hnausakoti og Engilbert Jónsson búandi á Spena sem forsvaraði sig. Misklíðarefnið kemur út af kú og kýrkaupum og hennar fóðri samt þar af fljótandi óþægðarorðum af hálfu hins síðarnefnda. Að frá og til umtöluðu efninu þá verður ekkert af sættinni, hvar fyrir henni vísast til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason J. Brynjúlfsson

Þann 2. dag maí 1839 mættu fyrir efri forlíkunar commissario, í sjúkdómsforföllum hins, sá áklagaði bóndinn Helgi Helgason á Saurum og Halldór Jónsson fyrirvinna á Svertingsstöðum, sem settur er forverjari ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur á Bálkastöðum, ásamt henni sjálfri, til að gjöra sáttatilraun út af heyi eða heysútlátum rísandi milli nefndrar ekkju og straxnefnds bónda. Að frá og til umtalaðri sökinni verður ekkert af sættinni hvörs vegna henni vísast til lands laga og réttar. Ut supra.

H. Ámundason

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 118 11/7/17 10:32:44 PM

Árið 1839 þann 6. maí komu fyrir forlíkunar commissarium í Miðfjarðar forlíkunar districti, stöddum í Kirkjuhvammi, S.T. presturinn Ingjaldur Jónsson, með fullmakt frá föður sínum S.T. prestinum síra Jóni Þorvarðarsyni á Breiðabólstað, og bóndinn Halldór Brynjúlfsson á Þorgrímsstöðum til að semja um nefndrar jarðar ábúð og ábúðarrétt.

Velnefndur presturinn hefur byggt nefndum Halldóri út með reglulegum stefnuvottum á tækri tíð næstliðinn vetur, sinna orðsaka vegna, en hann hefur afsakað sig frá að gegna útbyggingunni. Hvar útaf kemur að málefninu frá og til umtöluðu með mestu lempni verður þannig tilhagað að Halldór finnur sig nú að vísu skuldugan til að rýma frá Þorgrímsstöðum og sýnir þar fyrir öngvan mótþróa, hvar í mót hann nú beiðist að húsbóndinn og aðrir góðir menn vildu leggja ásamt sér góð orð til að Steinn sér meinalaust leyfi að Halldór gæti notað fyrningarhey sitt næstkomandi ár með lítilli viðbót heyskapar eður þá í hið minnsta að mega láta hús sitt standa og hirða þar við kindur að vetrinum og þá skuli hann Steini ama- og mæðulaust alveg burtu verða næstkomandi vor. Þar sem nú þetta málefni gæti eftir ofanskrifuðu til góðrar lagfæringar komist vill forlíkunar commissarius gratis viðkomendum hafa varið sínu ómaki. Ut supra.

H. Ámundason
Ingjaldur Jónsson Halldór Brynjúlfsson

Þann 5. ágúst 1839 komu fyrir forlíkunar commissionena á Melstað hjónin á Sauðadalsá Árni Sigurðsson og Ingibjörg Bjarnadóttir áhrærandi þeirra hjónabands málefni sem óklárud fara frá viðkomendum. Ut supra.

H. Ámundason J. Jónsson

# # #

Ég, Þorlákur Stefánsson kapellán til Staðarbakkaprestakalls, og ég, R. M. Olsen stúdent á Efra-Núpi, kjörnir forlíkunarmenn í Miðfjarðar sáttaumdæmi, lofum og sverjum: Að við af fremsta megni skulum leitast við að koma góðmótlega sátt milli málsparta í öllum þeim málum sem fyrir okkur koma í þessari nefnd og að við þar til skulum styrkja með mögulegasta fylgi og allri ráðvendni eftir því sem okkur er auðið og eftir bestu sannfæringu okkar og samvitsku. Svo sannarlega hjálpi okkur Guð og hans heilaga orð.

Króksstöðum og Efra-Núpi þann 13. desember 1839.

Þorlákur Stephansson Runólfur Magnús Olsen

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 119 11/7/17 10:32:44 PM

Þennan hér hjá skrifaða embættiseið undirskrifar í sama máta þann 24. apríl 1842

Björn Björnsson

Ár 1839 þann 13. desember var commissionen sett á Staðarbakka af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

> Mál nr. 5/1839. Bóndinn Jón Einarsson á Skárastöðum contra bændurna Símon Nathanaelsson á Reykjum og Helga Helgason á Saurum rísandi útaf því: Að ákærandi kvartar yfir að þeir ákærðu hafi næstliðið sumar eftirskilið lömb sín leyfislaust í þess áklaganda heimalandi og þau gjört honum átroðning og ófagnað á búsmala.

Áklagandinn er mættur og framleggur klögunina með uppáteiknuðu fyrirkalli og stefnubirtingu því að ákærðu voru ei mættir við dagsetur – í bærilegu veðri. Áklagandinn krefst commissionarinnar attests um þeirra ákærðu udeblivelse, hvað honum verður meðdeilt. Ut supra.

Th. Stephansson R. M. Olsen

ad. No. 5/1839.
Attest:

Þar eð hvorugur þeirra ákærðu mættu þann tiltekna dag í alfæru veðri, því að morgninum ferðuðust báðir forlíkunarmennirnir frá Efra-Núpi á forlíkunarstaðinn, hvar þeir biðu frá miðdegi til dagseturs, svo vísast framanskrifuðu kærumáli hér með sem óforlíkuðu til lands laga og réttar.

Staðarbakka þann 13. desember 1839.

Th. Stephansson R. M. Olsen

1840

Til hr. amtmand B. Thorarensen
Som Deres höjvelbaarenhed er bekjendt holdes Mandtalsthinget for Torfustads og Stads Reppe i det nylig paa Melstads grund opfört Thinghuus. Da det ofte, især om Vinteren, er ubekvemt saavel for Commissionen som Parterne at tentere forlig i bemeldte Thinghuus, især naar der indfalder slet Vejr, og nogle af Parterne er bedagede og svage af helbred, eller det er besværligere for de Indvarslede at möte i Thinghuset end paa vores Bopæle, saa tillader vi os herved underdanigst at anholde om Deres höjvelbaarenheds Tilladelse til at

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 120 11/7/17 10:32:44 PM

vi maatte beramme Forligelses stedet der hvor vi hver gang anser det mest bekvemt for de indvarslede Parter at möte, enten det er paa selve Thingstedet, vores bopæle eller i anders huse som vi dertil uden betaling kunde formaae, naar vi kunne erholde Saggiverens Tilladelse til at möde paa det af os anförte beleiligste sted, hvilket meget vel kan lade sig gjöre i det Klagen indhændiges os.

Króksstöðum og Efra-Núpi den 24. mars 1840.

Underdanigst:

Th. Stephansson R. M. Olsen

Árið 1840 þann 24. febrúar var commissionen haldin og sett á Efra-Núpi af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

> Mál Nr. 1/1850. Bóndakona Helga Árnadóttir á Hnausakoti móti egtamanni sínum bónda monsieur Benedikt Einarssyni ibidem rísandi út af því að sú ákærandi hefir krafist munnlega af nefndinni að veita móttöku skilnaðarskilmálum milli hennar og egtamanns hennar þar hún geti ei lengur við hann búið vegna ólíks lundarlags.

Sú ákærandi er mætt ásamt með hreppstjóra seigneur Einari Ólafssyni á Urriðaá sem gætir hér að hennar þörf. Bóndi Benedikt er líka góðfúslega án fyrirkalls mættur. Eftir að forlíkunarmennirnir höfðu forgefins á allar lundir reynt að fá sáttum ákomið til sambúðar nefndra hjóna framvegis, þareð konan með engu móti vill þess framar freistað, urðu þau ásátt að lifa aðskilin með eftirfylgjandi skilmálum:

1. Viðvíkjandi börnum þeirra sem í ómegð eru lofar Benedikt góðfúslega að taka fjögur að sér til forsorgunar, nefnilega Mildríði þrettán ára mikið heilsutæpa, Einar átta, Ingibjörgu sex og Guðmund fjögurra ára. En Helga tekur að sér tvö, nefnilega Benedikt tíu ára og Kristínu sex ára. Þar á mót kveðst ei Helga geta fellt sig við að missa nokkuð af þeim þremur börnum sem nú eru heima, nefnilega Benedikt, Einar og Kristínu, en hreppstjóri seigneur Einar vill með þökkum þiggja að Benedikt taki fjögur áðurnefnd börn eins og þessi hefir boðið. Þess vegna býðst Benedikt enn á ný til að styrkja hana með 3 vættum árlega í sex ár ef hún haldi Einar, hvör kostur Helgu er geðfelldastur.
2. Viðvíkjandi fjármunaskiptum þeirra tekur hvört sinn helfming á næstkomandi fardögum af öllu kviku og dauðu og af þeim 4 hndr. er þeim tilheyra

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 121 11/7/17 10:32:44 PM

í jörðunni Hnausakoti en Benedikt eftirlætur Helgu ábúð sinna 2 hundraða, svo lengi hún getur og vill búa, mót 24 fiska árlegu eftirgjaldi og þremur ám í innistæðu, hvar eftir Helga borgi í allt 40 fiska og gjöra þeir eina vættina árlega með Einari ef hann fylgir móðurinni. Hvort hjónanna fyrir sig áskilur sér á víxl innlausn hundraðanna ef þeim yrði lógað og er það af báðum eftirgefið. Að Helgu frágenginni áskilur Benedikt sér ábúð þessara 4 hundraða, ef hann þá vill, eins og hann hefir lofað, að flytja sig og sitt frá Hnausakoti næstkomandi vor og Helga að ljá honum engjar ef hún álítst að mega þær missa.

Eftir beiðni hjónanna hefir commissionen lofað að vera ásamt hreppstjóra seigneur Einari til staðar við skipti á þessu búi næstkomandi vor án betalings, eins og nefndin ekkert endurgjald tekur fyrir þessa hennar fyrirhöfn. Cancellíbréf af 10. ágúst 1805 var af commissionenne brýnt og ítrekað fyrir hlutaðeigendum. Actum ut supra.

Th. Stephansson	R. M. Olsen
Helga Árnadóttir	Benedikt Einarsson
	E. Ólafsson

Árið 1840 þann 23. mars var commissionen haldin og sett á Melstað af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

Mál Nr. 2/1840. Bóndinn Árni Sigurðarson á Sauðadalsá sem áklagandi konu sína Ingibjörgu Bjarnadóttur fyrir ósamlyndi og óeiningu og kveðst hafa vikið af heimilinu þarfyrir frá henni og börnum sínum.

Nefndinni hefir verið framvísað attest hlutaðeigandi sálusorgara propositi honorarii síra H. Ámundasonar um forgefins reynda sáttatilraun. Klögunin var framlögð og lesin með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Commissionen reyndi uppá það ýtrasta að fá nefnd hjón til sambúðar en forgefins. Viðvíkjandi skilnaðarskilmálum hjónanna varð þessi

sætt:
Hjónanna núverandi félagsbú skiptist jafnt milli þeirra beggja. Konan uppástendur morgungjöfina, 30 specíur, af bónda sínum og að mega halda börnum þeirra hjá sér en það vill bóndin hvorugt að svo stöddu eftirgefa. Cancellíbréf 10. ágúst 1805 er fyrir hjónunum af commissioninni ítrekað. Actum ut supra.

Th. Stephansson	R. M. Olsen
Á. Sigurðsson	viðstödd Ingibjörg Bjarnadóttir
	viðstaddur J. Sigurðsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 122 11/7/17 10:32:44 PM

Attest að No. 2/1840.

Þareð sætt varð ei ákomið millum hjónanna bónda Árna Sigurðssonar og konunnar Ingibjargar Bjarnadóttur á Sauðadalsá um sambúð þeirra eftirleiðis komst svolátandi sætt á um fjármunaskipti þeirra: Að þeirra núverandi félagsbú skiptist jafnt á milli þeirra en viðvíkjandi morgungjöf konunnar, hvörja hún uppástendur af parti bónda síns, og einnig að börnin megi fylgja sér eftir og bóndi hennar borgi henni með þeim að hálfu, um það gat hjónunum ei saman komið. Hvað hér með eftir beiðni attesterast.

Melstað þann 23. mars 1840.

Th. Stephansson R. M. Olsen

Ár 1840 þann 15. apríl var commissionen haldin og sett að Efra-Núpi af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið

> Mál Nr. 3/1840. Bóndi Engilbert Jónsson á Spena contra bónda Kristján Jónsson á Dalgeirsstöðum rísandi út af ókláruðum skuldaskiptum sem sá fyrri lýsir uppá þann síðari sem og samfundamisklíð þeirra á millum á áklagandans heimili.

Báðir málspartarnir eru mættir. Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Contraklögun var einnig framvísað af þeim ákærða hljóðandi uppá:

> óhróður og ótérleg orð og verk við hann í frammi höfð af áklagandanum

Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli ofannefndra málsparta inngengu þeir svolátandi

sætt:
Að öll þeirra milli verandi skuldaskipti eru kvitt og kláruð, en bóndinn Kristján lofar að greiða bónda Engilbert 5½ pund tólgar, móti því að sá síðarnefndi klári 11 fiska á landsvísu í meðgjöf með barni konu sinnar til bónda Stefáns á Húki. Sömuleiðis lofar bóndi Kristján Jónsson að gefa dóttur sinni Guðrúnu, konu Engilberts, eina á í forsvaranlegu standi fyrir næstkomandi hjúaskildaga og 32 sk. silfurmyntar**,** en bóndi Engilbert biður tengdaföður sinn Kristján fyrirgefningar á öllu því er hann kynni honum að hafa misboðið,

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 123 11/7/17 10:32:44 PM

hvörju þessi góðfúslega tekur. Svoleiðis er einnig tilmiðlað að áklagandinn borgi commissionenne það lögboðna. Sökin var upplesin fyrir málspörtunum og gildir án birtingar. Actum ut supra.

E. Jónsson K. Jónsson

Til staðfestu:

Th. Stephansson R. M. Olsen

Ár 1840 þann 24. júní var commissionen sett að Staðarbakka af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

> Hjónabandsmál Nr. 4/1840. Bóndi Guðmundur Gíslason á Neðri-Torfustöðum contra konu hans Ingunni Jónsdóttur rísandi út af því að hann kveðst ekki hafa skapsmuni til og ekki treysta geðsmunum sínum að búa lengur saman við hana, en hún vill þó við hann búa.

Bæði hjónin eru mætt, en með því commissionen gat ekki fengið nefndan bónda til að búa lengur við konu sína, eins og viðkomandi sóknarprestur hafði það áður forgefins reynt, kom þeim saman um að lifa aðskilin með eftirfylgjandi

skilmálum:

1. Þeirra fimm börnum hafa þau svoleiðis skipt með sér að hann annist þrjú, nefnilega Gísla átta, Sigurbjörgu sjö og Guðmund sex ára, en hún tvö, nefnilega Svanborgu tíu ára heilsuveika, og Jósafat þriggja ára.
2. Fjármunaskiptum miðla þau svoleiðis til helminga að hvort fyrir sig hlýtur tólf ær með lömbum og tvær lamblausar, þrjá gemlinga af sex sem til eru, hvar af hún heldur tveimur með lömbum. Af þremur hestum heldur hún bleikum níu vetra en hann jarpkúfóttum ellefu vetra og ljósum húðarklár, hvar á móti hún fær vetrungs kvígu og bækur þær til eru. Af þeim tilheyrandi einni kú hafa bæði gagn til helminga til haustsins og skiptist hún til jafnaðar milli þeirra þegar henni er lógað. Fatnaði er áður skipt.

Um skipti á öðrum þeirra lítilfjörlegu búshlutum koma þau sér saman eftir réttum jöfnuði til helminga, eins og bóndinn vill hliðra til við konu sína í því sem henni er meinlegast að missa.

Skuldir: 4 rd. í kaupstað og 18 fiska til prests borga þau til jafnaðar en hann lofar að borga 12 fiska skuld til Bjarna á Melstað og sömuleiðis að vera konu sinni til þénustu með lagfæringu á húshlutum, t.d. ljásmíði, þegar hann getur.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 124 11/7/17 10:32:44 PM

Hér með lofar hann að standa inni fyrir að hún megi búa leigufrítt þetta yfirstandandi fardagaár á þeim 10 hndr. sem faðir hans, Gísli Þórðarson á Efri-Torfustöðum, á í Neðri-Torfustöðum.

Cancellíbréf af 10. ágúst 1805 var brýnt hlutaðeigendum. Sáttaskilmálarnir voru upplesnir fyrir málspörtunum og gilda án birtingar. Actum ut supra.

G. Gíslason I. Jónsdóttir

Til staðfestu:

Th. Stephansson R. M. Olsen

Ár 1840 þann 1. ágúst var commissionen haldin og sett að Króksstöðum í Miðfirði af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum og var þá fyrirtekið:

> Mál Nr. 5/1840. Bóndi Guðmundur Jónsson á Sporðshúsum contra bónda Guðmundi Björnssyni á Vatnshól útaf misjafnri viðureign þeirra á milli og illri breytni sem áklagandinn lýsir uppá þann ákærða.

Báðir málspartarnir eru mættir. Klögunin var framlögð með hjálögðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Eftir að commissionen hafði reynt á allar lundir að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Bóndi monsieur Guðmundur Björnsson á Vatnshól lofar að ljá til slægna með Reyðarlæk frá Vatnshólskirkjuvaði út að Bjarnarvatni að ljósasta rartopp yfirstandandi sumar bónda Guðmundi Jónssyni í Sporðshúsum ókeypis og borgar eður lætur af hendi rakna til Guðmundar í Sporðshúsum fyrir tilmæli nefndarinnar tvo rbd. silfurs strax í stað og forlíkunarmönnum afhendir hann $^{1}/_{5}$ specíu og 32 sk. reiðusilfurs en Guðmundur Jónsson gjörir stefnuvottana ánægða. Guðmundur Björnsson áskilur sér að Guðmundur Jónsson skori ei framar á hann um brennivín og um það hefur Guðmundur góð orð. Actum ut supra.

Guðmundur Jónsson Guðmundur Björnsson

Til staðfestu:

Th. Stephansson R. M. Olsen

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 125 11/7/17 10:32:44 PM

Árið 1840 þann 10. desember var commissionen sett að Króksstöðum í Miðfirði af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum til að fyrirtaka:

> Mál Nr. 6/1840. Vinnumaður Steinn Guðmundsson á Múla contra bóndann Jónadab Grímsson á Syðri-Reykjum útaf tregðu og óreiðilegheitum í skuldaskiptum og vondum hótunum sem áklagandinn lýsir uppá hinn ákærða.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Áklagandinn er mættur í tækan tíma en sá ákærði ekki klukkan eitt á miðdag í besta veðri og færð. Áklagandinn beiðist attestis um útivist hins ákærða hvað honum verður meðdeilt. Að svo búnu er þessu málefni vísað til lands laga og réttar. Actum ut supra.

Th. Stephansson R. M. Olsen

Sá ákærði mætti eftir sinn tiltekna tíma, og eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Að Jónadab betalar strax í stað til Steins 1 rbd. 32 sk. silfurmyntar hvar af Steinn borgar stefnuvottum lögskipuð birtingarlaun. Sömuleiðis betalar Jónadab sáttanefndinni það lögboðna. Hér með eru öll þeirra undanfarin viðskipti til orða og verka kvitt og kláruð. Actum ut supra.

Steinn Guðmundsson (handsalaði) Jónadab Grímsson

Til staðfestu:

Th. Stephansson R. M. Olsen

Ár 1840 þann 21. desember var commissionen til staðar að Melstaðar þinghúsi til að fyrirtaka:

> Mál Nr. 7/1840. Bóndi Guðmundur Guðmundsson á Hrísum contra bóndann Odd Oddsson á Stapakoti útaf illri meðferð á forustusauð áklagandans sem hann ber hinum ákærða á brýn.

Áklagandinn mætti og framlagði klögunina með tilhlýðilegri uppáteiknun. Sá ákærði gat ekki mætt vegna þess að Miðfjarðará var ófær. Þetta málefni gat því ekki fyrirtekist til sátta heldur er því eftir ósk áklagandans slegið á frest til hentugri tíma. Actum ut supra.

Th. Stephansson R. M. Olsen

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 126 11/7/17 10:32:44 PM

1841

Þann 19. apríl 1841 átti þetta næstnefnda mál Nr. 7/1840 aftur að fyrirtakast af commissionenne eftir útgefnu fyrirkalli en þegar forlíkunarmennirnir komu á forlíkunarstaðinn kl. ellefu fyrir miðdegi voru báðir málspartarnir þaðan farnir og eftir beggja þeirra sögn heimuglega sáttir sín á milli um þeirra milli verandi misklíð. Testantur [vottist]

Th. Stephansson R. M. Olsen

Ár 1841 þann 26. apríl var commissionen haldin og sett að Melstað af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Mál nr. 1/1841. Præpositus honorarius síra Halldór Ámundason á Melstað contra bóndann Jóhann Þórðarson á Dalkoti, Melstaðarkirkjujörð, útaf undanbrögðum og tregðu hins ákærða á að fullnægja byggingarskilmálum með eftirgjald etc. í nú undanfarin þrjú ár með meiru.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru til staðar. Síra prófasturinn framleggur:

1. Útbyggingarbréf til yfirlesturs daterað 3. ágúst 1840 yfir Jóhann og uppáteiknað og sömuleiðis framboðið þeim inn stefnda.
2. Byggingarbréf dagsett 3. ágúst 1840 óantekið af Jóhanni, eins og stefnuvottanna uppáteiknan á það sýnir, og
3. Uppástand til sætta af dags dato.

Eftir sáttatilraunir nefndarinnar milli málspartanna lofaði herra prófasturinn að hann skyldi gefa hinn ákærða kvittan og kláran fyrir öll þeirra skuldaskipti til fardaga 1840 ef sá ákærði skuldbindi sig til að fara tregðulaust með allt sitt burtu af jörðunni Dalkoti í næstkomandi fardögum, en þareð herra prófasturinn vildi ekki líka eftirgefa yfirstandandi fardagaárs landskuld og leigur vildi hinn ákærði ekki þiggja þetta tilboð jafnvel þó sá innstefndi vilji skuldbinda sig til að borga þá galla sem kynnu að fyrirfinnast við löglega jarðarinnar úttekt. Þess vegna er framanskrifuðu málefni hér með sem óforlíkuðu vísað til lands laga og réttar. Ut supra.

Th. Stephansson R. M. Olsen

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 127 11/7/17 10:32:44 PM

Sama ár og dag eins og næst að framan var commissionen haldin og sett að Melstað af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum klukkan þrjú eftirmiðdag. Var þá fyrirtekið:

> Mál nr. 2/1841. Bóndi Halldór Jónsson á Svertingsstöðum contra vinnumann Bjartmar Guðbrandsson á Tungukoti rísandi útaf því að sá ákærandi lýsir eftir skuld 1 rbd. silfurverði hjá hinum ákærða, sem nú hefir innistaðið þrjú og hálft ár, af 4 rbd. honum lánuðum er borgast átti að ári liðnu, hvað allt sá ákærði viðurkennir.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Eftir að sáttamennirnir höfðu lengi reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Að sá ákærði borgar strax í stað þann uppástandandi 1 rbd. silfurmyntar og lofar að greiða ákærandanum 1 rbd. 72 sk. silfurmyntar fyrir næstkomandi veturnætur undir 7 sk. múlkt fyrir hvörja viku sem lúkningin undandregst framyfir tiltekinn gjalddaga. Múlktin tilfalli fátækum í Kirkjuhvammshrepp. Að svo búnu eru þeirra skuldaskipti kvitt og kláruð. Ákærandinn borgar commissionenne það lögboðna. Sættin var upplesin fyrir málspörtunum og gildir án birtingar. Actum ut supra.

H. Jónsson B. Guðbrandsson

Því næst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson R. M. Olsen

1842

Árið 1842 þann 24. apríl var commissionen sett að Króksstöðum í Miðfirði af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Hjónabandsmál Nr. 1/1842. Ólafur Þorsteinsson vinnumaður á Víðidalstungu contra konu hans Elínborgu Ólafsdóttur á Brekkulæk svo sem brotlega í þeirra hjónabandi.

Báðir málspartarnir eru góðfúslega án fyrirkalls mættir. Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli hjónanna og komast eftir vilja þeirra viðvíkjandi sambúð framvegis játa þau bæði, eins hið óseka sem hið brotlega,

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 128 11/7/17 10:32:44 PM

að þau vilji ekki freista lengri sambúðar bæði vegna ósamlyndis og annarra þaraðlútandi kringumstæða, þegar þau geti ekki verið saman einsog hjón heldur einungis að nafninu einu. Hvers vegna þeim kemur saman um að leita lagaskilnaðar og lifa fullkomlega aðskilin með eftirfylgjandi

skilmálum:
Maðurinn ætlar sér að sjá um barn þeirra Guðrúnu fimm ára, sem nú er á hans forsorgun, en konan um Ingibjörgu sjö ára, annað þeirra barn sem verið hefir í hennar skjóli síðan þau hættu samvistum, hvort um sig eftir því sem ástand og kraftar leyfa. Konan ætlar sér einnig að annast þeirra elsta barn Jóhannes ellefu ára án þess að krefjast meðgjafar af föðurnum móti því að maðurinn lofar henni að halda þeim litlu fjármunum, lifandi og dauðum, sem eftir eru af því er hún fór með við þeirra samvistaskilnað.

Maðurinn sem ákærandi beiðist commissionarinnar attestis hvað honum verður meðdeilt og hjónabandsmáli þessu vísað til lands laga og réttar. Actum ut supra.

Ólafur Þorsteinsson Elínborg Ólafsdóttir

Því næst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

Árið 1842 þann 7. maí var commissionen haldin og sett á Króksstöðum í Miðfirði af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefnarmönnum og var þá fyrirtekið:

> Mál nr. 2/1842. Bóndi Bjarni Guðmundsson á Bjargi contra bóndann Helga Jónsson á Skeggjastöðum rísandi útaf þrásetu og burtfarartregðu hins ákærða af eignarjörðu áklagandans, Skeggjastöðum.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Eftir að sáttanefndin hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Að bóndinn Bjarni Guðmundsson eftirlætur hinum ákærða að hann búi kyrr næstkomandi fardagaár á 6 hndr. af Skeggjastöðum með þeim útþrykkilegum skilmála að bóndi Helgi Jónsson standi þá að þessu ári liðnu góðfúslega upp af jörðunni og sjái sér sjálfur fyrir jarðnæði eigandanum fyrirhafnarlaust að öllu leyti en þau 3 hndr. úr jörðunni sem Helgi hefir að undanförnu haft til

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 129 11/7/17 10:32:44 PM

ábúðar ásamt þeim áðurnefndu 6 hndr., þau tekur eigandinn nú af ábúandanum til fullkominna nota og umráða. Og með því sá ákærði bóndi Helgi Jónsson vill heldur þiggja þennan kost sem hér er talinn heldur en honum nú boðnu 15 hndr. úr jörðunni Syðri-Þverá í Vesturhópi þá er hér með þessi þeirra misklíð til lykta leidd og málspartarnir sáttir og sammála. Áklagandinn hefir betalað stefnuvottum lögskipuð birtingarlaun en sá ákærði borgar commissionenne það lögboðna. Actum ut supra.

Bjarni Guðmundsson H. Jónsson

Þvínæst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

Ár 1842 þann 18. október var commissionen haldin og sett að Króksstöðum af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Mál Nr. 3/1842. Bóndi Ásmundur Bjarnason á Skeggjastöðum contra vinnukonu Guðrúnu Magnúsdóttur á Bjargi rísandi útaf því að sú ákærða hafi lýst áklagandann þjóf í votta viðurvist án þess að geta það sannað.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Sú ákærða afturkallar og biður áklagandann forláts á ofanskrifuðum orðum þó hún segi sig ekki muna að hún hafi talað þau. Sömuleiðis skuldbindur hún sig til að borga commissionenne og stefnuvottum það lögboðna, til samans 88 sk. silfurmyntar og gefa til fátækra í Torfustaðahrepp 10 fiska í gildum aurum, sem hvort tveggja greiðist fyrir næstkomandi jólaföstu. Áklagandinn gefur eftir sitt uppástand fyrir sína fyrirhöfn. Eru þau svo sátt og sammála um ofanskrifað málefni.

Sáttargjörðin var upplesin fyrir málspörtunum, af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar. Ut supra.

Ásmundur Bjarnason Guðrún Magnúsdóttir

Þvínæst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 130 11/7/17 10:32:44 PM

Ár 1842 þann 2. desember var commissionen haldin og sett að Huppahlíð af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Mál Nr. 4/1842. Bóndi monsieur Benedikt Einarsson á Hnausakoti contra vinnumann Jón Jónsson á Haugi vegna ekkjunnar Kristínar Jónsdóttur, hvörrar vistarráð nefndur monsieur Benedikt Einarsson var viðriðinn á nefndum bæ, útaf ótilbærilegum orðum sem nefnd ekkja lýsir uppá hinn ákærða.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Sá ákærði biður monsieur Benedikt, sem er ekkjunnar vegna, forláts á þeim ótilbærilegu orðum er hann kynni hafa við hana talað og lofar að þægja ekkjunni í sáttabót 48 sk. silfurmyntar og monsieur Benedikt sjálfum fyrir hans ómak og fyrirhöfn greiðir hann 1 rbd. silfurmyntar sem hvort tveggja borgist fyrir næstkomandi nýár. Svo er einnig tilmiðlað að báðir málspartarnir borgi commissionenne og stefnuvottum það lögboðna til jafnaðar. Sættin var upplesin fyrir málspörtunum, af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar. Actum ut supra.

Benedikt Einarsson Jón Jónsson

Þvínæst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

1843

Ár 1843 þann 14. janúar var commissionen haldin og sett að Huppahlíð af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Mál nr. 1/1843. Alexander Bjarnason á Laxárdal í Strandasýslu contra Helga Helgason á Fossi í Staðarhrepp og Húnavatnssýslu, svo sem meðráðamaður hálfbróður hans Davíðs Bjarnasonar stjúpson nefnds Helga, út af tregðu stjúpföðursins að svara föðurarfi nefnds Davíðs til umráðamannsins.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartarnir eru mættir. Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 131 11/7/17 10:32:44 PM

Af upphæð arfsins 66 rbd. 27 sk. hefir Helgi áður betalað 22 rbd. 48 sk. en af þeim eftirstandandi 43 rbd. 75 sk. lofar hann að betala 30 rbd. silfurs í ýmsum gjaldgengum aurum til meðráðamannsins innan útgöngu ársins 1844 eftir kringumstæðum. Því sem til vantar uppí þá 43 rbd. 75 sk. er af meðráðamanninum sleppt svo sem í meðgjafartilslökun með Davíð meðan hann var hjá stjúpföðurnum og móðirinni í ómegð ásamt leigum og afgjaldi eftir þann lifandi pening og litla jarðarpart sem í arfahlutanum var. Svoleiðis er einnig tilmiðlað að báðir málspartarnir borgi sáttamönnum og stefnuvottum það lögboðna til jafnaðar. Sættin var upplesin fyrir málspörtunum, þeir sáttir og sammála um þetta málefni, sættin af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar. Actum ut supra.

Á. Bjarnason H. Helgason

Þvínæst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

Ár 1843 þann 28. apríl var commissionen haldin og sett að Kirkjuhvammi af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

> Mál Nr. 2/1843. Hjónin Árni Sigurðsson á Geitafelli og Ingibjörg Bjarnadóttir á Sauðadalsá, sem eftir amtsins leyfi hafa þegar í þrjú ár lifað aðskilin að samvistum, hafa látið sameiginlega í ljósi vilja sinn að fá fullkominn lagaskilnað og óskað sáttatilraunar.

Báðir málspartarnir eru án fyrirkalls mættir og með því hjónin eru ófáanleg og hafa hvort um sig engan vilja til að reyna frekari sambúð, eftir að commissionen hafði reynt að tala á millum þeirra til sátta, vísast þeirra hjónabands málefni hér með sem óforlíkuðu til lands laga og réttar. Actum ut supra.

Th. Stephansson B. Björnsson

(Hjónunum er meðdeilt attesti uppá að þau urðu ekki fengin til sambúðar og málefni þeirra þar með vísað til réttarins aðgjörða).

Árið 1843 þann 27. maí var commissionen haldin og sett að Melstað af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 132 11/7/17 10:32:45 PM

Mál nr. 3/1843. Konan Guðrún Teitsdóttir á Almenningi contra hreppstjóri seigneur Jón Sveinsson á Búrfelli ákærandi hann sem barnsföður sinn vegna innistandandi meðgjafar með barni þeirra, eftir hennar reikningi 2 vættir á ári í sex ár með fleiru.

Báðir málspartarnir eru mættir og núverandi egtamaður konunnar með henni. Commissionen reyndi til að miðla málum milli partanna en árangurslaust því þeirra meðgjafarreikningar með börnum þeirra gátu ekki komið saman. Hvörs vegna málefni þeirra vísast hér með til lands laga og réttar. Ut supra.

Th. Stephansson B. Björnsson

Að nr. 3/1843.
Attest:
Þareð bóndakonan Guðrún Teitsdóttir á Almenningi sem ákærandi – að nærstöddum manni hennar – og hreppstjóri seigneur Jón Sveinsson á Búrfelli sem ákærður, er undir dags dato komu fyrir sáttanefndina, hafa ekki fyrir nefndarinnar tillögur orðið til sátta leidd um þeirra milli verandi misklíð útaf meðgjöf með börnum þeirra, svo vísast þessu þeirra málefni hér með sem óforlíkuðu til lands laga og réttar.

Króksstöðum þann 27. maí 1843. Th. Stephansson B. Björnsson

Ár 1843 þann 17. júlí var commissionen haldin og sett að Króksstöðum í Miðfirði af báðum þeim tilskikkuðu sáttanefndarmönnum. Var þá fyrirtekið:

Mál nr. 4/1843. Bóndi Engilbert Jónsson á Spena ákærandi vinnuhjú sín, hjónin Guðfinn Helgason og Bergþóru Jónsdóttur, fyrir burthlaup úr vistinni með öðru minna merkilegu, en sá ákærði ákærir aftur húsbónda sinn fyrir ófrið og að hann hafi borið sér svik sem hann þykist ekki valdur af og þetta hafi verið orsök til burtferðar sinnar.

Klögun og contraklögun var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Málspartarnir eru mættir. Eftir að commissionen hafði reynt að miðla málum milli partanna inngengu þeir svolátandi

sætt:
Bóndinn Engilbert vill hafa oftalað og afturkallað þau þykkju- og styggðarorð sem urðu orsök til burtferðar nefndra hjúa hans og lofar framvegis að varast að misbjóða þeim með nokkru ranglæti í orði eða verki og í þessu skyni

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 133 11/7/17 10:32:45 PM

gefur hann þeim eftir þann tíma er þau brúkuðu á þessu vori til ferðar norður í Skagafjörð án reiknings. En vinnuhjú hans, hjónin Guðfinnur og Bergþóra, lofa nú góðfúslega að fara heim aftur til hans og vinna honum og stunda hans eftir kröftum eins og áður var tilætlað. Uppá þennan samning er málspartanna framanskrifað misklíðarefni öldungis til lykta leitt og fullri sátt á komið. Sættin var upplesin fyrir málspörtunum, af þeim undirskrifuð og gildir án birtingar. Báðir borga commissionenne það lögboðna. Ut supra.

Engilbert Jónsson Guðfinnur Helgason

Þvínæst undirskrifar sáttanefndin til staðfestu:

Th. Stephansson B. Björnsson

Circulaire
Afskrift af amtsbréfi hingað komnu þann 20. febrúar 1844 og burtsendu þann 21. sama mánaðar.

Þá lögskipuðu árlegu skýrslu um þau í nefndinni á hvörju ári fyrirteknu mál þannig lagaða:

Fyrirtekin	**Sættuð eða hafin**	**Frestuð**	**Vísað til dómstólanna**	**og þar inn stefnd**
Tala	Tala	Tala	Tala	Tala

Vildi nefndin þóknanlega ala önn fyrir eftirleiðis hingað að innsenda svo tímanlega að amtsins árlega skýrsla geti orðið afgreidd með hvörs árs febrúarpósti. Þetta circulaire bréf mætti þóknanlega berast í niðurskrifaðri röð, áteiknast nær það er meðtekið og burtsent og frá seinasta stað hingað aftur sendast.

Íslands Norður- og austuramti á Friðriksgáfu dato 8. febrúar 1844.

Johnson

Til sáttanefndanna:

Í Miðfjarðar districti
í Stóruborgar ditto
í Vatnsdals ditto
í Tinda ditto
í Engihlíðar ditto
í Vindhælis ditto.
Til amtsins.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 134 11/7/17 10:32:45 PM

1844

Nr. 1

Árið 1844 þann 20. mars mættu hjónin Árni Sigurðsson á Geitafelli og Ingibjörg Bjarnadóttir á Sauðadalsá sjálfkrafa og án fyrirkalls fyrir sáttanefndinni í Miðfirði á Króksstöðum. Þessi hjón hafa nú á fjórða ár lifað aðskilin að samvistum eftir þáverandi amtmanns leyfisbréfi og á þessu tímabili hefir konan orðið sek í barneign með öðrum manni. En með því nefnd hjón treysta sér ekki til að verða rétt hjón aftur og endurnýja sambúð sína heldur vilja nú bæði sameiginlega halda hjónabandsmálefni sínu til fullkomins lagaskilnaðar þá vísast þeirra málefni hér með sem ósættuðu til lands laganna og réttarins. Ut supra.

Th. Stephansson B. Björnsson

Árið 1844 þann 19. apríl áttu tvö málefni að fyrirtakast en urðu bæði áður heimuglega til lykta leidd af sáttamönnunum. Þessi eru nr. 2 og 3/1844. Testatur Th. Stephansson.

Nr. 2

Árið 1844 þann 11. ágúst var forlíkunarnefndin haldin og sett að Melstað hvar nýr kjörinn forlíkunarmaður innfærði sinn embættiseið:

> Ég, Böðvar Þorvaldsson, sem af norðuramtinu er valinn fyrsti meðlimur í sáttanefndinni í Miðfjarðar forlíkunarumdæmi, lofa og sver að ég af ýtrasta megni skal leitast við að semja einingu og sóma milli málsparta í öllum þeim málum sem koma fyrir þessa nefnd og að ég skal til þess stuðla með allri ráðvendni sem mér er ýtrast möguleg og eftir bestu sannfæringu og samvitsku. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.
>
> Böðvar Þorvaldsson

Fyrir nefndinni mættu þá bóndinn Halldór Jónsson á Svertingsstöðum sem með umkvörtun til nefndarinnar af 3. þessa mánaðar óskað hefur að kaupamaður Jónatan Sigurðsson mætti af nefndinni verða fyrirkallaður til sáttatilraunar út af höfuðhöggi er kærandinn lýsir upp á nefndan Jónatan kaupamann frá Ólafsvík, sem og var með köllunarseðli af 5. þessa mánaðar fyrir nefndina kallaður. Bæði klögunin og fyrirkallsseðillinn voru framlögð. Nefndin reyndi að miðla málum og koma sem best pörtunum saman og hún setti báðum fyrir sjónir að báðum

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 135 11/7/17 10:32:45 PM

muni yfirsést hafa. Kærandinn býður að sleppa rétti sínum vilji sá ákærði svara 20 fiskum til fátækra fyrir áverka og meiðsli en sá ákærði kveðst ei geta að þeim kostum gengið vegna storkunar- og áreitingarorða er kærandinn hafi sér veitt áminnstan dag 28. júlí. Sökin gat ekki forlíkast og varð henni því af nefndinni að vísast til dómstólanna. Actum ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Nr. 3

Árið 1844 þann 26. september var forlíkunarnefndin sett og haldin að Melstað að ósk Guðfinns Helgasonar vinnumanns á Blöndudalshólum hvar þá án fyrirkalls mætti kona Bergþóra Jónsdóttir fyrir nefndinni í þeirri meiningu hvort nefndin kynni að geta niður þaggað og lagað þann misskilning og ósamþykki sem orsakað hefur þessara hjóna skilnað að samvistum á næstliðnu vori. Nefndin leitaði eftir mögulegleikum að höfuðorsökum til óeiningar þessarar en gat ekki frá egtamannsins hálfu fengið þær neinar í ljós látnar heldur einungis þann framburð hans að hann heilsu sinnar og jafnvel velferðar vegna treystist ekki að leggja á stofn að lifa saman við konu sína, jafnvel þó hún fyrir nefndinni auglýsi sína hjartans eftirlöngun til að lifa með honum og leitast við að líða með honum ljúft og leitt. Nefndarinnar tilraunir til að lempa egtamanninn til að reyna nýja sambúð við konu sína urðu ávaxtarlausar, hvers vegna málefni þessu hlýtur að vísa til háyfirvaldsins aðgjörða og framhalds að lögum. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Nr. 4

Ár 1844 þann 17. október var sett og haldin forlíkunarnefndin að Melstað að ósk sameigenda jarðarinnar Ánastaða og þessarar jarðar hjáleigu Skarðs, bændana Stefáns Jónssonar á Ánastöðum og Jóns Sigurðarsonar á Hlíð og hreppstjórans Eggerts Jónssonar á Þóreyjarnúpi vegna barna Ámunda sáluga Bjarnasonar, til að fyrirbyggja allan ágreining um óákvörðuð landamerki milli hjáleigunnar Skarðs og heimajarðarinnar Ánastaða, hvör hjáleiga talin hefur verið og tíunduð sem 8 hndr. að dýrleika.

Mættu þessir töldu sameigendur allir án fyrirkalls. Eftir að taldir málspartar höfðu góðmótlega talað sig saman varð sá samningur á, er þeir vilja að sé órjúfanlegur, að bóndinn Jón í Hlíð og hreppstjórinn Eggert makaskiptast á hjáleigunni Skarði, er talin hefur 8 hndr., við heimajarðarbóndann Stefán fyrir 10 hndr. eður fjórða part eignarinnar, svo og Jón og börn Ámunda sáluga eigi upp héðan nefnd 10 hndr. í Ánastöðum óskipt en umráð Skarðsins eins og

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 136 11/7/17 10:32:45 PM

allrar eignarinnar leiki í Stefáns höndum fyrir hann og hans niðja. Þó með því skilorði að þurfi annaðhvort *Jón í Hlíð eður ástmenni hans* jarðnæðis skjóls við á Ánastöðum þá standi það frítt fyrir. En um ábúðarskilmála á þessum 10 hndr. er svo samið að af þessum 10 hndr. gjaldist árleg landskuld 50 álnir í ull og tólg til helminga og að partinum fylgi eitt ásauðar kúgildi til eftirgjalds. Um rekann er svo samið að eigendur þessara 10 hundraða njóti hans að fjórða parti fyrir öllu landinu af hinum stærri spýtum er að landi kunna að bera, en ábúandinn Stefán njóti sem þóknunar fyrir fyrirhöfn hans spýtna sem eru 4 álna og styttri. Reglulegt makaskiptabréf til þinglýsingar vilja viðkomendur semja síðar. Var svo þetta málefni með málspartanna og forlíkunarmannanna ánægju útkljáð. Ut supra.

Jón Sigurðsson Stefán Jónsson Eggert Jónsson

Til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Athugasemd
Til að fyrirbyggja allan misskilning finnur nefndin nauðsynlegt að ítreka hér meiningu þessara orða: „Þurfi annaðhvort Jón í Hlíð eður ástmenni hans jarðnæðis skjóls við á Ánastöðum þá standi það frítt fyrir.“ Með orðinu *ástmenni* meinti nefndin ekkju monsieur Jóns og sameiginleg börn, hvað með útþrykkilegum orðum var fyrir forlíkuninni tiltekið, nefnilega að ef annaðhvort velnefndur Jón eður ekkja hans eður þeirra sameiginleg börn þyrftu jarðnæðis skjóls við á Ánastöðum þá skyldi það standa frítt á eignarparti monsieur Jóns. Ut supra.

B. Þorvaldsson B. Björnsson

1845

Nr. 1
Ár 1845 þann 3. mars var forlíkunarnefndin í Miðfjarðarsáttaumdæmi til staðar að Kirkjuhvammi til að leitast við að niðurtala þá óánægju sem bóndinn Jónas Björnsson á Skarði hefir fyrir henni látið í ljósi yfir að hans meiningu rangri aðtekt á spýtu á reka þeim sem Jónas meinar að tilheyri Ánastaðahjáleigu Skarði. Mættu þá báðir hlutaðeigendur, bæði sá kvartandi Jónas og einnig sá ákærði bóndi Stefán, og það fyrir nefndarinnar tilmæli án fyrirkalls af Jónasi.

Eftir að nefndin hafði leitast við að miðla málum milli málspartanna urðu báðir hlutaðeigendur á það sáttir fyrir hennar meðalgöngu, að þareð það er nú

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 137 11/7/17 10:32:45 PM

eftir bestu samvitsku og sanngirni niðurmetið að Jónas og fyrrverandi landsdrottinn hans monsieur Jón í Hlíð hafi af þeim á næstliðnu ári fyrir Ánastaða og Skarðs landi tilfallna viðarreka uppborið miklu meira en einn fimmta part, sem reynist vera rétt tiltala áðurskiptrar hjáleigu, og að báðir vilja nú vera ánægðir með að fyrirhalda því sem til lands er komið, og finnur nefndin sér skylt að þakka einkanlega þeim málspartanna sem henni finnst að sér hafi gefið eftir af sínum rétti eins og hún með ánægju gefur eftir þá þóknun sem lög ákveða fyrir sáttatilraunina. Staðfesta þá hlutaðeigendur þá gjörðu sætt með undirskrift sinni. Ut supra.

Stefán Jónsson Jónas Björnsson

Til staðfestu sáttanefndin:

B. Þorvaldsson B. Björnsson

Nr. 2

Ár 1845 þann 29. mars var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Mel. Fyrir nefndinni mættu þá kærandi bóndi Engilbert Jónsson á Spena og sá er hann ákærir Benjamín Bergþórsson, nú til heimilis á Fremri-Fitjum, samt húsbóndi á Fremri-Fitjum monsieur Finnur Finnsson, sem síðan í ágúst mánuði hýst hefur þann úr vist frá Engilbert í næstliðnum ágústmánuði burthlaupna Benjamín. Umkvörtunin með áteiknuðu fyrirkalli reglulega birtu var af kæranda framlögð. Um bæði burthlaupið og aðdróttun Benjamíns að húsmóðurinni á Spena leituðust forlíkunarmennirnir við að koma hlutaðeigendum saman. Komst þá sætt á með eftirfylgjandi skilmálum:

Engilbert sleppir skuldakröfu þeirri er hann þóttist eiga hjá Benjamín, en Benjamín vill hafa oftalað þau óhróðursorð er hann sveigt hefur að Guðrúnu á Spena. Einnig lofar Benjamín að greiða til Engilberts í burthlaupsins skyni, samt til að jafna þann halla er Engilbert hafi liðið af þeirra viðskiptum, tvær og hálfa vætt sem greiðist til Engilberts fyrir fardaga annaðhvort með vel útilátnum tveimur ám og 20 fiskum í vöru eður peningum eður og hið sama allt í peningum eftir þessa árs capitulstaxtaverði á vættinni.

Benjamín klárar einnig samstundis borgunina til nefndarinnar og lofar að greiða til stefnuvotta hið fyrsta. Hlutaðeigendur setja þá hér nöfn sín. Ut supra.

Engilbert Jónsson Benjamín Bergþórsson

Til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 138 11/7/17 10:32:45 PM

Nr. 3

Árið 1845 þann 21. apríl var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Mel í þeim tilgangi, eftir viðkomenda ósk, að leitast við að lempa hjónin á Svertingsstöðum bóndann Halldór Jónsson og egtakonuna hans Sigríði Bjarnadóttur til framhaldandi samfara, hvarvið sóknarpresturinn haft hafði tilraunir. Tilraun ein var gjörð að tala við hjónin og fannst nefndinni konan Sigríður vera ófáanleg til að freista lengur sambúða við mann hennar vegna þeirra orsaka er nefndin ekki að þessu sinni finnur skylt að uppgötva. Hún óskar þá ásamt hér stöddum hennar nefndum svaramanni, bróður hennar seigneur Benedikt Bjarnasyni, skilnaðar frá bónda hennar í bráð að borði og sæng. Nefndin leitaðist við að koma meiningum hjónanna saman um skilmála skilnaðarins í bráð, hvað þeim kom þá saman um að væri þannig, þó Halldór tjái sér skilnað óljúfan:

Halldór lofar að láta konu sinni af hendi 12 vættir í fríðum peningum og 8 vættir í dauðum aurum auk sæmilegs rúms hennar, sem nægja virðist henni til uppeldis fyrst um sinn, þar til þau kynnu innan lögtiltekins tíma annaðhvort að taka saman aftur til samvista eður að óska fullkomins skilnaðar. Um uppfóstur hjónanna barna eins og bóndans stjúpbarna liggur eftir eðli sínu undir laganna úrskurði. Sigríður áformar þá, með bónda síns samþykki, að dvelja á Svertingsstöðum til næstkomandi krossmessutíma. Hlutaðeigendur setja hér undir nöfn sín. Ut supra, með því skilyrði að liggi opin sök fyrir að konunni Sigríði Bjarnadóttur og af viðkomandi sýslumanni settum svaramanni að begæra uppskrift eða málsókn á Svertingsstaðabúinu.

B. Bjarnason Halldór Jónsson

Til staðfestu undirskrifaði sáttanefndin, að því viðbættu að Halldór lofar, auk áðurtalinna 12 vætta í fríðu, að láta hana fá eitt hross þá hún í burtu fer til hennar þarfa.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Nr. 4

Ár 1845 þann 27. júlí klukkan sex eftir miðdegi var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi haldin og sett að Mel, hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun frá hreppstjóranum í Kirkjuhvammshrepp seigneur Eggert Jónssyni á Þóreyjarnúpi til nefndarinnar af 12. þessa mánaðar yfir vinnumanni í Tungukoti Magnúsar Árnasonar burtflutningi á vinnukonu hans og systurdóttur, Vigdísi Ámundadóttur, frá hans heimili Þóreyjarnúpi í húsbóndans og móðurbróðursins forboði. Umkvörtunin með áteiknuðu fyrirkalli birtu af

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 139 11/7/17 10:32:45 PM

stefnuvottum í Kirkjuhvammshrepp þann 23. þessa mánaðar var framlögð og reyndi svo nefndin að koma kærandanum og þeim ákærða saman. Sá ákærði reyndist óviljugur til sátta, í hverju hann bar fyrir sig að ákæran ekki væri sönn, hvað nefndin ekki gat dæmt, þar hann fullkomlega bar á móti að hafa stúlkunni burt rænt frá Þóreyjarnúpi. Sökin gat ekki forlíkast og hlaut nefndin að vísa henni til annarra æðri aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Nr. 5

Árið 1845 þann 30. september var forlíkunarnefndin í Miðfjarðarumdæmi til staðar að Staðarbakka hvartil gaf tilefni umkvörtun frá vinnumanni á nefndum bæ Halldóri Jónassyni til nefndarinnar af 20. þessa mánaðar yfir því að ógiftur vinnumaður á sama bæ, Ólafur Arnbjarnarson, hafi eftir fullkominni meiningu Halldórs verið orsök í vaxandi ósamþykki milli hans og Oddnýjar konu hans með því að leitast við að lokka hana frá manni sínum Halldóri. Klögun Halldórs með áteiknuðu fyrirkalli var framlögð á forlíkunarstaðnum.

Nefndin kunni ekki að meta sannindi í áburði kærandans, en hún reyndi til að áfýsa málspartana til að gjöra einhverja tilraun til að lempa misklíðarefnið annað hvort með skilnaði samþjónustu þeirra eður á annan veg, en hún gat ekki komið þeirra meiningum saman. Hlaut því að vísa þessu ólaglega og ósæmilega máli til æðri aðgjörða. Ut supra.

B. Þorvaldsson B. Björnsson

Nr. 6

Árið 1845 þann 6. október kom forlíkunarnefndin í Miðfjarðarumdæmi að Urriðaá hvar til gaf tilefni umkvörtun skrifleg frá bóndanum Halldóri Jónssyni á Svertingsstöðum dagsett 29. fyrri mánaðar yfir höfuðhöggum honum veittum af bóndanum hér á Urriðaá Einari Ólafssyni þann 7. sama september mánaðar. Fyrirkallið í sökinni dagsett 30. fyrri mánaðar en birt þann 1. þessa mánaðar var framlagt.

Nefndin kunni ekki að meta sannindi ákærunnar, hverjum sá ákærði neitar, en hún leitaðist við að leiða báða parta til sátta, en sá ákærði þykist ekki muna til afgjörða sinna. Kærandinn var leiðanlegur til sátta með því að sá ákærði svaraði 2 rd. til fátækra en sjálfur hann gyldi nefndinni, en sá ákærði er ófús til sátta nema með jöfnum útlátum af beggja hálfu. Sökinni hlýtur nefndin því að frávísa sem óforlíkaðri. Ut supra.

B. Þorvaldsson Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 140 11/7/17 10:32:45 PM

Nr. 7
Ár 1845 þann 22. nóvember mættu fyrir Miðfjarðar forlíkunarnefnd að Mel hjónin frá Svertingsstöðum Halldór Jónsson og Sigríður Bjarnadóttir ásamt bróður hennar, hreppstjóra Benedikt, eftir samkomulagi óstefnd til að reyna til að semja um annaðhvort samfélags tilraun að nýju eður að öðrum kosti um skilmála skilnaðarins. Nefndin reyndi til að uppörva þessi hjón til samtaka að nýju en konan treystir sér ekki til að reyna það.

Eftir að þau voru búin að athuga sameiginlega sitt ráð og bús þeirra ásigkomulag og efna ástand sömdu þau sameiginlega um að Sigríður og hennar viðstaddi bróðir gjöra sig ánægð með að hún öðlist af Svertingsstaðabúinu til upphæðar 389 rd. 21 sk., eins og hennar lóð morgungjöf og útfararkostnaður hljóp við fyrri skipti. Nú hefur Halldór afhent henni uppá 271 rd. 4 sk., en þótt systkinunum þyki á sumu þessu dýr virðing þá fráfellur Halldór 35 rd. kröfu sem hann telur sig afgreitt hafa Margrétu dóttur Sigríðar uppá hennar tilvonandi móðurarf uppí þá 118 rd. 17 sk. sem Sigríður eftir ofanskrifuðu á þá inni í búinu. Tekur Halldór undir sjálfum sér 19 vættir eður 57 rbd. sem meðgjöf með barni þeirra Jóni að hennar hálfu til fjórtán ára aldurs. Uppá þá 61 rd. 21 sk. sem þá standa eftir af Sigríðar hluta skuldbindur Halldór sig til að greiða eftir fyrri virðingu lifandi skepnur, helst gemling, eður aðra fjármuni dauða að jöfnuði við þá fyrri virðingu eftir því sem Sigríði komi að nauðsynjum. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson	Björn Björnsson
Halldór Jónsson	B. Bjarnason

1846

Nr. 1
Ár 1846 þann 15. maí var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Mel eftir ósk fyrrverandi hreppstjóra seigneur Einars Ólafssonar á Urriðaá sem framvísaði í höndum hafandi formlega fullmakt frá Guðfinni Helgasyni, næstliðið ár verandi vinnumanni á Blöndudalshólum, dagsetta 4. þessa mánaðar til að kalla konu Guðfinns Bergþóru Jónsdóttur fyrir forlíkun viðvíkjandi því hórdómsbroti sem hún varð opinber að þegar hún næstliðinn 13. mars fæddi andvana barn í heiminn, að hverju hún lýsti föður vinnumann í Hnausakoti ógiftan að nafni Magnús Jónsson. Fullmakt Guðfinns framvísað ber með sér að hann tjáist ófáanlegur til að fyrirgefa svo konu sinni þetta hjónaskilmálarof að hann taki hana aftur eða reyni við hana hjónasambúð. Bergþóra mætti góðviljuglega án fyrirkalls sem og hinn fullmagtaði seigneur Einar. Hann uppástendur því Guðfinns vegna að þetta brot Bergþóru verði

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 141 11/7/17 10:32:45 PM

álitin fullkomin skilnaðarsök svo að hann standi frítt fyrir að framfylgja henni til skilnaðardóms.

Þareð fyrirgefning eftir ofanskrifuðu er ófáanleg af hendi ákærendanna hlýtur nefndin að vísa þessu máli ósættu til réttarins aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Samstundis óskar hinn fullmagtaði að nefndin gefi sér attest um það að sökin ekki hafi verið forlíkuð, sem hún útgaf svolátandi.

Attest:
Tilraunir sáttanefndarinnar í Miðfjarðar sáttaumdæmi til að forlíka hjónin Guðfinn Helgason og Bergþóru Jónsdóttur út af hórdómsbroti því sem hún varð opinber að næstliðinn 13. mars hafa í dag framfarið árangurslaust, hvers vegna nefndin hlýtur að vísa málefni þessu sem óforlíkuðu til réttarins aðgjörða hvað hér með eftir ósk seigneur Einars Ólafssonar, sem er fullmegtugur Guðfinns í þessari sök, attesterast. Mel. Ut supra.

B. Þorvaldsson Björn Björnsson

Ár 1846 þann 13. september var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel þartil kvödd af umkvörtun bóndans monsieur Kristjáns á Dalgeirsstöðum yfir því að bóndinn Halldór Jónsson á Svertingsstöðum ekki vilji svara til þess lambs eða með ríkisbankadals lambsverði sem Kristján sér sig hjá Halldóri eiga vegna ágreinings um mark á lambi því sem Halldór greiddi Kristjáni næstliðið haust í Húksrétt fyrir lán á manni í síðari göngum. Klögunin með áteiknuðu fyrirkalli framlögð 7. þessa mánaðar. Nefndin reyndi til að koma málspörtunum saman, til hvers ekki brustu saman mögulegustu tillögur. Varð þá endanum komið á svolátandi

sætt:
Að Halldór lofar að greiða 6 fiska til Kristjáns af verði þess lambs sem ágreiningurinn varð um en Kristján lofar að láta sinn meinta rétt til síns helmingsins af lambsverðinu niður falla. Báðir lofa að vera hvers annars góðkunningjar og sveitarbræður. Nefndin sleppir því er henni ber. Ut supra.

B. Þorvaldsson Björn Björnsson
K. Jónsson H. Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 142 11/7/17 10:32:45 PM

Árið 1847 þann 21. október var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Kirkjuhvammi samkvæmt af henni þann 13. sama mánaðar útgefnu fyrirkalli hvar til gaf tilefni klögun frá Einari Teitssyni bónda í Tungukoti yfir því að bændurnir Stefán Jónsson á Ánastöðum og Jón Benediktsson á Bergsstöðum hafi hjálpast til að fleka út af sér 20 rbd. sem bætur fyrir í meinlausu slangsi milli sona þeirra Teits og Jósefs orsökuð meiðsli á Jósef. Klögun þessi dagsett 11. þessa mánaðar en fyrirkallið birt ofannefndum bændum af viðkomandi stefnuvottum þann 14. þessa mánaðar.

Hvorutveggju þeir með ofannefndu fyrirkalli innkölluðu mættu í eigin persónu eins og kærandinn Einar bóndi í Tungukoti. Að vísu véfengir Jón bóndi Benediktsson orð klögunarinnar þar eð hann tjáir sig saklausan af því að hafa átt neinn hlut í því að fleka ofannefnda 20 rd. út af Einari heldur einungis með hægum orðum ráðið þeim svilum Stefáni og Einari til að koma sér saman.

Þó að nefndinni sé næsta óljós hinn sanni grundvöllur þessa máls, þareð málspörtunum ekki kemur saman um hvernin slysa tilfellið byrjað hafi, þá sýndi nefndin mögulega viðleitni til að miðla málum og sló uppá að þeir Stefán og Einar miðluðu þessum skaða með verkfall og fleira sín á milli að meira eða minna parti og fann hún Stefán bónda leiðanlegan til helmingaskipta á skaðanum, en bóndinn Einar vill ekki annað en leitar sér réttarins aðgjörða. Sætt varð því ekki ákomið, hvers vegna nefndin hlýtur að vísa sökinni frá sér til réttvísinnar aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Við endurnýjaða samræðu beggja málspartanna komst loksins sætt á með þeim svilum að báðir vilja vera eins og sáttir bræður og standa til að láta allan hátt nágrenni sitt og tengdir fara framvegis til batnaðar eftir sem þeir best geta, en hvað peningana áhrærir haldist nú í sumar í Tungukoti gjörð sætt þeirra á milli, en Stefán lofar að enda vel þau orð sem hann við þá sætt talaði í votta viðurvist, til hvers nefndin treystir honum fullkomlega, svo framt tengdir þeirra verða framvegis bræðralegar, sem bæði þeir sjálfir og nefndin vonar. Jón Benediktsson fráfellur tilkalli fyrir ómak sitt þar eð sætt komst á milli svilanna. Salario til nefndarinnar miðla svilarnir milli sín. Til staðfestu sættinni setja málspartarnir hér undir nöfn sín ásamt sáttamönnum. Ut supra.

Stefán Jónsson Einar Teitsson
Jón Benediktsson Böðvar Þorvaldsson
Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 143 11/7/17 10:32:45 PM

Ár 1847 þann 31. desember var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi tilstaðar að Mel í Miðfirði í þeim tilgangi að reyna til að komast að sönnu faðerni barns þess er Guðrún Magnúsdóttir, sem nú er á flakki um Torfustaðahrepp, í heiminn fæddi þann ⟨15.⟩ þessa mánaðar, að hverju hún lýsir föður húsmanninn á Svertingsstöðum Jón Ásgrímsson.[1] Báðar þessar persónur, Jón og Guðrún, mæta fríviljuglega óstefndar.

Jón hefur margfaldlega neitað þessu barnsfaðerni en getur þó ekki talið sig frían frá afskiptum af stúlkunni. Þar hann við umtölur nefndarinnar ekki er fáanlegur til að kannast við afskipti af Guðrúnu um það tímabil að getnaður þessa barns hafi þar af hlotið þá hlýtur nefndin að vísa þessu máli sem ósættu til réttvísinnar frekari aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

1848

Nr. 1

Árið 1848 þann 22. júlí var sáttanefndin í Miðfjarðarumdæmi til staðar að Huppahlíð samkvæmt þann 18. þessa mánaðar útgefnu fyrirkalli til að reyna til að sætta það misklíðarefni sem bóndinn Jón Jónsson á Búrfelli kærir fyrir húsmanninn sama staðar Zacheus Bjarnason í því að veita honum ærumeiðandi orð heima á Búrfelli þann 8. þessa mánaðar. Umkvörtun Jóns bónda með áskrifuðu fyrirkalli og áteiknun stefnuvotta var framlögð.

Nefndin reyndi til að miðla málum og koma hlutaðeigenda meiningum saman, en Zacheus tjáist ekki kannast við eður muna til óforsvaranlegra orða sinna og vill heldur efa að Jón geti þau með vitnum sannað. Samt sem áður varð fyrir tilmæli nefndarinnar sú niðurstaða að Zacheus mælir til að mágur hans Jón láti niður falla og tilgefi sér það sem hann í orðum kunni að hafa svo um misboðið þann 8. þessa mánaðar þótt Zacheus sjálfur ekki til þess muni. Á sama máta biður Jón Zacheus að láta gleymt vera það hann kynni í undanfarinna ára sambúð kynni leynt eða opinberlega að hafa við Zacheus afgjört. Lofa báðir málspartarnir að láta það undanfarna gleymt vera og að standa að sambúðin meðan hún vara á verði eins og hæfir góðum tengdabræðrum. Nefndin varð svo fegin sættinni að hún fráfellur því nefndinni að lögum ber. Setja þá málspartarnir hér undir nöfn sín og innsigli ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

Jón Jónsson Zacheus Bjarnason
Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

1 Það hefur misfarist að skrifa inn fæðingardaginn sjálfan í handritinu. Hann er hér fenginn úr prestþjónustubók Melstaðar.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 144 11/7/17 10:32:45 PM

Nr. 2

Árið 1848 þann 8. ágúst voru sáttamennirnir í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á landamerkjum milli jarðanna Núpsdalstungu og Hnausakots eftir sameiginlegri ósk bændanna á nefndum jörðum, nefnilega monsieur Bjarna Bjarnasonar sín og meðeiganda vegna og læknir seigneur Benedikt Einarsson sín og meðeiganda vegna, hvartil gaf tilefni lögfesta sú sem monsieur Bjarni Bjarnason lét þinglesa á næstliðnu manntalsþingi, hverja læknir seigneur Benedikt þá prótesteraði, svo sem að hans meiningu sneiðandi Hnausakots land.

Báðir partarnir óskuðu af nefndinni að álíta merkin sem í sögnum hafa verið milli jarðanna eður segja sína meiningu um að hvað miklu leyti þau kynnu að álítast áreiðanleg. Nefndin kannast við að hafa séð óeiðfesta vitnisburði um merkin á báðar síður, hverjir þó ekki eru að öllu samhljóða, og hvörra gildi hún er ekki fær um að meta. En undir eins kannast hún við að þau umvitnuðu landamerki úr Lynghól og í Mjóahól og þaðan í Girðishól geta af engum álitist bein lína, heldur verður einkum um Mjóahólinn töluvert lengur á til landsuðurs. Nefndin þorir ekki að leggja dóm á eignarrétt Núpsdalstungu fyrir því lögfesta landi hvað skakkann snertir sem á milli ber eftir örnefnunum, en nefndarmenn leituðust við að miðla svo málum að nágrenni þessara manna, sem ætíð hefur verið sáttsamlegt, gæti eins verið framvegis og sættust partarnir á að þau umtöluðu og umvitnuðu merki mættu framvegis hafa sama gildi og þau haft hafa um þeirra ábúðartíð svo framt frekari upplýsingar og sannanir ekki fást.

En þeir heita nú hver öðrum að þeir umlíði hvers annars sauðfénað þó hann renni yfir merki en báðir lofa að varna eftir megni skepnum sínum að troða eður skemma slægjur hins. Einnig lofar monsieur Bjarni að láta seigneur Benedikt ganga fyrir öðrum, ef hann þess þarfnast, með að ljá vetrarbeit sjö eða átta hrossum hans móti tiltekinni lítilli þóknun, nefnilega 24 fiskum eður specíu árlega. Hvar í móti seigneur Benedikt lofar að krefja vægra skaðabóta eður taka hægt á því þó það kynni uppá að koma að Tunguhestar gjörðu skaða á slægjum hans. Óska þeir báðir og lofa að nágrenni þeirra megi vera eins alúðlegt og góðvildarsamt eins og það verið hefir.

Þessum samningi og sætt til frekari staðfestu setja hlutaðeigendur hér undir eiginhandarnöfn sín ásamt nefndarmönnunum. Ut supra.

Bjarni Bjarnason	Benedikt Einarsson
Böðvar Þorvaldsson	Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 145 11/7/17 10:32:45 PM

1849

Nr. 1

Ár 1849 þann 12. janúar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Staðarbakka eftir munnlegri ósk Halldórs Jónassonar húsmanns á Brún í Bólstaðahlíðarhrepp til að reyna til að leiða þau hjón sameiginlega, hann og konu hans Oddnýju Halldórsdóttur, til að reyna til að halda áfram hjónabandi sínu með meiri eindrægni en undanfarna tíð verið hefur, þareð þau nú á þriðja ár hafa lifað í fjarvistum hvort við annað. Nefndin hefur séð hér framlagt attest sóknarprests Oddnýjar og fyrrverandi sóknarprests Halldórs síra S. Níelssonar, er sannar að hann hefur árangurslaust reynt til að laða þau til kristilegrar og kærleikslegrar hjónasambúðar, og þegar sáttanefndin nú reynir þetta sama þá kemst hún að raun um að tilraun endurnýjaðra samvista er fjarstæð beggja hjónanna vilja. Þarámóti láta þau bæði í ljósi fullkominn vilja til að sækja um skilnaðarleyfi að borði og sæng sem undirbúning fullkomins hjónaskilnaðar.

En um fjárskilmála og ráðstöfun dætra þeirra Margrétar á fjórtánda ári og Rósu á tíunda ári gjöra þau nú svolátandi samning með ráði og tillögum húsbónda Oddnýjar síra S. Níelssonar:

Það sem á brestur uppeldi eldri dótturinnar Margrétar þá vilja þau bæði þartil styðja eftir þeirri tiltölu að Halldór styðji þartil að tveim pörtum en hún að þriðjungi. En um Rósu er sá samningur gjörður að Halldór lofar upp héðan að sjá um hennar uppeldi til sextán ára aldurs einn með því skilyrði að hann auk síns helmings af Tungukoti hljóti 1 hndr. af hennar parti svo að hann hljóti alls 7 hndr. samt kú þá er þau eiga svo að hún ekki til skipta komi. Hjónanna sameiginlegu eigur sem eru að mestu leyti undir Halldórs vörslu áforma þau að láta uppskrifa og virða svo að á þeim verði regluleg helmingaskipti, að svo miklu leyti sem hér að framan er ekki fráskilið og eins það litla sem undir Oddnýjar hendi er, en frá slíkri uppskrift telja þau íverufatnað beggja. Þar á móti telja þau til hennar innstæðu ærnar á Tungukoti. Þegar þau eru orðin ásátt um þessi áformuðu skipti, sem líklega framfara á næstkomanda vori, vona þau bæði að verða með öllu laus við allt tilkall til fjármuna hvors frá öðru. Halldór áskilur einnig, sem Oddný samþykkir, að hafa byggingarráð Tungukotsins með líkum byggingarskilmálum og verið hafa.

Þessum samningi til staðfestu setja viðkomendur hér undir nöfn sín, ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

Oddnýjar vegna undirskrifar: S. Níelsson Halldór Jónasson

Til staðfestu:

B. Þorvaldsson B. Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 146 11/7/17 10:32:45 PM

Ár 1849 þann 28. apríl var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel eftir fyrirkalli útgefnu þann 21. þessa mánaðar hvar með innkölluð var ekkjan Ragnheiður Egilsdóttir á Grafarkoti yfir hverrar tregðu í skuldalúkningu konan Kristín Jósefsdóttir á Svertingsstöðum hefir fyrir nefndinni skriflega kvartað út af haldi á kvígu er Kristín tók af henni á fyrnt hey næsta vetur eftir að hún fór frá Grafarkoti. En fóðrið ekki entist eins og ekkjan ætlaði til svo að Kristín tjáist hafa gefið henni fjórar vikur af sínu heyi, fyrir utan fyrirhöfn alla á hagtæringunni. Áður hafði sóknarpresturinn reynt til heimuglega að sætta þetta mál og horfði það þá til eindrægni, en dráttur hefur þó á allri greiðslu orðið. Nú hafa konur þessar fyrir nefndarinnar eyrum talað sig saman og miðlað málum milli sín þannig að þær skilja við fundinn sáttar og hvorug vill framar ákæra aðra um samskipti þeirra. Nefndin gefur eftir það henni ber en stefnuvottar fá fyrir nefndarinnar tilhlutun sína borgun. Nefndarmenn meta sér sanna gleði að geta fyrirbyggt arg og ósamþykki og hlutast til að ofannefndar konur setja hér undir nöfn sín sættinni til staðfestu ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

Kristín Jósefsdóttir (eftir handsali) Ragnh. Egilsdóttir

Til staðfestu undirskrifa:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Ár 1849 á annan dag hvítasunnu að aflokinni heilagri þjónustugjörð komu saman að Mel hinn fyrri sáttamaður í Miðfjarðar sáttaumdæmi samt læknir seigneur B. Einarsson á Hnausakoti og bóndinn monsieur Halldór á Svertingsstöðum, sem með fyrirkalli var kvaddur til að mæta fyrir sáttanefndinni þann 30. þessa mánaðar ef niður kynnu að geta talast þau ósæmilegu og ótilhlýðilegu orð er monsieur Halldór meðkennir að fallið hafi frá sér til seigneur Benedikts síðast haldinn manntalsþingdag hér á þingstaðnum og heima á bænum á Svarðbæli, samt til konu hans madame Sólrúnar Sæmundsdóttur. Að vísu er nú ekki kominn sá ákveðni forlíkunartilraunardagur sem menn þessir hafa síðan þann 24. þessa mánaðar að fyrirkallið var útgefið komið svo saman sjálfir, að monsieur Halldór hefir játað og játar nú sína yfirsjón og hefir beðið fyrirgefningar á henni. Vilja þeir framvegis lifa svo saman að þessi kvörtun sé með öllum atvikum gleymd af þeim er móðgað var. Hér hjá lætur monsieur Halldór af hendi rakna sæmilega þóknun til seigneur Benedikts, af hverri þóknun seigneur Benedikt gefur fátækum í þessum hrepp 2 rbd., hverja tvo ríkisbankadali hann vill helst afhenda þeim nálæga sáttamanni, sem hann

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 147 11/7/17 10:32:45 PM

nú gjörir. Sáttamaðurinn þakkar auðmjúkur Guði allt það sem til góðs lagast og setja svo báðir málspartarnir sættinni til staðfestu hér undir nöfn sín ásamt þeim viðstadda sáttamanni. Ut supra þann 28. maí 1849.

Benedikt Einarsson Halldór Jónsson (handsalaði)

Til staðfestu:

Böðvar Þorvaldsson

Ár 1849 þann 27. ágúst var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Huppahlíð hvartil gaf tilefni umkvörtun læknis seigneur B. Einarssonar dagsett 19. þessa mánaðar til sáttanefndarinnar yfir því að hreppstjóri seigneur Benedikt Bjarnason hafi ekki efnt það af hreppstjórum þessarar sveitar honum gefna loforð um útvegun 20 töðuhesta á ári í undanfarin þrjú ár og hið fyrsta nú líðandi, samt yfir þeim ótilhlýðilegu orðum er hreppstjóri hafi við hann talað heima á hans heimili Hnausakoti. Báðir málspartarnir mættu persónulega eftir fyrirkalli af 20. þessa mánaðar.

Um málið var af nefndinni og málspörtunum talað til og frá og komu málspartarnir sér þannig saman að lokum að seigneur Benedikt Einarsson lætur sér lynda þær útvegur sem hreppstjórnin hefur haft á töðunni með því móti að seigneur Benedikt Bjarnason nú lofar að selja nafna sínum 8 kapla af töðu, nú eins hirtri, er séu 9 fjórðungabaggar fyrir 1 rd. 48 sk. hvern hest, og þar hjá lofar hann eins og að undanförnu að leggja eftir megni góð orð til við bændur um að hann fái hjá þeim hjálp með töðu eftirleiðis. Hið selda hey ákveða þeir að koma sér saman um að afgreiðist hið fyrsta skeð getur eftir þeirra kringumstæðum.

Hið annað atriðið um hin töluðu orð samdist til sátta með þeim hætti að seigneur Benedikt Bjarnason kveðst að vísu ekki muna til ósæmilegra orða sinna við nafna sinn en hafi sér orðið það af vangá vill hann óska að þau niðurfalli og megi sem ótöluð heita og að fornkunningi sinn ekki láta þetta sér ömunarlega í ríkja framvegis eða spilla þeirra góðum kunningsskap, hverju hinn lofar.

Sættinni til staðfestu setja málspartarnir ásamt nefndinni hér undir nöfn sín. Ut supra.

Benedikt Einarsson B. Bjarnason
Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 148 11/7/17 10:32:45 PM

Ár 1849 þann 19. október var forlíkunarnefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel hvar til gaf tilefni umkvörtun bóndans Andrésar Gíslasonar á Saurum yfir illmælum húsmanns Kolbeins Þorsteinssonar á Syðri-Reykjum í því að eigna sér skuld á töðu er hvorfið skyldi hafa á Stóra-Ósi næstliðið vor. Þessi umkvörtun dagsett 10. þessa mánaðar var framlögð með áteiknaðri uppáskrift stefnuvotta og málspartarnir Kolbeinn og Andrés mættu persónulega.

Þeir rifjuðu nefndinni áheyrandi upp hver fyrir öðrum það sem þeirra hafði milli farið bæði í orðaóþægð, sem töluverð var af Kolbeins hálfu, og aðra misklíð sem milli þeirra reis út af skilnaði Kolbeins við húsmennskuna hjá Andrési á Saurum á næstliðnum slætti. Nefndin reyndi til að leiða málspartana til sátta og eftir langt stríð varð sú niðurstaða að Kolbeinn bað Andrés í nefndarinnar áheyrn velvirðingar á þeim ærumeiðandi orðum er hann hafi honum tiltalað og öðru sem hann hafi honum móti brotið og í sama máta bað Andrés Kolbein að halda sér til góða það sem hann hafði honum á sameign þeirra móti brotið.

Hér hjá lofaði Andrés að svara 16 fiskum svo sem til að jafna niður milli reikninga þeirra út af húsmennskunni á Saurum og viðskilnaðnum við hana en Kolbeinn lofar að gefa hér af fimm fiska fátækum í Torfustaðahreppi sem svarist innan hálfs mánaðar. Að þessum skilmálum uppfylltum er sætt þeirra fullgjörð hvar uppá þeir tóku höndum saman. Nefndin gefur eftir það sem henni ber og prófasturinn sérdeilis Kolbeini vegna áður af honum gjörðrar þénustu.

Sættinni til staðfestu setja málspartarnir hér undir nöfn sín ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

Andrés Gíslason	Kolbeinn Þorsteinsson
Böðvar Þorvaldsson	Björn Björnsson

1850

Nr. 1

Árið 1850 þann 14. janúar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Mel eftir útgefnu fyrirkalli af 4. þessa mánaðar birtu af stefnuvottum í Kirkjuhvammssókn þann 9. sama mánaðar hvarmeð yngismaðurinn Jósef Davíð Stefánsson á Ánastöðum er fyrirkallaður eftir klögun Brynjólfs Halldórssonar á Tungukoti yfir skammarorðum, jarðvarpi og höfuðhöggi með áverka er hann liðið hafi af velnefndum Jósef þann 18. desember fyrra ár. Nefndir hlutaðeigendur mættu báðir persónulega og klögunin með áteiknuðu fyrirkalli og stefnuvotta áteiknun var framlögð.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 149 11/7/17 10:32:46 PM

Þetta málefni var þá tekið til alvarlegrar umræðu og kom málspörtunum ekki saman um hið sanna samanhengi eður undirrót málsins, úr hverju nefndin ekki gat gjört þareð votta vantaði nema ómerkilegan lappa frá Skapta Helgasyni á Kárastöðum. Nefndin reyndi til að leiða yngismenn þessa til friðar og sóma og varð sú niðurstaða, eftir að reynt var að miðla málum á báðar síður, að nefndinni tókst ekki að koma meiningum að öllu leyti saman þó til sátta sýndist horfa aðal missættisefnið. Samt varð loksins sú niðurstaða eftir töluverða umræðu að yngismenn þessir lofuðu nefndinni að láta á báðar síður niðurfalla það sem milli bar og að vera hvers annars meinlausir kunningjar eins og að undanförnu, þó með því skilyrði að Jósef var ófáanlegur til sætta nema nefndin fengi borgun sína frá Brynjólfi, hverri fráfellur nefndin og vill þakksamlega heldur gefa hennar laun eftir en að þetta lítilræði slíti sættina og er það þar nú úttalað. Nefndin verður fegin að álíta þetta mál til lykta leitt og sætt svo það ekki framar orsaki neitt ósamþykki í byggðarlaginu. Sættinni til staðfestu setja málspartarnir hér niður nöfn sín. Ut supra.

Brynjólfur Halldórsson (handsalaði nafnið) Jósef Davíð Stefánsson

Til staðfestu sáttanefndin:

B. Þorvaldsson B. Björnsson

Nr. 2

Árið 1850 þann 22. maí mættu óstefnd fyrir undirskrifuðum sáttamanni í Miðfjarðar sáttaumdæmi egtahjónin Guðmundur Guðmundsson nú búandi á Enniskoti í Þingeyrasókn og Kristín Jósefsdóttir nú sem stendur húskona á Svarðbæli, hjáleigu þessa staðar. Hjón þessi sem síðan þann 22. september 1845 hafa eftir þá gefnu amtsleyfi lifað aðskilin að borði og sæng áforma nú að sækja um konunglegt leyfi til fullkomins skilnaðar. Konunnar sóknarprestur, hér undirskrifaður sáttamaður, reyndi til að uppörva þessi hjón til að byrja að nýju kristilega og Guði þóknanlega hjónasambúð og urðu þær tilraunir hans með öllu árangurslausar þar eð þau hvort um sig segjast ekki treystast til þvílíkrar tilraunar vegna kvíða þeirra fyrir því að lunderni þeirra muni ekki nú heldur en fyrri liggja saman og að ný sambúðartilraun muni aðeins verða báðum til meiri mæðuauka. Þau eru því eins og þegar hér komu einhuga við að sækja um konunglegt leyfi til algjörlegs skilnaðar. Ut supra.

Til staðfestu:

B. Þorvaldsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 150 11/7/17 10:32:46 PM

Nr. 3

Árið 1850 þann 3. júlí var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á landamerkjaplássinu milli jarðanna Rófu og Fremri-Fitja hvar á milli hefur verið talsverður þrætupartur sem um næst undanfarna tíð hefur þó yrktur verið af Fremri-Fitja mönnum til slægna og beitar. Þennan þrætupart hefur eignarmaður og ábúandi Rófu monsieur Jónas Bjarnason með lögfestu dagsettri 6. maí þetta ár eignað nefndri jörð sinni, hver lögfesta upplesin var á Mels þingi þann 10. sama mánaðar. Og í framhaldi af þessari lögfestu sinni hefur monsieur Jónas slegið á þessum þrætuparti nú fyrir byrjaðan töðuslátt nokkra hesta, hvar yfir seigneur Benedikt Einarsson læknir í Hnausakoti klagað hefur fyrir nefndinni eftir hverri af svaramanni ekkjunnar Þóreyjar Magnúsdóttur þar til gefinni fullmakt og álitið þetta sem óheimildar tiltekt Jónasar vegna undanfarinnar yrkingar frá Fremri-Fitjum. Mættu því ásamt sáttamönnunum á þessu plássinu seigneur B. Einarsson, bóndinn monsieur Jónas Bjarnason samt ábúendurnir frá Fremri-Fitjum Finnur Finnsson og Einar Tómasson.

Ágreiningurinn allur, sem bæði nú og fyrri flotið hefur út af þessum þrætuparti, orsakast af því að Rófu menn bæði nú og fyrri vilja láta þann nú á dögum svo nefnda Þverlæk, sem kemur saman við Álatjarnarlæk, vera og halda sama nafni austur úr svo að hann sem aðallækur jafnan heiti Grenshamralækur en Fitja eigendur og ábúendur vilja láta læk þann sem utan úr Álatjörn, og Engis- eður Álatjarnarlækur er kallaður, vera landamerkjalæk, en þareð þessi lækur kemur úr suðri en hinn svonefndi Þverlækur úr nær því úr austri þá fram dregur þá verður plássið milli lækjanna töluvert, sem orsakar ágreininginn, en þetta pláss hefur á síðustu tímum verið yrkt og beitt af Fitja mönnum.

Nefndin þorir ekkert fast um það ákveða hver lækurinn álítast eigi sem merkjalækur, því báðir lækirnir virðast silungsgengir, en hún ræður viðkomendum til að leitast við að fá frá æðri stöðum upplýsingar er skýrt kynnu úr að skera um merki þessi en á meðan verið er að ganga í kring með að leita þessara upplýsinga gjöra menn samning um að þrætupartur þessi sé héreftir notaður eins og hér segir þar til æðri skilríki fást, en fáist skilríki ekki standi málið opið til dóms úrlausnar. Nefnilega, að Rófu eigandi í þessu millibili noti bæði til beitar og slægna allt austur að Spenahæðum og frá þeim eftir beinni stefnu eftir holtum þeim sem Björnsstekkur hefur staðið á og svo sjónhending eftir holtunum sem skýr varða stendur á norður í þann svonefnda Þverlæk. Hér hjá lofar monsieur Jónas að ekkjan madame Þórey Magnús⟨dóttir⟩ haldi slægjuparti þeim sem hún að austanverðu við Álatjarnarlæk hefur allt ofan að krókunum á nefndum læk. Vilja viðkomendur, bæði seigneur Benedikt og monsieur Jónas, stuðla til allt gangi kærleikslega milli Rófu og Fitja manna

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 151 11/7/17 10:32:46 PM

með beitilandið svo að hér engir amist við annarra skepnum þó yfir þau hér í bráð tiltekin merki renna kynnu.

Þessari í bráð inngengnu sætt til staðfestu setja viðkomendur hér undir nöfn sín ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

Benedikt Einarsson Jónas Bjarnason

Til staðfestu sáttamennirnir:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Árið 1850 þann 30. september var sáttanefnin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Miðfjarðarhálsi hvartil gaf tilefni skrifleg ósk herra kammerráðs J. Jónssonar og bóndans Bjarna Bjarnasonar í Núpsdalstungu, sem báðir eiga og eiga með meirihluta jarðanna Ytri- og Syðri-Reykja, af 9. þessa mánaðar. Velnefndir eigendur tjást orsakaðir til að óska skoðunar á landamerkjum þessara sinna og kringumliggjandi jarða vegna þess að Reykja ábúendur hafa fyrir þeim kvartað um áseilni kringbúandi bænda á sitt meinta leiguland.

Nefndin hafði því með tveimur kallvottum innkallað meðeiganda Saura, Magnús Jónsson á Bessastöðum, og gullsmið herra Arnór á Gauksmýri. Sá fyrri mætti persónulega og ásamt honum sameigandi Saura bóndinn Einar í Tungukoti, en gullsmiður Arnór mætti ekki. Eigandi Múla seigneur Stefán á Þóreyjarnúpi var ekki heima þegar stefnuvottar í Víðidalstungusókn birtu fyrirkallið á hans heimili og tjáist ekki heimkominn enn úr ferð sinni í Skagafjörð sem byrjaði fyrir nær hálfri þriðju viku. Skoðunin varð því helst á merkjunum milli Saura og Reykja þareð eigendur þessara jarða voru eftir ofansögðu allir nálægir. Nefndin reyndi til ásamt jarðareigendunum að virða nákvæmlega fyrir sér Reykja og Saura landamerki en þar eð hlutaðeigendur ekki höfðu nein skjöl eða að neinu merka vitnisburði til leiðbeiningar leitaðist hún við að koma einingu á milli nágranna í bráð með því að semja um þau merki fyrst um sinn er henni virtust réttsýnust og næst stefnu meðan hlutaðeigendur reyndu að leita upplýsingar í þessum vafa á æðri stöðum, en Saura eigendur voru því fjarlægir að gjöra neinn þvílíkan samning og kusu heldur að halda þessari þrætu til úrslits með dómi. Fjarvist gullsmiðs Arnós finnst nefndinni vera svo að álíta eins og hann í þessu efni vilji engum sáttum taka. Sökinni verður nefndin því að vísa til réttarins þóknanlegra aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 152 11/7/17 10:32:46 PM

1851

1

Árið 1851 þann 6. janúar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel hvartil gaf tilefni umkvörtun jarðeiganda seigneur Jóns Arnbjörnssonar dagsett 27. desember fyrra ár yfir því að jarðeigandi monsieur Jónas Bjarnason hafi á næstliðnu vori lögfest undir ábúðar- og eignarjörð sína Rófu talsverðum part af Litlabakka landi. Var því fyrirkall útgefið þann 28. sama mánaðar og mæta því nefndir jarðeigendur báðir í eigin persónu eftir birtingu fyrirkallsins af 31. sama mánaðar.

Nefndin yfirleit fornar og nýjar lögfestur og vitnisburði á báðar síður bæði fyrir Rófu og Litlabakka landi, og þar hjá sérdeilislega áreiðarúrskurð af 7. júní 1798 gjörðan af sálugum Tómasi Tómassyni á Ásgeirsá í sýslumanns stað, sem úrskurðar svo að merki framvegis vera skuli umhverfis Litlabakka land, hverjum merkjum síðan átölulaust fylgt hefur verið eins og sýnir lögfesta Bergþórs sáluga eiganda Rófu af 23. apríl 1814 hver tiltekur merkin eftir ofannefnum úrskurði.

Nefndin reyndi til að miðla málum og koma meiningum eigendanna saman og varð sú niðurstaðan eftir óþarflega langa umræðu að þareð undirskrifaður sáttamaður B. Björnsson, sem er og hefir verið meðráðandi konunnar Snjólaugar Magnúsdóttur sem á þriðjung af Rófulandi, gjörir sig hennar vegna ánægðan með að Litlibakki haldi þeim landamerkjum sem ofannefndur dómsúrskurður af 1798 tiltekur. Þá samþykkir jarðeigandi monsieur Jónas Bjarnason hið sama fyrir sína eignar- og umráðatíð. Þetta tjáist hann gjöra að ókrenktum réttugheitum niðja sinna eða erfingja. En merkin sem úrskurðurinn tiltekur eru þessi:

Bóndaeignin Litlibakki á land að sunnanverðu í Langhóla eftir það sem áður hefur átölulaust haldið verið. Þaðan skal hann eiga til austurs í svokallaðan Hvasshaug, sem eftir umgetnu skrifi lögmannsins Björnssonar er landamerki milli Rófu og Barkarstaða. Þaðan til norðurs neðanhallt við Þykkhóla í drög á keldu þeirri er nemur ofan fyrir utan Möngustekkshól, úr drögum hennar til vesturs fyrir norðan nefndan hól og ofan í Nafarlækinn, hver eð síðan ræður vestur í Miðfjarðará og loksins ræður árinnar forni farvegur fyrir austan Litlabakkahólma, fram á móts við Langhóla, og er svo það umtvistaða landstykki milli Flögusteins og Duflakeldu sem næst verður komist skipt til jafnaðar milli beggja áðurnefndra jarða.

Til staðfestu sættinni uppá hér rituð landamerki setja báðir jarðeigendurnir hér undir nöfn sín ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

J. Arnbjörnsson	Jónas Bjarnason (handsalaði nafnið)
Böðvar Þorvaldsson	Björn Björnsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 153 11/7/17 10:32:46 PM

2
Árið 1851 þann 17. maí mættu hjónin Jason Samsonsson og Sigurfljóð Gísladóttir fyrir undirskrifuðum sáttamanni í Miðfjarðar sáttaumdæmi og sóknarpresti hennar sjálfviljuglega án fyrirkalls hér á Mel. Hafa hjón þessi ekki reglulega saman búið sem egtahjón nú meir en fjögur ár og á þessu tímabili hefur Jason sekur orðið í hórdómsbroti. Reyndi sáttamaðurinn að leiða þau með forlíkun saman til að reyna endurnýjaða kristilega hjónasambúð svo að konan fyrirgefi honum fyrir sitt leyti skilmálarof hans en sú viðleitni varð með öllu árangurslaus þareð þau hvort um sig tjást enga von haft geta um það að tilraun endurnýjaðrar sambúðar geti orðið þeim til heilla eða hagsældar nú fremur en fyrri, og eru því bæði einhuga við það að halda sínu hjónabandsmálefni til algjörlegs lagaskilnaðar. Vísast málefni þeirra því til réttarins aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson

3
Ár 1851 þann 22. maí komu saman á Miðfjarðarhálsi eigendur og umráðamenn jarðanna Ytri- og Syðri-Reykja, Múla, Gauksmýrar og Bergsstaða, nefnilega herra kammerráð J. Jónsson, vegna föður síns bóndinn Bjarni Bjarnason á Núpsdalstungu, eigandi Múla seigneur Stefán á Þóreyjarnúpi, eigandi Gauksmýrar seigneur E. Jónsson á Þóreyjarnúpi og herra umboðsmaður R. M. Olsen vegna kóngsjarðarinnar Bergsstaða. Með þessum mönnum fylgdist sáttanefndin í Miðfirði. Allir þessir menn fóru kringum allt Reykjaland í því áformi að skoða og virða fyrir sér og eftir sem best geti gengið semja um landamerki þessara jarða, sem þókt hafa óskýr og óáreiðanleg. Skoðuðu menn fyrst landamerki milli Reykja og Múla og lukkaðist öllum að verða þar á einni meiningu, að landamerki skyldu að utanverðu byrja á svo kölluðum Litla-Grástein (er stendur á frálausu holti neðanvert við holtajaðrana fyrir vestan Gauksmýrarkeldu) og þaðan takist hin beinasta sjónhending suður með holtajöðrunum og það vestanhalt í miðju Gauksmýrartjarnar. Þessi merki sömdust óbrigðanleg þó með þeirri athugagrein eða miðlun að Múla eigandi óskaði að landseta sínum yrði eftirlátin frá Reykjum frjáls vetrarbeit þegar honum lægi á móti því að hann léði Reykja ábúendum slægjur í keldunni svo sem henni svaraði. Þar á móti gátu viðkomendur ekki að þessu sinni komið sér saman um landamerki milli Reykja og hinna jarðanna og vilja þeir allir leita frekari upplýsinga í þessu efni og síðan máski halda sökinni til lands laga og réttar. Ut supra.

J. Jónsson Stef. Jónsson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 154 11/7/17 10:32:46 PM

Til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

4

Árið 1851 þann 27. maí var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel til að reyna sætt á milli bændanna Guðmundar Guðmundssonar á Bjargshóli og Guðfinns Helgasonar á Neðri-Torfustöðum þareð hinn fyrrnefndi hafi skriflega fyrir nefndinni þann 22. þessa mánaðar kvartað um sáryrði hins síðarnefnda til sín töluð kvöldið fyrir eður þann 21. sama mánaðar. Málspartarnir mættu báðir eftir fyrirkalli af 22. sama mánaðar.

Nefndin reyndi að leiða til sætta en kærandinn var tregur til að sleppa að öllu sínum meinta rétti. Hinn ákærði þarámóti hermdi uppá hinn nokkuð svipuð hrakyrði og sem var kærður fyrir, eftir hverjum Guðmundur þó ekki tjáir sig muna.

Eftir langa umræðu komast á svolátandi sætt, að Guðfinnur bað velvirðingar á því er hann kynni oftalað hafa og óskaði að það mætti metast sem ótalað. Guðmundur í sama máta kvaðst vilja láta sem ótöluð vera hefði hann, sem hann ekki myndi, eitthvert ótilhlýðilegt orð talað. Hérhjá lofaði Guðfinnur að greiða allan kostnað hér af leiðandi, nefnilega fyrir köllunarskikkun 24 sk., til stefnuvotta 32 sk. og til sáttanefndarinnar 64 sk., til samans 1 rd. 24 sk. Tóku málspartarnir höndum saman til sönnunar sætt sinni og staðfesta hana með undirskrift nafna sinna. Ut supra.

G. Guðmundsson Guðfinnur Helgason

Til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

5

Árið 1851 þann 7. júlí var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel til að reyna til að leita sátta milli bónda Jónasar Bjarnasonar á Rófu og hreppstjórans í Kirkjuhvammshreppi seigneur Björns Pálssonar þar sá fyrrnefndi hefur í bréfi til nefndarinnar af 27. fyrri mánaðar kvartað yfir að hreppstjórinn hafi á næstliðnu hausti slátrað sauð til bús síns, auðkenndum á hornum með stöfunum J.B.S., er þó var með hreppstjórans réttu eyrnamarki. Klögun þessi er reglulega birt hreppstjóranum þann 2. þessa mánaðar og hér framlögð.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 155 11/7/17 10:32:46 PM

Á þessum fundi uppástóð Jónas svo mikið verð fyrir sauðinn, einkum í því skyni að sauðurinn hafi verið forustukind, að hreppstjórinn var ófaáanlegur það að greiða. Nefndin reyndi til á allar lundir að miðla málum málspartanna á milli og að koma þeirra fjarstæðu uppástöndum saman en þeir viðburðir urðu með öllu forgefins, hvers vegna málefninu hér með vísast til úrslits við dómstólana. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

6
Árið 1851 þann 15. október var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Mel til að reyna til að hemja misklíð þá sem risin er út af því að monsieur Jónas á Rófu hefur á næstliðnu sumri eins og í fyrrasumar yrkt til beitar og slægna þrætupart þann sem á forlíkun í fyrra þann 31. júlí var miðlað milli Rófu og Fremri-Fitja. Hefur læknir seigneur B. Einarsson á Hnausakoti fyrir bón ekkjunnar sem er eigandi Fremri-Fitja kvartað fyrir þessari nefnd skriflega um aðtekt monsieur Jónasar og óheimila brúkun á nefndum parti, þareð sá í fyrra gjörði samningur hafði einungis gilt um sinn meðan upplýsinga væri leitað til æðri staða, er ei hafa getað fengist allt til þessa. Ofan velnefndur læknir mætir því ásamt hinum ákærða monsieur Jónasi persónulega.

Hinn fyrrnefndi framleggur fyrir nefndina skriflegt uppástand ábúandans á Fitjum um 12 rbd. skaðabætur fyrir misstar slægjur og beitarágang, hverjum skaðabótum monsieur Jónas er fjarlægur að svara. Læknirinn bauðst til að miðla málum og taka uppá sig og sitt ansvar að minnka skaðabæturnar um ¾ parta, eða allt að 3 rd., en monsieur Jónas er því allt eins fráhverfur og fortekur að hann vilji neinum bótum svara í þessu skyni.

Þareð sáttnefndin sér sig ekki geta í þessu efni stuðlað til þess að saman gangi með málspörtunum hlýtur hún að vísa þessu málefni sem ósættu til réttvísinnar þóknanlegra aðgjörða. Ut supra.

B. Þorvaldsson B. Björnsson

1852

1
Ár 1852 þann 11. maí mættu fyrir undirskrifuðum sáttamanni á hans heimili Mel fríviljuglega og óstefndir missáttir menn, nefnilega bóndinn seigneur Gunnar Marteinsson á Mýrum og vinnumaður hans Steindór Narfason, hvern hinn fyrrnefndi ákærir fyrir það að hann hafi næstliðinn kóngsbænadag í fjarvist sinni með höfuðhöggum skaðað til miska barn hans

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 156 11/7/17 10:32:46 PM

Jón á áttunda ári, einkum orsakað að handleggur barnsins sé líklega af teygingu bólginn. Kærandinn uppástendur því að Steindór kannist við sína stóru yfirsjón og sýni það með útlátum fyrir afbrot sitt. Málspartarnir töluðu sig greinilega saman í áheyrn sáttamannsins og komst að lyktum sætt á milli þeirra með fylgjandi skilmálum:

1. Steindór vill innilega biðja foreldra barnsins fyrirgefningar á sinni þungu yfirsjón.
2. Hann vill gefa barninu 2 rd. sem glaðningu eða hugnun fyrir því veitta misþyrmingu. Sömuleiðis lofar hann að greiða til fátækra í Torfustaðahreppi góðviljuglega 1 rd. sem játningu sinnar miklu yfirsjónar.
3. Loksins er það í skilmálum að ef fram koma skemmdir af tognun á handleggi barnsins þá lofar Steindór eftir megni að bera þá kostnaðarbyrði sem þar af hlotnast kynni, hvað hann játar og finnur að vera skyldu sína.

Þessari sætt til staðfestu setja málspartarnir hér undir nöfn sín ásamt sáttamanninum og lofa framvegis að ala engan kala út af þessu misklíðarefni. Ut supra.

Gunnar Marteinsson Steindór Narfason

Til staðfestu:

Böðvar Þorvaldsson

2

Ár 1852 þann 21. maí mættu fríviljuglega og án fyrirkalls fyrir undirskrifaðri sáttanefnd í Miðfjarðar sáttaumdæmi egtahjónin Halldór Jónasson, næstliðið krossmessuár vinnumaður á Auðólfsstöðum í Langadal, og Oddný Halldórsdóttir nú til heimilis á Húki í Efra-Núpssókn. Hjón þessi hafa áður mætt fyrir þessari sáttanefnd þann 12. janúar 1849 en hafa síðan eftir amts leyfisbréfi lifað viðskilin að borði og sæng í þrjú ár og mæta þau nú bæði í því alvarlega áformi fyrir nefndinni að fá gjörðan reglulegan og lögformlegan undirbúning til algjörlegs hjónaskilnaðar.

Nefndin reyndi til eftir skyldu sinni að leita eftir hvort þau ekki væru fáanleg til að reyna endurnýjaða kristilega hjónasambúð en sú tilraun fór að öllu leyti á sömu leið og sóknarprestanna vitnisburðir sýna að fyrir þeim farið hafi. Er Halldórs sóknarprests dagsettur þann 17. þessa mánaðar en Oddnýjar sóknarprests í gær, báðir nefndinni framvísaðir. Þareð hvorugt þessara treystist til að reyna nýja sambúð en eru bæði einhuga við það að halda sínu hjóna-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 157 11/7/17 10:32:46 PM

bandsmálefni til algjörlegs lagaskilnaðar hlýtur nefndin að vísa því til réttarins aðgjörða.

Mel. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson Björn Björnsson

###

Ég Þórarinn Böðvarsson aðstoðarprestur til Melstaðar- og Kirkjuhvammssafnaða, kjörinn 1. forlíkunarmaður í Miðfjarðar sáttaumdæmi, lofa og sver að ég af fremsta megni vill leitast við að koma á góðmótlegri og réttsýnni sætt í öllum þeim málum sem fyrir mig koma í þessu umboði og að ég vil stunda þetta umboð með allri árvekni og ráðvendni eftir bestu þekkingu og meðvitund, hegðandi mér eftir þeim þar að lútandi lagaboðum og fyrirsögnum. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.

Melstað þann 4. september 1852.

Þórarinn Böðvarsson

Þennan hér að ofan skrifaða embættiseið undirskrifar í sama máta þann 30. júlí 1853

Gunnlaugur Hinriksson

Árið 1852 þann 4. september kom sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi saman á tilteknum stað Melstað til að reyna sætt milli málspartanna Jóns Guðmundssonar á Litlutungu, er þann 29. ágúst næstliðinn óskaði af nefndinni að hún kallaði fyrir sig bóndann Helga Helgason í Litlutungu til að jafna ágreining þann er var þeirra á milli og í því var innifalinn að Jón þókti Helgi eigi halda skilmála þá er þeir höfðu gjört sín á milli er Jón fór til Helga á næstliðnu vori að hálfu sem vinnumaður og að hálfu sem grashúsmaður og að Helgi hefði sýnt sér ýmsa ónotasemi og vísað sér burt af heimili sínu og afsagt sér bæði mat og kaup.

Báðir málspartarnir mættu í eigin persónu og eftir langt umtal þeirra virtist nefndinni eins og þeim sjálfum að ekki mundi sætt verða ákomið með því að halda fram þeirri fyrri ósk ákærunnar að samningur væri gjörður þeirra í milli og þeir ílenduðu árið saman. Varð því loks sætt á komið með þeim skilmálum sem nú segir:

Jón lofar vera á burt frá Litlutungu með allt sitt áður full vika sé liðin frá þessum degi. Fyrir þriggja vikna sumarvinnu að frádregnu líkmanns kaupi

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 158 11/7/17 10:32:46 PM

lofar Helgi að greiða Jóni 2 vættir og 30 fiska fyrir næstu veturnætur í hverjum þeim munum sem gildir eru og Helgi getur útilátið. En fyrir sex vikna sumarvinnu konu hans, að ýmsu frádregnu, lofar Helgi að fóðra sjö ær fyrir þau vetrarlangt næsta vetur svo forsvaranlega sé gjört. Er svo misklíð hinna áðurnefndu málsparta fullkomlega til lykta leidd. Ut supra.

Þórarinn Böðvarsson	Björn Björnsson
Helgi Helgason (handsalað)	Jón Guðmundsson

Árið 1852 þann 9. september mættu fyrir undirskrifuðum sáttamönnum án fyrirkalls og óstefndir að Sveðjustöðum ósáttir menn bóndinn Jón Guðmundsson og vinnumaður hans Sigurður Diðriksson, hvern hinn fyrrnefndi ákærði fyrir það að hann hafði haft við sig ótérleg orð og sýnt sér óþægð í verkum með illum tilsvörum. Eftir að málspartarnir höfðu talað saman í áheyrn sáttanefndarinnar varð sættum ákomið með svolátandi skilmálum:

Áðurnefndur Sigurður Diðriksson lofar að vera á burt frá þessum bæ Sveðjustöðum fyrir næsta sólsetur og biður hann húsbónda sinn Jón fyrirgefningar á illum orðum og tiltektum sínum. Áður velnefndur Jón lofar aftur á móti að greiða áðurnefndum Sigurði 4 vættir og 20 fiska fyrir sumarvinnu hans að frádregnu því er hann áskilur sér til sátta. Eru svo áðurnefndir málspartar fullkomlega sáttir. Ut supra.

J. Guðmundsson	Sigurður Diðriksson
Þórarinn Böðvarsson	Björn Björnsson

1853

Nr. 1

Ár 1853 þann 24. júní mættu eftir samkomulagi óstefnd fyrir sáttanefndinni í Miðfirði á Melstað egtahjónin Jón Jónsson húsmaður á Bjarghúsum og kona hans Jarðþrúður Þorláksdóttir vinnukona á Helguhvammi til að reyna til að koma lögun á þeirra milli verandi misklíð í hjónabandinu eður, ef það ekki gæti tekist, þá að koma sér saman um að óska sameiginlega viðkomandi amts leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Sáttanefndin reyndi fyrst eftir skyldu sinni að uppörva hjónin til að reyna að endurnýja sambúð sína kristilega en maðurinn reyndist til þess óleiðanlegur í alla staði. Konan lét þar á móti á sér heyra að hún raunar helst vildi að sambúðin viðhéldist, gæti það gengið nokkurn veginn bærilega. Þó varð sú niðurstaða á samtali hjónanna að hún féllst á það að velja hans meðósk um skilnaðarleyfið mætti verða framgengt með þeim skilmálum:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 159 11/7/17 10:32:46 PM

1. Að uppteiknun og virðing sú er gjörð hefur verið af þeirra sameiginlegum fjármunum er til voru í fyrra vor er af þeim báðum samþykkt.

2. Að þeir 22 rd. 34 sk. sem vantar uppá að konan hafi meðtekið helming fjármunanna eftir uppteiknaninni borgist þannig: Að Jón greiði henni núna á fráfærunum þrjár ær forsvaranlegar með lömbum og í al-ullu, eður með fullkomnum meðfylgjandi reitum, en að 12 rd. 34 sk. borgist með peningum fyrir næstkomandi Michaelsmessu og að Jarðþrúður megi halda sæng þeirri sem Jón að einum hluta á undir hennar hendi þangað til peningarnir afgreiðast. Við þennan þeirra samning var eftir ósk hennar henni til liðsinnis staddur hreppstjóri seigneur B. Pálsson. Ut supra.

Jón Jónsson (handsalað)	Jarðþrúður Þorláksdóttir
	B. Pálsson
Þórarinn Böðvarsson	Böðvar Þorvaldsson

Árið 1853 þann 30. júlí kom nefndin saman að Melstað til að miðla málum milli málspartanna Jóns Þorleifssonar bónda á Grafarkoti, er ákærði fyrir hönd vinnumanns síns Guðmundar Jónssonar bóndann Eiríks Eiríksson á Vatnshorni fyrir ógætilega meðferð er áðurnefndur bóndi hafði haft á vinnumanni Jóns. Var klögunin framlögð og verkið viðurkennt af hinum ákærða. Eftir nokkurt umtal komst á svolátandi

sætt:
Hinn ákærði biður ofannefndan vinnupilt forláts á ógætnisverki sínu og lofar að greiða honum 2 rbd. silfurs fyrir veturnætur. Eru svo ofannefndir málspartar með öllu sáttir. Hinn ákærði lofar að greiða allan kostnað sem af sættinni leiðir og stefnuvottum.

Ofangreindan dag.

J. Þorleifsson	E. Eiríksson
Þ. Böðvarsson	G. Hinriksson

Árið 1853 þann 21. ágúst mættu fyrir sáttanefndinni að Melstað óstefnd eftir ósk sóknarprestsins vinnuhjúin J. Kristján Karl Ebenesersson og Vilborg Jónsdóttir, bæði til heimilis á Svertingsstöðum, ósátt fyrir það að hann vildi ekki fyrir sóknarpresti gangast við faðerni barns þess er hún ól þann 30. júlí næstliðinn. Lýsti hún hann enn fyrir sáttanefndinni skýlaust föður að barninu en hann neitaði en leyfði henni að sverja að hann væri faðir þess áðurumgetna

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 160 11/7/17 10:32:46 PM

barns. Meira gat sáttanefndin ekki áunnið. Þessvegna máli þessu vísast til yfirvaldsins aðgjörða.

Þ. Böðvarsson G. Hinriksson

Árið 1853 þann 26. ágúst mætti aftur fyrir sáttanefndinni að Stóra-Ósi óstefndur hinsvegar nefndur J. Kristján Karl Ebenesersson til að gangast við faðerni hinsvegar umgetins barns Vilborgar Jónsdóttur er hún ól 30. júlí þetta ár. Er svo hinsvegar ritað mál fullkomlega til lykta leitt.

J. Kristján Karl Ebenesersson

Til staðfestu:

Þ. Böðvarsson G. Hinriksson

Árið 1853 þann 10. september áttu nefndarmenn sáttafund að Melstað. Var þar fyrirtekið mál 4/1853:

Kaupamaður Stefán Björnsson úr Ólafsvík
móti
Halldóri bónda Jónssyni á Svertingsstöðum,

rísandi útaf því að ákærði hafði illmælt kæranda þeim illmælisorðum er kærandi vildi hafa afturtekin af hinum ákærða og að hann greiddi fébætur fyrir. Var ákæran framlögð með fyrirkallinu áskrifuð af stefnuvottum. Báðir málspartar mættu í eigin persónu. Varð að lyktum gjörð svolátandi

sætt:
Kærandi biður ákærða velvirðingar á orðum þeim sem hann áður hafði svarað honum. Hinn ákærði tekur aftur þau áðurnefndu illmælisorð og biður kæranda fyrirgefningar á þeim og lofar að greiða til fátækra í Torfustaðahrepp 1 vætt eða 40 fiska í gildum landaurum fyrir Michaelsmessu. Eru svo ofangreindir málspartar sáttir fullum sáttum.

Stefán Björnsson Halldór Jónsson
Þ. Böðvarsson G. Hinriksson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 161 11/7/17 10:32:46 PM

1854

Árið 1854 þann 20. dag marsmánaðar kom nefndin saman að Melstað. Var þar fyrirtekið:

> Mál 1/1854. Jónas Bergmann Jónasarson á Rófu gegn húsmanninum Jóni Guðmundssyni á Litlutungu rísandi útaf því að kærandi lýsir eftir 1 ríkisbankadals skuld hjá þeim ákærða fyrir selda hryssu.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu. Báðir málspartar mættu. Framlagði kærandi skriflega vitnisburði um það að hann ætti skuldina en ákærði neitaði allt fyrir það greiða hana og var ei fáanlegur til að taka sáttum á neinn veg, enda þó nefndin reyndi á allan hátt að leiða hann til sátta og kærandi einnig vildi eftir því sem nefndin áleit standa af rétti sínum. Vísast því máli þessu til aðgjörða hlutaðeiganda dómara.
Sama dag.

Þ. Böðvarsson G. Hinriksson

Árið 1854 þann 3. dag aprílmánaðar kom nefndin saman að Melstað. Var þar fyrirtekið:

> Mál 2/1854. Stefán bóndi Jónsson á Ánastöðum gegn Einari bónda Teitssyni á Tungukoti rísandi útaf því að Stefán ákærir Einar fyrir ágang á Ánastaðaland af geldfé og búsmala Einars og að Einar á næstliðnu sumri sló og flutti heim til sín 40 heyhesta úr Ánastaðalandi.

Klögunin var framlögð með áteiknuðu fyrirkalli og attesti um þess birtingu og viðurkennd af hinum ákærða. Báðir málspartar mættu sjálfir. Í málinu var inngengin svolátandi

sætt:
Af bótum þeim sem kærandinn í klöguninni setti upp, að upphæð 6 rbd., gefur hann ákærða góðfúslega eftir 2 rbd. Þá 4 rbd. silfurs lofar ákærði að greiða kæranda fyrir næstkomandi sumarmál. Fyrir ókominn tíma gjöra málspartar svolátanda samning: Ákærði lofar framvegis að gæta eins og honum er mögulegt að ær hans að degi til ekki gangi í Ánastaðalandi. Þar á móti lofar kærandi að meinast ekki við búsmala ákærða þó hann að nóttunni renni fram í þann svokallaða Sandfellspart og lofar ákærði að greiða fyrir það 2 rd. silfurs ár hvert fyrir Mikkaelsmessu. En setji kærandi býli á áðurgreind-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 162 11/7/17 10:32:46 PM

um Sandfellsparti fellur loforð þetta og borgunin niður. Um geldfjártöku á Tungukotslandi semja málspartar á þá leið að ákærði lofar að leyfa ekki fleirum en fjórum búendum geldfjárupprekstur í land sitt.

Kostnað allan að sáttargjörð þessari greiða málspartar til helminga hver fyrir sig. Er svo mál þetta fullkomlega sættað og gildir sáttarsamningurinn án birtingar.

Sama dag.

Stefán Jónsson Einar Teitsson

Til staðfestu:

Þórarinn Böðvarsson G. Hinriksson

Árið 1854 þann 30. nóvember var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Syðsta-Hvammi, hvar hún þá dvaldi frá næstliðnum degi, vegna þess að hún hafði með köllunarseðli dagsettum 20. þessa mánaðar kallað sjálfseignarbónda St. Jónsson á Ánastöðum og hreppstjóra Jón Brynjólfsson á Skarði til að mæta á Kirkjuhvammi þann 28. þessa mánaðar ásamt prestinum síra J. Sigurðarsyni á Breiðabólsstað, sem kært hefur fyrir nefndinni með bréfi 17. þessa mánaðar að hans meiningu ólögmæta brúkun Ánastaðaeiganda og Skarðs ábúanda á þeim landsparti sem liggur milli Krossavallarlækjar og Ullarlækjar. Fyrir tilmæli nefndarinnar samþykktu presturinn og Ánastaðaeigandinn að sáttatilraunin mætti framfara á ofangreindum stað þó að allir væru kvaddir að Kirkjuhvammi þann 28., sem forfallaðist af óhægindum veðuráttarinnar til ferðalags undanfarna daga.

Ánastaðaeigandi framlagði sannaða útskrift af gjafabréfi síra Ólafs Erlendssonar dagsettu Breiðabólstað 19. september 1634 hvarmeð nefndur prestur gefur jörðina Ánastaði Gísla nokkrum Ólafssyni á móti arfahluta hans, og tiltekur þessi gjafabréfsafskrift Ullarlæk sem skýlaus landamerki milli Ánastaða og kirkjujarðarinnar Almennings. Á sömu blöðum og gjafabréfið er ritað á standa og sannaðar afskriftir af sex vitnisburðum frá 17. öld sem tiltaka sömu landamerki.

Aftur framleggur umráðamaður Almennings vitnisburði nokkurra núlifandi manna: Símonar Bjarnasonar, Jónasar Björnssonar, Bjarna Þorvaldssonar og Guðrúnar Teitsdóttur, sem allir bera að um þar tiltekinn tíma hafi þeir ekki annað vitað en að Krossavallarlækur hafi merkjum ráðið og þrætuparturinn verið notaður frá Almenningi.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 163 11/7/17 10:32:46 PM

Þareð pörtunum getur ekki komið saman um hvort hinir eldri vitnisburðir eður hinir yngri um brúkun partsins á síðari árum eiga meira gildi að hafa þá kemur nú viðkomendum saman að mæta óstefndir fyrir þessari sömu nefnd einhvern tíma þegar veðri og færð best hagar á þessum vetri þegar dag lengir, og vill nú sá stefndi á því tíma millibili reyna til að útbrynja sig með skýrari og fleiri vitnisburðum, einkum um brúkun og eignarhald partsins á seinni tímum. Vilja þeir stuðla til að þetta geti skeð, ef forföll ekki banna, innan febrúarmánaðar loka næstkomandi ár.

Til staðfestu setja málspartarnir ásamt nefndinni hér undir nöfn sín með eigin hendi

Jón Sigurðsson	Stefán Jónsson
Böðvar Þorvaldsson	G. Hinriksson

1855

Nr. 1

Ár 1855, 15. dag febrúarmánaðar, komu saman að Melstað ásamt sáttanefndinni í Miðfjarðar sáttaumdæmi þeir sömu málspartar sem mættu fyrir þessari nefnd að Syðsta-Hvammi þann 30. nóvember fyrra ár, nefnilega: Presturinn síra Jón Sigurðarson á Breiðabólstað sem umráðamaður Beiðabólstaðarkirkjujarðar Almennings og eigendur Ánastaða Stefán bóndi Jónsson á Ánastöðum og Jón bóndi Sigurðarson á Hlíð. Mæta menn þessir nú óstefndir í þeim tilgangi að reyna til að koma sér saman um landamerkin milli Ánastaða og Almennings eður um þann nú orðna þrætupart milli Ullarlækjar og Krossavallarlækjar.

Sökinni var þann 30. nóvember fyrra ár frestað ef viðkomendur kynnu á því síðan liðna tímabili að geta útvegað frekari upplýsingar heldur en þá voru framlagðar eður skýrari vitnisburði um þessi landamerki.

Presturinn sýndi ekki önnur skjöl en þá sömu vitnisburði sem fyrra ár voru framlagðir um brúkun partsins á seinni árum, nema originalbréf stiftsyfirvaldanna af 30. ágúst 1827 sem sýnir að krafið hefur verið af þáverandi eigendum Ánastaða Eggerti Jónssyni og Ámunda Bjarnasyni að þeir sendi skjöl sín suður til þess að stiftið geti skorið úr þrætunni um partinn á milli lækjanna, sem viðkomendur fyrir sáttanefnd að Kirkjuhvammi þann 30. júní sama ár gáfu því á vald. En nú veit enginn af þeim hér samankomnum neitt til þess að stiftið hafi neinn úrskurð fellt eða að hann sé auglýstur hvorugum málspartanna, en það vita menn að Ánastaðaskjölin hafa verið send suður og að þau hafi aftur frá stiftinu útveguð verið af núverandi eiganda Ánastaða.

Ánastaðaeigendur sýndu nokkra vitnisburði núlifandi manna, nefnilega:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 164 11/7/17 10:32:46 PM

Jóns bónda Jónssonar á Útibleiksstöðum, Magnúsar kirkjueignarbónda á Óspakseyri og Guðmundar bónda Guðmundssonar á Bálkastöðum sem allir bera samhljóða að Ullarlækur hafi milli jarðanna merkjum ráðið. Einnig sýndu Ánastaðaeigendur nokkurskonar vitnisburðarskjöl þeim gefin af Símoni Bjarnasyni og Bjarna Þorvaldssyni sem sýnast gjöra mikla veiklun á vitnisburðum þeim sem þessir sömu menn hafa gefið prestinum síra Jóni. Ánastaðaeigendur finna ekki hinna fyrrverandi eigenda sömu jarðar voldgefningu skuldbindandi fyrir sig og vilja halda sig til þess í hinni fyrri sáttatilraun umtalaða gjafabréfs eður þess afskriftar af 19. september 1634.

Þótt mikið væri nú að nýju um sökina rætt þykir viðkomendum hvorum tveggja sér ófært að standa af sínum meinta rétti og þykir líklegast að málinu verði vísað til dómstólanna, eður presturinn vill leita stiftsyfirvaldanna ráðs hvort þessu litla þrætuefni skuli til máls halda eða ekki.

Til staðfestu að sættum hafi ekki orðið ákomið:

B. Þorvaldsson G. Hinriksson

Ár 1855 þann 19. september mættu fyrir undirskrifuðum sáttamanni í Miðfjarðar sáttaumdæmi egtahjónin Jón Jónsson og Þorbjörg Arnbjarnardóttir, sem 28. dag ágústmánaðar 1852 öðlast hafa Vesturamtsins leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Miðla þau nú sjálfviljuglega, eða einkum konan, fyrir undirskrifuðum sóknarpresti sínum í þeim tilgangi að hann fái gjört tilraun til, eftir því sem skyldan býður, að hvetja hana til reglulegra hjónabands sambúðarsamtaka á ný eður og ef til þessa ekki getur sem andregið, að nú gjörist reglulegur undirbúningur undir algjörðan skilnað.

Undirskrifaður leitaði þess við konuna að hún reyndi endurnýjaða sambúð við mann sinn en til hennar treystir hún sér ekki vegna hans vandhæfa og veika heilsufars ásamt bæði fátækt og öðrum örðugum kringumstæðum, sem taka úr henni hug og þor til að reyna endurnýjaða sambúð. Verður því sú niðurstaðan að konan Þorbjörg nú gefur manni sínum fullkomið samþykki til þess að hans vilji megi í því verða sem henni er auglýstur á tveimur skjölum frá presti hans og sýslumanni, að hans hátign konunginum verði sent allra undirgefnast bænaforsj⟨jón⟩ um þeirra hjónabands algjörða upphafningu. Konan hefur tjáð sig hér skírlega og skiljanlega. Til staðfestu sáttamannsins og hjónanna nöfn

Böðvar Þorvaldsson
Jón Jónsson Þorbjörg Arnbjörnsdóttir

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 165 11/7/17 10:32:46 PM

1856

Nr. 1

Ár 1856 þann 15. apríl var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Mel í Miðfirði hvartil gaf tilefni kæruskjal velæruverðugs prestsins síra J. Sigurðssonar á Breiðabólstað dagsett 26. mars næstliðna hvar í velnefndur prestur kvartar yfir skriflegum meiðyrðum bónda Benedikts Einarssonar í Hnausakoti sér tillögðum í tveimur bréfum til S.T. herra kammerráðs sýslumanns Arnesen, nefnilega þann 31. maí 1855 og 19. september sama ár. Kæruskjal þetta af viðkomandi stefnuvottum sýnt og áteiknað var framlagt og merkt Littr. a.

Vegna viðvarandi lasleika kærandans mætti hann ekki sjálfur fyrir nefndinni heldur hans vegna með skýlausri og skýrri fullmakt herra studiosus P. Vídalín á Víðidalstungu. Hinn ákærði mætti persónulega. Fullmaktin til herra Vídalíns áteiknuð Littr. b.

Þó að nefndin reyndi til að miðla málum og leiða málspartana til sætta varð sú viðleitni með öllu árangurslaus hversvegna þessu málefni sem ósættu hlýtur að vísast til dómarans aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 2

Ár 1856 þann 4. dag maímánaðar að aflokinni guðsþjónustugjörðinni var hinn fyrsti sáttamaður í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Kirkjuhvammi ásamt fyrrverandi hreppstjóra seigneur Birni Pálssyni sem kjörnum meðsáttamanni í forföllum hins reglulega útnefnda sáttamannsins G. Hinrikssonar, til að leitast við að niðurtala óánægju þá sem Jón bóndi Teitsson á Kirkjuhvammi hefur í ljósi látið yfir sölu Einars bróður síns á Tungukoti á þeim 8 hundruðum 98 álnum til Jóns bónda Jónssonar á Ásbjarnarstöðum, sem Jón Teitsson segir og vill sanna að sér hafi áður lofuð verið fyrir tiltekið verð. Báðir bræðurnir eða málspartarnir mæta persónulega og eru báðir því samþykkir að hinn kjörni meðsáttamaður gjöri tilraun til sátta ásamt hinum fyrsta. Báðir mættu þeir og án fyrirkalls.

Eftir að bændurnir og sáttanefndin höfðu talað um þetta á ýmsan veg en gátu ekki samist á annað en það að Einars að vísu óbevísaða en með vottum og handabandi staðfesta sala hefði sitt gildi fyrst um sinn, enn þótt Jón bæri fyrir sig að ofan umgetið loforð bróður síns, hvað Einar vill meta mjög kraftlítið orðið, fyrir bróður hans eigin yfirsjón.

Loks varð sú niðurstaða á að bræðurnir miðluðu þannig málum sínum að enn þótt hið fyrra tiltekna verð væri 30 rd. fyrir hvert hundrað, þá gefur nú

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 166 11/7/17 10:32:47 PM

Einar bróður sínum kost á að selja honum ofannefnd 8 hndr. 98 al. fyrir 32 rd. hvert hundrað, en vel að merkja með þeim skildaga að Jón Teitsson sjálfur ávinni af nafna sínum á Ásbjarnarstöðum að víkja frá því óbréfaða kaupi.

En skyldi þeim nöfnum ekki geta um það samið, um hvað vissa á að verða komin fyrir næstkomandi hvítasunnuhátíð, þá áforma bræðurnir annaðhvort sjálfir að leita þess hjá yfirvaldinu að jörðin komi til opinbers uppboðs á söluþingi um næstkomandi manntalsþingstíma eður þeir vilja biðja sáttanefndina að leita þessa. Var þessi sætt að fullu samin. Ut supra.

Jón Teitsson Einar Teitsson
Böðvar Þorvaldsson Björn Pálsson

Nr. 3

Ár 1856 þann 13. maí kom sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi saman að Melstað hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun stíluð frá hreppstjóra Snæbirni á Þóreyjarnúpi til sáttanefndarinnar um það að ekkjan Margrét Gísladóttir hafi þann 25. fyrri mánaðar lýst sig ósannindamann að því að hún hefði nokkru sinni af honum óskað að útrétta við yfirvaldið að bú hennar yrði allt selt við uppboð og undir eins yfirlýst því að hann hefði viljað ræna hana sínum rétti. Ekkjan mætti persónulega án fyrirkalls og með henni faðir hennar presturinn síra Gísli ásamt kærandanum hreppstjóra Snæbirni.

Ekkjan stendur fast á því að hún enn nú þann dag í dag muni ekki til þess að hún hafi hins ofan umgetna nokkru sinni beðið. Þess vegna gat nefndin ekki leitt hana til að afturkalla hennar síðar töluðu orð. Sætt gat því ekki ákomist hversvegna kæruefninu hér með vísast til réttarins aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 4

Sama dag kl. þrjú eftir miðdag mættu fyrir sáttanefndinni Einar bóndi Gíslason frá Fornahvammi í Mýrarsýslu sem kærandi og Jósef Hákonarson vinnupiltur í Þóroddsstaðaseli sem ákærður af Einari fyrir það að hann hefði óskilalega og órélega farið með þær tvær ær sem Jósef Hákonarson nálægt kóngsbænadegi í fyrra vor tók fyrir norðan Holtavörðuheiði og aflaði eftir Einars undirlagi og tilmælum að reka suður að Fornahvammi, þaréð kæran tilgreinir að önnur ærin hafi fundist dauð og blóðmarin en hin ekki sést til þessa dags. Báðir partarnir mættu persónulega eftir fyrirkalli af 6. þessa mánaðar sem birt er af reglulegum stefnuvottum í Staðarsókn. Fyrirkallið og áteiknun

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 167 11/7/17 10:32:47 PM

stefnuvottanna ritað á sjálft kæruskjalið sem dagsett er þann 3. þessa mánaðar.

Fyrir alúðlega tilhlutun sáttamannanna komst að lyktum á svolátandi

sætt:
Að Jósef Hákonarson lofar að greiða Einari 4 rd. 48 sk. (fjóra ríkisdali 48 sk.) fyrir miðju næstkomandi ágústmánaðar, svosem viðurkenning miður reglulegrar vanvara meðferðar sinnar á ánum. Og enn fremur lofar Jósef að hafa alla viðleitni í að útvega á í þessara skildinga stað, hvað Einar kýs miklu heldur, en geti hann það ekki lofar Jósef að svara peningunum innan tiltekins tíma. Eftir bón málspartanna var borgun til sáttamanna eftirgefin. Sættin staðfest með viðkomenda undirskrifuðum nöfnum. Ut supra.

Einar Gíslason	Jósef Hákonarson
B. Þorvaldsson	G. Hinriksson

Nr. 5
Ár 1856 dag 24. maí mættu án fyrirkalls fríviljuglega fyrir sáttanefnd að Melstað sem kærandi Finnur bóndi Finnsson á Fremri-Fitjum og Jón bóndi Einarsson á Skárastöðum sem ákærður af hinum fyrir það að hafa í næstliðnum febrúarmánuði talað ærumeiðandi orð til Finns í votta viðurvist á hans heimili Fremri-Fitjum. Þessi orð vill nú kærandi biðja hinn ákærða til að afturkalla og bæta fyrir. Kæruskjalið dagsett hér á Melstað í gær var framvísað hinum ákærða og fyrir honum upplesið.

Orð þau sem kærandi hermir uppá ákærða að hann hafi við sig talað, nefnilega að hann væri *svikari, lygari og þjófur*, vill ákærði á engan hátt afturkalla hversu sem nefndin reyndi til að leiða honum fyrir sjónir að honum myndi hollara í sínu nærverandi ástandi að fá þessi orð með sáttsemi afplánuð.

Eftir talsverða tilraun til að koma sættum á varð nefndin að vísa málefninu frá sér til dómarans aðgjörða, þareð engum sættum varð ákomið. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson	G. Hinriksson

Nr. 6
Ár 1856, 4. dag septembermánaðar, var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun S.T. herra kammerráðs J. Johnsens á Þingeyrum dagsett 22. fyrri mánaðar um misskilning þann sem er milli hans og S.T. prestsins síra G. Gíslasonar á Staðarbakka á máldaga Staðarbakkakirkju fyrir téðrar kirkju landeign fram frá Sandgili móts við eður samanhangandi við land Dalgeirsstaða, 16 hndr. jarðar, sem er

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 168 11/7/17 10:32:47 PM

eignarjörð herra kammerráðsins. Báðir hlutaðeigendur mættu sjálfir á sáttatilraunarfundinum samkvæmt á kvörtunarskjalið rituðu fyrirkalli 25. fyrri mánaðar, birtu löglega dag 28. fyrri mánaðar.

Eftir að partarnir og nefndin reynt höfðu að ná samhljóðan um þetta málefni framkom skriflegt framlagt tilboð frá herra kammerráðinu hvar í hann býðst til að borga til Staðarbakka prestakalls 200 rd. (tvöhundruð ríkisdali) silfurverði til að fá að innleysa og halda átölulaust bæði þeim umþrætta fjalllandsparti og þeirri af báðum pörtum viðurkenndu kirkjunnar eign á þessu landsplássi svo að Staðarbakkakirkja upp frá því það gjörist hafi þar ekkert eignarhald framar.

Tilboði þessu svarar S.T. presturinn síra Gísli á þá leið að sér virðist að vísu upphæð hinna framboðnu peninga vera í minnsta lagi þegar hann skoði gagn það er hann og eftirmenn hans kynnu að geta af landinu haft ef það eins og hann vonar verði föst eign Staðarbakkakirkju, en samt tjáir hann sig ekki ófúsan til að sæta þessu tilboði svo framt kirkjunnar æðri forráðamönnum þyki það honum hollt og ráðlegt.

Þessu samkomulagi til staðfestu setja viðkomandi hér undir nöfn sín ásamt sáttamönnunum. Ut supra.

J. Jónsson	G. Gíslason
Böðvar Þorvaldsson	G. Hinriksson

Nr. 7

Ár 1856 þann 12. september var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Melstað hvar til gaf tilefni skrifleg umkvörtun hreppstjóra Einars Ólafssonar á Urriðaá um:

1. Ótilhlýðileg og ærumeiðandi orð Halldórs bónda Jónssonar á Svertingsstöðum töluð til hreppstjóranna og sóknarprests þeirra vestur á Fallandastöðum þann 5. júlí næstliðna. Umkvörtunin var dagsett þann 4. þessa mánaðar og birt ásamt fyrirkallinu þann 7. þessa mánaðar.
2. Um orð þau er Halldór hafi oftlega talað Ingibjörgu konu Einars til blygðunar.

Hinn þriðji, eða fyrsti partur kæruskjalsins, er nú burtufallinn þar eð þeir 30 rd. sem skjalið kærði um að væru þá óborgaðir voru það sama kvöld borgaðir af Halldóri bónda.

Eftir að nefndin og málspartarnir höfðu á ýmsan veg rætt um þessi ágreiningsefni varð loksins sú niðurstaðan á:

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 169 11/7/17 10:32:47 PM

1. Að Halldór bóndi vill hafa oftalað þau ærumeiðandi orð sem hann meinar sig hafa talað á Fallandastöðum þann 5. júlí til sáttamannanna og hreppstjóra Einars og biður á þeim uppgjafar. Þessu lofa þeir nú, og hinn fyrri sáttamaður, með þeim skilmála að Halldór bóndi lofar framvegis að sjá sig við því að drekka brennivín svo að aðrir hafi nokkurt tilefni til að kvarta yfir ósæmilegum orðum eður öðru háttalagi.

2. Að Halldór biður hér viðstadda konu Einars hreppstjóra að fyrirgefa sér þau tvíræðu og henni til blygðunar meiðandi orð sem hann ber ekki á móti að hann talað hafi. Þessa hans bón tjáir konan madame Ingibjörg sig viljuga heyra fyrir nefndarinnar orð og tillögur, þareð Halldór bóndi nú hátíðlega játar að hann aldrei hafi hugsað né talað að þau hafi haft neina saurlifnaðar sambúð saman, af hverju hann játar hana með öllu saklausa. Eftir ósk hennar lofar nú einnig Halldór bóndi að greiða fátækum hér í hreppi 1 rd. sáttinni til hátíðlegrar staðfestu, sem nú er samstundis afgreiddur. Sáttamennirnir sleppa launum sínum svo þau ekki stæðu fyrir því að sætt á komist. Actum ut supra.

E. Ólafsson viðstödd I. Bjarnadóttir
Halldór Jónsson (handsalaði)

Sáttinni til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 8

Árið 1856 þann 15. dag októbermánaðar var haldinn sáttanefndarfundur á Melstað hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun bóndans Guðmundar Guðmundssonar á Bjargshóli til sáttanefndarinnar um það að hann þann 24. næstliðins mánaðar hafi verið sleginn högg á höfuðið af bóndanum Jóni Jónssyni heima á þessa manns heimili Bjargi, fyrir utan aðra fyrri auðsýnda djarfa tiltekt Jóns heima á Bjargshóli. Kæruskjalið dagsett 8. þessa mánaðar með áteiknuðu fyrirkalli dagsettu sama dag og birtu af stefnuvottum Staðarbakkasóknar 10. sama mánaðar var framlagt og málspartarnir mættu báðir í eigin persónu.

Nefndin reyndi lengi til að leiða málspartana til sætta hvar á loks varð sú niðurstaða, að bóndinn Jón Jónsson góðviljuglega greiðir Guðmundi nú samstundis 5 rd. í útlögðum peningum til fullra sátta og lofa báðir framvegis að umgangast hvern annan eins og kunningja eins og missætti hafi aldrei uppá fallið.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 170 11/7/17 10:32:47 PM

Til nefndarinnar borgar nú hver þeirra að hálfu leyti. Sættinni til staðfestu setja málspartarnir ásamt nefndinni hér undir nöfn sín. Ut supra.

Guðmundur Guðmundsson	Jón Jónsson (handsalaði)
Böðvar Þorvaldsson	G. Hinriksson

1857

Nr. 1

Framhald af sáttatilraun nr. 6 fyrra ár.

Ár 1857, 31. dag ágústmánaðar, gaf settur aukaréttur í landaþrætumálinu milli herra kammerráðs J. Johnsens og prestsins síra Gísla á Stað hvíld og frest til þess að sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi gæti reynt endurnýjaða sáttatilraun málspartanna milli um þrætulandið í Jafnhólslækjum, um hvað málspörtunum stöddum hér á Melstað fyrir aukaréttinum kom fúslega saman. Nefndin reyndi enn að nýju að leiða til sátta en málspartarnir urðu ekki af hennar viðburðum leiddir til að aðhyllast sáttakostina, hvers vegna málinu enn að nýju vísast dómarans byrjuðu framhaldandi aðgjörða. Ut supra.

B. Þorvaldsson	G. Hinriksson

Nr. 2

Árið 1857 dag 30. októbermánaðar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Kirkjuhvammi samkvæmt köllunarseðli af nefndinni útgefnum 17. þessa mánaðar hvar með sjálfseignarbóndi seigneur Jón Sigurðarson á Stöpum var inn kallaður til að mæta fyrir sáttanefndinni hér í dag, hvar til gaf tilefni kvörtunarskjal herra studiosus J. Thorarensens á Víðidalstungu dagsett 14. þessa mánaðar yfir því að nefndur sjálfseignarbóndi Jón hafi tekið undir sig og selt, þvert á móti kröfu rekamanns, hval þann sem á næstliðnu vori var drepinn á Stöpum hér í Kirkjuhvammshreppi. Fyrirkallið sem nú er framlagt var birt ákærða þann 22. þessa mánaðar.

Þareð kærandinn vegna heimilis vanhaga ekki gat sjálfur mætt framlagði sonur hans seigneur studiosus P. Vídalín skriflega fullmakt frá föður sínum til að ráða þessu máli til lykta eftir því sem orðið getur fyrir sáttanefnd. Sjálfseignarbóndinn Jón Sigurðarson mætti persónulega.

Eftir að nefndin hafði haft nokkra umræðu við málspartana framlagði herra studiosus Vídalín skriflegt sáttaboð sitt, að hann vill föður síns vegna leiðast til að innganga þá sætt að eigandi og ábúandi jarðarinnar Stapa greiði honum ¾ hluta þess rekna hvals andvirðis, að frádregnum venjulegum reglulegum útgjöldum, er viðvíkja björgun hvalsins.

Þareð ofannefndur eigandi og ábúandi Stapa seigneur Jón ekki gat leiðst

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 171 11/7/17 10:32:47 PM

til að ganga að þessu boði, að sögn hans sökum þess að hann álítur hvalinn veiddan en ekki rekinn, þá hlýtur nefndin héðan að vísa þessu máli sem ósættu til dómarans aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

1858

Nr. 1

Árið 1858 þann 3. dag marsmánaðar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað, hvað nú forfallaðist í gær vegna fjarvista forlíkunarnefndarmannanna. Gaf til þessarar samkomu tilefni kvörtunarskjal hreppstjóra seigneur Einars Ólafssonar á Urriðaá yfir því að húsmaðurinn Ólafur Illugason á Óspaksstaðaseli hafi tregast við að uppfylla loforð sitt að greiða til hreppstjórans meðgjöf með barni hans Illuga, þannig að eftir þeirra samningum standa inni hjá Ólafi 10 rd. fyrir næstliðið ár og öll meðgjöfin fyrir þetta líðandi ár. Báðir partarnir mæta persónulega og kæruskjalið með fyrirkallinu og áteiknun stefnuvotta í Staðarsókn að birt sé var framlagt.

Eftir talsverða samræðu málspartanna í nefndarinnar viðurvist varð sú niðurstaða þessa máls að fátæklingurinn Ólafur játar skuld sína og vill feginn greiða hana en tjáist ekki hafa til þess önnur ráð en að hann lofar að greiða í vor sex ær í standi uppá skuldina, með hvað seigneur Einar góðmannlega gjörir sig ánægðan í þeirri von að hann einhvernveginn geti notað sér ær þessar, en 10 rd. lofar Ólafur að greiða í kaupstaðarreikning til hreppstjórans á næstkomandi verslunartíma hjá kaupmanni herra B. Steincke á Borðeyri. Var þessi sætt þannig að fullu samin og staðfest. Borgun til nefndarinnar er eftirgefin og hreppstjórinn gefur Ólafi eftir tilkallið til þeirra 24 sk. er hann útlagði til stefnuvotta. Til staðfestu undirskrifa málspartarnir og sáttanefndarmennirnir.

E. Ólafsson Ólafur Illugason (handsalaði)
Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 2

Ár 1858 þann 17. dag júnímánaðar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar á Melstað hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun herra kammerráðs J. Johnsens á Þingeyrum til nefndarinnar dagsett 10. sama mánaðar yfir því að bóndi Guðmundur Guðmundsson á Bjargshóli hafi gengið á svonefndan Litlutunguhólma með beit, og dregið á svonefndan Ármótastreng til laxveiðar, sem herra kammerráðið meinar að tilheyri Litlutungu landi sem er Efra-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 172 11/7/17 10:32:47 PM

Núpskirkjujörð. Kæra herra kammerráðsins er grundvölluð á meðfylgjandi klögunarbréfi Helga bónda Helgasonar af 20. apríl næstliðna. Fyrirkallið dagsett 11. sama mánaðar er birt af viðkomandi stefnuvottum degi síðar og kæran með fylgiskjali hér nú framlögð.

Málspartar mættu báðir persónulega. Eftir talsverða umræðu játaði Guðmundur að hann að vísu aldrei hefði eignað sér eður réttara sagt Bjargshóli grashólmann (Litlutunguhólma), og eignaði sér hann ekki enn, en hann meinar sig vegna landsbakka árinnar eiga eyrarnar norður af grashólmanum og þess vegna þeim meðfylgjandi ármótsstreng til laxveiðar er hann tjáir sig brúkað hafa sína ábúðartíð á Bjargshóli, í hverju hann einnig þykist styðjast við skýrslu og vottorð málkunnugra manna. Þareð Guðmundur bóndi er óleiðanlegur til að gefa frá sér að nota veiðina í strengnum getur nefndin ekki leitt til sætta, hvers vegna málinu verður að vísa til aðgjörða dómstólanna. Ut supra.

B. Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 3

Ár 1858 þann 9. ágúst var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað hvartil gaf tilefni skrifleg umkvörtun til nefndarinnar frá bóndanum Jóni Einarssyni á Skárastöðum dagsett 24. næstliðins mánaðar yfir því að bóndi Benedikt Bjarnason á Aðalbóli hafi fleirum sinnum illa vaktað skepnur sínar sem hafi verið handsamaðar í Skárastaðalandi, og í síðasta sinni gjört skemmdir á kartöflugarði, en að lokum verið teknar úr vöktun Jóns bónda og þá um leið troðið tún hans með reið 39 manna eftir því götulaust. Hvað bætur fyrir kærða vanpössun áhrærir vísar sáttanefndin því frá sér til sýslunefndarinnar en Benedikt bóndi ber brigður á skemmdir af sínum völdum bæði á kartöflugarðinum og túninu. Nefndin gat með umræðum sínum og tillögum eigi leitt málspartana til sætta, mest fyrir það að Benedikt bóndi virðast kærupóstarnir ósannaðir. Hlýtur því nefndin að vísa þessu málefni frá sér sem ósættu til hlutaðeigandi dómstóls aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

1859

Nr. 1

Árið 1859 þann 16. febrúar var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað samkvæmt kæruskjali dagsettu 15. fyrri mánaðar frá húsmanni í Gröf á Vatnsnesi Jóhanni Halldórssyni hvar í hann ákærir monsieur Sigurð Jakobsson í Kirkjuhvammi fyrir höfuðhögg er Sigurður skyldi hafa veitt honum á Titlingastöðum í samfylgd þeirra í kaupstað þann 30. október

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 173 11/7/17 10:32:47 PM

næstliðna. Báðir partarnir, kærandinn Jóhann og hinn ákærði Sigurður, mættu persónulega samkvæmt á kæruskjalið rituðum köllunarseðli dagsettum 8. þessa mánaðar. Kæruskjalið framlagt hér.

Nefndin reyndi til að leiða með sanngjarnlegum orðum partana til sætta, en þar var henni ekki nærri að koma þareð hinn ákærði alvarlega véfengir sannleika kæruskjalsins og ber fastlega á móti að hafa slegið kærandann nokkurt höfuðhögg heldur aðeins varist áföllum og árásum af honum og bandað sínum kæranda frá sér með hendi sinni.

Þar eð sáttum varð ekki á komið hlýtur nefndin að vísa þessu málefni sem ósættu til réttarins þóknanlegra aðgjörða. Ut supra.

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Nr. 2

Samkvæmt viðkomandi sóknarprests vitnisburðarblaði, dagsettu 6. þessa mánaðar, hljóðandi um það að ektahjónin Vilhjálmur Þórðarson og Arnbjörg Bjarnadóttir hafi fyrir honum þann 29. dag næstliðins maímánaðar auglýst fullan vilja og ásetning að fá löglegan skilnað að borði og sæng eftirleiðis, mættu þessi sömu nefndu ektahjón þann 9. júní fyrir sáttanefndinni í Miðfjarðar sáttaumdæmi góðviljuglega eða án birtingar klögunarseðilsins frá nefndinni af lögskipuðum stefnuvottum.

Eftir nokkra umræðu um það er hjónum þessum milli ber kemst nefndin að þeirri sömu niðurstöðu og sannfæringu sem sóknarpresturinn, nefnilega að þau með alvörugefni vilja óska yfirvalds leyfis til skilnaðar að borði og sæng þar þau ekki treysta sér til að framhalda hjónasambúð sinni svo kristilega eins og þau sjálf óskað hefðu.

Hvað fjárskipti þeirra á milli áhrærir samdist það með hjónunum að þau vilja nú reglulega deila til helminga milli sín sínum litlu fjármunum, kvikum og dauðum, en ektamaðurinn skuldbindur sig til að hafa alla yfirumsjón um uppfóstur þeirra tíu ára gamla sonar, með þeim skildaga að móðirin af sínum fjármunahluta eða þá af vinnulaunum sínum gefi með honum til þriðjunga meðan hann þarfnast meðgjafar. Lofa þau sameiginlega hvorugt að sýna öðru neitt stríð, ósanngirni eða ágengni hvorki í fjármunaskiptunum né í tilvonandi og eftirkomandi meðgjafar samningum. Þessu ofanskrifuðu til staðfestu setur sáttanefndin hér undir nöfn sín ásamt hjónunum.

Melstað, 9. júní 1859, eftir handsali:

Böðvar Þorvaldsson Gunnlaugur Hinriksson

Eftir handsali:

Vilhjálmur Þórðarson Arnbjörg Bjarnadóttir

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 174 11/7/17 10:32:47 PM

###

Sáttabók þessi er skoðuð að Melstað 12. dag maímánaðar 1860 og að öllu leyti á þeirri tíð fundin vel færð. Ut supra.

Eftir fyrirmælum amtsins,

Christiansen.
Settur ⟨amtmaður⟩.

1860

Nr. 1

Ár 1860 þann 15. maí var sáttanefndin í Miðfjarðar sáttaumdæmi til staðar að Svarðbæli hvar tilefni var umkvörtun S.T. herra kammerráðs Johnsens á Þingeyrum til nefndarinnar dagsett 3. þessa mánaðar yfir því að landseti hans Halldór bóndi Jónsson á Svertingsstöðum hafi ekki haldið umsamda leigusamninga nefndrar jarðar hvers vegna óklárt sé að nokkru leyti gjald landskuldarinnar fyrir næstliðin tvö ár til fardaga 1859, með fleiru sem umkvörtunarskjalið með sér ber. Var því af nefndinni útgefinn köllunarseðill dagsettur 9. þessa mánaðar en birtur Halldóri bónda af eiðsvörnum stefnuvottum degi síðar. Samkvæmt þessum köllunarseðli eru því báðir partar hér til staðar ásamt nefndinni og hið birta kæruskjal framlagt.

Nefndin reyndi til á ýmsan hátt að miðla málum og heyrðu það skýrlega að landsdrottinn frambauð talsverða tilslökun frá því í byggingarbréfinu af 1855 undirskrifuðu af Halldóri umsamda landskuldargjaldi. Eftir talsverða umræðu komst á svolátandi

sætt:

1. Halldór bóndi Jónsson lofar að víkja með góðu alveg frá jörðunni Svertingsstöðum á fardögum 1861.

2. Móti landskuldinni til fardaga 1858 lætur landsdrottinn fyrir tilslökun sér nægja þá 30 rd. 64 sk. sem hann játar að hafa meðtekið frá Halldóri bónda. En óendurgoldnir Alþingistollar greiðist af þeim 4 rd. 32 sk. sem á vanta.

3. Landskuldina til fardaga 1859, 35 rd., lætur landsdrottinn fyrir bón sér nægja að Halldór bóndi greiði með 22 rd. reiðusilfurs sem greiddir skulu á tímabilinu til næstu Michaelsmessu.

4. Landskuldin til fardaga 1861 greiðist annað hvort eftir verðlagsskrár meðalverði eður söluverði þess árs hvort sem lægra verður eða hvort sem Halldór bóndi heldur kýs.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 175 11/7/17 10:32:47 PM

5. En fyrir landskuldina á næstu fardögum 1860 vill landsdrottinn antaka bæjarhúsin er standa á Svertingsstaðaseli, hérumbil 30 rd. virði, svo framt þau eru Halldórs bónda skýlaus eign, þó með þeim skildaga að bóndinn Halldór bæti smágalla er á þessum finnast kynnu.

Þessari sætt til staðfestu setja viðkomendur hér undir nöfn sín ásamt sáttanefndinni. Ut supra.

J. Jónsson Halldór Jónsson (handsalað)

Til staðfestu sáttanefndin:

Böðvar Þorvaldsson G. Hinriksson

Ár 1860 þann 7. nóvember var sáttanefndin í Miðfirði til staðar á Staðarbakka til þess að reyna að semja sætt í málinu nr. 2/1860 milli hjónanna

> Sigmundar Guðmundssonar húsmanns á Barkarstöðum og Helgu Ólafsdóttur bústýru á Grafarkoti,

og aflagði þá hinn nýskipaði sáttanefndarmaður síra Guðmundur Vigfússon á Melstað svolátandi eið:

> Þareð ég Guðmundur Vigfússon prestur til Melstaðar og Kirkjuhvamms safnaða er með erindisbréfi frá Norður- og austuramtinu dagsettu 10. september þetta ár skipaður fyrsti meðlimur sáttanefndarinnar í Miðfirði, Kirkjuhvamms-, og Staðarhreppum framvegis þá lofa ég nú og sver að ég af fremsta megni vil leitast við að koma réttsýnni og góðmótlegri sætt á í öllum þeim málum sem koma fyrir áminnzta sáttanefnd, samt að ég í öllum greinum áforma að rækja þessa köllun með árvekni og ráðvendni eftir bestu þekkingu og meðvitund með hliðsjón af þeim þaraðlútandi lagaboðum og fyrirskipunum. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilagt orð.

Staðarbakka þann 7. nóvember 1860.

Guðmundur Vigfússon

Að þessum eiðstaf unnum mættu fyrir sáttanefndinni ofantéð hjón Sigmundur Guðmundsson og Helga Ólafsdóttir sjálfviljug og án fyrirkalls og þaraðauki fyrir konunnar hönd sáttanefndarmaður seigneur Gunnlaugur Hinriksson á Ósi, en tilgangur hjónanna með það að koma fyrir sáttanefnd var sá að þau

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 176 11/7/17 10:32:47 PM

annað hvort fyrir fortölur nefndarinnar gætu fallist á að endurnýja hjónasambúð sína, þar þau nú á annað ár höfðu verið sitt í hverjum hrepp, eða komið sér niður á reglulegum skilnaðarskilmálum er byggja mætti til grundvallar ef þau sæktu um leyfi til að lifa aðskilin að borði og sæng hjá amtinu.

Skriflegt attesti var framlagt frá sóknarprestum beggja hjónanna um að þeir árangurslaust hefðu reynt í sameiningu að freista þau til reglulegrar hjónasambúðar.

Þar eð seigneur Gunnlaugur á Stóra-Ósi – sem er annar sáttanefndarmaður í þessu sáttaumdæmi – framkom nú sem málspartur fyrir hönd konunnar Helgu Ólafsdóttur tók hinn sáttanefndarmaðurinn prestinn síra Jakob Finnbogason á Staðarbakka sér til aðstoðar við sáttaumleitunina í þessari sök.

Hvað aðalefninu viðvíkur þá urðu tilraunir nefndarinnar einnig árangurslausar í þá stefnu að fá talið áminnst hjón til sambúðar framvegis þar eð hvorugt þeirra vegna ólíks lundarlags treystist til að umgangast hvort annað eins og vera bæri og kristnum ektahjónum sæmir, og voru þau því samhuga í því að vilja biðja amtið að veita sér leyfi til að lifa aðskilin að borði og sæng fyrst um sinn. En hvað skilnaðarskilmálana snertir þá ber þess að geta að þau fyrir hálfu öðru ári síðan hafa, með góðra manna ráði og tilhlutan, skipt fjármunum sínum til jafnaðar á milli sín og hefir hvorugt þeirra átalið þau skipti að neinu. En með tilliti til þess að maðurinn hefir eftirlátið konunni að hafa sjá fyrir yngri dreng þeirra Ólaf, sem nú er á tíunda ári, þó hann við fjármunaskiptin byðist til að ala alveg önn fyrir honum ef hann hefði hann undir sinni hendi þá semst nú þannig þeirra millum þaraðlútandi, að Sigmundur lofar 4 vætta meðgjöf með drengnum til Helgu fyrir næstliðið og yfirstandandi ár og er nú svo til skilið að þessar fjórar vættir séu borgaðar með móálóttri hryssu með folaldi og einni specíu, sem hvorttveggja sé Helgu afhent fyrir lok þessa mánaðar, og hvað tvö næstu árin héreftir lofar hann ennfremur 3 vætta meðgjöf með drengnum, eður 60 fiskum fyrir hvert ár, sem greiðast skuli í gjaldgengum aurum, sem svaramaður Helgu gjörir sig ánægðan með hennar vegna, og skuli téðum 3 vættum vera lokið innan fardaga 1862, en meiri meðgjafarstyrks sé ekki að vænta frá sér.

Með þessa skilmála eru hlutaðeigendur ánægðir á báðar hliðar og verður svo málið þannig vaxið borið undir amtið. Sáttakostnaðinn greiða hlutaðeigendur að jöfnuði. Datum ut supra.

Sigmundur Guðmundsson (handsalað) Helga Ólafsd. G. Hinriksson

Að þannig hafi fram farið fyrir sáttanefndinni vitna:

G. Vigfússon Jakob Finnbogason

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 177 11/7/17 10:32:47 PM

Ár 1861 þann 15. febrúar átti sáttanefndin í Miðfirði fund með sér að Melstað til að reyna að semja sætt í málinu

> nr. 1/1861 sem Benedikt bóndi Bjarnason á Aðalbóli höfðar gegn Halldóri bónda Jónssyni á Svertingsstöðum útaf heimildarlausri ráðstöfun á bæjarhúsunum á Svertingsstaðaseli.

Kæruskjal dagsett 5. þessa mánaðar var framlagt áteiknað með fyrirkalli af 8. sama mánaðar sömuleiðis með áteiknun stefnuvottanna um löglega birtingu fyrir ákærða, enda voru nú báðir fyrrnefndir málspartar mættir.

Mál þetta er svoleiðis undir komið að Benedikt bar það fram að Halldór í manna áheyrn hafi fyrir nokkrum árum gefið fyrri konu sinni Sigríði, sem hann þá var skilinn við, bæjarhúsin á Svertingsstaðaseli, þó enginn bréfaður samningur hafi um það verið gjörður, og skilur hann þetta því svo að nefnd hús hafi verið fullkomin eign dánarbús Sigríðar heitinnar og hafi því Halldór enga heimild haft fyrir þeirri ráðstöfun á húsunum sem nefnd er í sáttargjörð af 15. maí næstliðið ár. Aftur ber Halldór ekki á móti því að gjöfin hafi átt sér stað en engan veginn í þeim skilningi að hún skyldi ganga að erfðum heldur skyldu þau húsin vera sín eign að Sigríði látinni, og því hafi hann haft heimild til að ráðstafa þeim eins og gjört hefði verið.

Þareð hvor parturinn fyrir sig hefir sína skoðun og skilning á þessu málefni og það verður að upplýsast með vitnaleiðslu hvor réttara hafi, og þar nefndin getur engri sáttarmiðlun ákomið, er máli þessu svo vöxnu vísað frá sáttanefndinni til viðkomandi réttar aðgjörðar og rannsóknar. Datum ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1861 þann 16. febrúar átti sáttanefndin í Miðfirði aftur fund með sér að Melstað til að reyna að semja sætt í málinu

> 2/61 milli hreppstjóranna í Torfustaðahreppi seigneur Jóns á Bjargarstöðum og seigneur Gunnlaugs á Efra-Núpi á aðra hlið og Halldórs bónda á Svertingsstöðum hins vegar út af ógreiddum uppboðsskuldum frá þeim síðastnefnda.

Voru nú fyrrnefndir hreppstjórar sem kærendur mættir og eins hinn ákærði Halldór bóndi Jónsson sjálfviljuglega og án fyrirkalls. Kæruskjal var framlagt dagsett 21. fyrri mánaðar áhrærandi málsstofninn og telja þeir þar til skuldar hjá Halldóri fyrir uppboðskaup að Ytri-Reykjum 22. október 1858, hvar af

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 178 11/7/17 10:32:47 PM

eftirstandi 20 rd. 2 sk., og að Reinhólum 21. apríl fyrra ár að upphæð 22 rd. 86 sk., er sé alveg ógreitt.

Hvað hið fyrra kæruatriðið snertir þá miðlast þannig málum milli partanna að hreppstjórarnir antaka að 21 rd. 87 sk. séu borgaðir af uppboðsskuldinni á Ytri-Reykjum þannig, að 5 rd. hafi verið greiddir af Halldóri til Steins sjálfs, 6 rd. 87 sk. frá Guðmundi á Bergsstöðum og 10 rd. borgaðir af Halldóri fyrir Stein í kaupstað hjá Friðluna á Borðeyri, og ætla hreppstjórarnir aftur að kalla eftir þessum 10 rd. hjá Steini í milli reikningi við hann í öðrum efnum, en þá 6 rd. 19 sk. sem eftir standa lofar Halldór bóndi að greiða hreppstjórunum skilvíslega innan sumarmála í vor.

En hvað hinu síðara kæruatriðinu viðvíkur þá láta hreppstjórarnir tilleiðast fyrir bón Halldórs að taka þá 6 rd. uppí uppboðsskuldina á Reinhólum, sem hann gjörir reikning fyrir til Vindhælishrepps fyrir við í líkkistu Guðrúnar heitinnar, konu Sölva frá Reinhólum, og fæði handa honum meðan hún var smíðuð. En þar á móti gefa þeir hinum ákærða frest með borgun á þeim eftirstandandi 16 rd. 86 sk. til næstu júnímánaðarloka, enda skuldbindur hann sig til að borga skuld þessa fyrr ef hann getur þar hann metur þetta svo góða tilhliðrun við sig.

Forlíkunarkostnaðinn gefa hlutaðeigendur eftir hinum ákærða og er svo þetta mál þannig útkljáð. Ut supra.

G. Gunnlaugsson J. Björnsson Halldór Jónsson

Að þannig hafi samist fyrir nefndinni vitna:

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1861 þann 20. febrúar var sáttanefndin í Miðfirði til staðar á Þóroddsstöðum í Hrútafirði til að reyna að semja sætt í málinu

> nr. 3/61 milli hjónanna Magnúsar Ísleifssonar á Bálkastöðum í Miðfirði og Oddbjargar Oddsdóttur á Þóroddsstöðum áhrærandi hjúskaparsambúð þeirra framvegis.

Voru ofannefnd hjón bæði mætt fyrir sáttanefndina og þaraðauki fyrir konunnar hönd húsbóndi hennar seigneur Daníel Jónsson á Þóroddsstöðum. Var þar þá framlagt vottorð frá sóknarpresti Oddbjargar prófasti síra Þ. Kristjánssyni á Prestbakka um að hann hefði haft nægilegt tækifæri til að leita um sættir milli áminnstra hjóna en árangurslaust.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 179 11/7/17 10:32:47 PM

Höfðu þessi hjón brugðið búi fyrir því nær tveimur árum sökum missættis og hafa þau verið sitt á hverjum bæ síðan. Við það tækifæri var fjármunum þeirra skipt milli þeirra og eru hlutaðeigendur ánægðir með þá ráðstöfun á báðar hliðar.

Þareð nefndin gat nú ekki miðlað málum milli áðurnefndra hjóna í þá stefnu að þau endurnýji hjónasambúð sína, þar þau ekki treysta sér til þess sökum ólíks lundarlags, hafa þau í áformi, eins og það er sameiginlegt samkomulag þeirra, að leita lagaleyfis hjá hlutaðeigandi amtmanni að mega lifa aðskilin að borði og sæng þann lögboðna frest, svo tilreynt mætti verða hvort þau tækju sinnaskipti á þeim tíma.

Ef einhverjir af náungum hjónanna þyrftu styrks með á þeim tíma sem þau lifðu aðskilin að borði og sæng er það áskilið að hvort fyrir sig annist sín skyldmenni eftir þeirri tiltölu er þeim kynni að bera, en kalli ekki hvert til annars í þeim efnum, og eru hjónin svo sætt uppá þessa skilmála.

Magnús Ísleifsson D. Jónsson Oddbjörg Oddsdóttir

Að þannig hafi samist fyrir nefndinni vitna:

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1861 þann 2. apríl var sáttanefndarfundur haldinn að Melstað í Miðfirði til að taka fyrir til sáttamiðlunar málefnið

nr. 4/61 milli Jóns bónda Einarssonar á Skárastöðum sem kæranda og Jóhanns bónda Bjarnasonar á Þverá útaf haldi á veturgamalli gimbur.

Voru báðir málspartarnir mættir og framlagði kærandinn kvörtunarskjalið með áteiknuðu fyrirkalli og skýrslu stefnuvottanna um löglega birtingu.

Í kærunni er þess getið að Jón bóndi Einarsson hafi boðið uppá téða gimbur við opinbert uppboð á eigum Arnbjargar heitinnar Bjarnadóttur. Aftur framleggur Jóhann á Þverá skírteini fyrir því frá ekkjunni Guðrúnu Jónsdóttur á Þverá að dánarbú Arnbjargar heitinnar hafi aldrei átt hina umtöluðu gimbur heldur aðeins 10 fiska virði fyrir hrútlamb sem Guðrún fékk hjá Arnbjörgu í fyrrahaust, og þar svona er ástatt fellur kærandinn eftir kringumstæðunum frá því að halda til streitu með hald á þessu uppboðskaupi sem miður lögmætu, en þarámóti skuldbindur hinn ákærði sig til, þó hann ekki sé lögverjari Guðrúnar, að sjá um að dánarbú Arnbjargar heitinnar fái hina umtöluðu 10 fiska skuld.

Sáttakostnaðurinn miðlast svo að kærandinn borgar 34 sk. að meðreikn-

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 180 11/7/17 10:32:47 PM

uðu fyrirkalli en hinn ákærði 30 sk. sem ekkjan Guðrún á Þverá á hjá kærandanum, og var svo málið sætt.

Jón Einarsson Jóhann Bjarnason

Að þannig hafi samist fyrir sáttanefndinni vitna:

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1861 þann 17. maí var sáttanefndin í Miðfirði til staðar á Stóra-Ósi til að reyna að semja sætt í málinu

> nr. 5/61 milli Jónasar bónda Guðmundssonar á Selási sem kæranda og Árna bónda Sigurðssonar á Litla-Ósi út af húsmennskugjaldi sem meint er að eftirstandi hjá Árna síðan árið 1857–58.

Báðir hlutaðeigendur voru mættir og þaraðauki hreppstjórinn í Kirkjuhvammshreppi Eggert Helgason. Kæruskjalið var framlagt með áteiknuðu fyrirkalli og uppáskrift um löglega birtingu.

Á báðar hliðar komu fram skilríki fyrir því að húsmennskureikningurinn hefði verið 104 fiskar, en hvað mikið af þessari upphæð væri borgað bar þeim ekki saman hvað innbyrðis milli reikninga snertir.

Þó að kærandinn vildi sýna talsverða tilslökun í þessu máli gat nefndin samt ekki liðkað svo til að sætt gæti á komist, þareð ákærði stóð fast á því að skuldin væri fullborguð og hreppstjórinn vogaði ekki hreppsins vegna að játa þessa skuldagreiðslu, er ákærði áleit ekki eiga sér stað, hvers vegna máli þessu er vísað frá sáttanefndinni til lands laga og réttar aðgjörða. Datum ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1862 þann 11. janúar var hinn 1. sáttanefndarmaður í Miðfirði tilstaðar á Melstað til að reyna að semja sætt í málinu

> nr. 1/62 sem Jónas bóndi Bergmann Jónasson á Rófu höfðar gegn feðgunum Jóhanni Bjarnasyni á Þverá og Bjarna Jóhannssyni á sama bæ út af meintu ólöglegu haldi á tvævetra mertrippi sem nefndur Jónas kveðst hafa fengið hjá Magnúsi heitnum Sigurðssyni, sem deyði á Aðalbreið snemma vetrar 1861.

Hinn annar forlíkunarmaður gat ekki mætt á fundinum.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 181 11/7/17 10:32:47 PM

Kærandinn mætti og framlagði klögun dagsetta 3. þessa mánaðar með áteiknuðu fyrirkalli af 4. sama mánaðar sem hafði verið birt þeim ákærðu þann 7. sama mánaðar og annar parturinn Jóhann ritað þar á nokkurs konar forsvar áhrærandi nefnt málefni. Þar á móti mætti hvorugur hinna ákærðu heldur sendi áðurnefndur Jóhann nefndinni tvo vitnisburðarseðla er hann mælist til að auglýstir séu Jónasi Bergmann.

Þareð nefndin getur eigi í fjarvist beggja hinna ákærðu ekkert gjört við þetta málefni ræður hún af að senda Jóhanni aftur áðurnefnda vitnisburðarseðla, og með því kærandinn mótmælir allri frestun á sökinni er henni hér með eftir kröfu hans vísað til hlutaðeigandi dómara aðgjörða og úrlausnar. Datum ut supra.

G. Vigfússon

Ár 1862 þann 21. maí kom sáttanefndin í Miðfirði saman að Melstað til að reyna að semja sætt í málinu

> nr. 2 1862 milli bóndasonar Jóns Halldórssonar á Svertingsstöðum og Magnúsar Ísleifssonar á Útibleiksstöðum út af leigu fyrir hestlán suður í vetur handa pósti Jóni Jónssyni.

Báðir hlutaðeigendur voru mættir en þess ber að geta að Magnús Ísleifsson hafði dregist hingað veikur og treystir sér ekki að halda svörum uppi í þetta sinn og þar eð kærandinn mótmælir því að annar tilnefndur maður mæti fyrir Magnúsar hönd er sáttatilrauninni nú frestað til næstkomandi 5. júní klukkan níu fyrir miðdegi, svo framarlega sem Magnús þá ekki hefir byrjað áformaða fiskiferð vestur undir Snæfellsjökul eða geti sannað önnur lögmæt forföll. Datum ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1862 þann 5. júní kom sáttanefndin í Miðfirði aftur saman að Melstað til að reyna að semja sætt í málefni því sem tekið var hér fyrir næstliðinn 21. maí en frestað til þess í dag.

Kærandinn Jón Halldórsson á Svertingsstöðum mætti einnig, en hinn ákærði Magnús Ísleifsson mætti hvorki né gaf neina bendingu um forföll sín og vísar því nefndin máli þessu frá sér til lagalegrar meðferðar. Datum ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 182 11/7/17 10:32:47 PM

Ár 1862 þann 21. júní var sáttanefndin í Melstaðar prestakalli til staðar að Melstað til að reyna að semja sætt í sökinni

> nr. 3/1862 milli hjónanna Jóhanns Bjarnasonar og Guðfinnu Gísladóttur á Vigdísarstöðum sem í hjúskaparlegu tilliti hafa að undanförnu verið missátt.

Voru hjón þessi sjálfkrafa eða án fyrirkalls mætt fyrir sáttanefndinni og vottorð framlagt frá sóknarpresti þeirra dagsett 20. þessa mánaðar um að hann hefði gjört mjög ítrekaðar tilraunir til að sætta þau en árangurslaust.

Nefndin reyndi á margar hliðar að fá hjón þessi til að framhalda sambúð sinni eftirleiðis og varð sú tilraun alveg árangurslaus þar þau bæði báru það fram að slík samvera mundi leiða til enn meiri óánægju, en bæði voru þau samhuga í því að leita leyfis hjá amtinu til að mega lifa aðskilin að borði og sæng. Enn fremur kom þeim saman um það að bæði börn þeirra, sem eru tveir drengir, annar tíu ára en hinn á fyrsta ári, skyldu báðir vera til forsorgunar hjá móðurinni og hún hafi hálfa jörðina Vigdísarstaði til ábúðar eftirleiðis. Líka var það áskilið með beggja samþykki að nú skyldi skipta fjármunum þeim er þeim bera úr búinu á Vigdísarstöðum, að föstu og lausu góssi, millum þeirra í tvo jafna parta og eins skuldum þeim er á fjármunum þessum hvíla, og að öðru leyti skuldbindur Jóhann sig til þess að greiða fulla meðgjöf með yngra barninu svo lengi sem eldri drengurinn er í ómegð, og er svo tiltekið að hálf kýr sem þau hjónin eiga nú í félagi sem stendur falli uppí meðgjöfina hálfa í þetta sinn en hinn helminginn greiði hann í góðum aurum fyrir næstu veturnætur. Og ennfremur gefur Jóhann von um að borga helming morgungjafar Guðfinnu af sínum hluta þegar hið áminnsta skilnaðarleyfi sé fengið hjá amtinu.

Með þessum skilmálum vilja hjónin leggja málefnið undir aðgjörðir amtsins um leið og þau sækja undirgefnast um skilnaðarleyfi að borði og sæng. Datum ut supra.

Jóhann Bjarnason	Guðfinna Gísladóttir
G. Vigfússon	G. Hinriksson

Ár 1862 þann 30. september var sáttanefndin í Melstaðar prestakalli til staðar að Melstað til að taka fyrir til sátta málið

> nr. 4/1862 milli Jóhanns Bjarnasonar fyrrverandi bónda á Vigdísarstöðum og Teits Gíslasonar á sama bæ sem ákærður er af hinum fyrir líkamlega misþyrmingu etc.

Sáttanefndin hefir nú fengið ný stefningarbréf frá amtinu, dagsett 5. júlí í ár, í hvörjum áskilið er að hún riti í sáttabókina nýjan eiðstaf um leið og hún kemur saman í næsta skipti, og leyfum við okkur í þessu tilliti að skírskota til

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 183 11/7/17 10:32:48 PM

þess eiðs er við höfum unnið 30. júlí 1853 og 7. nóvember 1860 er sáttabókin ber með sér.

Máli þessu var stefnt til fyrirtektar næstkomandi 8. október, en með því hinn ákærði hafði í hyggju að byrja langferð norður í Skagafjörð kom þeim ásamt um að mæta strax í dag, eins og þeir og gjörðu. Var fyrirkallið með ákærunni framlagt og áteiknað. Bar kærandinn þar fram, að ákærði hafi þann 24. þessa mánaðar barið sig á höndur og handlegg með spanskreyrssvipu svo á sér hafi séð og lagði fram skriflegt skírteini um þar að lútandi atvik. En þar eð hinn ákærði þverneitar með öllu að hann á nokkurn hátt hafi misþyrmt kærandanum nefndan dag og hann vill heldur ekki afturkalla klögun sína er máli þessu sem óprófuðu eftir kröfu kærandans vísað til lands laga og réttar. Datum ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1863 þann 19. júní var sáttanefndin í Melstaðar sáttaumdæmi til staðar á Kirkjuhvammi til að reyna að semja sætt milli

> kirkjubónda seigneur Einars Teitssonar á nefndum bæ og yngismanns Lofts Guðmundssonar á Syðri-Völlum útaf selaskotum og heimildarlausri brúkun á báti til téðrar veiði.

Hafði seigneur Einar kært nefndan Loft fyrir áminnsta veiði með kæruskjali frá 13. þessa mánaðar og hafði því sáttanefndin gefið út fyrirkall 15. sama mánaðar sem löglega hefir verið birt hinum ákærða af hlutaðeigandi stefnuvottum.

Var sáttafundurinn ákveðinn þann 20. þessa mánaðar um hádegisbil en með tilliti til kringumstæða sáttanefndarinnar kom hlutaðeigendum saman um að mæta deginum fyrr og voru þeir þá báðir mættir og var þar kæran með tilhlýðilegum áteiknunum framlögð.

Þegar málspartarnir höfðu á báðar hliðar skýrt skoðun sína á þessu málefni varð það ljóst að sínum augum leit hvor á tiltektir Lofts í þessu efni eða saknæmi þeirra, en með því Loftur hafði áður boðið 2 rd. til heimuglegra sætta, er ekki var antekið af kærandanum, varð þeirri miðlun loks á komið fyrir tilhlutun nefndarinnar að monsieur Einar gjörði sig ánægðan með ef Loftur borgaði sér 3 (þrjá) ríkisdali ríkismyntar fyrir næstkomandi 10. júlí til fullra sátta, hverju nefndur Loftur lofaði, og var svo máli þessu lokið í vinsemd og bróðerni á báðar hliðar. Datum ut supra.

Einar Teitsson L. Guðmundsson
G. Vigfússon G. Hinriksson

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 184 11/7/17 10:32:48 PM

Ár 1864 þann 9. maí var sáttafundur haldinn að Melstað af hinum reglulegu sáttanefndarmönnum í Melstaðar sáttaumdæmi, en tilefni til nefnds sáttafundar var það að Jóhannes bóndi Ólafsson á Mýrum hafði í bréfi til sýsluyfirvaldsins, kammerráðs Kristjánssonar, dagsettu 4. þessa mánaðar kvartað yfir því að Halldór Jónsson bóndi á Svertingsstöðum hefði fært klyfjar af fjórum hestum heim til sín, sem hann (Jóhannes) hefði flutt að Svertingsstaðaseli sem væntanlegu og heimiluðu ábýli frá næstu fardögum, og beiðst aðstoðar yfirvaldsins til að ná rétti sínum í þessu máli. En með því yfirvaldið gat vegna embættisanna ekki gegnt máli þessu uppá bráða hönd ráðlagði hann pörtunum bréflega þann 5. þessa mánaðar að skjóta máli þessu fyrir sáttanefnd til að reyna að miðla málum milli þeirra með góðu.

Báðir málspartarnir Jóhannes og Halldór mættu fríviljuglega fyrir nefndinni án fyrirkalls. Nefndin reyndi með ýmsu móti að liðka mál þetta og gat það eina áunnist að Halldór vildi sleppa þeim umtöluðu spýtum, eða klyfjum, þegar þess væri óskað en að þær mættu liggja í sínum vörslum óskemmdar og óhrærðar framtil manntalsþings, en með framhald á flutningi Jóhannesar að Selinu varð engum samningi ákomið milli partanna og því málinu vísað til dómarans aðgjörða og lands laga hvað það snertir. Ut supra.

G. Vigfússon G. Hinriksson

Ár 1864 þann 23. maí kl. 8 eftir miðdegi var sáttanefndin í Melstaðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað til að reyna að semja sætt milli bændanna

> Bjarna Bjarnasonar á Núpsdalstungu og Jóns Teitssonar á Syðri-Reykjum útaf ágreiningi millum þeirra viðvíkjandi ófullkominni uppfyllingu á þeim byggingarskilmálum er Bjarni hafði sett honum þegar hann byggði honum Syðri-Reyki og þar af rísandi útbyggingu af nefndri jörðu fyrir jól næstliðinn vetur.

Báðir hlutaðeigendur mættu fríviljuglega án fyrirkalls og í stað þess lögskipaða annars sáttamanns, seigneur G. Hinrikssonar, var hreppstjóri Björn Ólafsson viðstaddur.

Hvað hið vangoldna af eftirgjaldi jarðarinnar fyrir undanfarin ár snertir gjörir Bjarni kröfu til 10 rd. 80 sk., sem Jón lofar fúslega að borga honum í næstu fardögum og sömuleiðis að skila honum í vor rúmum 100 ferhyrningsföðmum á þúfnasléttun til uppfyllingar þeim ábúðarskilmálum er teknir voru fram í byggingarskilmálum fyrir umliðna tíð og eru þeir að þessu leyti sættir. En hvað útbygginguna snertir, að því leyti sem Pétur á Ytri-Reykjum sé nú orðinn eigandi að 6 hndr. í nefndri jörðu eftir hinu forna mati, þá kveðst Jón

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 185 11/7/17 10:32:48 PM

ekki finna skyldu sína að standa af þessum hundruðum í þetta sinn með því sér hafi hvorki verið formlega tilkynnt sala þeirra né boðinn forgangsréttur að kaupi þeirra af seljanda, sem hann telur sig eiga enn óskertan, hverju Bjarni heldur ekki vill mótmæla, eftir því sem ástendur, en umráð þau sem hann (Bjarni) hafi eftirleiðis heimilað Pétri fyrir byggingarráðum á Syðri-Reykjum hafi einungis verið bundin við þetta atriði, er hann hafi talið betur úr garði gjört en enn er framkomið.

Og skyldi nú þar að koma að Jón gæti náð fullum umráðum yfir framangreindum 6 hndr. eftirleiðis er Bjarni fús til að veita Jóni fulla ábúðarheimild fyrir þeim parti í Syðri-Reykjum er hann hefir til umráða framvegis, með því móti að hann uppfylli rækilega alla þá byggingarskilmála sem upphaflega voru settir hverju Jón einnig lofar að sínu leyti, og eru því viðkomendur sáttir sín á millum hvað áminnst málefni áhrærir.

B. Bjarnason J. Teitsson
G. Vigfússon B. Ólafsson

###

Sáttabók þessi er skoðuð í dag að Melstað og er hún í alla staði vel og vandlega færð, en þareð hún er þegar alveg útskrifuð og orðin biluð í bandi þarf í stað hennar að útvega nýja sáttabók.

p.t. Melstað 30. maí 1864.

Í umboði herra amtmanns Havsteins,

K. Kristjánsson.

Ár 1864 þann 2. júní var sáttanefndin í Melstaðar prestakalli tilstaðar að Melstað til að reyna að semja sætt milli

> ekkjumanns seigneur Jóns Jónssonar á Söndum og Andrésar Gíslasonar á Vigdísarstöðum útaf skuldakröfu hins fyrrnefnda vegna dánarbús Ingibjargar sálugrar Brynjólfsdóttur[1] á Útibleiksstöðum.

Voru báðir partarnir viðstaddir og hafði hinn síðarnefndi mætt eftir fyrirkalli dagsettu 26. fyrri mánaðar.

Taldist þá hér til að skuld Andrésar til áðurnefnds dánarbús og seigneur Jóns væri aftur 31 rd. 54 sk. Upp í þessa skuld hafði Andrés látið hest fyrir þremur árum, sem hann vildi að gilti 18 rd., og tvær ær í fyrrahaust sem hann hefir metið 9–10 dala virði. Þetta þykir Jóni, einkum hvað hestinn snertir,

1 Í handriti er Ingibjörg sögð Pálsdóttir. Það er misritun.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 186 11/7/17 10:32:48 PM

ofdýrt þar hann hafi reynst gallaður af hófkirkju; en með því Andrés hefir engin úrræði að klára skuld þessa á annan hátt og hann er þaraðauki mjög fátækur lætur Jón sér lynda að sleppa frekara tilkalli til áminnstrar skuldar ef Andrés borgar honum einn smjörfjórðung og 2 rd. í peningum eða innskrift á Borðeyri fyrir næstu Michaelsmessu og lofar Andrés þessu skýlaust og viljuglega. Og eru svo hlutaðeigendur hér með sáttir og er því til staðfestu nöfn hlutaðeigenda og sáttanefndarinnar. Datum ut supra.

J. Jónsson	Andrés Gíslason
G. Vigfússon	G. Hinriksson

Ár 1865 þann 8. nóvember var sáttanefndin í Melstaðar sáttaumdæmi til staðar að Melstað eftir ósk Jóhanns Bjarnasonar á Vigdísarstöðum til að reyna lögformlega sætt milli hans og konu hans Guðfinnu Gísladóttur á nefndum bæ, er eftir amtsleyfi frá 18. desember 1862 hafa nú verið aðskilin að borði og sæng næstliðin þrjú ár, áhrærandi hjúskaparsambúð þeirra framvegis.

Bæði þessi hjón mættu sjálfkrafa án fyrirkalls og var framlagt vottorð sóknarprests þeirra dagsett í gær um það að hann hefði gjört margar árangurslausar tilraunir til að koma þeim til að endurnýja hjúskap sinn.

Nefndur Jóhann setti strax þann kost að hann væri fáanlegur til að taka Guðfinnu aftur til hjúskaparsambúðar með því móti að hún þegar í stað léti burt fara af heimilinu allt sitt hyski, það er að segja: Systkini hennar og skyldmenni sem eru hjú hennar eða njóta skjóls hjá henni með öðrum hætti. En með því þetta var nú ómögulegt um þennan tíma ársins og konan kvað svo á „að hún væri orðin svo þreytt á sambúð við Jóhann að hún gæti aldrei freistað þess oftar, hvað sem í boði væri“ tjáði ekki sætta að leita á þennan veg. En aftur varð það samkomulag þeirra að leita algjörlegs skilnaðar að lögum, með þeim skildaga að þeir skilmálar yrðu uppfylltir sem fram eru teknir í sáttargjörð frá 21. júní 1862 og að hvort þeirra hjóna fyrir sig skyldi annast yngra barnið að jafnri tiltölu frá þeim tíma að algjörður skilnaður væri fenginn, og að Guðfinna mætti halda því hjá sér til sjö ára aldurs, og lengur ef kjör Jóhanns tækju ekki að óvilhallra og skynsamra manna áliti sérlegum bótum til þess tíma. Ut supra.

J. Bjarnason	Guðfinna Gísladóttir
G. Vigfússon	G. Hinriksson.

[Bók lýkur]

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 187 11/7/17 10:32:48 PM

Viðauki I

Tilskipan um sættastiftanir á landinu í Norvegi

Kaupmannahöfn, þann 20. janúar 1797[1]

Vér Kristján hinn sjöundi af Guðs náð konungur, etc. gjörum kunnugt: Að vegna þess vér, með mikilli ánægju, séð höfum þau bestu not af tilskipun vorri, sem útgefin er þann 10. júlí 1795 (með hvörri gjörðar eru sættastiftanir allstaðar í Danmörku, en fyrst um sinn einungis í Norvegs kaupstöðum), og vér af reynslunni erum leiddir til að grenslast eftir, og með umhyggju að uppgötva þau meðöl, er hentugust virðast mættu til niðurskipunar og framkvæmdar þessari nytsömu ráðstöfun á landinu í Norvegi, hvar hún þókti sameinuð vera ýmsum örðugleika sökum afstöðu sumra byggðarlaga; þá gjörum vér fullnægju bæði vorri hjartans ósk og því konunglega loforði, í áðurnefndri lagasetningu, þegar vér hér með ákvörðum, að hún einninn gilda skuli á landsbyggðinni í Norvegi, með þeim umbreytingum og nákvæmari niðurskipun, er afstaða og byggðalögun þessa ríkis krefur. Annars efumst vér ekki um, að þessu voru landsföðurlega lögmáli verði á móti tekið af vorum kæru og trúu sveitabúendum í Norvegi með enu sama þakknæmi og eftir því lifað með hinni sömu góðviljugu alúð, sem annarstaðar í vorum ríkjum, hvar forlíkunarstiftananna framgangur hefir samkvæmur orðið vorri von og tilgangi. Þær reglur er vér í þessu tilliti ákvörðum eru sem fylgir:

1. kapítuli

Um niðurskipun forlíkunarverksins á landinu í Norvegi.

§ 1

Til að hindra óþarfar og kostnaðarsamar þingaþrætur meðal vorra kæru og trúu þegna, er búa á landinu í voru ríki Norvegi, skulu þar á hvörjum stað setjast forlíkunarnefndir, er stunda skulu að sætta þá missáttu málseigendur, áður en þeim leyfist að lögsækja hvör annan fyrir rétti. Flýtur þá hér af, að engin

1 *Tilskipanasafn* I (Leirárgörðum og Viðey 1801–1830), bls. 17–42.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 189 11/7/17 10:32:48 PM

mál (að þeim einum undanteknum, er þessi tilskipan einkanlega tilgreinir) megu fyrir dómstólunum sækjast, eða dómur falla á þau, nema sækjandi sýni bréflegar röksemdir þær, er sanni, að einsleg forlíkan hefir reynd verið, en ekki orðið framgeng.

§ 2

Forlíkunarverkið á einungis að vera undir stjórn amtmannsins sjálfs, í þeim hluta af amtinu, er næst liggur bústað hans, en í þeim fjærliggjandi héröðum tilnefnir hann sín vegna ráðvanda og skynsama menn, er vera skuli forlíkunarnefnd eða sáttamenn.

§ 3

Sérhvörju amti skal skipta, eftir stærð þess og byggðanna afstöðu, í viss fylki eður sveitir, er þanninn afmarkast, að enginn af þeirra innbyggjendum hafi lengra að ferðast til þess staðar, hvar forlíkunarnefndin samankemur, en 2 eða 3, og þá lengst er, 4 mílur.

§ 4

Þegar fylkin eða sveitirnar þannig eru af amtmanni takmarkaðar, skal hann tilsjá að auglýsing þar um verði gefin á predikunarstólunum, svo allir viti sér þar eftir að hegða.

§ 5

Þareð forlíkunarverksins niðurskipan er til almennings nota, má enginn sá, er býr innan þeirra afmörkuðu sveita, mælast undan að takast þetta heiðurlega embætti á höndur, þegar hann til þess er metinn hæfilegur. Þó skal hann ekki skyldur vera að þjóna í þessari stétt lengur en í þrjú ár. Málaflutningsmenn (prókúratórar) einir megu vera undanskyldir til þessa starfa.

§ 6

Í hvörri forlíkunarnefnd skulu vera tveir menn, nefnilega: Einn verðslegur embættismaður, prestur eða annar dugandis maður, sem ekki er bóndastands, og einn valinkunnur bóndi. Hinn fyrri af þessum tveim skal rita í prótókollinn (hvörn amtmanni ber með uppáskrift sinni að löggilda), en báðir setja þeir nöfn sín undir það sem í hann er skráð.

§ 7

Í þeim smáþorpum (hleðsluplátsum við sjóarsíðuna) í Norvegi hvar fleiri eru en 20 búsitjandi húsfeður skal amtmaðurinn tilnefna fjóra menn, af hvörjum innbyggjendurnir mega velja tvo í forlíkunarnefnd á þeim stað. En þessir tveir tilkjörnu menn skulu, að því búnu, skikkaðir verða af amtmanni. Annars á það

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 190 11/7/17 10:32:48 PM

sem boðið er í tilskipuninni af 10. júlí 1795, 2. kap. 12 og 13 gr., um forlíkunarverksins niðurskipun í kaupstöðunum, að vera regla í þeim smáþorpum, hvar valið sker á þann hátt sem nú var umgetið.

§ 8

Hið fyrsta sinn er þeir völdu menn taka til verka sem forlíkunarnefnd skulu þeir fyrst rita og undirskrifa þeirra embættiseið í prótókollinn, á þenna hátt:

> Ég N.N., sem er valinn og nefndur til forlíkunarmanns í N.N. afmarkaða byggðarlagi, heiti svo og sver: Að ég af fremsta megni skal kappkosta að framfylgja einslegri forlíkun millum hlutaðeigenda í öllum þeim málum, er koma fyrir umgetna nefnd, og að ég skal til þess stuðla af ýtrustu kröftum með allri alúð og hreinskilni eins og ég, eftir samvitsku minni, hefi best vit á. Svo vil ég að Guð hjálpi mér og hans heilaga orð!

§ 9

Forlíkunarnefndin á almennt að halda samkomur sínar einu sinni í byrjun hvörs mánaðar. Skal því lýsa á predikunarstólunum átta dögum áður, að sérhvör sá, er mál hefir að kæra, geti orðið sannfróður um þá tíð sem til er tekin. En í Norðurlanda og Finnmerkur ömtum, sem og í sjó- og fjallbyggðum annarstaðar, hvar vegalengd og annar örðugleiki bannar að þessari reglu nákvæmlega fylgt verði um sérhvörn ársins tíma, einkum á vetrardögum, viljum vér setja í hlutaðeigandi amtmanna vald að ákvarða þá tíð er þar til þykir hentust, eftir ástandi sérhvörs byggðarlags. Þó skulu þeir gefa voru danska cansellíi það til vitundar þegar þannig vikið er frá þeirri almennu reglu og hvörjar orsakir hafi gjört það nauðsynlegt að víkja frá henni.

2. kapítuli

Áhrærandi hvör mál túlkast skulu fyrir forlíkunarnefndum.

§ 10

Öll borgaraleg mál yfir höfuð, hvört sem þau heldur snerta óðul, eignir, tilköll, skuldakröfur eða annað, skulu koma fyrir forlíkunarnefndir. Hér frá undanskiljast:

a) Mál um vexla.
b) Skuldaheimtur í sterfbúum, fallit- og uppboðsbúum, þar eð málskostnaður ekki borgast í þess háttar málum, þegar þau í fyrsta sinn dæmd eru. Þó skal skiptarétturinn sjálfur kappkosta að forlíka þá missáttu hlutaðeigendur ef við þarf.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 191 11/7/17 10:32:48 PM

c) Þegar málum til upplýsingar þarf vitni að taka og þau annaðhvört liggja veik eða eru í ferðalögum, svo vitnisburðir þeirra missast kynnu vegna undandráttar, skal það leyft vera að ná þeirra vitnisburðum áður en málið kemur fyrir forlíkunarnefnd, en annars ekki. En þegar málsins hlutaðeigendur ekki geta komið sér saman um þess sönnu undirrót, og vitni þess vegna þarf að leiða, skal forlíkunarnefndin skjóta málinu á frest á meðan vitnaleiðsla er tekin, en byrja síðan aftur með það, framhalda því og til fullkomins lykta leiða.

§ 11

Þess ber og að gæta, að þegar eitthvört mál byrjar með forboði eða kyrrsetningu (arresti), að sækjandi strax að því verki afloknu kalli sinn mótstöðumann fyrir forlíkunarnefndina. En náist ekki sættir á málinu, þá á kyrrsetningunni eður forboðinu með löglega birtri stefnu fram að fylgja þann fyrsta dag, sem réttargangur er haldinn, þegar málinu er af nefndinni vísað til dómstólanna.

§ 12

Í tilliti til þeirra mála, er ekki kunna að metast nema eftir rannsókn á prætuplátsi þá skulu hlutaðeigendur, áður en þeir leita til forlíkunarnefnda, láta gjöra nauðsynlegar yfirskoðanir, málinu til upplýsingar, sem í laganna 1. bók 16. kap. boðnar eru, nema því aðeins að forlíkunarnefndin sjálf sé tilleiðanleg að rannsaka málið á prætuplátsinu.

§ 13

Hvört heldur einum er niðrað í orðum eða verkum, skal það einnig, þegar áfríað er af þeim sem fyrir sök verður, kærast fyrir forlíkunarnefndinni áður en til réttargangs kemur, og laganna 1–22–8 skal ekki hindra hlutaðeigenda innbyrðis sætt á þesshättar málum, þó af þeim kunni að leiða barsmíða, ofríkis- eður þriggja marka bætur.

§ 14

En þeim málum er á allsherjar kostnað sækjast, eður skipað er að byrja með, eftir tilhlutun hlutaðeigandi collegia eður embættismanna ber án tafar að stefna til réttarins. Þó viljum vér ekki að barsmíða- né ofríkismál sækja skuli á þann hátt, nema því aðeins að allsherjar friði sé af þesskonar sökum raskað. Hér af hlýtur, að þegar einhvör hefir kærumál um sér gjörðan vansa á líkama eður eignum, svo ofríkis- eður barsmíðabóta krafist verði, skal það af þeim er fyrir vansanum varð, eins og hvört annað innbyrðis málefni, kærast fyrir dómstóli, ef bætur og sættir nást ekki þingdeildalaust og skal þeim er varhluta

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 192 11/7/17 10:32:48 PM

gjörðist veitast fátæktar hjálp (beneficium paupertatis) og talsmaður kauplaust, ef hann sjálfur ekki hefir efni til að fylgja máli sínu fram fyrir rétti.

§ 15

Að síðustu skulu laganna 1. bók 5. kap. 2. art. og þeirra 3. bókar 4. kap. 4. art., er höndla um ærukrenkjandi áburð gefinn yfirvaldinu og réttarins þjónum, vera í fullu gildi.

§ 16

Í ektaskapar málum skulu forlíkunarnefndir reyna til, þá hvörttveggja ektahjónanna kemur til fundar, að koma sættum á milli þeirra, og að þau búa vilji í samlífi framvegis. En verði engri sameiningu ákomið mega þó ekki forlíkunarnefndir leyfa sér hvorki að gjöra hjónaskilnað, svo ektaskapur sé að engu gjörr, né heldur leyfa skilnað frá borði og sæng, er einungis heyrir til hlutaðeigandi rétta og yfirvalds fullkominna aðkvæða. Þó má það leyfast, þegar hið seinna tilber, að sættanefndin taki á móti samningi ektahjóna um þá skilmála, eftir hvörjum þau verða ásátt að setja hvört öðru fjærvistir, svo þetta kunni gjörast að álitum ef skilnaður yrði þeim leyfður seinna meir.

§ 17

Þegar mál eru kærð fyrir politiérétti, skal hinn sami reyna til, þá málið er viðvíkjandi persónulegum vansa, að koma góðgjarnlegri forlíkun á millum viðkomenda, fyrr en eiginlegar réttarins aðgjörðir byrja, án þess að tillit sé haft til laganna 1–22–8.

§ 18

Á líkan hátt skal fara með gestaréttar málefni, þar líklegt er að þeim ekki skjóta megi á frest.

§ 19

Þau í þessum síðustu tveim §§ umgetnu mál eiga þess vegna ekki að koma fyrir þær almennilegu sættanefndir, en þær gjörðu forlíkanir eiga þó að leiða hið sama eftir sig og hafa það gildi og kraft, sem hinar, er fyrir forlíkunarnefndunum fást kunna og á komið verður.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 193 11/7/17 10:32:48 PM

3. kapítuli

Um skyldu forlíkunarnefndanna hvörsu þær fara eigi með málaferli um það, er af sættum leiðir, og fleiri ákvarðanir er snerta sættastiftanina yfir höfuð.

§ 20

Þeir, sem kærumál eitthvört eða klögun hafa, er eftir áður umgetnum reglum góðmótlega má sættum ákoma, skulu bréflega eða munnlega gefa það áður forlíkunarnefndinni til vitundar og þar um leita þess nefndarlims sem ekki er bóndastéttar.

§ 21

Til þess hvör og einn viti hvar hann eigi að leita til þá svo ber við á forlíkunarnefndin að gjöra heyrum kunnugt hvör sá tími og staður sé sem hún ákvarðað hefir til að taka á móti kærumálum manna, og þessi ávísan á þannig að ske, sem hér er skipað í 1. kap. 9. art.

§ 22

Þegar einhvör umkvartan eður klögunar tilkynning er komin gefur sá forlíkunarlimur, er tekið hefir á móti hinni sömu, tafarlaust með seðli bréflega ávísun um hvenær báðir hlutaðeigendur skuli koma fyrir sættanefndina. Ef sá er klagar hvörki býr né er að vistum innan þeirra afmörkuðu forlíkunartakmarka stefnist hans svaramaður eður hann, sem vegna hins fyrra hefir með klögun framkomið. Þessa stefnu á kærandi að fá í hendur og sjálfur að sjá fyrir hún auglýst verði þeim sem yfir er klagað og þareftir á hún sjálf að leggjast fram fyrir forlíkunarnefndina.

§ 23

Stefnan birtist af þeim í hvörri sókn tilteknu stefnuvottum er eftir boði tilskipunarinnar af 3. júní 1796 bréflega sanna að slíkt sé af þeim gjört. Sá sem stefndur er á annars fjögurra daga frest.

§ 24

Fyrir stefnu birting borgist hvörjum stefnuvotti 12 skildingar, en sé kærandi fátækur maður egu þeir enga borgun að fá.

§ 25

Hvör og einn viðkomenda, sem er innan forlíkunar takmarka, skulu sjálfir koma fyrir sættanefndirnar. Þó má það leyfilegt vera, þá hlutaðeigandi er löglega hindraður, að senda annan vandaðan mann fyrir sig, er hafa verður ánægjanlega fullmakt, til að sættast á málið vegna þess er honum hefir

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 194 11/7/17 10:32:48 PM

fullmakt gefið, en að öllu leyti skal það bannað vera að taka með sér málafylgismenn (procuratores) eður senda þá fyrir sig til þess að túlka mál fyrir forlíkunarnefndinni.

§ 26

Ef einhvör sem til sætta er boðið fyrir forlíkunarnefndinni afsakar sig frá að koma, eða kemur ekki, né leiðir röksemdir til að hann hafi löglega hindraður verið þá skal hann (samkvæmt og líkt því sem skipað er í NL. 1–5–7), sem sá er hrindir sættum og einkanlega vill prætu hafa fyrir rétti dæmdur verða til að borga sínum mótstöðumanni málskostnað allan, þá málið verður fyrir dómstóli til lykta leitt.

§ 27

Forlíkunargjörðir sem fyrir nefndinni framfara skulu ske innan luktra dyra.

§ 28

Til þess að hlutaðeigendur geti fullkomlega reitt sig á forlíkunarnefndanna máls túlkun og þeir öruggt og óhræddir gengið fái að sættaleitun, svo þrætur þeirra þingdeildalaust verði útkljáðar, skal það vera með öllu bannað að gefa vitnisburði um eða leiða vitni til þess sem af hlutaðeigendum fyrir forlíkunarnefndinni er viðgengið eða ráðgjört, nema það sé af báðum málseigendum samþykkt og áhræri einhvör sérleg atriði í sjálfri sættinni. Af þessu hlýtur: Að þegar góðmótlegri sætt verður ekki ákomið má alls ekkert skriflegt gefast af því sem fyrir nefndinni gjörðist, heldur á það ómerkilegt og ógilt að vera. Þegar þannig viðber afhendist klaganin aftur þeim er kærði með þeirri uppáskrift, að sættir hafi ekki fengist fyrir forlíkunarnefndinni og að málinu sé þess vegna vísað til réttarins aðgjörða. En hafi klaganin einungis munnleg verið þá gefst þó sækjanda engu að síður skírteini um að sætta hafi leitað verið í málinu en þær ekki fengist.

§ 29

Þverskallist nokkur í því að koma á sáttafund gefur nefndin þeim komna hlutaðeiganda skírteini þar um, svo hann geti fært sér það í nyt þegar málinu er framfylgt fyrir dómstólunum.

§ 30

Verði málinu komið til sætta þá skal sáttmáli sá, með öllum þeim kjörum sem hann er með gjör, ritast orðrétt í prótókollinn með málseigenda nöfnum undir, ef þeir kunna að rita. Skulu þá sáttmálar þessir hafa alla ena sömu verkun og kraft sem óhnekkjandi dómur, er enginn má kæra, og skulu því á sama hátt fullgildir gjörast með þvingandi fjárupptektum án frekari lagasókna.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 195 11/7/17 10:32:48 PM

§ 31

Áhræri málið gjaldkröfu, eður lúkist það með lofun um peninga útsvörun, þá skal viss gjalddagi setjast eftir hlutaðeigenda samkomulagi. En ef málefni fyrir sættanefnd áhrærir eitthvört skylduverk, sem gjörast á, t.d. þegar einhvör skyldast til vatnsafleiðinga, vörðslugarðs hleðslu, vegaruðnings eða þesshátt-ar, þá skulu ætíð á sættafundi ákvarðast tilhlýðilegar og nægar bætur, er með kúgun megi þvinga til að borga ef því er ekki hlýtt sem ákvarðað er, svo málið verði að fullu útkljáð og til lykta leitt.

§ 32

Mál þau öll, sem koma fyrir forlíkunarnefndir, skulu vera útkljáð og til lykta leidd innan fjögurra vikna, að reikna frá þeim tíma sem með þau var byrjað á sættafundum. Lengur mega ekki málin dragast nema báðir málsegendur séu þar um ásáttir eður einhvörra röksemda þurfi hjá vitnum að leita, og skal þá 2. kap. 10. art. vera regla sú er eftir að breyta.

§ 33

Til þess að gjöra sættir auðveldari og koma þeim á gang meðal vorra kæru og trúu þegna viljum vér leyfa, að allt það, sem bæði skriflega framleggst fyrir forlíkunarnefndir, gjörist fyrir þeim og þaðan útgéfst, megi rita á óstimplaðan pappír.

§ 34

Ef einhvör sættamaður hefir sjálfur með að kæra fyrir nefndinni, eður hann er einhvörjum málseiganda svo nákominn að skyldugleika eða mægðum, sem svari öðrum lið, þá ber honum í fyrra tilfellinu að ganga úr nefndinni, en sé hinu að gegna skal hann fyrirspyrja hinn málseigandann hvört honum sé til geðs að hann, þó skyldugleiki eða mægðir séu hinsvegar, gjöri sér afskipti af sættaleitun og forlíkun? Sé ekki málseiganda þetta á móti má sættamaðurinn halda sessi sínum, þar auðveldlega ske kann að hann, sem sannsýnn og góður maður, fái svo heppilega talið um fyrir skyld- eður venslamenni sínu að sættin verði framgeng. En óski ekki kærandi að hann sitji kyrr, þá ber honum að víkja.

§ 35

Þegar einhvör sættamaður ekki má sitja í forlíkunarnefnd vegna þeirra orsaka er strax voru taldar, eður annara löglegra hindrana, skal sá sættamaður sem eftir er klára þess háttar einfalt mál annaðhvort einsamall eður ásamt öðrum góðum manni, er hann til þessa velur og tilgreinir.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 196 11/7/17 10:32:48 PM

§ 36

Þegar amtmennirnir ferðast um þau héröð sem þeim eru afmörkuð skulu þeir láta forlíkunarprótókolla fyrir sig leggja og með athygli skoða þá, samt rita í þá sömu að þeir séu þeim framvísaðir.

§ 37

Við enda sérhvörs árs skulu forlíkunarnefndirnar senda hlutaðeiganda amtmanni upptalningu þeirra mála sem fyrir forlíkunarnefndina komið hafa á því ári og undir eins skýra frá hvör af þeim séu forlíkuð og hvörjum frávísað til réttargangs eður á frest skotið af forlíkunarnefndinni. Skýrslur þessar skulu síðan, áður en nærsta árs janúarmánuður endar, sendast voru danska cansellíi, hvörs skylda það skal vera að leggja þær enar sömu fram fyrir oss, svo að vér sjálfir getum dæmt um hvört gagn þessi vor nytsama lagasetning hefir verkað, og jafnframt að álitum gjört hvört einn eður annar hefir í þessu tilliti sér í lagi styrkt til framkvæmdar þessa góðverks með alúð og kostgæfni.

§ 38

Í þeim málum öllum, er einhvör biður um fátæktarstyrk eður kostnaðarlausan réttargang (beneficium paupertatis eður processus gratuiti), á yfirvaldið ætíð að fá skýrslu frá forlíkunarnefndinni um hvort sá er sækir hefir auðsýnt sig viljugan til að sættast einslega á málið á sanngjarnan hátt eður ekki. Þessi skýrsla á að fylgja yfirvaldsins áliti um bónarbréfið, svo hennar verði gáð, þegar því er að fullu svarað, því annars er það á móti vorum vilja að prætugjörnum mönnum skuli veitast þess háttar velgjörningar.

§ 39

Þegar einhvör sættamaður hefir í átta ár þjónað embætti sínu með fastri ástundun og ráðvendni viljum vér auðkenna hann sem dugandis mann, annaðhvört með upphafningu til viðurkvæmilegrar metorðatröppu eður sæma hann með öðru virðingar merki.

§ 40

Annars á forlíkunarnefndinni, og þeim er ritar í prótókollinn, að borgast af kæranda 40 skildingar fyrir ómak þeirra og 24 skildingar af þeim sem fyrir sök er hafður, hvör laun þó einungis egu að greiðast þá málið verður með forlíkun til lykta leitt, en annars ekki. Sá þriðji hluti þessara launa fellur þeim af sættamönnunum í skaut er tekur að sér að rita í prótókollinn. Ef einhvör hlutaðeigenda er svo efnalítill að hann ekki getur borgað þetta gjald þá megu þó sættir þess vegna ekki hindrast. Annars er sjálfsagt að það einnig í sættaleitun

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 197 11/7/17 10:32:48 PM

kann að ákvarðast, sem eitt af forlíkunarkjörum, ef annarhvör hlutaðeigenda býðst til að borga þann umgetna kostnað.

§ 41

Ef sættamenn nauðsynlega þurfa að ferðast til þess staðar hvar nefndin á að verða, þá skal reisukostnaður þeirra jafnast til útborgunar af amtsins innbyggjendum, ásamt öðrum þeim útgiftum er á almennan kostnað gjaldast eiga. Á sama hátt skal það einnig jafnast til útborgunar er nefndin þarf að kosta upp á sínar gjörðabækur.

§ 42

Af þessari tilskipun skal nægilegur fjöldi útskiptast á millum almúgans á landinu, svo hvör og einn geti fengið hér um fullkomna ávísun.

§ 43

Að síðustu bjóðum vér: Að amtmenn vorir skulu tafarlaust, hvör í sínu amti, gjöra þesssa vora lagasetningu gildandi, og eftir það reglugjörðinni er niðurskipað og sérhvörjum stað, og hún er komin í brúkun, eiga þeir allraundirgefnast að gefa oss það til vitundar.

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 198 11/7/17 10:32:48 PM

Bendiskrá

Skráin nær til allra mannanafna, bæjarheita, örnefna og sérnafna sem birtast í bókinni auk helstu efnisorða. Undirskriftir sáttanefndarmanna eru þó ekki skráðar nema þegar þeir undirrita eiðstaf sinn við upphaf starfa sinna fyrir nefndina. Orð sem koma mjög oft fyrir í bókinni eru ekki tekin með, svo sem „bóndi“, „sátt“, „Miðfjörður“ og „sáttanefnd“ eða afbrigði af þeim orðum. Fæðingar- og dánarár einstaklinga eru fengin af vef Íslendingabókar en sum nöfnin var ekki hægt að sannreyna. Þar hef ég ritað þá þegar viðkomandi var uppi. Staða og búseta einstaklinga í skránni miðast við það hver hún var þegar viðkomandi kom fyrir sáttanefndina. Skráin nær aðeins til inngangskafla og meginmáls og þeirra neðanmálsgreina sem innihalda frekari texta eða upplýsingar. Hún tekur ekki til formála eða heimildatilvísana. Þegar nöfn eða atriðisorð í skránni vísa til málsaðila eða orsök máls og það nær yfir tvær eða fleiri blaðsíður þá er tengt á milli með bandstriki. Þegar nöfn eða hugtök birtast endurtekið en varða ekki megin inntak málsins þá er aðeins getið stakra blaðsíða, jafnvel þó að þau komi fyrir margar blaðsíður í röð.

A
accord, → *samkomulag*
Aðalból í Miðfirði, 58, 72, 105, 107, 117, 118, 173, 178
Aðalbreið í Miðfirði, 181
aflahlutur, 94
afsökunarbeiðni, 23, 25, 39, 83, 105, 106, 108, 111, 115, 123, 130, 131, 141, 142, 147, 154, 157, 159, 160, 161, 170
Agnes Guðmundsdóttir (1789–1879), húsfreyja á Neðra-Núpi, 93
Alexander Bjarnason (1815−1896), bóndi í Laxárdal, 131
allraheilagramessa, 90
Almenningur á Vatnsnesi, 100–101, 133, 163–164
Alþingi, 11, 20, 26, 32
Alþingistollar, 175
alþýða, almenningur, 11, 12, 13, 15, 16, 18, 19, 21, 22, 24, 27, 29, 32, 35, 42, 190, 198
amtmaður, 11, 14, 17, 19, 20, 24, 25, 26, 28, 30, 32, 33, 34, 36, 42, 44, 80, 102, 120, 135, 175, 180, 186, 190, 191, 197, 198
amtsbréf, 134
Andrés Gíslason (1824−1869), bóndi á Saurum, 149, 186–187
arfur, 22, 39, 41, 50−51, 80, 81, 93, 101, 102, 113, 117, 131−132, 141, 153, 163, 178
Arnbjörg Bjarnadóttir (1825−1860), 174, 180

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 199 11/7/17 10:32:48 PM

Arnbjörn Árnason (1776–1835), stúdent á Stóra-Ósi, 99
Arnfríður Brynjólfsdóttir (1743–1832), 79, 80, 81
Arngrímur Jónsson (f. 1796), barn, 61
Arngrímur Jónsson (1787–1867), kaupamaður í Stykkishólmi, 102
Arnór Arnórsson (1808–1866), gullsmiður á Gauksmýri, 152
Arnór Árnason (1807–1859), sýslumaður í Húnavatnssýslu, 166
Athugaverdt vid sættastiptanir og forlíkunarmálefni á Íslandi (bók), 27–29
Auðkúlusáttaumdæmi, 32
Auðólfsstaðir í Langadal, 104, 157
Auðunarstaðir í Víðidal, 50
Auðunn „rauði“ Þorbergsson (um 1250–1322), biskup, 115

Á
ábýlisjörð, ábúð, 60–61, 79–83, 97–98, 105, 116, 119, 122, 127, 129–130, 137, 175–176, 183, 185–186
áflog, 50, 88, 149–150, 174, → *höfuðhögg*
ákæruréttarfar, 15
Álatjarnarlækur (örnefni), 66, 67, 151
Álatjarnir (örnefni), 64, 66, 67, 151
Ámundi Ámundason (f. 1746), bóndi á Reykjum, 51
Ámundi Bjarnason (1802–1827), bóndi á Sauðadalsá, 100, 136, 164
Ánastaðir á Vatnsnesi, 35, 68, 78, 100–101, 106, 136–137, 138, 143, 149, 162, 163, 164–165
Ármótastrengur (örnefni), 172–173
Árnessýsla, 26
Árni Björnsson (1795–1839), bóndi á Þóroddsstöðum, 115–116
Árni Jónsson (18. og 19. öld), bóndi á Fremri-Fitjum, 63–67
Árni Jónsson (1764–1838), hreppstjóri á Rófu og Efra-Núpi, 41, 88, 90, 93–94, 95
Árni Jónsson (1796–1843), bóndi í Múla, 95–96, 97–98
Árni Sigurðsson (f. 1807), bóndi á Sauðadalsá, Geitafelli og Litla-Ósi, 119, 122–123, 132, 135, 181
ásakanir, 50, 52, 54–56, 57, 63, 84, 94, 110, 126, 130, 133, 143, 167, 168
Ásbjarnarstaðir á Vatnsnesi, 166, 167
Ásmundur Bjarnason (1809–1883), bóndi á Skeggjastöðum, 130
Ástríður Bergsdóttir (1749–1834), bóndi á Útibleiksstöðum, 84
Ástríður Jónsdóttir (f. 1768), húsfreyja í Múla, 78
átroðningur, 71, 120, 156

B
baðstofa, 97
Barðastrandarsýsla, 80, 92
Barkarstaðir í Miðfirði, 63–67, 153, 176
Bálkastaðir á Heggstaðanesi, 42, 91, 98, 99, 109, 118, 165, 179
Bálkastaðir í Hrútafirði, 54
Benedikt Benediktsson (1829–1856), barn, 121
Benedikt Bjarnason (1805–1871), hreppstjóri á Aðalbóli, 139, 141, 148, 173, 178
Benedikt Einarsson (1796–1859), bóndi og skottulæknir í Hnausakoti, 105, 110, 111, 114, 117, 118, 121–122, 131, 145, 147–148, 151–152, 166
Benjamín Bergþórsson (1806–1854), bóndi, 24–25, 114, 115, 138
Bergsstaðir í Miðfirði, 57, 61, 74–76, 85, 105, 108, 112, 154, 179
Bergsstaðir á Vatnsnesi, 143
Bergþór Þórarinsson (1768–1814), bóndi á Vatnshóli, 77, 84
Bergþóra Jónsdóttir (1800–1867), vinnukona, 133–134, 136, 141–142
Bessaborg (örnefni), 100
Bessastaðir á Heggstaðanesi, 110, 152

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 200 11/7/17 10:32:48 PM

Biskupskelda (örnefni), 66
Bitrufjörður, 69
Bjarg í Miðfirði, 57–58, 64, 65, 66, 86, 93, 94–95, 129, 130, 170
Bjargarstaðir í Miðfirði, 105, 117, 178
Bjarghús í Vesturhópi, 159
Bjargshóll í Miðfirði, 118, 155, 170, 172, 173
Bjarnarvatn (örnefni), 125
Bjarni Bjarnason (1741–1809), bóndi á Svertingsstöðum, 50, 51
Bjarni Bjarnason (1764–1821), bóndi á Neðri-Fitjum, 50
Bjarni Bjarnason (1767–1845), hreppstjóri á Bjargi, 79, 86, 94–95
Bjarni Bjarnason (1812–1881), bóndi á Núpsdalstungu, 145, 152, 154, 185–186
Bjarni Daníelsson (1792–1823), bóndi á Þóroddsstöðum, 87, 92
Bjarni Guðbrandsson (um 1733–1791), 64, 65
Bjarni Guðmundsson (1812–1904), bóndi á Bjargshóli og Bjargi, 118, 129–130
Bjarni Hallsson (1705–1777), bóndi á Bergsstöðum, 74, 75
Bjarni Ívarsson (1732–1814), bóndi á Litla-Ósi, 56–57
Bjarni Jóhannsson (1840–1917), bóndasonur á Þverá, 181–182
Bjarni Jónsson (1724–1802), Melum, 71
Bjarni Jónsson (1753–1819), bóndi á Neðri-Torfustöðum, 75, 76
Bjarni Jónsson (1773–1839), bóndi á Sauðadalsá, 115
Bjarni Jónsson (19. öld), bóndi á Skarði í Haukadal, 96–97
Bjarni Magnússon (1762–1823), bóndi á Fjarðarhorni, 70
Bjarni Rafnsson (1775–1862), bóndi í Núpsdalstungu, 94–95
Bjarni Sveinsson (1808–1871), vinnumaður á Melstað, 124
Bjarni Thorarensen (1786–1841), amtmaður, 117, 120
Bjarni Þorvaldsson (1786–1859), bóndi á Stöpum, 163, 165
Bjartmar Guðbrandsson (1816–1847), vinnumaður, 128
Björg Aradóttir (1689–1764), húsfreyja á Brandagili, 70, 71
Björg Skúladóttir (1771–1843), vinnukona, 23, 106
Björn Árnason (1750–1823), bóndi á Valdasteinsstöðum, 71
Björn Björnsson (1788–1863), hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 35, 120, 153
Björn Björnsson (19. öld), bóndi á Efra-Núpi, 95
Björn Auðunarson Blöndal (1787–1846), sýslumaður í Húnavatnssýslu, 34, 93
Björn Grímsson (1758–1839), bóndi á Másstöðum, 97–98
Björn Guðmundsson (18. öld), 64
Björn Guðmundsson (1788–1831), hreppstjóri á Ytri-Völlum, 34, 100
Björn Jónsson (1751–1816), bóndi á Urriðaá, 64, 66, 67, 88
Björn Jónsson (1765–1847), bóndi í Hrútatungu, 40, 54–56, 63
Björn Ólafsson (1830–1864), hreppstjóri, 185
Björn Ólsen (1767–1850), umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða, 34, 88–90
Björn Pálsson (1817–1875), hreppstjóri á Syðri-Völlum, 155, 166
Björnsstekkur (örnefni), 151
Blátjörn (örnefni), 74
Blesi (uppnefni), 61, 62
Blöndudalshólar í Blöndudal, 136, 141
Blönduós, 32
Bogi Benediktsson (1771–1849), verslunarstjóri í Stykkishólmi, 86, 96, 101
Borðeyri við Hrútafjörð, 71, 87, 92, 172, 179, 187
Borgarfjörður, 20

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 201 11/7/17 10:32:49 PM

Bólstaðahlíðarhreppur, 146
Bólstaðahlíðarsókn, 104
Brandagil í Hrútafirði, 54, 55, 62, 63, 68–74
Brandagilshólmi (örnefni), 70
Brandagilsleir (örnefni), 62
Brandagilsselsás (örnefni), 69
Breiðabólsstaður í Vesturhópi, 100, 119, 163, 164, 166
Brekkulækur í Miðfirði, 128
brennivín, 38, 102, 125, 170
bréfabækur, 30
brigðir, brigðmælgi, 63, 68, 88, 97, 110, 173
Brjánslækur á Barðaströnd, 79
Brún í Bólstaðahlíðarhrepp, 146
Brynjólfur Halldórsson (1829–1863), vinnumaður, 149–150
Brynjúlfur Brynjúlfsson (1789–1844), vinnumaður, 91
burtfarartregða, → *útbygging*
burthlaup úr vist, 18, 133, 138
búferlaflutningar, 54, 60, 74, 75, 79, 81, 87, 97, 122, 185
búfénaður, 50, 55, 67, 84, 86, 87, 89, 91,112, 113, 120, 132, 139, 145, 162
Búrfell í Miðfirði, 52, 61, 117, 133, 144
búslóð, 87
byggingarbréf, 79, 80, 81, 83, 127, 175
byggingarskilmálar, 89, 127, 146, 185, 186
Bæjarhreppur, 90
bækur, 124
bændastétt, bændur, 12, 13, 17, 25, 26, 28, 34, 35, 41, 148, 152
Bæjarhreppur, 90
Bær í Hrútafirði, 68, 73, 74
Bær á Rauðasandi, 80, 81
Böðvar Þorvaldsson (1787–1862), prestur og sáttanefndarmaður, 35, 37, 135
Böggvistaðir í Svarfaðardal, 36, 40
börn, 13, 35, 40, 41, 42, 54, 61–62, 77, 78, 80, 81, 85, 87, 89, 91, 93, 101, 114, 121–122, 123, 124, 129, 133, 135, 136, 137, 139, 141, 144, 146, 156–157, 160–161, 172, 183, 187

C
capitulstaxti, 138
Colbjørnsen, Christian (1749–1814), aðalráðgjafi konungs, 16

D
Dalasýsla, 17, 20, 90, 96
Dalgeirsstaðir í Miðfirði, 101, 110, 111, 123, 142, 168
Dalkot á Vatnsnesi, 127
Daníel Grímsson (1759–1821), bóndi á Þóroddsstöðum, 62–63, 87, 88
Daníel Jónsson (1821–1886), bóndi á Þóroddsstöðum, 179
Danmörk, 11, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 30, 38, 39, 40, 41, 189
Davíð Bjarnason (1822–1904), 131–132
Dombernowsky, Lotte, sagnfræðingur, 16, 17, 18, 21, 24
dómarar, 12, 14, 15, 17, 21, 22, 23, 26, 27, 162, 166, 168, 171, 172, 182, 185, → *sýslumenn*
dómstólar, 12, 17, 18, 19, 21, 37, 38, 63, 68, 83, 88, 93, 104, 132, 134, 135, 136, 142, 143, 151, 152, 153, 154, 156, 158, 165, 167, 173, 174, 190, 192, 193, 195
Dómstólar og réttarfar á Íslandi (bók), 27
dómsvald, 12, 17, 19
Duflakelda (örnefni), 153
duggarasokkar, 89
dætur, → *börn*

E
Efri-Núpssókn, → *Núpssókn*
Efri-Núpur í Miðfirði, 88, 95, 119, 120, 121, 123, 178
Efri-Torfustaðir í Miðfirði, 75, 76, 125
Eggert Helgason (1830–1910), hreppstjóri í Kirkjuhvammshreppi, 181

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 202 11/7/17 10:32:49 PM

Eggert Jónsson (1772–1854), hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 34, 35, 49, 60, 77, 92, 97
Eggert Jónsson (1801–1848), bóndi í Tungukoti, á Ánastöðum og Þóreyjarnúpi, 100, 104, 136, 139, 164
Eggert Pálsson (1766–1818), bóndi á Heggstöðum, 79–83
Egill Jónsson (1756–1843), prestur og sáttanefndarmaður, 32, 35, 36, 37, 49, 76, 82, 85
Egill Þórðarson (1769–1834), bóndi á Reinhólum og húsmaður á Bálkastöðum, 42, 52, 91
Egilsstaðir á Vatnsnesi, 105
eiður, 15, 29, 30, 32, 33, 44, 49, 54, 64, 69, 71, 75, 110, 119–120, 135, 145, 158, 175, 176, 183–184, 191
eignarhald á reka, 62–63, 71, 115–116, 137, 138, 171–172
Einar Arnórsson (1880–1955), fræðimaður, 27, 37
Einar Benediktsson (f. 1831), barn, 121–122
Einar Gíslason (1818–1880), bóndi í Fornahvammi, 167–168
Einar Ólafsson (1799–1875), hreppstjóri á Urriðaá, 121–122, 140, 141, 142, 169–170, 172
Einar Skúlason (1780–1834), bóndi á Bálkastöðum, 98, 99
Einar Teitsson (1801–1886), bóndi í Tungukoti og Kirkjuhvammi, 143, 152, 162, 166–167, 184
Einar Tómasson (1806–1859), bóndi á Fremri-Fitjum, 151
Einarssel (örnefni), 65
Einbúi (örnefni), 69, 70, 71, 72, 73, 74
Einfætingsgil í Bitrufirði, 69
einkaréttarmál, 16, 19, 21, 22
Einstakahóll (örnefni), 74, 75, 76
Eiríkur Bjarnason (1766–1843), prestur á Staðarbakka, 112, 114, 118
Eiríkur Eiríksson (1788–1846), bóndi á Neðra-Núpi, 93
Eiríkur Eiríksson (19. öld), bóndi á Vatnshorni, 160
eldsvoði, 85
Elías Hálfdánarson (1812–1900), vinnumaður, 25, 114
Elínborg Ólafsdóttir (1808–1852), vinnukona, 128–129
embættiseiður, → *eiður*
embættismenn, 13, 16, 18, 20, 22, 25, 29, 30, 33, 34, 40, 41, 190, 192
Engihlíðarsáttaumdæmi, 30, 134
Engilbert Jónsson (1798–1850), bóndi á Spena, 77–78, 85, 108, 109, 112, 118, 123, 133–134, 138
Engislækur (örnefni), 66, 67, 151
Enniskot í Víðidal, 150
erfingjar, → *arfur*
eyðibýli, 65, 105
Eyjafjörður, 30, 36
eyrnamark, 155

F
faðernislýsing, 141, 144, 160–161
Fagrabrekka í Hrútafirði, 87
Fallandastaðir í Hrútafirði, 70, 169, 170
fardagar, 25, 55, 60, 61, 84, 97, 98, 112, 121, 127, 138, 175, 176, 177, 185
fatnaður, 99, 124, 146
fátækrasjóður, 40, 56, 57, 58, 62, 63, 103, 106, 107, 108, 109, 111, 112, 116, 128, 130, 136, 140, 147, 149, 157, 161, 170
fátækt, 11, 12, 13, 23, 29, 40, 52, 54, 78, 89, 90, 112, 165, 172, 187, 193, 194, 197
feitmeti, 94
ferðalög, 30, 32, 36, 120, 134, 152, 163, 182, 184, 190, 192, 197, 198
fémunir, 41, 51, 93, 97, 112, 129, 141, 146
Finnur Finnsson (1813–1893), bóndi á Fremri-Fitjum, 138, 151, 168

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 203 11/7/17 10:32:49 PM

Fitjaá, 64
Fitjárdalur, 32
Fjarðarhorn í Hrútafirði, 70
fjármunaskipti, 90–91, 112, 114, 121–122, 123, 124, 129, 139, 141, 146, 159–160, 174, 177, 180, 183
flakk, 13, 144
Flögusteinn (örnefni), 153
forkaupsréttur, 60
Fornihvammur í Mýrarsýslu, 167
Foss í Hrútafirði, 131
fóður, 22, 56, 57, 63, 96, 118, 147, 159
Frakkland, 16
framfærsla, 13, 39, 42, 50–51, 77–78, 81–82, 83, 85, 89 → *meðgjöf*
Fremri-Fitjar í Fitjárdal, 49–50, 63–67, 88, 138, 151–152, 156, 168
Freygerður Guðmundsdóttir (1805–1852), 112, 117–118
friðdómarar, 16
Frisenborg í Danmörku, 38
fyrirgefning, → *afsökunarbeiðni*

G
Gauksmýrarkelda (örnefni), 154
Gauksmýrartjörn (örnefni), 154
Gauksmýri í Línakradal, 77, 99, 152, 154
Geitafell á Vatnsnesi, 132, 135
Geithóll í Hrútafirði, 68–74
Geithólslækur (örnefni), 70, 71
Geithólsvatn (örnefni), 69
Girðishóll (örnefni), 145
Gísli Gíslason (f. 1748), bóndi á Litlu-Þverá, 53–54
Gísli Gíslason (1796–1864), bóndi á Litla-Ósi og Vatnshorni, 87, 97–98
Gísli Gíslason (1786–1860), prestur á Vesturhópshólum og Staðarbakka, 167, 168–169, 171
Gísli Guðmundsson (1832–1872), barn, 124
Gísli Magnússon (1788–1852), bóndi á Þambárvöllum, 116
Gísli Ólafsson (17. öld), 163
Gísli Þórðarson (1763–1842), bóndi á Torfustöðum, 100, 125
gjafabréf, 100, 163, 165
góss, 50, 80, 114, 183
Grafarkot í Línakradal, 147, 160, 176
grasafjall, 56, 61
Grensbrekkur (örnefni), 69, 71, 72, 74
Grenshamralækur (örnefni), 64, 65, 66, 67, 151
Grenshamrar (örnefni), 65, 66
Grenshóll (örnefni), 65, 67, 69, 71, 74
Grímsavarða (örnefni), 74
Grímur Jónsson (1785–1849), amtmaður, 11, 26, 104, 134
Grjótá, 71
Grunnavatn (örnefni), 66
Grýluskurður (örnefni), 74
Gröf í Bitrufirði, 69
Gröf á Vatnsnesi, 173
Guðbjörg Guðbrandsdóttir (f. 1805), húsfreyja á Svarfhóli, 117
Guðbjörg Jónsdóttir (1795–1857), á Hrúðurnesi, 93
Guðbrandur Einarsson (1772–1819), lausamaður, 56–57
Guðbrandur Illugason (1769–1851), bóndi á Kollafossi, 58–60, 72
Guðbrandur Jónsson (1768–1821), bóndi á Neðri-Torfustöðum, 74–76
Guðfinna Gísladóttir (f. 1827) á Vigdísarstöðum, 183, 187
Guðfinnur Helgason (1822–1894), vinnumaður, 133–134, 136, 141–142, 155
Guðlaugsvík í Hrútafirði, 34
Guðlaugur Gunnlaugsson (f. 1787), vinnumaður á Melum, 88
Guðmundur Árnason (1775–1859), vinnumaður á Króksstöðum, 52
Guðmundur Benediktsson (f. 1835), barn, 121–122
Guðmundur Björnsson (1800–1864), bóndi á Vatnshól, 125

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 204 11/7/17 10:32:49 PM

Guðmundur Einarsson (1808–1866) á Bergsstöðum, 179
Guðmundur Eiríksson (1759–1805), prestur á Stað, 54–56
Guðmundur Eyjólfsson (1801–1878), bóndi á Bálkastöðum, 109
Guðmundur Gíslason (1808–1869), bóndi á Neðri-Torfustöðum, 124–125
Guðmundur Guðmundsson (1773–1846), bóndi á Reykjum, 87, 88
Guðmundur Guðmundsson (f. 1805), bóndi á Hrísum, 126
Guðmundur Guðmundsson (f. 1824), bóndi á Bjargshóli, 155, 170, 172–173
Guðmundur Guðmundsson (1834–1907), barn á Neðri-Torfustöðum, 124–125
Guðmundur Guðmundsson (19. öld) frá Stóru-Borg, 97
Guðmundur Guðmundsson (19. öld), húsmaður í Enniskoti, 150
Guðmundur Guðmundsson (19. öld), bóndi á Bálkastöðum, 165
Guðmundur Illugason (1777–1816), bóndi á Aðalbóli, 60–61, 72
Guðmundur Ívarsson (1742–1812), bóndi í Múla, 77–78
Guðmundur Jónsson (1787–1852), bóndi á Lækjamóti og í Sporðshúsum, 24, 113, 125
Guðmundur Jónsson (1802–1867), bóndi á Refsteinsstöðum, 98
Guðmundur Jónsson (19. öld), vinnumaður, 160
Guðmundur Magnússon (1807–1897), bóndi á Skeggjastöðum, 118
Guðmundur Ólafsson (1741–1827), bóndi í Hlíð, 57–58
Guðmundur Scheving (1777–1837), sýslumaður í Barðastrandarsýslu, 80, 81
Guðmundur Sigurðsson (1788–1839), bóndi á Aðalbóli, 105, 107, 118
Guðmundur Vigfússon (1810–1870), prestur og sáttanefndarmaður, 33, 35, 37, 176
Guðrún, kona Sölva frá Reinhólum, 179
Guðrún Brynjólfsdóttir (1740–1816), húsfreyja í Selárdal, 80
Guðrún Einarsdóttir (1795–1860), húsfreyja í Tungukoti, 104
Guðrún Jónsdóttir (1790–1843), bóndi á Torfastöðum, 86, 107
Guðrún Jónsdóttir (f. 1809), vinnukona, 180–181
Guðrún Kristjánsdóttir (1810–1852), húsfreyja á Spena, 123, 138
Guðrún Magnúsdóttir (1759–1834), húsfreyja á Bergsstöðum, 61–62
Guðrún Magnúsdóttir (um 1783–1820), vinnukona, 93–94
Guðrún Magnúsdóttir (1790–1868), vinnukona, 130
Guðrún Magnúsdóttir (19. öld), flakkari, 144
Guðrún Markúsdóttir (1800–1870), 93
Guðrún Ólafsdóttir (18. öld), Víðivöllum, 69, 73
Guðrún Ólafsdóttir (19. öld), vinnukona, 90–91
Guðrún Ólafsdóttir (1837–1864), barn, 129
Guðrún Sigurðardóttir (18. öld), á Litla-Vatnshorni, 70
Guðrún Teitsdóttir (1802–1882), húsfreyja á Almenningi, 133, 163
Guðrún Þórðardóttir (1766–1837), vinnukona, 50–51
Gullbringusýsla, 94
gullsmiður, 152
Gunnlaugur Gunnlaugsson (1781–1846), prestur á Melstað, 84, 115, 116
Gunnlaugur Gunnlaugsson (1821–1899), bóndi á Efra-Núpi, 178–179
Gunnlaugur Hinriksson (1804–1874), hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 35, 158, 166, 176–177, 185

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 205 11/7/17 10:32:49 PM

Gunnar Marteinsson (1789–1853), bóndi á Syðri-Kárastöðum og á Mýrum, 116, 156–157
göngur, 142

H
Hagi í Barðastrandarsýslu, 81
Halldór Ámundason (1773–1843), prestur og sáttanefndarmaður, 23, 34, 35, 37, 49, 100, 101, 102, 122, 127
Halldór Brynjúlfsson (1796–1851), bóndi á Svarðbæli og Þorgrímsstöðum, 110, 119
Halldór Hallsson (1690–1770), prestur á Breiðabólsstað, 100
Halldór Jakobsson (1735–1810), sýslumaður í Strandasýslu, 59, 60
Halldór Jónasson (1810–1863), vinnumaður, 140, 146, 157
Halldór Jónsson (1799–1870), bóndi á Svertingsstöðum, 118, 128, 135–136, 139, 140, 141, 142, 147–148, 161, 169–170, 175–176, 178–179, 185
Hallgrímur, vermaður úr Skagafirði, 52
Hallgrímur Jónsson (1763–1824), bóndi á Borðeyri, 87
Hallur Jónsson (1807–1873), barn, 101
Hamrakot, 99
Hannes Hannesson (19. öld), vinnumaður, 93–94
Haraldur Bernharðsson, fræðimaður, 43
Haugur í Miðfirði, 88, 96, 98, 99, 105, 118, 131
Haukadalur, 64, 70, 96
Háavarða (örnefni), 65
háð, 57
Háholt (örnefni), 69, 70
Hákon Jónsson (1780–1845), vinnumaður, 68
Háuvörðuengi (örnefni), 65, 66, 67
Heggstaðanes, 36
Heggstaðir á Heggstaðanesi, 79, 80, 81, 92
heimildagildi, 13–14, 24
heimilisleysi, 49, 61, 78, 91, 97
Helga Árnadóttir (1797–1862), húsfreyja í Hnausakoti, 121–122
Helga Halldórsdóttir (f. 1765), 77
Helga Ólafsdóttir (1824–1889), bústýra í Grafarkoti, 176–177
Helgi Björnsson (1719–1792), bóndi á Vatni í Haukadal, 64
Helgi Halldórsson (1761–1842), hreppstjóri í Krossanesi og á Ánastöðum, 60, 68
Helgi Helgason (1793–1858), bóndi á Saurum og síðar á Stað, Fossi og Litlutungu, 109, 112, 114, 118, 120, 131–132, 158–159, 173
Helgi Jónsson (1800–1849), bóndi á Skeggjastöðum, 107, 118, 129–130
Helguhvammur á Vatnsnesi, 56, 60, 77, 159
hestakaup, 52–53, 103, 162
hestar, 52, 53, 56, 67, 86, 89, 96, 124, 139, 145, 177, 181, 185, 186
hestlán, 182
hey, 53, 54, 63, 87, 88, 96, 118, 119, 147, 148, 162
Hið danska kansellí, 11, 19, 25, 26, 27, 28, 30, 34, 37, 42
Hið íslenzka landuppfræðingafélag, 20
Hjaltabakkasáttaumdæmi, 32
hjáleiga, 136, 137–138, 150
hjónaskilnaður, 13, 27, 38–39, 41–42, 90, 91, 92–93, 104, 112, 114, 115, 117–118, 119, 121–122, 123, 124, 128–129, 132, 135, 136, 139, 141–142, 146, 150, 154, 157–158, 159–160, 165, 174, 176–177, 179–180, 183, 187, 193
hjúaskildagi, 123
Hlíð á Vatnsnesi, 106–107, 115, 136–137, 138, 164
Hlíð í Miðfirði, 57, 90
Hlíðarfjall, 115
Hnausakot í Miðfirði, 58, 59, 72, 89, 105,

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 206 11/7/17 10:32:49 PM

110, 111, 114, 117, 118, 121–122, 131, 141, 145, 147, 148, 151, 156, 166
Hofssáttaumdæmi, 32
Hólaskóli, 35
Hólmavatn (örnefni), 64, 66
Hólmfríður Guðbrandsdóttir (1744–1816), ekkja á Bjargi, 57–58
Hólmfríður Jónsdóttir (f. 1808), barn, 101
hórdómsbrot, 25, 35, 93, 104, 115, 135, 141, 142, 154
Hrappseyjarprentsmiðja, 20
hreppstjórar, 13, 32, 34–35, 40, 41, 54–56, 57, 60, 61, 62, 63, 68, 70, 72, 73, 74, 78, 79–83, 86, 88, 90, 92, 93–94, 95, 100, 101, 121–122, 133, 136, 139, 141, 148, 155–156, 160, 163, 166, 167, 169–170, 172, 178–179, 181, 185
hreppstjórnarþing, 54, 57
Hrísar í Fitjárdal, 77, 85, 126
Hrúðurnes á Leirum, 93
Hrútafjarðará, 70, 71
Hrútafjörður, 32, 54, 55, 62, 68, 70, 74, 87, 88, 90, 179
hrútar, → *sauðfé*
Hrútatunga í Hrútafirði, 40, 54, 55, 63
Hrútshóll (örnefni), 70, 71
Huppahlíð í Miðfirði, 131, 144, 148
Húkur í Miðfirði, 70, 111, 123, 142, 157
Húnavatnsjarðir, → *Miðfjarðarjarðir*
Húnavatnssýsla, 12, 30, 32, 59, 62, 131
Húnaþing vestra, 32
húsakostur, 56, 87, 91, 107, 119, 121, 176, 178
húsagi, 13, 77
húsaskjól, 49, 137
húsbændur, 12, 13, 27, 40, 53, 56, 67, 75, 76, 77, 88, 93, 94, 98, 99, 105, 107, 119, 133, 138, 139, 146, 159, 179
húskonur, 109, 150
húsmenn, 42, 56, 77, 91, 108, 144, 146, 149, 158, 159, 162, 172, 173, 176
húsmennska, 149, 181
hvalur, hvalreki, 62–63, 71, 115–116, 171–172
Hvassahraun í Gullbringusýslu, 94
Hvasshaugur (örnefni), 65, 67, 153
hvítasunnuhátíð, 87, 147, 167
höfuðhögg, 88, 135, 140, 149, 156–157, 173–174

I
ill meðferð á fólki, 111, 112, 117, 160
ill meðferð á búfénaði, 126, 167–168
Illugi Arngrímsson (1744–1807), bóndi á Aðalbóli, 58–59
Illugi Hallsson (1711–1785), 69
Illugi Ólafsson (1851–1920), barn, 172
illyrði, 39, 50, 52, 53, 57, 58, 62–63, 88, 104, 105, 106, 108, 109, 110, 118, 123, 131, 133–134, 136, 138, 144, 147, 148, 149, 155, 159, 161, 167, 168, 169–170, → *rógburður; ærumeiðingar*
Ingibjörg Benediktsdóttir (1833–1883), barn, 121–122
Ingibjörg Bjarnadóttir (1798–1860), húsfreyja á Urriðaá, 169–170
Ingibjörg Bjarnadóttir (f. 1807), húsfreyja á Sauðadalsá, 119, 122, 123, 132, 135
Ingibjörg Björnsdóttir (1781–1836), húskona í Skyttnadal, 104
Ingibjörg Brynjólfsdóttir (1764−1862) á Útibleiksstöðum, 186
Ingibjörg Eiríksdóttir (1777–1844), húsfreyja á Neðra-Núpi, 60
Ingibjörg Jónsdóttir (19. öld) á Torfastöðum, 92
Ingibjörg Ólafsdóttir (1835–1859), barn, 129
Ingibjörg Þórðardóttir (1746–1832), á Borðeyri, 71
Ingjaldur Jónsson (1788–1844), aðstoðarprestur, 119
Ingunn Jónsdóttir (1801–1874), húsfreyja á Neðri-Torfustöðum, 124–125

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 207 11/7/17 10:32:49 PM

Í
Ísleifur Einarsson (1765–1836), sýslumaður í Húnavatnssýslu, 59

J
J. Kristján Karl Ebenesersson (f. 1828), vinnumaður, 160–161
Jafnhólslækir (örnefni), 171
Jakob Finnbogason (1806–1873), aðstoðarprestur á Staðarbakka, 177
jarðabók, 65
jarðakaup, 60, 81, 88, 99, 105, 166–167, 186
Jarðþrúður Þorláksdóttir (f. 1806), vinnukona, 159–160
Jason Samsonsson (1823–1871), 154
Jóhann Bergsveinsson (1753–1822), prestur á Brjánslæk, 79
Jóhann Bjarnason (1798–1886), bóndi á Haugi og Þverá, 105, 118, 180, 181–182
Jóhann Bjarnason „beri“ (1829–1907), flakkari, 13, 183–184, 187
Jóhann Halldórsson (1834–1905), húsmaður í Gröf, 173–174
Jóhann Jónsson (1798–1866), barn, 61
Jóhann Sveinsson (1799–1863), vinnumaður, 105
Jóhann Þórðarson (1795–1863), bóndi á Saurum og í Dalkoti, 95–96, 127
Jóhannes Ólafsson (1816–1888), bóndi á Mýrum, 185
Jóhannes Ólafsson (1831–1894), barn, 129
jólafasta, 107, 130
Jón Arnbjörnsson (1803–1859), bóndi í Syðsta-Hvammi, 153
Jón Arngrímsson (f. 1759), hreppstjóri á Fremri-Fitjum og Bergsstöðum, 49–50, 57, 61–62, 74–76, 79, 82–83
Jón Árnason (1743–1817), bóndi í Kirkjuhvammi, 60
Jón Ásgrímsson (1787–1862), húsmaður á Svertingsstöðum, 144
Jón Benediktsson (1796–1856), bóndi á Bergsstöðum á Vatnsnesi, 143
Jón Bergsson (1739–1826), bóndi á Reykjum, 70
Jón Björnsson (1815–1889), bóndi á Bjargarstöðum, 178
Jón Brynjúlfsson (1776–1839), hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 34, 35, 36, 49, 52–53, 101, 117
Jón Brynjólfsson (1819–1901), hreppstjóri á Skarði, 163
Jón Einarsson (um 1747–1816), læknir og umboðsmaður Miðfjarðarjarða, 57, 58–59, 65
Jón Einarsson (f. um 1750), bóndi á Bálkastöðum, 54–56
Jón Einarsson (1809–1876), bóndi á Spena og Skárastöðum, 13, 113, 120, 168, 173, 180–181
Jón Erlendsson (1762–1818), bóndi á Borðeyri, 71
Jón Espólín (1769–1836), sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, 18
Jón Gíslason (18. og 19. öld), lausamaður, 86
Jón Guðmundsson (1730–1804), bóndi á Bjargi, 57
Jón Guðmundsson (1802−1883), bóndi á Skeggjastöðum, 107
Jón Guðmundsson (1806−1871), bóndi á Sveðjustöðum, 159
Jón Guðmundsson (19. öld), húsmaður og vinnumaður á Litlutungu, 158–159
Jón Gunnarsson (1844−1892), barn, 156–157
Jón Halldórsson (1756−1827), bóndi á Búrfelli, 52–53
Jón Halldórsson (1803−1845), prestsonur á Melstað, 23, 106
Jón Halldórsson (1839−1869), bóndasonur á Svertingsstöðum, 182

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 208 11/7/17 10:32:49 PM

Jón Helgason (1778−1823), bóndi á Saurum, 79–82
Jón Helgason (1914−1981), rithöfundur, 13
Jón Hjaltason, sagnfræðingur, 40
Jón Illugason (1739−1821), bóndi á Þambárvöllum, 69
Jón Johnsen (1806−1881), kammerráð og umboðsmaður á Þingeyrum, 152, 154, 168–169, 171, 172–173, 175
Jón Jónsson (Um 1747–1831), stúdent á Bæ í Hrútafirði og sýslumaður í Húnavatnssýslu, 68–74
Jón Jónsson (1764–1802), bóndi á Auðunarstöðum, 50–51
Jón Jónsson (1766–1821), hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 32, 35, 49, 78, 86
Jón Jónsson (f. 1769), á Gauksmýri og bóndi á Ytri-Reykjum, 77–78, 85–86
Jón Jónsson (f. 1777), bóndi á Skeggjastöðum, 53–54, 60–61
Jón Jónsson (1787–1860), stúdent á Melum og sýslumaður í Strandasýslu, 34, 88, 105
Jón Jónsson (1793−1859), bóndi á Búrfelli, 144
Jón Jónsson (1795−1866), bóndi á Söndum og Útibleiksstöðum, 165, 186
Jón Jónsson (1813−1886), bóndi á Ásbjarnarstöðum, 166–167
Jón Jónsson (1816−1867), vinnumaður, 131
Jón Jónsson (1820−1864), bóndi á Bjargi, 170
Jón Jónsson (1822–1866), 165
Jón Jónsson (18. og 19. öld), heimilislaus, 49–50
Jón Jónsson (19. öld), vinnumaður, 94–95
Jón Jónsson (19. öld), húsmaður í Bjarghúsum, 159–160
Jón Jónsson (19. öld), póstur, 182
Jón Jónsson Heidimann (f. um 1786), vinnumaður, 98, 99
Jón Jónasson (f. 1809), bóndi í Skarði, 106
Jón Magnússon (1807−1866), kaupamaður, 117
Jón Ormsson (1743−1828), prófastur í Barðastrandarsýslu, 92
Jón Sigurðarson (1798–1873), bóndi í Hlíð og á Stöpum, 115, 136–137, 171–172
Jón Sigurðarson (1814–1859), prestur á Breiðabólsstað, 163, 164–165, 166
Jón Sigurðsson (1736–1816), bóndi á Efri-Torfustöðum, 75–76
Jón Sigurðsson (1760–1846), bóndi á Böggvistöðum, hreppstjóri og sáttanefndarmaður, 36, 40
Jón Símonarson (1736–1812), skáld og bóndi á Þóreyjarnúpi, 35
Jón Sveinsson (1809−1844), hreppstjóri á Búrfelli, 133
Jón Sveinsson (1821−1879), bóndi og síðar húsmaður á Bergsstöðum, 85, 108, 112, 117–118
Jón Teitsson (1829−1901), bóndi í Kirkjuhvammi og Syðri-Reykjum, 166–167, 185–186
Jón Friðriksson Thorarensen (1796–1859), bóndi í Víðidalstungu, 100, 171
Jón Þorbjörnsson (1776−1833), bóndi í Hvassahrauni í Gullbringusýslu, 94–95
Jón Þorleifsson (f. 1816), bóndi í Grafarkoti, 160
Jón Þorvarðsson (18. öld), 69, 70
Jón Þorvarðarson (1763−1848), prestur á Breiðabólstað, 100–101, 119
Jónadab Grímsson (1814−1883), bóndi á Syðri-Reykjum, 126
Jónas Bergmann Jónasson (1830−1922), bóndi á Rófu, 162, 181–182
Jónas Bjarnason (1795−1869), bóndi á Rófu, 25, 114, 151–152, 153, 155–156
Jónas Björnsson (1782−1866), bóndi í Skarði, 104, 106, 137–138, 163

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 209 11/7/17 10:32:49 PM

Jónas Guðmundsson (1828–1872), bóndi á Selási, 181
Jónas Gunnlaugsson (1786–1859), bóndi á Þverá, 104
Jónas Jónsson (1786–1846), vinnumaður og síðar smiður á Snæfellsnesi, 89–90, 101–102
Jónas Jónsson (1796–1858), vinnumaður, 117
Jónas Samsonarson (1788–1866), vinnumaður, 61–62
Jónatan Sigurðsson (1764–1808), prestur á Stað, 62–63
Jónatan Sigurðsson (1800–1869), kaupamaður, 135–136
Jósafat Guðmundsson (1837–1902), barn, 124
Jósef Davíð Stefánsson (f. 1830), 143, 149–150
Jósef Hákonarson (1828–1896), vinnupiltur, 167–168

K
kartöflugarður, 173
kaupamenn, 117, 135, 161
kaupbréf, 53, 59, 80, 81
kaupgjald, laun, 40, 95, 96, 98, 99, 104, 105, 106, 107, 109, 110, 111, 112, 113, 126, 130, 150, 158, 170, 174, 197
Kaupmannahöfn, 11, 16, 19, 20, 21, 27–28, 30
kaupstaðarreikningur, 172
kaupstaðarvörur, 78
kaupstaðir, 16, 24, 26, 60, 102, 124, 173, 179, 189, 191
Kirkjuhvammshreppur, 32, 33, 57, 100, 104, 106, 107, 128, 139, 140, 155, 171, 176, 181
Kirkjuhvammur á Vatnsnesi, 57, 60, 92, 100, 105, 119, 132, 137, 143, 163, 164, 166, 171, 173, 184
Kirkjuhvammssókn, 149, 158, 176
kirkjujörð, 100, 127, 163, 164, 173
kirkjusókn, 32
kleinsmiður, 101
Kolbeinn Þorsteinsson (1799–1851), húsmaður á Syðri-Reykjum, 149
Kollafoss í Miðfirði, 72
Kothóll (eyðijörð), 65
kóngsbænadagur, 156, 167
kóngsjörð, 64, 154
Kragi (uppnefni), 61, 62
Kristín Benediktsdóttir (1833–1878), barn, 121
Kristín Jónsdóttir (f. 1776), vinnukona, 131
Kristín Jósefsdóttir (1801–1879), húsfreyja á Svertingsstöðum og síðar húskona á Svarðbæli, 147, 150
Kristjanía (Osló), 22
Kristján Jónsson (1785–1860), bóndi á Haugi og Dalgeirsstöðum, 88–89, 96–97, 98–99, 101, 102, 110, 111, 123–124, 142
Kristján Kristjánsson (1806–1882), sýslumaður í Húnavatnssýslu, 185, 186
Krossanes á Vatnsnesi, 60
Krossavallarlækur (örnefni), 100, 163, 164
krossmessa, 84, 139
krókakerfi, 68
Krókalágarhöfði (örnefni), 115
Króksstaðir í Miðfirði, 52, 101, 119, 121, 125, 126, 128, 129, 130, 133, 135
kúgildi, 57, 80, 86, 88, 89, 137
Kvennabrekka í Dalasýslu, 90
kýr, 84, 86, 118, 147, 183
kör, 77

L
Lauritz Knudsen (1779–1828), kaupmaður í Reykjavík, 89–90
landamerkjadeilur, 13, 22, 39, 40, 53–54, 64–67, 68–74, 74–76, 100, 105, 107, 115, 116, 136–137, 145, 151, 152, 153, 154, 156, 163, 164–165, 168–169, 171

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 210 11/7/17 10:32:49 PM

Landamerkjalækur (örnefni), 74–75
landaurar, 78, 87, 103, 104, 105, 107, 161
landsdrottinn, 12, 22, 138, 175, 176
landskuld, 57, 58, 59, 80, 86, 89, 97, 98, 127, 137, 175–176
Langhólar (örnefni), 65, 67, 153
Langidalur, 104, 157
lausamenn, 13, 56, 86
Laxárdalur í Dalasýslu, 117
Laxárdalur í Strandasýslu, 131
laxveiði, 172–173
lán, 77, 82, 86, 99, 128
leigusamningar, 175
Leirárgarðar, 20, 28
Lestamannahóll (örnefni), 71
leyfisbréf, 135, 157
lénsherrar, 17, 22
Litla-Ásgeirsá í Víðidal, 116
Litla-Vatnshorn í Haukadal, 70
Litla-Þverá í Miðfirði, 53, 74, 89
Litlabakkahólmi (örnefni), 153
Litlatunga í Miðfirði, 61, 158, 162, 172
Litli-Grásteinn (örnefni), 154
Litli-Ós í Miðfirði, 56, 91, 97–98, 181
Litlibakki í Miðfirði, 65, 153
Litlutunguhólmi (örnefni), 172, 173
Línakradalur, 32
Loftur Guðmundsson (1843–1895), á Syðri-Völlum, 184
Loftur Magnússon (1789–1843), heimilismaður á Bessastöðum, 110
Lyngholl (örnefni), 145
Lækjamót í Víðidal, 24, 113
lögfesta, 53, 64, 65, 66, 67, 69, 70, 100, 107, 145, 151, 153
lögheimili, 49, 117
lömb, → *sauðfé*

M
Magnús Árnason (1811–1854), vinnumaður, 139–140
Magnús Bergsson (f. 1740), 69
Magnús Ísleifsson (1822–1903), á Bálkastöðum, 179–180, 182
Magnús Jónsson (f. 1797), vinnumaður, 105, 111
Magnús Jónsson (f. 1802), vinnumaður, 141
Magnús Jónsson (1805–1859) á Bessastöðum, 152
Magnús Jónsson (18. öld), 69, 70
Magnús Jónsson (19. öld), á Neðra-Núpi, 92
Magnús Jónsson (19. öld), vinnumaður, 93–94
Magnús Jónsson (19. öld), vinnumaður, 106–107
Magnús F. Jónsson (1891–1975), rithöfundur, 25
Magnús Ketilsson (1732–1803), sýslumaður í Dalasýslu, 17, 20
Magnús Magnússon (1794–1863), bóndi á Óspakseyri, 165
Magnús Magnússon (1796–1858), bóndi á Ytri-Reykjum, 108
Magnús Ólafsson (1734–1803), bóndi á Brandagili, 70
Magnús Stephensen (1762–1833), dómstjóri, 20, 27–29
Magnús Þorsteinsson (1746–1817), bóndi á Barkarstöðum, 63–67
Magnús Þórðarson (1766–1830), hreppstjóri á Brandagili, 54–56, 62–63, 68–74
manntalsþing, 53, 64, 65, 70, 88, 145, 147, 167, 185
Margrét Gísladóttir (1815–1882), ekkja, 167
Margrét Halldórsdóttir (1834–1908), barn, 146
Margrét Jónsdóttir (f. 1823), á Svertingsstöðum, 141
Markús Arngrímsson (1776–1837), 82, 83
málafærslumenn, 15, 23, 29, 190
máldagi, 53, 64, 69, 74, 100, 115, 168

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 211 11/7/17 10:32:49 PM

Márstaðir í Vatnsdal, 97
meðgjöf (með barni), 57, 78, 83, 96, 114, 124, 129, 132, 133, 141, 172, 174, 177, 183
Melar í Hrútafirði, 71, 88, 99, 105
Melstaðarsókn, 32, 91, 109, 158, 176, 183
Melstaður í Miðfirði, 23, 30, 32, 33, 34, 37, 64, 65, 70, 72, 84, 96, 97, 98, 99, 101, 102, 104, 105, 106, 107, 108, 109, 110, 111, 112, 113, 114, 115, 116, 117, 118, 119, 122, 123, 124, 126, 127, 128, 132, 135, 136, 158, 159, 160, 161, 162, 164, 167, 168, 169, 170, 171, 172, 173, 174, 175, 176, 178, 180, 181, 182, 183, 184, 185, 186, 187
messa, 24, 147, 166
Michaelsmessa, 160, 161, 162, 175, 187
Miðfjarðarjarðir, 57, 59, 60, 65
Miðfjarðarvatn, 100
Mildríður Benediktsdóttir (f. 1826), barn, 121
misþyrming, 114, 157, 183, 184
Mjóihóll (örnefni), 145
morgungjöf, 90, 91, 122, 123, 141, 183
Móalækur (örnefni), 66
Munkaþverárklaustur, 35
Múli í Línakradal, 77, 78, 95, 97–98, 126, 152, 154
Mýrar á Heggstaðanesi, 156–157, 185
Mýrarsýsla, 167
Möngustekkshóll (örnefni), 153

N
Nafarlækur (örnefni), 153
nafnagiftumálið, 61–62
nágrannar, 13, 64, 65, 87, 152
Neðri-Fitjar í Fitjárdal, 50
Neðri-Núpur í Miðfirði, 60, 61, 92, 93, 95, 117
Neðri-Torfustaðir í Miðfirði, 43, 74–76, 124, 125, 155
nefndarseta, 36, 37
Norður- og austuramt, 11, 20, 24, 25, 30, 38, 134, 135, 176
Norður-Múlasýsla, 30
Norðursýsla, 30
Noregur, 17, 18, 19, 20, 22, 33, 34, 38, 39, 40, 41
Núpsdalstunga í Miðfirði, 86, 94–95, 117, 145, 152, 154, 185
Núpsdalur, 92, 93, 104
Núpssókn, 32n, 43, 157
Næss, Hans Eyvind, sagnfræðingur, 16, 22, 38

O
Oddbjörg Oddsdóttir (1823–1892) á Þóroddsstöðum, 179–180
Oddný Halldórsdóttir (1814–1869), vinnukona, 140, 146, 157–158
Oddsstaðahæðir (örnefni), 71
Oddsstaðir í Hrútafirði, 70, 90
Oddur Oddsson (1807–1881), bóndi í Stapakoti, 126
Oddur Stefánsson (1741–1804), skrifari við yfirrétt og bústjóri á Þingeyrum, 53–54

Ó
Ólafsvík, 135, 161
Ólafur Arnbjarnarson (1822–1857), vinnumaður, 140
Ólafur Björnsson (1786–1836), bóndi á Auðólfsstöðum, 104
Ólafur Erlendsson (1570–1650), prestur á Breiðabólsstað, 100, 163
Ólafur Guðmundsson (1778–1846), bóndi á Króksstöðum, 101
Ólafur Illugason (1806–1890), húsmaður í Óspaksstaðaseli, 172
Ólafur Ingimundarson (1770–1831), hreppstjóri á Torfalæk, 99
Ólafur Magnússon (1787–1846), vinnumaður, 90–91
Ólafur Magnússon (1787–1846), vinnumaður, 87, 88

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 212 11/7/17 10:32:50 PM

Ólafur Ólafsson (18. og 19. öld), Reykjafjarðarkaupstað, 60
Ólafur Rögnvaldsson (1430–1495), biskup, 100
Ólafur Sigmundsson (1850–1917), barn, 177
Ólafur Stephensen (1731–1812), stiftamtmaður, 20, 25, 29, 59
Ólafur Thorlacius (1761–1815), riddari af Dannebrog og kaupmaður í Stykkishólmi, 102
Ólafur Þorsteinsson (1801–1865), vinnumaður, 128–129
ómagaframfærsla, 81–82
Óspaksstaðasel í Hrútafirði, 172

P
Páll Bjarnason (1763–1838), prestur á Undirfelli, 50–51
Páll Bjarnason (1790–1873), vinnumaður á Torfustöðum, 24, 113
Páll Illugason (1777–1836), bóndi á Haugi, 99
Páll Markússon (1801–1881), ómagi, 81–82, 83
Páll Vídalín (1667–1727), lögmaður og bóndi í Víðidalstungu, 65
Páll Vídalín (1827–1873), stúdent í Víðidalstungu, 166, 171
Pétur Havsteen (1812–1875), amtmaður, 186
Pétur Pétursson (1827–1869), bóndi á Ytri-Reykjum, 185–186
prestar, 12, 13, 17, 20, 28, 30, 32, 34, 35, 37, 40, 41, 42, 49, 50, 51, 54, 55, 56, 58, 62, 63, 76, 79, 80, 82, 84, 85, 100, 101, 112, 114, 115, 116, 118, 119, 124, 139, 146, 147, 150, 154, 157, 158, 160, 163, 164, 165, 166, 167, 168, 169, 171, 174, 176, 177, 179, 183, 187, 190, → *sálusorgari*

R
Ragnheiður Egilsdóttir (1811–1907), ekkja í Grafarkoti, 42, 147
Ragnhildur Sigfúsdóttir (1800–1867), húsfreyja á Rófu, 25
Rangárvallasýsla, 26
rannsóknarréttarfar, 15
Refsteinsstaðir í Víðidal, 68, 98
Reinhólar í Miðfirði, 52, 179
Reyðarlækur (örnefni), 125
Reykir í Hrútafirði, 70, 87
Reykir í Miðfirði, 51, 120, 152, 154, → *Syðri-Reykir; Ytri-Reykir*
Reykjafjarðarkaupstaður, 60
Reykjavík, 20, 24, 89
réttarfar, 14, 15, 16, 19
Riðavík (örnefni), 100
Rothe, Andreas Björn (1762–1840), lögfræðingur og konferensráð, 27
Rófa í Miðfirði, 24–25, 41, 64–67, 93, 95, 114n, 115, 151–152, 153, 155, 156, 162, 181
rógburður, 23, 106 → *illyrði; ærumeiðingar*
Rósa Halldórsdóttir (1839–1880), barn, 146
Runólfur Magnús Ólsen (1810–1860), stúdent og sáttanefndarmaður, 34, 44, 118, 119, 154

S
samkomulag, 50, 51, 78, 99, 104, 105, 115, 141, 159, 169, 180, 187, 196, → *accord*
samningar, 25, 53, 73, 100, 134, 136, 145, 146, 151, 152, 156, 158, 160, 162, 172, 174, 175, 178, 185, 193
Samson Samsonsson (1782–1846), húsmaður á Vatnshorni, 77
Sandar á Heggstaðanesi, 186
Sandfellspartur (örnefni), 162–163
Sandgil (örnefni), 168
Sandhóll (örnefni), 69, 70

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 213 11/7/17 10:32:50 PM

Sauðadalsá á Vatnsnesi, 100, 106, 115, 119, 122, 123, 132, 135
sauðfé, 25, 50, 54, 56, 57, 84, 85, 86, 87, 88, 96, 106–107, 112, 117, 119, 120, 123, 124, 126, 142, 145, 146, 155–156, 159, 160, 162, 167, 172, 180, 186
Saurar í Miðfirði, 56, 79, 95, 109, 112, 114, 118, 120, 149, 152
Saurbær, 65, 80
saurlifnaður, 170
sálusorgari, 118, 122 → *prestar*
Sátt – félag um sáttamiðlun, 14
sekt, múlkt, 62, 63, 97, 109, 111, 112, 116, 128
Selás í Línakradal, 181
selveiðar, 56–57, 184
sendibéf, 92
Sesselja Jónsdóttir (f. um 1746), ekkja á Útibleiksstöðum, 68
Sigfús Bergmann (1763–1844), bóndi í Víðidalstungu, 76
Sigmundur Guðmundsson (1814–1887), húsmaður á Barkarstöðum, 176–177
Sigríður Bjarnadóttir (1793–1859), húsfreyja á Svertingsstöðum, 139, 141, 178
Sigríður Jónsdóttir (1794–1870), húskona á Bálkastöðum, 42, 91, 109, 118
Sigurbjörg Guðmundsdóttir (f. 1833), barn, 124
Sigurfljóð Gísladóttir (1818–1890), 154
Sigurður Björnsson (17. öld), 65
Sigurður Diðriksson (f. 1826), vinnumaður, 159
Sigurður Jakobsson (19. öld) í Kirkjuhvammi, 173–174
Sigurður Snorrason (1769–1813), sýslumaður í Húnavatnssýslu, 79, 80, 83
Sigurður Stephensen (1744–1798), biskup á Hólum, 20
Sigurður Þorsteinsson (1692–1759), bóndi á Bálkastöðum, 71
Sigvaldi Jónsson (1802–1838), bóndi á Litlu-Ásgeirsá, 116
silungur, 151
Símon Bjarnason (1796–1864), bóndi í Kirkjuhvammi, 105, 163, 165
Símon Nathanaelsson (1788–1875), bóndi á Reykjum, 120
sjúkdómar, 51, 77, 106
Skagafjörður, 18, 30, 52, 134, 152, 184
Skagastrandarsáttaumdæmi, 30, 134
Skapti Helgason (1826–1871) á Kárastöðum, 150
Skarð á Skarðsströnd, 80
Skarð á Vatnsnesi, 104, 106, 136–137, 138, 163
Skarð í Haukadal, 96
Skárastaðir í Miðfirði, 13, 120, 168, 173, 180
Skeggjastaðir í Miðfirði, 53, 60–61, 105, 107, 118, 129, 130
skipsróður, 94
skipsrúm, 94
skipunarbréf, 36
Skreppulág (örnefni), 74
skrifarar, 23, 44
skuldir, 12, 17, 21, 22, 26, 39, 56, 63, 77, 78, 81–82, 83, 85, 89–90, 93–94, 102–103, 109, 113, 114, 123, 124, 126, 128, 138, 147, 162, 172, 178–179, 180, 181, 183, 186–187, 191, → *verslunarskuldir*
skyldleiki, 73, 82, 83, 180, 187, 196
Skyttnadalur í Bólstaðarhlíðarsókn, 104
Skýrslur um landshagi (bók), 32, 33, 38
sláttur, 56, 107, 149, 151
slægjur, 13, 67, 71, 125, 145, 151, 154, 156
smjör, 85, 86, 113, 187
Snjólaug Magnúsdóttir (1803–1855), húsfreyja á Rófu, 24–25, 114, 115, 153
Snæbjörn Snæbjörnsson (1819–1858), hreppstjóri á Þóreyjarnúpi, 167
Snæfellsjökull, 182
Snæfellssýsla, 78
sóknarkirkja, 52, 58

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 214 11/7/17 10:32:50 PM

Sólrún Sæmundsdóttir (1817−1896), húsfreyja í Hnausakoti, 147
spanskreyrssvipa, 184
Spenahæðir (örnefni), 64, 65, 66, 67, 151
Speni í Miðfirði, 113, 118, 123, 133, 138
Sporðshús í Línakradal, 125
Sporður í Línakradal, 100
Staðarbakkakirkja, 64, 65, 168, 169
Staðarbakkasókn, 33, 43, 119, 169, 170
Staðarbakki í Miðfirði, 30, 32, 33, 36, 37, 49, 50, 52, 53, 54, 56, 57, 58, 60, 61, 62, 64, 68, 74, 76, 77, 79, 82, 84, 85, 86, 87, 88, 90, 92, 93, 94, 95, 110, 112, 120, 124, 140, 146, 168, 176, 177
Staðardalur í Steingrímsfirði, 69
Staðarhreppur, 32, 33, 40, 54, 55, 56, 62, 63, 116, 131, 176
Staðarkirkja, 69, 70, 115
Staðarsókn, 32, 33, 167, 172
Staður í Hrútafirði, 54, 62–63, 115, 116
Stampe, Henrik (1713–1789), aðalráðunautur, 16
Stapakot á Vatnsnesi, 126
Stapar á Vatnsnesi, 171–172
Steenbach, Ole (19. öld), verslunarstjóri í Stykkishólmi, 101
Stefán Björnsson (1824−1897), kaupamaður, 161
Stefán Gunnlaugsson (1796−1860), bóndi á Húki, 123
Stefán Jónsson (1796−1865), bóndi á Ánastöðum, 106, 136–137, 138, 143, 162–164
Stefán Jónsson (1815–1881), bóndi á Þóreyjarnúpi, 152, 154
Stefán Thorarensen (1754–1823), amtmaður, 20, 24, 25, 28, 30, 33, 42, 47, 80
Steincke, Bernhard August (1825–1891), kaupmaður á Akureyri og Borðeyri, 172
Steindór Narfason (f. 1819), vinnumaður, 156–157
Steingrímur Jónsson (1769–1845), biskup, 100
Steinn Guðmundsson (1814–1885), vinnumaður, 126, 179
Steinunn Björnsdóttir (1793–1834), 88
sterfbú, 21, 51, 101, 178, 180, 186, 191
stiftamtmaður, 19, 20, 25, 26, 59
Stóra-Ásgeirsá í Víðidal, 58, 62, 68, 153
Stóra-Borg í Vesturhópi, 97
Stóra-Hvarf (örnefni), 64
Stóri-Grenshóll (örnefni), 71, 74
Stóri-Ós í Miðfirði, 99, 149, 161, 177, 181
Stóru-Borgarsáttaumdæmi, 30, 134
Strandasýsla, 34, 90, 131
Stykkishólmur, 86, 96, 101–102
Suður-Múlasýsla, 30
Suðuramt, 26, 38
Svanborg Guðmundsdóttir (1830–1892), barn, 124
Svarðbæli í Miðfirði, 110, 147, 150, 175
Svarfaðardalur, 36, 40
Svarfhóll í Laxárdal, 117
Sveðjustaðir í Miðfirði, 52, 53, 159
Sveinn Jónsson (18. öld), 64
Sveinn Níelsson (1801–1881), prestur á Staðarbakka, 146
sveitarstyrkur, 54
Svertingsstaðasel, 176, 178, 185
Svertingsstaðir í Miðfirði, 50, 51, 118, 128, 135, 139, 140, 141, 142, 144, 147, 160, 161, 169, 175–176, 178, 182, 185
Syðri-Kárastaðir á Vatnsnesi, 116
Syðri-Reykir í Miðfirði, 108, 109, 112, 126, 149, 152, 154, 185–186 *–Reykir í Miðfirði*
Syðri-Vellir á Vatnsnesi, 184
Syðri-Þverá í Vesturhópi, 130
Syðsti-Hvammur á Vatnsnesi, 163, 164
synir, *–börn*
sýslumenn, 14, 17, 18, 19, 20, 25, 26, 30, 32, 34, 59, 62, 63, 79, 80, 81, 83, 93, 98, 99, 105, 139, 153, 165, 166, *– dómarar*
Sölvi frá Reinhólum, 179

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 215 11/7/17 10:32:50 PM

Sölvi Bjarnason (f. 1805), vinnumaður, 106–107

T
Taglið (örnefni), 75
Tamm, Ditlev, fræðimaður, 16
Teitur Einarsson (1782–1850) bóndi á Þóreyjarnúpi, 97–98
Teitur Einarsson (1830–1856), barn, 143
Teitur Gíslason (1837–1868) á Vigdísarstöðum, 183–184
tilskipun um stofnun sáttanefnda í Danmörku og í kaupstöðum í Noregi 10. júlí 1795, 16, 19–22, 25, 27, 28, 30, 34, 36, 50, 54, 58, 67, 82, 83, 95, 189, 191
tilskipun um stofnun sáttanefnda á landinu í Noregi 20. janúar 1797, 20–23, 25, 27, 28, 30, 32, 34, 36, 47, 50, 54, 58, 67, 82, 83, 95, 189–198
timbur, 137, 138, 185
Tindasáttaumdæmi, 30, 134
Titlingastaðir í Víðidal, 173
tímamörk, 23–24, 103, 106
Tjarnarsókn, 32, 105
Torfalækur í Torfalækjarhrepp, 99
Torfastaðavatn, 107
Torfastaðir í Miðfirði, 43, 86, 92, 93, 107
Torfustaðahreppur, 32, 43, 79, 80, 81, 83, 106, 108, 109, 111, 112, 130, 144, 149, 157, 161, 178
tóbak, 68
tólg, 96, 113, 123, 137
Tómas Tómasson (1756–1811), bóndi á Stóru-Ásgeirsá, 58, 62, 68, 153
Trampe, Frederik Christopher (1779–1832), stiftamtmaður, 26
Tunga á Vatnsnesi, 32, 47
Tungukot á Vatnsnesi, 104, 128, 139, 143, 146, 149, 152, 162–163, 166

U
ull, 89, 94, 96, 113, 137, 160
Ullarlækur (örnefni), 100, 163, 164, 165
Um sættamál á Íslandi (bók), 21, 27
umboð, fullmakt, 43, 50, 51, 57, 58, 59, 60, 62, 68, 72, 79, 80, 88, 89, 99, 100, 101, 112, 114, 119, 141, 142, 151, 166, 171, 186, 194, 195
umboðsmaður, forpagtari, 34, 41n, 57, 59, 60, 65, 154
umdæmismörk, 30, 31, 32, 33, 47
umsjónarmaður, formyndari, 50–51, 57, 58, 61, 80, 81, 84, 86, 92, 104, 139, 141, 176–177, 180
umönnun, 129, 187
undanbrögð, 52, 127
Undirfell, 50
Undirfellssáttaumdæmi, 32
uppboð, 21, 60, 167, 178–179, 180, 191
uppeldi, 139, 146
Urriðaá í Miðfirði, 64, 66, 88, 121, 140, 141, 169, 172

Ú
úrskurðarvald, 26, 41
útbygging (af jarðnæði), 68, 98, 119, 127, 129–130, 185
úthagi, 61
Útibleiksstaðir á Heggstaðanesi, 34, 36 ,68, 79–83, 84, 101, 164–165, 182, 186

V
Valdasteinsstaðir í Hrútafirði, 71
Vatn í Haukadal, 64
Vatnsdalsjarðir, 60
Vatnsdalssáttaumdæmi, 30, 134
Vatnsdalur, 51
Vatnshorn í Línakradal, 77, 87, 116, 160
Vatnshóll í Línakradal, 77, 84, 87, 125
Vatnshólskirkjuvað (örnefni), 125
Vatnsnes, 32, 47, 115, 173
veikindi, 26, 34, 83, 99, 118, 121, 124, 165
verðlagsskrá, 175
verferðir, 87, 182
verslunarskuldir, 89–90, 101–102, – *skuldir*

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 216 11/7/17 10:32:50 PM

Vermannaás (örnefni), 64
Vestur-Indíur, 16
Vestur-Skaftafellssýsla, 26
Vesturamt, 20, 38, 165
Vesturhóp, 100, 130
Vesturhópssáttaumdæmi, – *Stóru-Borgarsáttaumdæmi*
vetrarbeit, 145, 154
Vibe, Joachim Christian (1749–1802), amtmaður, 20
viðskipti, 62, 77, 84, 96, 110, 138
Vigdís Ámundadóttir (f. 1826), vinnukona, 139–140
Vigdísarstaðir í Línakradal, 183, 186, 187
Vilborg Guðbrandsdóttir (f. 1808), húsfreyja á Lækjamóti, 113
Vilborg Jónsdóttir (f. 1822), vinnukona á Svertingsstöðum, 160, 161
Vilhjálmur Þórðarson (f. 1824), 174
Vindhælishreppur, 179
Vindhælissáttaumdæmi, – *Skagastrandarsáttaumdæmi*
vinnuhjú, 13, 18, 27, 40, 41, 133–134, 160
vinnukona, 23, 41, 90, 93, 106, 117, 130, 139, 159
vinnumaður, 24, 25, 41, 42, 61, 68, 87, 88, 90, 91, 93, 94, 95, 98, 99, 105, 106, 107, 111, 112, 113, 114, 117, 126, 128, 131, 136, 139, 140, 141, 156, 157, 158, 159, 160
vistarband, 13, 18
vistarráð, 40, 68, 131
vistarrof, 105, 133–134, 138
vitnisburðir, 15, 53, 54, 64, 66, 67, 69, 70, 71, 73, 74, 75, 76, 107, 145, 152, 153, 157, 162, 163, 164, 165, 174, 182, 192, 195
Víðidalstunga í Víðidal, 65, 76, 128, 166, 171
Víðidalstungusókn, 32, 49, 152
Víðidalur, 32, 89
Víðivellir í Steingrímsfirði, 69
vottorð (attest), 23, 42, 103, 104, 114, 117, 118, 120, 122, 123, 125, 126, 127, 128, 129, 130, 131, 132, 133, 142, 146, 162, 173, 177, 179, 183, 187
vöruúttektir, 86, 102, 103

Y
yfirvöld, 21, 41, 42, 81, 83, 91, 98, 100, 136, 161, 164, 165, 167, 174, 185, 193, 197
Ytri-Kárastaðir á Vatnsnesi, 116
Ytri-Reykir í Miðfirði, 85, 108, 178–179, 185, – *Reykir í Miðfirði*
Ytri-Vellir á Vatnsnesi, 34, 100

Z
Zacheus Bjarnason (1800–1880), vinnumaður, 111, 117, 144

Þ
Þambárvellir í Bitrufirði, 69, 116
þéttbýli, 19, 22
Þingeyraklaustursjarðir, 35
Þingeyrar, 34, 88, 89, 168, 172, 175
Þingeyrasáttaumdæmi, 32
Þingeyrasókn, 150
þinghús, 120, 126
Þjóðskjalasafn Íslands, 13, 26
þjófnaður, 52, 54, 55, 57, 130, 168
Þorbjörg Arnbjarnardóttir (1810–1877), 165
Þorbjörg Guðmundsdóttir (1774–1859), húsfreyja á Rófu, 92–93
Þorgrímsstaðir á Vatnsnesi, 119
Þorkelshólshreppur, 32
Þorláksmessa, 63
Þorlákur Stefánsson (1806–1872), aðstoðarprestur og sáttanefndarmaður, 35, 37, 44, 119
Þorleifur Halldórsson (f. 1772), bóndi á Hrísum og Vatnshorni, 77–78, 85–86, 116
Þorsteinn Jónsson (18. öld), eigandi Brandagils, 70

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 217 11/7/17 10:32:50 PM

Þorsteinn Jónsson (f. 1815) á Þóroddsstöðum, 115–116
Þorsteinn Vilhjálmsson (1777–1830), bóndi á Rófu, 64, 92–93
Þorsteinsvarða (örnefni), 115
Þorvarður Eggertsson (1776–1840) á Heggstöðum, 92
Þorvarður Jónsson (1798–1869), aðstoðarprestur á Breiðabólsstað, 100–101
Þorvarður Magnússon (18. öld), 69, 70
Þóra Þorkelsdóttir (f. 1730), húsfreyja á Litlu-Þverá, 74–75, 76
Þórarinn Böðvarsson (1825–1895), aðstoðarprestur og sáttanefndarmaður, 35, 158
Þórarinn Kristjánsson (1816–1883), prestur á Prestbakka, 179
Þórður Bjarnason (1727–1799), bóndi á Svertingsstöðum, 51
Þórður Jónassen (1800–1880), dómsstjóri, 21, 23, 27, 29
Þórey Magnúsdóttir (1790–1865), ekkja á Barkarstöðum, 151
Þóreyjarnúpur í Línakradal, 32, 35, 49, 57, 97, 136, 139–140, 152, 154, 167
Þóroddsstaðasel í Hrútafirði, 167
Þóroddsstaðir í Hrútafirði, 62, 87, 90, 92, 115, 179
Þórunn Aradóttir (1771–1831) á Litla-Ósi, 97–98
Þrettán rifur ofan í hvatt (bók), 13
þrjóska, 52
þrætupartur, 64, 65, 68, 73, 75, 100, 101, 107, 115, 151, 156, 163, 164, 192
Þuríður Eggertsdóttir (1775–1820), húsfreyja á Heggstöðum, 79, 80, 81
þúfnasléttun, 185
Þverá í Miðfirði, 104, 180, 181
Þverá (örnefni), 105, 107
Þverflói (örnefni), 66
Þverlækur (örnefni), 66, 151
Þykkhólar (örnefni), 153

Æ

ær, – *sauðfé*
ærumeiðingar, 22, 39, 144, 149, 168, 169–170, – *illyrði; rógburður*

Ö

Ørsted, Anders Sandøe (1778–1860), lögfræðingur, 28

Sakir u´tklja´ðar. A 20.10.indd 218 11/7/17 10:32:50 PM